# FRÉTTABLAÐIÐ

284. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 1. DESEMBER 2018


# Fullveldi Íslands

## 1. desember 1918

Ísland fagnar hundrað ára afmæli fullveldisins. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra vill staldra við á þessum tímamótum og mæla fyrir gildum sem íslensk þjóð getur tileinkað sér til framtíðar. Þar horfir hún til fjölbreytni, lýðræðis, sjálfbærni og jöfnuðar. ➜ 34

> Við þurfum að vera á tánum og ræða hvaða gildi við viljum hefja til vegs og virðingar.
>
> Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

> Það sem helst ógnar kannski fullveldinu er sá þröngi skilningur á hugtakinu sem er ríkjandi á Íslandi.
>
> Bjarni Már Magnússon, lektor við lagadeild HR

### Fengu að fjúka

Karli Gauta Hjaltasyni og Ólafi Ísleifssyni sparkað úr flokknum. ➜ 8



### Særði út djöfla og drauga

Erna Ómarsdóttir, listdansstjóri Íslenska dansflokksins. ➜ 40



MYND/GUÐMUNDUR SNÆR GUÐMUNDSSON





Margt smátt ...

Jólablað Hjálparstarfs kirkjunnar fylgir Fréttablaðinu í dag!

Hjálparstarf kirkjunnar



SMÁRALIND



GJAFAKORT SMÁRALINDAR
ÓTAL GLÆSILEGIR MÖGULEIKAR

## Veður




Norðan 8-15 í dag en 13-18 fram eftir degi austast á landinu. Él um norðanvert landið en léttskýjað syðra. Lægir með kvöldinu, kólnandi veður. **SJÁ SÍÐU 72**

# Slökkviliðið vígði svellið



**Skautasvellið á Ingólfstorgi verður opnað í hádeginu í dag en Nova setur upp svellið, í samstarfi við Samsung og Reykjavíkurborg, fjórða árið í röð. Slökkviliðsmenn prufukeyrðu svellið í gær og fylgdist ljósmyndari Fréttablaðsins með þeim leika listir sínar í íshokkí.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Stories fyrir nána vini

**SAMFÉLAGSMIÐLAR** Samfélagsmiðillinn Instagram hefur sett í loftið nýjan valmöguleika fyrir Stories-fídusinn, mynda- og myndbandaröðina sem maður getur hlaðið upp og eyðast síðan út. Nú er hægt að birta Stories sem eingöngu fólk sem þú hefur staðfest að sé nánir vinir geta séð. Bandaríski fréttamiðillinn BuzzFeed News greindi frá málinu í gær og sagði að þannig væri hægt að komast hjá því að hver sem er sjái myndir eða myndbönd sem innihalda til að mynda einkahúmor vinahópsins.

Fólk sem maður skráir sem nána vini mun þá sjá innlegg þín í Stories sérstaklega merkt með grænum hring.

Hægt er að breyta listanum að vild og fá vinir manns enga tilkynningu taki maður þá af listanum af einhverri ástæðu. **– þea**



**Frumvarp ráðherra verður kynnt í janúar.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# RÚV fær tapið bætt

**FJÖLMIÐLAR** Boðað frumvarp menntamálaráðherra um stuðning við einkarekna fjölmiðla verður lagt fram í janúar og kveður á um endurgreiðslur vegna ritstjórnarkostnaðar fyrir árið 2019.

„Þetta verður fyrsti liður í því að setja samkeppnisumhverfi íslenskra fjölmiðla á svipaðan stað og það sem gerist á Norðurlöndum. Við eigum langt í land hvað það varðar, það verður að segjast eins og er, en þetta verður einn liður í að færa okkur nær,“ segir Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.

Aðspurð um breytingar á rekstrarumhverfi RÚV segir ráðherra að ekki standi til að skerða þjónustu RÚV við landsmenn. Unnið sé að tillögum um þrengri ramma um auglýsingasölu hjá RÚV og búa þannig til rými fyrir einkaaðila á auglýsingamarkaði. Tekjuskerðing sem RÚV verði fyrir verði bætt upp með öðrum hætti. **– aá**




# Engin viðbrögð fást frá Løvland og Universal

**„MJÖG líkt“ You Raise Me up, segir vefurinn tmz.com um lagið Söknuð. Hvorki fást viðbrögð frá Rolf Løvland né Universal eftir málshöfðun Jóhanns Helgasonar. Í stefnunni er farið yfir möguleika Løvlands á að hafa heyrt lagið Söknuð.**

**DÓMSMÁL** „Við höfum ekkert um þetta að segja,“ segir Naila Saleh, skrifstofustjóri hjá Universal Music í Stokkhólmi, um málshöfðun Jóhanns Helgasonar á hendur Rolf Løvland, Universal og fleirum í Los Angeles í Bandaríkjunum.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær hefur Jóhann stefnt Rolf Løvland og ýmsum fyrirtækjum fyrir dómstól í Los Angeles fyrir stuld á laginu Söknuði frá 1977. Jóhann segir að lagið You Raise Me Up sem Løvland sendi frá sér 2001 sé í raun lagið Söknuður. You Raise Me Up mun vera eitt ábatasamasta lag allra tíma.

Fjallað var um málið á afþreyingarfréttavefnum tmz.com í gær. „Hann má eiga það að þetta hljómar MJÖG líkt,“ skrifar tmz.com um fullyrðingar Jóhanns.

Auk þess að leita til útgáfufyrirtækis Løvlands, Universal, falaðist Fréttablaðið eftir viðbrögðum frá Løvland sjálfum í gær. Ekkert svar barst en Fréttablaðið vitnaði á sínum tíma til viðbragða hans við blaðamannafundi í apríl í vor þar sem Jóhann boðaði málshöfðun síðar. „Ég hef ekkert annað að segja um þetta en að sama mál kom til kasta réttindasamtakanna (STIM) fyrir mörgum árum og þar var kröfunni hafnað,“ sagði Løvland þá við Verdens Gang í Noregi.

Eftir blaðamannafundinn í apríl sagði Martin Ingeström, forstjóri Universal í Stokkhómi, í svari til Fréttablaðsins að nefndir á vegum höfundarréttarsamtakanna STIM í Svíþjóð og Tono í Noregi hefðu þegar skorið úr um að ekki væri um lagastuld að ræða. Samkvæmt sérfræðingum á vegum íslensku höfundarréttarsamtakanna STEFs voru líkindi laganna á hinn bóginn talin 97 prósent.



**Jóhann Helgason á Laugavegi þar sem hann samdi Söknuð við texta Vilhjálms Vilhjálmssonar í bakhúsi sem hann var þá nýfluttur í.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Við höfum ekkert um þetta að segja.**
>
> Naila Saleh, skrifstofustjóri hjá Universal Music í Stokkhólmi

Mikil áhersla er lögð á það í stefnu lögmanns Jóhanns, Michaels Machat, að rökstyðja það að Rolf Løvland hafi heyrt Söknuð áður en hann sendi You Raise Me Up frá sér.

Segir í stefnunni að Løvland hafi á Eurovision í Júgóslavíu árið 1990 fengið kassettu með kynningu á íslenskum lögum, þar með töldum Söknuði. Hljómsveitin Stjórnin hafi keppt fyrir Ísland og Løvland hafi á næstu árum átt samstarf við Sigríði Beinteinsdóttur, bæði í Noregi og á Íslandi.

Þá nefnir Machat að útgáfa Gísla Helgasonar á Söknuði hafi verið á lagalista allra Icelandair-véla frá 1992 og út árið 1996. Løvland hafi flogið til og frá Íslandi á árunum 1994 og 1995. Hann hafi verið við upptökur í hljóðverinu Sýrlandi.

„Starfsfólk íslensku útvarpsstöðvanna getur staðfest að Söknuður, sem er sígilt lag flutt af einum ástsælasta söngvara þjóðarinnar, hafi fengið stöðuga útvarpsspilun frá útgáfu árið 1977. Í hljóðverinu Sýrlandi var oft kveikt á íslensku útvarpsstöðvunum RÚV og Bylgjunni á hvíldarsvæðinu,“ segir í stefnunni. **gar@frettabladid.is**



Kringlan
Í DAG KL. 14.00
TENDRUM LJÓSIN
Það verður töfrandi jólastemning í Kringlunni þegar Skoppa og Skrítla tendra ljósin á fallega jólatrénu okkar. Guðrún Árný syngur jólalög ásamt barnakór og hver veit nema jólasveinar kíki í heimsókn?
Árleg pakkasöfnun Kringlunnar í samstarfi við Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálp Íslands hefst.
PÓSTURINN
Á landsbyggðinni tekur Pósturinn á móti pökkum og kemur þeim í Kringluna, sendendum að kostnaðarlausu.
GLEÐI
SKOPPA OG SKRÍTLA KVEIKJA Á JÓLATRÉNU
LAUGARDAG 10 – 18
SUNNUDAG 13 – 18
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

## Sex á Klaustri
# Apaköttur, gugga, eyja

**Gunnar Bragi Sveinsson**



„Oddný er ekkert ágæt. Hún er algjör apaköttur. Hún veit ekki neitt, kann ekki neitt, getur ekki neitt.“

**Bergþór Ólason**



„Það hefur engin gugga teymt mig meira á asnaeyrunum en hún sem ég hef ekki fengið að ríða.“

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson**



„...af því að ég veit að þetta er rétt með sendiherrastöðuna. Ég nefndi þetta við Bjarna.“

**Anna Kolbrún Árnadóttir**



„Veistu það, ég hélt þú værir að auglýsa eftir Freyju Eyju áðan.“

**Karl Gauti Hjaltason**



„Ólafur er örugglega sammála mér að Inga Sæland getur þetta ekki.“

**Ólafur Ísleifsson**



„Hún vill vel.“

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

**TÖLUR VIKUNNAR** 25.11.2018 – 01.12.2018

**11%** fjölgun gistinátta var á skráðum gististöðum í október miðað við sama mánuð í fyrra. Gistinæturnar voru 649.300, en voru 586.500 í sama mánuði árið áður.

**5,8** milljörðum hefur Íslandspóstur varið í fjárfestingar í fasteignum, tækjum og bifreiðum síðan 2006.

**81 þúsund** krónur verður óskert desemberuppbót í ár til atvinnuleitenda. Uppbótin hækkar um 15.838 krónur frá því í fyrra.

**850 milljónir** króna er samanlögð skuld flokkanna á Alþingi. Þeir fengu 525 milljónir í hin ýmsu framlög í fyrra.

**10%** nemenda í 10. bekk í grunnskólum landsins nota veipur og rafrettur daglega.

**37%** skuldabréfaeigenda WOW air eru íslenskir fjárfestar.

# Ungu fólki í viðjum skulda og skyndilána fer hratt fjölgandi

**Þrjátíu prósent umsækjenda hjá Umboðsmanni skuldara eru nú fólk á aldrinum 18-29 ára. Ungu fólki í skuldavanda fjölgar mest. Skyndilán myllusteinn um háls margra.**




NORDICPHOTOS/GETTY

**EFNAHAGSMÁL** Þrjátíu prósent umsækjenda um ráðgjöf og greiðsluaðlögun hjá Umboðsmanni skuldara eru nú ungt fólk á aldrinum 18-29 ára. Umsækjendum í þeim hópi hefur sömuleiðis fjölgað mest. Samfélagslegur vandi sem verður ekki horft fram hjá, segir Ásta Sigrún Helgadóttir, umboðsmaður skuldara.

Samkvæmt tölum frá Umboðsmanni skuldara er hlutfall ungs fólks, á aldrinum 18-29 ára, sem leitar til embættisins sífellt að hækka. Árið 2011, fyrsta heila starfsár embættisins, var hlutfallið sem sótti um greiðsluaðlögun sjö prósent. Árið 2016 var þetta hlutfall komið í 24 prósent líkt og Fréttablaðið fjallaði um þá. Í ár er þetta hlutfall komið í rúm 30 prósent. Fjölmennasti hópurinn sem til stofnunarinnar leitar er þó sem fyrr fólk á aldrinum 30-39 ára, en hlutfall þess er 36 prósent.

Embættinu hafa aldrei borist fleiri umsóknir um úrræði en í ár. Á tímabilinu janúar til október leituðu 1.208 einstaklingar eftir ráðgjöf, greiðsluaðlögun eða fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar. Það er aukning um 43 prósent frá árinu 2015.

Ásta Sigrún segir það áhyggjuefni að ungu fólki í skuldavanda sé að fjölga.

„Það er hræðilegt fyrir ungt fólk að byrja kannski sitt fjárhagslega sjálfstæði gjaldþrota. Það er samfélagslegt mein sem þarf að skoða.“

> **Það er hræðilegt fyrir ungt fólk að byrja kannski sitt fjárhagslega sjálfstæði gjaldþrota.**
>
> Sigrún Helgadóttir, umboðsmaður skuldara



Fram hjá því verður ekki horft að hlutur skyndilána er talsverður í fjárhagsvanda fólks. Í dag er hlutfall skyndilána af heildarskuldum umsækjenda á aldrinum 18-29 ára – sem eru með slík lán – 33 prósent. Í heildina er hlutfall umsækjenda um greiðsluaðlögun sem eru með skyndilán 59 prósent. Þrátt fyrir umfjöllun um hversu óhagstæð smálán eru og það skuldakviksyndi sem þau geta skapað segir Ásta Sigrún þau vaxandi vandamál. Hún bindur þó vonir við starfshóp sem nú er að störfum við að finna leiðir til að koma böndum á skyndilánastarfsemi. Hópurinn skilar af sér innan tíðar.

Eins og staðan er núna skorti úrræði, og framboð á þessum auðveldu lánum á okurvöxtum virðist aðeins vera að aukast. Ásta Sigrún segir ýmsar ástæður fyrir því að fólk freistist í neyð sinni til skyndilána. Áhersla sé nú lögð á forvarnir og aukið fjármálalæsi hjá embættinu.

„Stundum nær fólk ekki endum saman og er að taka þetta fyrir mat. Stundum er það fast í vítahring og tekur lán til að borga önnur lán. En skuldsetningin er svo hröð því þetta eru mjög dýr lán. Á nokkrum mánuðum er fólk kannski búið að skuldsetja sig upp í milljón eða meira, þetta auðvelda aðgengi veldur því að þetta gerist miklu hraðar og hjá yngra fólki.“ **mikael@frettabladid.is**




★★★★★
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

*Allir elska múmínálfana!*

Þrjár fyrstu sögurnar í einni fallega myndskreyttri bók

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is** | Opið alla virka daga 10–18 | Um helgar 11–17

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

Opið til
**21:00**
alla daga til jóla
í Skútuvogi

# TAX FREE

## ALLAR JÓLAVÖRUR OG JÓLASERÍUR



## Jólatré
Normannsþinur

Eitt verð veljið sjálf
**2.990 kr.**
~~5.990 kr.~~
150-240 cm

Normannsþinur
Standard flokkur
Takmarkað magn

Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti af almennum vörum. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

Húsasmiðjan og Blómaval ...gaman að gera fínt

SJÁÐU ALLT ÚRVALIÐ Í VEFVERSLUN HUSA.IS

# Gengisveiking áfram inni í myndinni

**Aðstæður í hagkerfinu munu áfram þrýsta á um frekari gengisveikingu krónunnar þótt óvissu um framtíð WOW air verði eytt. Hagfræðingur segir kjaraviðræður stóran þátt í gjaldeyrismarkaðinum.**




Gangi fjárfestingin eftir mun koma í ljós hvort nýr eigandi WOW air muni gera breytingar á leiðakerfi flugfélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**VIÐSKIPTI** Útlit er fyrir að gengi krónunnar haldi áfram veikjast þrátt fyrir að fjárfesting Indigo Partners í WOW nái fram ganga, að mati hagfræðings. Gengi krónunnar sé enn hátt og yfirstandandi kjaraviðræður séu enn stór óvissuþáttur.

Eins og greint var frá í fyrradag hafa WOW air og bandaríska fjárfestingarfélagið Indigo Partners náð samkomulagi um að Indigo fjárfesti í íslenska flugfélaginu en snemma morguns hafði verið tilkynnt um að fallið hefði verið frá kaupum Icelandair á WOW air.

„Það er mjög jákvætt fyrir markaðinn að fá inn erlenda fjárfesta sem koma ekki aðeins með fjármuni heldur einnig þekkingu og rekstrarlegt forræði, það er ákveðin traustsyfirlýsing,“ segir Ásgeir Jónsson, forseti hagfræðideildar Háskóla Íslands, í samtali við Fréttablaðið.

Eftir tíðindin styrktist krónan gagnvart öllum helstu viðskiptagjaldmiðlum sínum. Styrkingin nam 1,8 prósentum gagnvart Bandaríkjadal, rúmlega tveimur prósentum gagnvart evru og tæplega tveimur prósentum gagnvart breska pundinu. Ásgeir segir að minni óvissa í flugbransanum þýði þó ekki að veiking krónunnar undanfarnar vikur og mánuði gangi til baka.

„Ég held samt sem áður að það verði áfram þrýstingur á gengisveikingu. Hagsveiflan er nú að hníga eftir 7-8 ára vaxtartímabil og því eðlilegt á þessum stað að gengið lækki fremur en hækki,“ segir Ásgeir. „Það eru enn miklir óvissuþættir til staðar og gengi krónunnar hefur verið og er tiltölulega hátt. Það á eftir að leysa úr kjarasamningum sem er meiri háttar mál fyrir gjaldeyrismarkaðinn og það er verkefni sem þarf að leysa næstu mánuði.“

### Undirstöður krónunnar góðar

Þrátt fyrir að útlit sé fyrir gengisveikingu er íslenska hagkerfið í betri stöðu en oft áður að sögn Ásgeirs.

„Í gegnum tíðina hefur innlend eftirspurn farið úr böndunum í efnahagsuppsveiflum er hafa skapað viðskiptahalla sem hefur síðan sjálfkrafa veikt gengið. Þrátt fyrir mikinn hagvöxt erum við enn með viðskiptaafgang og þrátt fyrir allt eru undirstöður krónunnar traustar þannig að það er engin gífurleg þörf á skarpri leiðréttingu miðað við núverandi launa- og neyslustig til að koma hagkerfinu aftur á réttan stað eins og var hér áður,“ segir Ásgeir.

Markaðurinn tók vel í fréttir af samkomulagi WOW air og Indigo Partners. Töluverðar hækkanir voru í Kauphöllinni í gær sem vógu upp á móti þeim lækkunum sem áttu sér stað í fyrradag þegar tvísýnt var um framtíð WOW air. Festi hækkaði um 11 prósent, Hagar um 7,56 prósent og Reitir um 7,28 prósent. Úrvalsvísitalan hækkaði um 3,86 prósent og ávöxtunarkrafa skuldabréfa lækkaði um 17 til 21 punkt.

Ásgeir segir að nær öll félögin í Kauphöllinni séu mjög hóflega verðlögð miðað við kennitölur og hlutabréfamarkaðurinn hafi verið að gefa eftir á árinu. „Þannig að mér finnst ekki ólíklegt að um leið og fólk fær tilfinningu fyrir því að hagkerfið sé komið fyrir vind þá muni hlutabréfamarkaðurinn taka aftur við sér.“

### Enn óvissa í kringum WOW

Vonast er til þess að fjárfesting Indigo gangi í gegn sem fyrst en hún er háð áreiðanleikakönnun, rétt eins og kaupsamningurinn á milli WOW air og Icelandair.

„Það er mjög jákvætt fyrir íslenskt efnahagslíf ef þessi umræða sem hefur verið síðustu þrjá mánuði verður að einhverju leyti á bak og burt þannig að hægt verði að horfa inn í komandi misseri með meiri vissu. En eins og maður skilur tilkynninguna sem var send út í gær á að hefja vinnu sem hljómar svipuð þeirri vinnu sem Icelandair hefur staðið í síðustu vikur. Vonandi fæst niðurstaða í þetta mál sem fyrst,“ segir Elvar Ingi Möller, sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka.

Þá hafa vaknað spurningar um það hvort fjárfesting Indigo Partners í WOW air hafi í för með sér stefnubreytingu.

„Megnið af þeim fjárfestingum sem Indigo hefur ráðist í snúa að flugfélögum sem byggja á lággjalda- og styttri ferðum á meðan WOW air hefur í æ meiri mæli færst í átt að líkaninu sem snýst um lággjalda- og lengri ferðir. Tíminn mun leiða í ljós hvort það verði stefnubreyting hjá WOW air hvað þetta varðar ásamt fleiru.“

tfh@frettabladid.is

## Nýr eigandi WOW air

indigopartners

Indigo Partners er bandarískt fjárfestingarfélag sem sérhæfir sig í að fjárfesta í flugfélögum og hefur tekist vel upp. Á síðasta áratug hefur Indigo fjárfest í bandaríska flugfélaginu Spirit Airlines, hinu mexíkóska Volaris og hinu ungverska Wizzair sem flýgur til Íslands. Indigo á rúman fimmtungshlut í Wizzair.

Á vefsíðunni Skift, sem sérhæfir sig í skrifum um ferðatengda starfsemi, er fjallað um Indigo Partners í tengslum við tilkynninguna um fyrirhugaða fjárfestingu í WOW air. Þar er Bill Franke, sem fer fyrir Indigo, sagður kænn við samningaborðið og einblína á kostnaðarhagræði. Franke lagði inn risapöntun fyrir 430 Airbusflugvélum á síðasta ári sem hann hyggst úthluta til fjögurra flugfélaga sem eru að hluta í eigu Indigo.

Flugrekstur Indigo snýst að miklu leyti um lágt verð fyrir stuttar ferðir en flugrekstur WOW air byggir meira á lágu verði fyrir lengri ferðir. Skift veltir því upp hvort Indigo muni breyta leiðakerfi WOW air þannig að meiri áhersla verði lögð á styttri ferðir. Einnig hvort áform WOW um að hefja flug til Indlands samrýmist flugrekstrarlíkani Indigo.



Ásgeir Jónsson, forseti hagfræðideildar Háskóla Íslands

**Það eru enn miklir óvissuþættir til staðar og gengi krónunnar hefur verið og er tiltölulega hátt.**



# HELGAR-TILBOÐ

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN






## SPARIÐ 20-30%

AF ÖLLUM RÚMUM OG DÝNUM

ALLAR VERSLANIR OKKAR ERU OPNAR TIL KL. 20 LAUGARDAG OG SUNNUDAG
NEMA Á AKUREYRI




AF ÖLLUM ELDHÚS- OG BORÐSTOFUSTÓLUM




AF ÖLLUM HANDKLÆÐUM

# Tveir í leyfi og tveir reknir til áhrifaleysis




Ólafur Ísleifsson Flokki fólksins




Karl Gauti Hjaltason Flokki fólksins




Gunnar Bragi Sveinsson Miðflokknum




Bergþór Ólason Miðflokknum

**Fyrrverandi utanríkisráðherra og andlit herferðar gegn kynbundnu misrétti flýr í launalaust leyfi vegna ummæla sinna í garð kvenna. Bergþór Ólason fer sömu leið. Tveir þingmenn Flokks fólksins reknir úr flokknum.**

**ALÞINGI** Bergþór Ólason og Gunnar Bragi Sveinsson, þingmenn Miðflokksins, eru farnir í leyfi um óákveðinn tíma og Ólafur Ísleifsson og Karl Gauti Hjaltason hafa verið reknir úr Flokki fólksins í kjölfar þess að hljóðupptaka af samtali þeirra við drykkju á barnum Klaustri rataði til fjölmiðla. Tveir þingmenn eru því eftir í þingflokki Flokks fólksins eftir vendingar gærdagsins.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, tjáði flokksfólki sínu þá niðurstöðu í gær að Gunnar Bragi og Bergþór ætluðu sér að stíga til hliðar. Ekki er í bréfi Sigmundar tiltekið hversu lengi þeir félagar ætla að sitja í launalausu leyfi.

Eva Heiða Önnudóttir stjórnmálafræðingur segir Gunnar Braga og Bergþór geta líkast til átt afturkvæmt. „Ég myndi alveg halda að þeir gætu átt afturkvæmt í stjórnmál. Það skiptir hins vegar máli hvaða vinna á að fara fram á meðan þeir eru í leyfi. Ef það er bara þannig að þeir eru sendir í leyfi og ekkert gerist þá gætu þeir átt erfitt,“ segir Eva Heiða. „Mögulega mun forsætisnefnd taka málið fyrir og vega og meta hvort siðareglur hafi verið brotnar. Svo þarf að vinna með þá niðurstöðu. Ef það ferli fer af stað gætu þingmennirnir sagt að búið sé að gera upp málin og þeir ættu því afturkvæmt.“



**Ákveðið var að vísa Ólafi og Karli Gauta úr Flokki fólksins.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ólafur Ísleifsson og Karl Gauti Hjaltason eru ekki lengur í Flokki fólksins og óskað verður eftir því að þeir hætti í þingflokknum sömuleiðis. Þó eftir standi aðeins tveir einstaklingar í Flokki fólksins getur sá þingflokkur starfað sem slíkur. Hins vegar geta Ólafur og Karl Gauti ekki stofnað nýjan þingflokk og þurfa þá að sitja utan þingflokks eða fara inn í annan.

## Úr yfirlýsingu Bergþórs

„Þegar maður finnur sig í þeirri stöðu að þekkja ekki þann mann sem hljómar á upptökum, talsmátinn er manni framandi og framgangan þannig að maður skammast sín, verður maður að líta í spegil og taka sjálfan sig til gagnrýninnar skoðunar. Það ætla ég að gera.

Ég vil ítreka afsökunarbeiðni mína til allra þeirra sem ég særði með ummælum mínum.“

## Úr yfirlýsingu Sigmundar Davíðs



„Ég bið flokksmenn að hafa það hugfast að það var ekki ætlun nokkurs manns að meiða aðra og þingmenn hafa undanfarna daga beðið þá afsökunar sem blandað var í umræðurnar með óviðurkvæmilegum hætti. Þingmennirnir Gunnar Bragi Sveinsson og Bergþór Ólason áforma að taka sér leyfi frá störfum. Iðrun þingmanna er mikil og einlæg og ég vona að þið getið með tímanum séð ykkur fært að veita fyrirgefningu.“

## Mótmæli á Austurvelli

Boðað hefur verið til mótmæla á Austurvelli í dag klukkan 14.00. Rúmlega fimm þúsund manns hafa lýst áhuga sínum á að mæta á þennan viðburð „og minna ráðamenn á að ef þeir virða ekki landsmenn hafa landsmenn ekkert gagn af þeim lengur. Almenningur krefst þess að þingið grafi ekki undan samfélaginu með fordómum og illmælgi,“ eins og segir í fundarboðinu.

Eva Heiða segir að á einhvern hátt séu Ólafur og Karl Gauti dæmdir til áhrifaleysis í þeirri stöðu sem þeir eru í núna. „Þeir náttúrulega verða ekki í neinni stöðu til að koma málum í gegn og eru búnir að missa þennan samtakamátt. Í þeirra dæmi snýst þetta fyrst og fremst um traust milli þingmanna. Ólafs og Karls Gauta annars vegar og svo hinna þingmannanna.“

Þeir kumpánar Ólafur og Karl Gauti eiga rétt á setu í þingnefnd en ekki er vitað í hvaða nefndum það verður. Líklegt þykir að nokkur kapall fari af stað í næstu viku við að raða niður í fastanefndir þingsins.

Hvorki náðist í Karl Gauta Hjaltason né Ólaf Ísleifsson við vinnslu fréttarinnar. Ekki náðist heldur í Gunnar Braga Sveinsson eða Bergþór Ólason. Af þeim þingmönnum Miðflokksins sem voru á upptökunum sem fjallað hefur verið um síðustu daga hefur aðeins Anna Kolbrún Árnadóttir sagst velta sinni stöðu fyrir sér. **sveinn@frettabladid.is**


## Framhaldsaðalfundur Húnvetningafélagsins

**Framhaldsaðalfundur verður haldinn í Húnabúð skeifunni 11a fimmtudaginn 6. desember kl. 20:00.**

**Dagskrá fundarins er:**

1. Framhald aðalfundarstarfa sem ekki tókst að ljúka á fundinum í vor.
2. Sala á fasteign félagsins Skeifunni 11a.
3. Önnur mál.

*Stjórnin*


# Íbúar skammaðir fyrir snjómokstur

**SAMGÖNGUR** Akureyrarbær hefur gefið út tilkynningu til bæjarbúa um að þeim sé óheimilt að moka snjó frá heimilum sínum í botnlanga gatna, á gangstéttir eða aðra hluta gatna þar sem vegfarendur eiga leið um. Mikið fannfergi hefur verið norðanlands síðustu tvo sólarhringana og hafa margir þurft að moka snjó frá heimilum sínum.

Húsfélög stórra húsa moka bílaplön sín á eigin kostnað og oft er snjórinn ruddur í stóra skafla. Nú þarf hins vegar að moka honum upp á vörubíla og fara með hann á losunarsvæði með tilheyrandi aukakostnaði fyrir húsfélög sem og aukinni mengun af völdum stórra vinnuvéla á ferð um bæjarlandið.

Á vef Akureyrarkaupstaðar hefur verið sett upp kort þar sem losunarstaðir eru skilgreindir. Geta bæjarbúar keyrt með snjóinn á þessi skilgreindu snjólosunarsvæði, utan alfaraleiðar gangandi vegfarenda. Bæjarbúar hafa margir hverjir haft það á orði hvort þeir þurfi þá að setja snjóinn í svarta poka.



**Frá Akureyri.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Nokkuð hefur borið á því undanfarin ár að snjó hafi verið mokað á gangstéttir og aðra hluta gatna þar sem vegfarendur eiga leið um. Því var ákveðið að skilgreina snjólosunarsvæði og var það kynnt snjómokstursverktökum sem og bæjarbúum,“ segir Hilda Jana Gísladóttir, oddviti Samfylkingarinnar. „Við höfum fengið nokkrar athugasemdir við þetta fyrirkomulag í dag og förum við yfir málið eftir helgi. Við leggjum þó ríka áherslu á að tryggja öryggi gangandi vegfarenda á Akureyri.“

Gunnar Gíslason, oddviti Sjálfstæðisflokksins, segir frétt bæjarins í of neikvæðum tón. „Betra hefði verið að leiðbeina bæjarbúum um hvað skuli gera þegar snjómagnið er svo mikið,“ segir Gunnar. „Ég geri ráð fyrir að menn séu að tala um að tryggja öryggi gangandi fólks og að setja ekki of mikinn snjó í ruðninga. En það hefði mátt stilla málinu öðruvísi upp.“ – **sa**

SMÁRALIND




## JÓLASTEMNING UM HELGINA
KL. 14–16

**Laugardagur**

**Lalli töframaður** töfrar alla upp úr skónum kl. 14

**Piparkökumálun** í boði Kötlu

**Sunnudagur**

Skreyttu þinn eigin kleinuhring í boði **Krispy Kreme**

**Jólaálfar** sveima um húsið

## OPIÐ TIL 18 Í DAG

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

# Kaldar kveðjur frá Alþýðusambandinu

**Stjórn Félags húsgagna- og innréttingaframleiðenda finnst húsnæðissjálfseignarstofnun ASÍ senda skrýtin skilaboð með því að semja við IKEA um innréttingar í íbúðir sínar. Ósáttir með að ekki hafi verið leitað til þeirra. Bjarg íbúðafélag nýverið gagnrýnt fyrir að flytja inn einingahús frá Lettlandi.**



Bjarg gerði samkomulag við IKEA um innréttingar í íbúðir sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**VINNUMARKAÐUR** Það eru skrýtin skilaboð frá félagi í eigu ASÍ að útiloka fyrirfram innlenda framleiðendur frá þátttöku í að smíða innréttingar fyrir Bjarg íbúðafélag. Þetta er mat stjórnar Félags húsgagna- og innréttingaframleiðenda. Bjarg hefur áður þurft að svara gagnrýni fyrir að flytja inn einingahús frá Lettlandi í stað þess að notast við innlenda framleiðslu og verkafólk.

Bjarg, sem er húsnæðissjálfseignarstofnun sem stofnuð var af ASÍ og BSRB, gerði í byrjun nóvember samkomulag við IKEA um samstarf vegna íbúða Bjargs. Í samkomulaginu felst að Bjarg mun „leitast við að nota innréttingar IKEA í íbúðir félagsins. IKEA mun taka þátt í hönnunarferli íbúða og útfæra innréttingarnar með það að markmiði að ná fram hámarksnýtingu rýma,“ eins og segir í tilkynningu Bjargs. Félagið er með 223 íbúðir í byggingu í Reykjavík og á Akranesi og mörg hundruð íbúðir í undirbúningi víðar.

Innlendir framleiðendur líta hins vegar svo á að í þessu samkomulagi felist ákveðið vantraust á þá, auk þess sem verið sé að flytja út vinnu að óþörfu.

„Líklega gefa þeir hjá Bjargi sér að þeir fái innréttingarnar ódýrari í IKEA en vörur þeirra eru að mestum hluta framleiddar í láglaunalöndum í Austur-Evrópu og Asíu,“ segir Eyjólfur Eyjólfsson, stjórnarmaður í Félagi húsgagna- og innréttingaframleiðenda og framkvæmdastjóri Axis húsgagna. Málið veki áleitnar spurningar fyrir komandi kjaraviðræður og áhrif launakostnaðar á Íslandi. „Þetta eru skrýtin skilaboð frá ASÍ.“

> **Líklega gefa þeir hjá Bjargi sér að þeir fái innréttingarnar ódýrari í IKEA en vörur þeirra eru að mestum hluta framleiddar í láglaunalöndum í Austur-Evrópu og Asíu.**
>
> Eyjólfur Eyjólfsson, stjórnarmaður í Félagi húsgagna- og innréttingaframleiðenda og framkvæmdastjóri Axis húsgagna



Fréttablaðið og Ríkisútvarpið fjölluðu í síðustu viku um gagnrýni á að fyrirhuguð uppbygging á Akranesi væri öll unnin með innfluttum einingahúsum frá Lettlandi. Þar var spurt hvort verkalýðsforystan væri búin að verðleggja íslenskt vinnuafl svo hátt að hún þyrfti að flytja viðskipti sín til útlanda. Í Fréttablaðinu í síðustu viku vörðu Drífa Snædal, forseti ASÍ, og Björn Traustason, framkvæmdastjóri Bjargs, viðskiptin með einingahúsin. **mikael@frettabladid.is**





Það borgar sig að bólusetja við mislingum, að mati WHO. NORDICPHOTOS/GETTY

## Mislingar sagðir í mikilli og hættulegri sókn

**HEILBRIGÐISMÁL** Mislingatilfelli voru 30 prósent fleiri á síðasta ári en árið 2016. Mest aukning var í Ameríku, við botn Miðjarðarhafs og í Evrópu en vegna gloppóttrar bólusetningar mátti finna tilfelli í öllum heimshlutum. Þetta kemur fram í skýrslu sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) og bandaríska heilbrigðisstofnunin CDC birtu í gær. Alls er greint frá því að rekja megi 110.000 dauðsföll á síðasta ári til mislinga.

MMR-bóluefnið, sem notað er til bólusetningar við mislingum, hettusótt og rauðum hundum, var fyrst tekið í notkun snemma á áttunda áratug síðustu aldar. Um átta árum fyrr hafði sérstakt bóluefni gegn mislingum verið tekið í notkun og því er bólusetning við sjúkdómnum síður en svo ný af nálinni. Sé miðað við líkön WHO má ganga út frá því að tekist hafi að bjarga um 21 milljón mannslífa frá árinu 2000 með bólusetningu gegn mislingum.

Samkvæmt skýrslunni hefur hlutfall þeirra sem hafa fengið fyrsta skammt bóluefnisins staðið í stað í nokkur ár, 85 prósent. Sú tala er tíu prósentum lægri en þröskuldurinn sem WHO telur að þurfi að ná til að fyrirbyggja faraldur.

„Þessi upprisa mislinga er alvarlegt áhyggjuefni. Langvinnir faraldrar greinast afar víða og sérstaklega í ríkjum sem höfðu náð eða voru nálægt því að útrýma mislingum alfarið. Ef við tökum okkur ekki á, bólusetjum fleiri við sjúkdómnum og finnum þau samfélög sem eru of lítið bólusett, hættum við á að glutra niður áratuga vinnu að því að verja börn og samfélög gegn þessum skæða en alfarið fyrirbyggjanlega sjúkdómi,“ var haft eftir Soumya Swaminathan, stjórnanda hjá WHO.

Undanfarin misseri hefur reglulega verið fjallað um mislingasmit á Íslandi. Þrjú tilfelli greindust hér á landi árið 2017. Þá hafa einnig greinst tilfelli í flugvélum bæði WOW air og Icelandair. Hægt er, að því er kemur fram í skýrslu WHO og CDC, að fyrirbyggja mislinga alfarið með tveimur skömmtum af öruggu bóluefni. Mislingar eru alvarlegur sjúkdómur sem smitast auðveldlega manna á milli, til að mynda með hósta og hnerra. Sjúkdómurinn getur valdið hita, hósta, höfuðverk, útbrotum og jafnvel uppköstum, niðurgangi og heilabólgu. Í verstu tilfellum valda mislingar einfaldlega dauða. **thorgnyr@frettabladid.is**




24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Snjóflóð féll við Flateyri í gærkvöldi

**NÁTTÚRA** Snjóflóð féll á tvo bíla á Flateyri í gærkvöldi. Davíð Már Bjarnason, upplýsingafulltrúi Landsbjargar, staðfestir þetta í samtali við Fréttablaðið. Björgunarsveitir á Ísafirði og Flateyri voru kallaðar út en hafa nú verið afturkallaðar að sögn Davíðs. Hann bendir þó á að hættan sé þegar um er að ræða snjóflóð að önnur fylgi og bendir fólki á að sýna aðgát á svæðinu.

Hlynur Kristjánsson, varðstjóri hjá slökkviliði Ísafjarðar, segir í samtali við Fréttablaðið að fimm hafi verið í bílunum tveimur, en allir hafi sloppið ómeiddir. Fólkið hefur verið skoðað en fór ekki á sjúkrahús.

**Enginn slasaðist í snjóflóðinu, sem féll á tvo bíla.**

Flóðið varð á Flateyrarvegi á Hvilftarströnd, en svæðið er þekkt snjóflóðasvæði og er veginum lokað í vondu veðri.

Í tilkynningu frá lögreglunni á Vestfjörðum, sem birt var í gærkvöldi, kom fram að vel hefði gengið að ná fólkinu út úr bílunum, en annar bíllinn hefði runnið með flóðinu frá vegi og niður í fjöruborð. Fólkið var flutt af hættusvæði og var skoðað af lækni. Veginum hefur verið lokað og verður hann ekki opnaður aftur í nótt. Þá hefur verið tekin ákvörðun um að veginum um Súðavíkurhlíð verði lokað á miðnætti vegna hættu á snjóflóðum. **– bsp**





**Seltjarnarnesbær, í samstarfi við Arkitektafélag Íslands efnir til opinnar tveggja þrepa samkeppni um hönnun nýs leikskóla á Seltjarnarnesi.**

Lögð er áhersla á að fá fram metnaðarfullar hugmyndir sem mynda sterka byggingarlega heild með núverandi umhverfi og marka nýja hugsun í hönnun leikskólahúsnæðis hvað varðar nýtingu lóðar og húsrýmis. Í nýju húsnæði skal gera ráð fyrir starfsemi 300 barna leikskóla með öllu því sem henni fylgir.

Fyrirspurnarfrestur í fyrra þrepi keppninar er til 4. janúar 2019 og skilafrestur tillagna í fyrra þrepi er þriðjudaginn 19. febrúar 2019. Tillögum skal skila til trúnaðarmanns samkeppninnar á skrifstofu Arkitektafélags Íslands, Aðalstræti 2 (2. hæð), Reykjavík, kl. 14.00 - 16.00.

Veitt verða verðlaun að heildarfjárhæð allt að 14.000.000 kr.

Nánari upplýsingar er að finna í keppnislýsingu:
**www.seltjarnarnes.is** og **www.ai.is**
Ítargögn fá þeir sem skrá sig til þátttöku hjá túnaðaramanni gegn 7.000 kr.

www.seltjarnarnes.is ARKITEKTAFÉLAG ÍSLANDS SELTJARNARNESBÆR




Dagur segir tillögur viðræðuhópsins vera mikinn áfanga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Mikil tímamót fyrir Borgarlínu

**Viðræðuhópur leggur til að Borgarlína og stofnvegaframkvæmdir verði felldar inn í samgönguáætlun. Borgarstjóri segir áfangann mikinn. Segir mikilvægt að samstaða ríki á milli ríkis og sveitarfélaganna.**

**SAMGÖNGUR** Viðræðuhópur um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu hefur skilað niðurstöðum til samgöngumálaráðherra og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Frá þessu var greint á vef Stjórnarráðsins í gær. Hópurinn leggur til að Borgarlína og stofnvegaframkvæmdir verði felldar inn í samgönguáætlun. Lagt er til að fyrsta áfanga Borgarlínu verði lokið á tímabili 15 ára samgönguáætlunar og er heildarkostnaður við þann áfanga áætlaður 42 milljarðar.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir þetta mikinn áfanga og bætir við að það sé mikilvægt að þessar áherslur séu lagðar sameiginlega af hálfu ríkis og sveitarfélaga. „Þarna er í raun verið að nálgast málið mjög heildstætt út frá því sem er best fyrir umferðina, umhverfið og framtíðarþróun svæðisins,“ segir borgarstjóri.

Að sögn Dags færa tillögur hópsins Borgarlínu nær því að verða að veruleika. „Það eru auðvitað bæði mikil tímamót en svo er líka mikilvægt að það sé breið samstaða og skilningur á því að til þess að gera almenningssamgöngur að frábærum valkosti þá þurfa þær að vera framúrskarandi góðar. Þá þurfum við að efla þær og þær þurfa að fá forgang í umferðinni. Þess vegna þarf að fjárfesta í þeim ekki síður en öðrum samgöngumátum. Það er í raun kjarninn í því sem felst í tillögum viðræðuhópsins.“

Einnig er lagt til að Miklabraut verði sett að hluta í stokk á öðru tímabili samgönguáætlunar og að 1,5 milljörðum verði ráðstafað í stofnstígaframkvæmdir, svo fátt eitt sé nefnt.

> **Þarna er í raun verið að nálgast málið mjög heildstætt út frá því sem er best fyrir umferðina, umhverfið og framtíðarþróun svæðisins.**
>
> Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur

Um Miklubrautina segir Dagur að sú framkvæmd hafi skorað einna hæst hvað varðar jákvæð áhrif á umferð. Það sé aukinheldur lífsgæðamál fyrir íbúa á svæðinu enda dragi framkvæmdin úr hljóð- og loftmengun og gefi færi á að „sameina Hlíðarnar á ný“.

„Um leið er þetta framkvæmd sem nýtist öllum samgöngumátum. Það er lykilatriðið. Að þetta nýtist ekki bara þeim sem keyra heldur líka þeim sem nýta Borgarlínuna eða vilja fara gangandi eða hjólandi,“ bætir borgarstjóri við.

Dagur segir að undanfarin ár hafi sveitarfélög og ríki unnið að því að efla stígakerfi svæðisins og nú sé verið að stíga frekari skref. Hann segir að það dugi ekki að hluti hjólreiðaleiðar sé góður heldur þurfi stígar helst að vera samfellt góðir alla leið sem hjólreiðafólk fer. „Eftir því sem við getum klárað að gera heildstætt hjólastíganet fyrir allt höfuðborgarsvæðið fyrr þeim mun betri er þessi valkostur. Við sjáum það nú þegar á tölunum að það er mestur vöxtur í hjólreiðum af öllum samgöngumátum á undanförnum árum.“ **thorgnyr@frettabladid.is**




# Full búð af nýjum vörum!

## 20% afsláttur af öllum sófum og sófasettum!






**Camerich Era** tungusófi (ath. hægt að setja saman á mismunandi hátt)
Verð kr. 653.000,-, **nú kr. 522.400,-**



**Teppi Elvang,** kr. 19.600,-



**Day Home púði**, kr. 8.600,-



**DAY Home veggskraut,** kr. 13.400,-



**Camerich Crescent áklæðissófi,**
verð frá kr. 324.000,-, **nú frá kr. 259.200,-**
sófasett 3+1+1 662.000,-, **nú kr. 529.600,-**



**Jayson sófi,** kr. 198.000,-, nú kr. 158,400,-
Litir; grænt, blátt, dökkgrátt og antikbleikt velúráklæði
(væntanlegt um miðjan desember)



**Blómavasi LSA,** kr. 6.700,-



**Camerich Teri hliðarborð,**
settið verð kr. 84.000,-



**PB home spegill 90 cm**
verð kr. 39.800,-



**Hübsch lampi**
verð kr. 46.700,-



**Chloe borðstofustóll í leðri,**
verð kr. 78.000,-



**Mobliberica borðstofuborð m/keramikplötu**
Stærð; 100x200 cm (300 cm m/stækkunum)
verð kr. 590.000,-

*Verið velkomin í verslun okkar og njóttu aðstoðar fagfólks við val á húsgögnum fyrir heimilið þitt*

# HEIMAHÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.**










**ALLIR KRANSAR OG KERTI**

# 30%

**AFSLÁTTUR UM HELGINA**



furninova

## MELBOURNE

Stórglæsilegir 2ja og 3ja sæta sófar frá Furninova.
Fáanlegir með tvennskonar leðri. Fantasy svörtu og Western Cognac.

2ja sæta Fantasy svart: 183 x 94 x79 cm
**271.992 kr.** ~~319.990 kr.~~

3ja sæta Fantasy svart: 183 x 94 x79 cm
**339.992 kr.** ~~399.990 kr.~~

2ja sæta Western Cognac leður
**305.992 kr.** ~~359.990 kr.~~

3ja sæta Western Cognac leður
**382.492 kr.** ~~449.990 kr.~~



**Reykjavík**
Bíldshöfði 20
**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**
**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100






## FRIDAY

Tungusófi Nordby grár og hnakkapúði. Stærð: 236 x 175 x 88 cm

Sófi
**149.990 kr.**
~~189.990 kr.~~

Hnakkapúði
**14.990 kr.**
~~18.990 kr.~~



## RIA

Nettir og einstaklega þægilegir tveggja og þriggja sæta sófar. Holly grænt slitsterkt áklæði.

3ja sæta: 192 × 83 × 79 cm
**67.493 kr.** ~~89.990 kr.~~



## DUSART

3ja sæta sófi úr svörtu gæðaleðri.
Stærð: 212 x 87 x 83 cm

**263.992 kr.**
~~329.990 kr.~~



## DUSART

Tungusófi úr svörtu gæðaleðri. Hægri eða vinstri tungu. Stærð: 273 x 153/87 x 83 cm

**399.992 kr.**
~~499.990 kr.~~

furninova

## PASO DOBLE

U-sófi frá Furninova.
Hægri eða vinstri tunga.
Corrie Night grásprengt áklæði. Stærð:
375 × 156/258 × 80 cm

**374.993 kr.** ~~499.990 kr.~~



*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

HÚSGAGNA HÖLLIN

# TÆKNI

## Ósáttir undirbúa hópmálsókn vegna Fallout 76

Tölvuleikjaframleiðandinn Bethesda gaf út leikinn Fallout 76 um miðjan mánuð. Um er að ræða fjölspilunarleik í seríu sem venjulega hefur ekki boðið upp á slíka möguleika. Viðtökurnar hafa verið vægast sagt dræmar. Leikurinn fékk til dæmis fimm af tíu hjá tölvuleikjamiðlinum IGN. Fallout 76 er þar sagður hlaðinn hugbúnaðarvillum, líta illa út, vera jafnvel innihaldslaus og leiðinlegur.

Hinar slæmu umsagnir eru þó ekki helsta áhyggjuefni Bethesda þessa dagana. Viðhafnarútgáfa leiksins, sem kostaði 200 dali, var í auglýsingum sögð innihalda íþróttatösku úr striga, hannaða eftir söguheimi leiksins. Þegar spenntir viðskiptavinir fengu pakkann í hendurnar reyndist taskan hins vegar vera úr næloni og við það reiddust kaupendur mjög. Bethesda hefur beðist afsökunar og boðið 500 Atoms, gjaldmiðil leiksins, í miskabætur. Á spjallborðssíðunni Reddit ráðleggur fólk ósáttum hins vegar að þiggja bæturnar ekki enda geti það útilokað viðkomandi frá þátttöku í upprennandi hópmálsókn gegn Bethesda.

Lögmannsstofan Migliaccio & Rathod í Washington hefur sagst vera með málið til rannsóknar og leitar að ósáttum kaupendum. Þegar starfsmaður auglýsti eftir slíkum á Reddit var ásóknin svo mikil að vefsíða lögmannsstofunnar hrundi. Í frétt um málið á vefstofunnar er sérstaklega tekið fram að þar á bæ hafi menn reynslu af hópmálsóknum gegn stórfyrirtækjum. **– þea**



**Auglýsingin sem um ræðir. Taskan er lengst til vinstri.** MYND/BETHESDA


**Nýrri skjátækni var stolið frá Samsung.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Stálu tækni frá Samsung

Tækninni sem Samsung þróaði og nýtir í væntanlegan síma sinn til þess að hægt sé að brjóta hann sundur og saman hefur verið stolið og hún seld til tveggja kínverskra fyrirtækja. Þetta sögðu saksóknarar í Suður-Kóreu í gær samkvæmt CNN. Ellefu hafa verið ákærð fyrir þjófnaðinn.

Þessi tækni byggir á því að gera OLED-skjái Samsung sveigjanlega, meðal annars með því að nota öðruvísi lím, og gerir það að verkum að hægt verður að nota þennan væntanlega síma bæði sem spjaldtölvu og venjulegan síma. Í yfirlýsingu frá Samsung Display, dótturfyrirtækis Samsung-samsteypunnar sem sér um gerð þessara skjáa, segir að fyrirtækið sé slegið vegna málsins. **– þea**

## TikTok tekur fram úr Uber

Kínverska fyrirtækið Bytedance, sem starfrækir samfélagsmiðilinn TikTok, er orðið verðmætasta sprotafyrirtæki heims. Bytedance er nú metið á 75 milljarða dala og skýtur Uber, metið á 72 milljarða, í annað sætið. Tíðindin þykja óvænt enda hefur Bytedance lítið auglýst sig á Vesturlöndum og eigandinn Zhang Yiming gefur sjaldan viðtöl. **– þea**

# Einn mesti gagnaleki sögunnar

**Persónulegum upplýsingum 500 milljóna gesta Starwood-hótelfyrirtækisins stolið. Meðal annars bankaupplýsingum, netföngum, vegabréfsnúmerum og heimilisföngum. Lekinn langt frá því að vera sá mesti.**

**TÆKNIBANNER** Upplýsingum um 500 milljónir gesta hótelfyrirtækisins Starwood hefur verið stolið úr gagnagrunni fyrirtækisins. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem móðurfyrirtækið Marriott sendi til yfirvalda. Þar sagði að árásin hafi átt sér stað fyrir 10. september síðastliðinn og mögulega hefði innbrotið átt sér stað fyrir heilum fjórum árum. „Við rannsókn komst Marriott að því að einhver afritaði upplýsingar í leyfisleysi,“ sagði í yfirlýsingunni.

Starwood rekur hótel undir nöfnunum W Hotels, Sheraton, Le Méridien og Four Points. Hótelrisinn Marriott keypti Starwood árið 2016 og úr varð stærsta hótelsamsteypa heims. Starwood-hlutinn starfrækir um 1.200 gististaði.

Fyrirtækið hefur hafist handa við að gera gestum sem lentu í lekanum viðvart og samkvæmt Techcrunch hafa gestir í til að mynda Bandaríkjunum, Kanada og á Bretlandi verið látnir vita. Þar kemur sömuleiðis fram að vegna GDPR, nýju evrópsku persónuverndarlöggjafarinnar, gæti Starwood verið sektað um allt að fjögur prósent árlegrar veltu vegna málsins.

Magn upplýsinga sem stolið var úr gagnagrunninum er gífurlegt. Í tilfellum um 327 milljóna gesta má finna til að mynda nöfn þeirra, heimilisföng, símanúmer, netfong, vegabréfsnúmer, bankaupplýsingar, fæðingardag, kyn og/eða komu- og brottfarartíma. Aukinheldur má í sumum tilfellum búast við því að dulkóðaðar kortaupplýsingar fylgi.



**Marriott rekur meðal annars hótel í Kína.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Við hörmum þennan atburð. Marriott hefur tilkynnt þetta til yfirvalda og mun halda áfram stuðningi við rannsókn þeirra.**
>
> Úr yfirlýsingu frá Marriott

Fyrirtækið getur hins vegar ekki útilokað að dulkóðunarlyklunum hafi einnig verið stolið.

„Við hörmum þennan atburð. Marriott hefur tilkynnt þetta til yfirvalda og mun halda áfram stuðningi við rannsókn þeirra,“ sagði í tilkynningu í gær.

Séu einhverjir Íslendingar á meðal þeirra sem urðu fyrir því að upplýsingum um þá var stolið mega viðkomandi búast við tölvupósti frá hótelsamsteypunni. Þá hefur einnig verið sett upp vefsíða fyrir smeyka hótelgesti, answers.kroll.com, og eru allir þeir sem gistu á hótelum Starwood beðnir um að vera vakandi fyrir mögulegri misnotkun á greiðslukortum sínum. Þá ber sömuleiðis að varast óprúttna tölvuþrjóta sem gætu sent póst í nafni fyrirtækisins.

**thorgnyr@frettabladid.is**

### Ekki mesti lekinn

Þótt 500 milljónir sé afar há tala er þessi leki langt frá því að vera sá mesti í sögunni. Þann vafasama heiður á Yahoo skuldlaust en upplýsingum um þrjá milljarða notenda var lekið í tölvuárás á árunum 2013 og 2014. Næstmesti lekinn sem Fréttablaðið fann upplýsingar um var svo þegar upplýsingum um 1,1 milljarð notenda var lekið í janúar á þessu ári í tölvuárás á indverska fyrirtækið Aadhaar.

Þessi leki er þó stærri en aðrir umfangsmiklir og alvarlegir lekar undanfarinna ára. Vert er að nefna það er upplýsingum um 412,2 milljónir notenda skyndikynnasíðunnar Adult Friend Finder var lekið árið 2016. Fréttablaðið greindi frá því á sínum tíma að 10.459 með netfang með .is-léni hið minnsta hefðu skráð sig á síðuna. Þar af voru flestir með netfang sem endaði á @visir.is eða 3.605 talsins og næstflestir með @simnet.is, 2.116 talsins.

Í sömu andrá er vert að minnast þess þegar upplýsingum um 32 milljónir notenda framhjáhaldssíðunnar Ashley Madison var lekið ári fyrr. Þar voru 128 með íslensk netföng.




„Með Beacons snjallsímagleraugum get ég verið í símanum hvar og hvenær sem er, án þess að trufla aðra.“
Kári Guðmundsson, framkvæmdastjóri
ER BRJÁLAÐ AÐ GERA?
ERTU Á LEIÐ Á JÓLATÓNLEIKA, Í LEIKHÚS EÐA BÍÓ OG HEFUR EKKI TÍMA?
Þú færð meiri tíma með BEACONS snjallsímagleraugunum
BEACONS
eru hágæða snjallsíma-gleraugu. Nú geturðu loksins notað símann án þess að trufla aðra. Gleraugun gera þér kleift að sjá greinilega á skjáinn þótt það sé slökkt á honum.
BEACONS ERU FRÁBÆR JÓLAGJÖF FYRIR ÞÁ SEM HAFA BRJÁLAÐ AÐ GERA
Kynntu þér Beacons á www.velvirk.is

# Sjö stiga jarðskjálfti skall á nærri Anchorage í Alaska

**BANDARÍKIN** Stærðarinnar jarðskjálfti, sjö stig, reið yfir í bandaríska ríkinu Alaska í gær. Upptök skjálftans voru rétt norður af borginni Anchorage. 5,8 stiga eftirskjálfti reið yfir skömmu síðar. Varað var við flóðbylgjum á Kenai-skaga og við strönd Cook-víkur en þeirri viðvörun var aflétt um níutíu mínútum síðar.

Rafmagn fór víða af og byggingar og vegir skemmdust af völdum skjálftans og umferðarljós biluðu. Þar af leiðandi mynduðust miklar umferðarteppur. Að því er kom fram hjá Anchorage Daily News í gærkvöldi liðaðist vegur að alþjóðaflugvelli borgarinnar nærri í sundur.

Skrúfað var fyrir olíuflutningaleiðslu Alaska í kjölfar skjálftans. Það var þó einungis gert í varúðarskyni en leiðslan skemmdist ekki vegna skjálftans svo vitað sé. – **þea**

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports
Reykjavík Grundartangi Akranes Borgarnes

**Ljósin tendruð á Hamborgartrénu. Miðbakki, Reykjavíkurhöfn**

Ljósin á Hamborgartrénu verða tendruð kl. 17:00 laugardaginn 1. desember en tréð er staðsett á Miðbakka Reykjavíkurhafnar. Það eru góðir vinir frá Hamborg sem senda jólatréð til Reykjavíkurhafnar. Þessi hefð hefur verið milli aðila allt frá árinu 1965.

Við athöfnina munu fulltrúar frá Hamborg flytja stutt ávarp um leið og þeir afhenda gjöfina. Kristín Soffía Jónsdóttir, formaður Faxaflóahafna sf., þakkar fyrir jólatréð fyrir hönd Faxaflóahafna. Herbert Beck sendiherra Þýskalands á Íslandi, ávarpar gesti við tréð ásamt Dr. Sverrir Schopka, fulltrúa Þýsk-Íslenska félagsins í Þýskalandi. Að athöfn lokinni er gestum boðið í heitt súkkulaði og viðeigandi bakkelsi í Hafnarhúsinu, ásamt því að jólasveinar munu kíkja í heimsókn. Félagar úr Lúðrasveit Hafnarfjarðar leika jólalög.

Þessi fallegi siður, að senda jólatré til Reykjavíkurhafnar, er tileinkaður íslenskum togarasjómönnum sem sigldu á Hamborg með fisk strax eftir seinni heimstyrjöldina. Þess er sérstaklega minnst að sjómennirnir gáfu svöngu og ráðlausu fólki á hafnarsvæðinu fiskisúpu á meðan verið var að landa úr togaranum.

Á hverju ári síðan árið 1965 hefur Eimskipafélag Íslands flutt tréð endurgjaldslaust til Reykjavikur og í ár eru það Íslandsvinafélögin í Hamborg og Köln sem styrkja þetta framtak. Faxaflóahafnir hafa staðið fyrir skipulagningu að móttöku trésins.

**Anleuchten des Weihnachtsbaumes aus Hamburg am Miðbakki, Reykjavik-Hafen**

Am Samstag, den 01. Dezember 2018, um 17:00 Uhr wird pünktlich zur Weihnachtszeit der Weihnachtsbaum aus Hamburg in Reykjavík angeleuchtet. Der Baum ist ein Zeichen der Dankbarkeit für die Hilfspakete isländischer Seeleute an bedürftige Menschen in Hamburg nach dem Zweiten Weltkrieg. Der erste Baum kam 1965!

Sprecher der Delegation aus Hamburg werden eine kurze Ansprache halten, während sie die Tanne offiziell übergeben. Kristín Soffía Jónsdóttir , Vorsitzender der Faxaflóahäfen wird sich im Auftrag des Hafens für die Tanne bedanken. Daraufhin folgt eine kurze Ansprache von Herbert Beck, deutscher Botschafter in Island, begleitet von Sverrir Schopka, Sprecher der Deutsch-Isländischen Gesellschaft in Deutschland. Im Anschluß werden die Gäste zu heißer Schokolade und Gebäck ins Hafenhaus eingeladen. Mitglieder der Hafnarfjörður-Blaskapelle spielen Weihnachtslieder.

Seit 1965 hat Eimskip den Transport der Tanne jedes Jahr gesponsort und dieses Jahr hat ebenfalls Gesellschaft der Freunde Islands, Hamburg, und Deutsch-Isländische Gesellschaft, Köln, dieses Unterfangen unterstützt.

Die Faxaflóahäfen haben den Transport und den Empfang der Tanne organisiert.






Mohammed bin Salman og Vladimír Pútín eru líklegast tveir umdeildustu gestir G20-fundarins. NORDICPHOTOS/AFP

# Hertaka og Khashoggi ofarlega á blaði hjá G20

**Valdamestu leiðtogar heims mættu til fundar í argentínsku höfuðborginni í gær. Skrifað var undir nýjan NAFTA-samning. Rússar gagnrýna aflýsingu á fundi Trumps og Pútíns. Trump ræddi við forseta Kína um tollastríð ríkjanna.**

**ARGENTÍNA** Leiðtogar G20-ríkjanna mættu til fundar í Buenos Aires, höfuðborgar Argentínu, í gær. Til umræðu var til að mynda tollastríð Bandaríkjanna og Kína, útganga Bretlands úr Evrópusambandinu, hertaka þriggja úkraínskra herskipa á Asovshafi og morðið á sádiarabíska blaðamanninum Jamal Khashoggi, sem Mohammed bin Salman krónprins er sagður bera höfuðábyrgð á. Fundinum lýkur í dag.

Gærdagurinn hófst af krafti þegar Donald Trump Bandaríkjaforseti, Justin Trudeau, forsætisráðherra Kanada, og Enrique Pena Nieto, sem lætur af embætti Mexíkóforseta í dag, undirrituðu nýjan fríverslunarsamning sem hugsaður er sem arftaki NAFTA-samningsins. Málið var eitt af helstu loforðum Trumps í kosningabaráttunni.

„Þetta hefur verið langt og ansi erfitt ferli. Við höfum þurft að taka á okkur ýmis högg á leiðinni en þetta er öllum ríkjunum til hagsbóta,“ sagði Trump. Samningurinn fer nú fyrir þing ríkjanna þriggja og það gæti reynst Trump erfitt enda fengu Demókratar meirihluta í fulltrúadeildinni í kosningunum í nóvember.

Trump átti bókaðan fund með Vladimír Pútín, forseta Rússlands, á G20-fundinum en aflýsti vegna fyrrnefndrar hertöku Rússa á úkraínsku herskipunum. María Sakarova, upplýsingafulltrúi rússneska utanríkisráðuneytisins, véfengdi í gær þessa útskýringu Trumps. Sagði líklegra að svarið lægi í bandarískum innanríkismálum. Þar vitnaði hún til rannsóknar sérstaks saksóknara á meintu samráði forsetaframboðs Trumps við Rússa, sem bæði Trump og Rússar neita að hafi átt sér stað.

Þegar Trump mætti til fundar í gær sagði fréttaveita AP að hann hefði heilsað leiðtogum Kanada, Japans og Frakklands og rætt við þá. Hann hafi hins vegar gengið beinustu leið fram hjá, ekki einu sinni heilsað, Pútín og Mohammed krónprins.

AP sagði sömuleiðis frá því að óeining á meðal G20-ríkjanna virtist ætla að valda því að ekki næðist nokkur samstaða um sameiginlega yfirlýsingu um stefnu í loftslagsmálum og fríverslun. Eins og frægt er orðið dró Trump ríki sitt út úr Parísarsamkomulaginu og þá á hann sömuleiðis í tollastríði við Evrópu, Kanada og Kína.

Xi Jinping, forseti Kína, fundaði með Trump í gær vegna tollastríðsins. Það lá þó ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prentun hver afrakstur fundarins var. Sömuleiðis fundaði Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, með Mohammed krónprins en sömu sögu er að segja af þeim fundi. May hafði áður sagst ætla að ræða sérstaklega um mál Khashoggis. **thorgnyr@frettabladid.is**

**G20-ríkin:**

- Argentína
- Ástralía
- Brasilía
- Kanada
- Kína
- Frakkland
- Þýskaland
- Indland
- Indónesía
- Ítalía
- Japan
- Mexíkó
- Rússland
- Sádi-Arabía
- Suður-Afríka
- Suður-Kórea
- Tyrkland
- Bretland
- Bandaríkin
- Evrópusambandið

**Gestir:**

- Síle
- Jamaíka
- Holland
- Rúanda
- Senegal
- Singapúr
- Spánn

# Sjóliðarnir fluttir til Moskvu

**ÚKRAÍNA** Þeir 24 úkraínsku sjóliðar sem Rússar handtóku eftir hertöku þriggja úkraínskra herskipa á Asovshafi um síðustu helgi voru í gær fluttir í fangelsi í Moskvu. Þar af er 21 haldið í Lefortovo-fangelsinu en þeir þrír sem særðust við hertökuna eru á sjúkrahúsvæng annars fangelsis. Þetta kom fram á rússnesku fréttastöðinni Rain í gær.

Reuters sagði frá því í gær að yfirvöld í Úkraínu neituðu nú öllum fullorðnum, rússneskum karlmönnum um inngöngu í landið. Ástæðan er að herlög eru nú í gildi eftir atburði síðustu helgar. Petró Pórósjenkó forseti hefur sagt þessar aðgerðir nauðsynlegar til að koma í veg fyrir innrás enda gætu óeinkennisklæddir Rússar annars hæglega komist til Úkraínu líkt og er sagt hafa gerst árið 2014 þegar aðskilnaðarsinnar tóku yfir austurhluta landsins og Rússar innlimuðu Krímskaga.



Einn úkraínsku sjóliðana í fylgd rússnesks FSB-liða. NORDICPHOTOS/AFP

Annegret Kramp-Karrenbauer, ein þeirra sem sækjast eftir því að taka við af Angelu Merkel sem formaður Kristilegra demókrata í Þýskalandi, sagði í gær að bæði ESB og Bandaríkin ættu að íhuga að banna siglingar rússneskra skipa af Asovshafi um hafnir sínar.

Donald Tusk, forseti leiðtogaráðs ESB, sagði í gær að hann byggist við því að leiðtogaráðið myndi framlengja gildistíma þvingana gegn Rússum þegar þeir funda um miðjan desember og kallaði aðgerðir Rússa á Asovshafi óboðlegar. – **þea**










RISTAÐAR MÖNDLUR
Á SUNNUDAG
MILLI 14 OG 16

GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



**Þingmenn fjölmenntu á Bessastaði í fullveldisveislu** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Skúli Mogensen samdi við Indigo Partners** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Viðburðarík vika að baki

Síðasta vika nóvembermánaðar var viðburðarík svo um munar. Skúla Mogensen virðist hafa tekist að bjarga WOW air, þingmenn Flokks fólksins urðu uppvísir að kvenfyrirlitningu og ósæmilegri hegðun á bar í Reykjavík, ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur varð eins árs. Kokkalandsliðið nældi í gull. Krakkar og baráttufólk hélt áfram að berjast fyrir betri heimi.



**Annað árið í röð stendur Amnesty International fyrir stærstu gagnvirku ljósasýningu Íslands.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




**Húsið við Laugveg 73 var flutt í heilu lagi á Hverfisgötu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Kokkalandsliðið fékk gull í Lúxemborg** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Börn fóru í kröfugöngu í Reykjavík.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra fagnaði eins árs afmæli í gær. Katrín og ráðherrar hennar fengu sér skúffuköku í tilefni dagsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






























# SAMFERÐA Í 100 ÁR

Eimskipafélag Íslands fagnar hundrað ára fullveldi Íslands og er stolt af hlutverki sínu í sögu þjóðarinnar. Í dag, þann 1. desember, kemur dagatal Eimskips út en það hefur verið gefið út nær óslitið í yfir níutíu ár. Dagatalið fyrir árið 2019 prýða myndir af mikilfengleika íslenskrar náttúru eftir Arnar Kristjánsson og Simona Buratti.

Hægt er að nálgast dagatalið á næsta afgreiðslustað Eimskips og Eimskips Flytjanda.

**EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS**
Korngarðar 2 | 104 Reykjavík
525 7000 | service@eimskip.is

EIMSKIP

# Sök bítur sekan



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Annálað samtal tíu prósenta þingheims á Klaustri fór um myrkan huga þeirra sem þar sátu, en fæst sem þessum kjörnu fulltrúum fór á milli þolir dagsljósið. Umræðurnar voru þess eðlis að varla hefur verið þægilegt fyrir þingmennina að mæta til vinnu daginn eftir að þær voru birtar, hvað þá í árlegan gleðskap Alþingis á Bessastöðum.

Auðvitað er óheimilt að taka upp samtöl að fólki forspurðu. Um það er ekki deilt. Það breytir ekki því að það sem var sagt, var sagt. Umræðurnar sýna þá sem hæst höfðu í skelfilegu ljósi.

Ekkert virðist hafa verið heilagt eða undanskilið, og raunar sætir furðu að þingmönnunum hafi tekist að snerta á svo mörgum subbumálum á ekki lengri tíma. Óskandi væri að störf Alþingis með jákvæðari formerkjum væru jafn skilvirk.

Eins og oft áður er gagnlegt að reyna að setja sig í spor þeirra sem við borðið sátu. Fólk talar oft á hispurslausan hátt í góðra vina hópi. Flestir hafa vafalaust látið orð falla í hálfkæringi eða án þess að hugur fylgi máli við slíkar kringumstæður.

En þrátt fyrir samhengislaus gífuryrðin, hálfkæringinn og háðsglósurnar er rauður þráður í talsmátanum. Groddaleg viðhorf skína í gegn. Háðsglósum í garð fatlaðra og samkynhneigðra er fleygt eins og í framhjáhlaupi og bæta gráu ofan á svart.

Kvenfyrirlitning er meginstefið. Þingmennirnir skilgreina samstarfskonur sínar eftir útliti, gera þeim upp óeðlilegar hvatir og kalla þær öllum illum nöfnum. Oftast með kynferðislegri skírskotun.

Þessi talsmáti er algerlega á skjön við orðsporið sem þingmennirnir rembast við að skapa sér, allsgáðir, í viðurvist fjölmiðla. Af samtalinu að dæma sýna þeir þá hlið einungis þegar kveikt er á upptökuvélunum. Fyrir tvo reynslumestu þingmennina í hópnum er remban sérlega vandræðaleg, annar fékk verðlaun fyrir framlag til jafnréttismála þegar hann sat í forsætisráðuneytinu og hinn fór sem utanríkisráðherra mikinn á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í sama málaflokki.

Eftir að upptakan varð opinber hafa verið kallaðir til alls kyns sérfræðingar. Margir þeirra tala um virðingu Alþingis og álitshnekki sem þingið hefur beðið. En málið þarf enga stjórnmálafræðinga til að skýra frá. Þingmennirnir bera sjálfir ábyrgð á orðum sínum en kollegar þeirra ekki. Þá sjálfa setur niður og enga aðra. Að varpa þessu yfir á allt þingið drepur málinu á dreif. Sökin á að bíta þann seka.

Á almennum vinnumarkaði væri hátterni sexmenninganna sennilega brottrekstrarsök. Þingmönnum getur hins vegar enginn sagt upp nema kjósendur á fjögurra ára fresti. Þótt tveir hafi verið reknir úr flokki sínum og aðrir tveir sendir í leyfi hefur enginn sagt af sér þingmennsku.

Þeir virðast ótrauðir ætla að mæta örlögum sínum í næstu kosningum. Það ætti að verða þungur róður. Orð eiga að hafa afleiðingar.

En við erum ýmsu vön.

> **Raunar sætir furðu að þingmönnunum hafi tekist að snerta á svo mörgum subbumálum á ekki lengri tíma**

## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Fullveldi Íslands er eins og fertug kona

Maðurinn er eins og sement. Við byrjum blaut; blaut á bak við eyrun, ómótuð, leir. Við getum orðið allt, allir vegir eru færir, allar dyr standa opnar. Eins og óhörðnuð steypa getum við tekið á okkur hvaða form sem er. En með tímanum þornum við og hörðnum. Skyndilega erum við það sem við erum og ekkert fær því breytt. Við erum orðin við. Við erum ekki lengur á vegferð heldur erum við mætt á áfangastað.

Ég átti afmæli í gær. Á einni nóttu eltist ég um áratug. Ég er ekki lengur þrjátíu og eitthvað. Nú er ég fjörutíu. Síðustu ár hef ég að jafnaði hafið afmælisdaginn fyrir framan spegilinn þar sem ég bölva óvelkomnum gestum; myrkum dældum undir augum sem opnast eins og dalir inni á milli fjalla, mark um tímans þunga nið á andlitinu á mér. Í ár tengdust aldurskomplexarnir hins vegar hvorki hrukkum né almennum afleiðingum samstarfs tíma og þyngdarlögmáls.

### Flogið til allra áfangastaða

„Ég dvel í möguleikanum," orti skáldkonan Emily Dickinson.

Tíminn sem maður dvelur í möguleikanum er alltaf sá besti. Allt er opið. Allt getur gerst. Veröldin er ostra. Lífið er ferðalag og flogið er til allra áfangastaða. Þetta er augnablikið áður en maður lætur til skarar skríða, þegar verknaðurinn er aðeins draumur, athöfnin aðeins hugmynd. Áður en maður byrjar, framkvæmir, er hægt að ylja sér við þá óra að allt fari á besta veg; bókin verði metsölubók, að maður verði ríkur þegar maður er orðinn stór, kannski fræg rokkstjarna.

Á afmælisdaginn voru það ekki líkamleg einkenni öldrunar sem ollu mér áhyggjum, það var ekki mýkt þess sem áður var stinnt. Þvert á móti var það harka þess sem áður var mjúkt.

Hvenær hætti hugurinn að vera opinn? Hvenær hætti sálin að vera lipur, sveigjanleg, til í hvert það ævintýri sem biði handan hornsins? Hvenær hætti ég að trúa því að einn daginn yrði ég kannski fræg rokkstjarna? Hvenær hætti ég að dvelja í möguleikanum?

### Það sem gæti verið öðruvísi

Í dag fögnum við aldarafmæli fullveldis Íslands. Hundrað ár eru frá því að Ísland varð frjálst og fullvalda ríki með gildistöku sambandslaganna.

Fullveldi Íslands er eins og fertug kona; það er komið til vits og ára án þess að það sé endilega komið til ára sinna – en stífleiki tímans er þó farinn að segja til sín.

Með hækkandi aldri stirðna vöðvar. Til að sporna gegn því förum við í átak, skellum okkur í ræktina eða út að skokka og gætum þess svo að teygja vel á eftir. En það er fleira sem þarf að teygja á en vöðvar.

Dyr lokast, draumar gleymast, framtíðin verður fyrirsjáanleg. Rétt eins og við þurfum að hafa meira fyrir því að halda líkamanum liðugum þegar aldurinn færist yfir, þurfum við að vinna hart að því að halda sálinni sveigjanlegri.

Í hundrað ár hefur Ísland verið fullvalda. Á þeim tíma hefur samfélagið mótast, tekið á sig form, komist í fast horf. En þegar hlutirnir eru í föstum skorðum, hvort sem um ræðir fertuga konu eða hundrað ára fullveldi, hættir okkur til að missa sjónar á því að hlutirnir geta verið öðruvísi en þeir eru.

Fertug kona hyggst dvelja í möguleikanum um að verða rokkstjarna þegar hún verður stór. Á hundrað ára fullveldisafmæli standa óendanlega margar dyr íslensku samfélagi opnar: Við gætum komið okkur upp nýrri stjórnarskrá; við gætum breytt fiskveiðistjórnunarkerfinu og tryggt að landsmenn allir njóti góðs af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar; við gætum sameinast um sanngjarnara samfélag og hækkað lágmarkslaun; við gætum afþakkað þjónustu þeirra forhertu fulltrúa þjóðarinnar á Alþingi sem viðruðu almenna mannfyrirlitningu sína er þeir sátu að sumbli á bar í miðborginni og fara með fullveldi okkar eins og eigið konungdæmi, drukknir af öli og eigin völdum.

Möguleikarnir eru endalausir. Aðeins hugmyndaflugið setur okkur skorður.

Fedasz Dental Hungary
Your Specialist in Dental Tourism
Save 50-70% on Dental Treatment in Hungary
Special winter offers!*
*for more informations, don't hesitate to contact us:
632 4007
info@fedaszdental.hu




FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*




# Skyldavera Novajól?

## Afmælistilboð í öllum verslunum Nova og á nova.is alla helgina!

**0 kr.** notkun í 3 mán. NET / TAL / SMS

**15.000 kr.** afsláttur

Fullt verð ~~29.990 kr.~~

Galaxy Tab A 10.1 **fylgir frítt með** Galaxy S9 og S9+

SAMSUNG
**Galaxy S9** 64 GB
**89.990 kr.** stgr.
Fullt verð **104.990 kr.**

S9+ **104.990 kr.**
Fullt verð **119.990 kr.**

Novasvellið á Ingólfstorgi!
GJAFABRÉF SKAUTA 1.190 kr.

Skautamiðar **fyrir 2** fylgja öllum Samsung símum

---

**0 kr.** notkun í 3 mán.
**15.000 kr.** afsláttur
+ IconX heyrnartól fylgja

SAMSUNG
**Note 9** 128 GB
**134.990 kr.** stgr.
Fullt verð **149.990 kr.**

---

**0 kr.** notkun í 3 mán.
**20.000 kr.** afsláttur

SAMSUNG
**Galaxy S8+** 64 GB
**59.990 kr.** stgr.
Fullt verð **79.990 kr.**

---

**0 kr.** notkun í 3 mán.
**5.000 kr.** afsláttur
bættu við IconX heyrnartólum á **4.990 kr.**

SAMSUNG
**A7** 64 GB
**44.990 kr.** stgr.
Fullt verð **49.990 kr.**

---

**0 kr.** notkun í 3 mán.
**5.000 kr.** afsláttur

SAMSUNG
**J5 2017** 16 GB
**22.990 kr.** stgr.
Fullt verð **27.990 kr.**

---

**Opið í Nova Lágmúla í dag!**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA

# Fín byrjun í undankeppninni

**Íslenska kvennalandsliðið í handbolta fór vel af stað í undankeppni HM 2019, en liðið vann afar sannfærandi sigur þegar liðið mætti Tyrklandi í gærkvöldi.**



Axel Stefánsson var ánægður með leik íslenska liðsins sem vann sannfærandi sigur gegn Tyrkjum Fréttablaðið/Ernir

**HANDBOLTI** Ísland hóf í gærkvöldi vegferð sína í átt á lokakeppni heimsmeistaramóts kvenna í handbolta sem leikið verður á næsta ári með því að mæta Tyrklandi í fyrsta leik liðanna í undankeppni mótsins sem fram fer í Skopje í Makedóníu þessa dagana. Ísland fór með 36-23 sigur af hólmi í leiknum eftir að hafa verið í forystu allan leikinn.

Íslenska liðið setti tóninn strax í upphafi leiksins, en liðið var komið í 3-0 þegar skammt var liðið af leiknum. Staðan í hálfleik var svo 18-14 fyrir Íslandi og leikmenn íslenska liðsins bættu við forskotið í seinni hálfleik. Tyrkland leikur nokkuð óhefðbundinn handbolta sé tekið mið af evrópskum handbolta og það tók íslensku leikmennina fyrri hálfleikinn að venjast breyttum aðferðum við það að spila bæði sókn og vörn.

Örnu Sif Pálsdóttur héldu engin bönd inni á línunni, en þegar var upp var staðið hafði hún skorað átta mörk í leiknum líkt og Þórey Rósa Stefánsdóttir. Þær voru markahæstar hjá íslenska liðinu og Thea Imani Sturludóttir kom næst með fimm mörk. Guðný Jenný Ásmundsdóttir átti góðan leik í markinu og varði 16 skot.

„Tyrkneska liðið spilar frekar óhefðbundinn handbolta og það tók okkur nokkurn tíma að aðlagast því. Þegar það var komið náðum við að sigla fram úr og fara með öruggan sigur af hólmi. Það er gott að vera kominn af stað eftir mikla tilhlökkun fyrir þessu verkefni og gott að hafa náð að landa þessum sigri. Það er alltaf góð tilfinning að vera kominn á blað," sagði Axel Stefánsson, þjálfari íslenska liðsins í samtali við Fréttablaðið eftir leikinn.

| ÍSLAND | TYRKLAND |
|---|---|
| 36 | 23 |
| 18 | 14 |

**Mörk Íslands:** Þórey Rósa Stefánsdóttir 8, Arna Sif Pálsdóttir 8/1, Thea Imani Sturludóttir 5, Eva Björk Davíðsdóttir 4, Helena Rut Örvarsdóttir 3, Martha Hermannsdóttir 2/1, Perla Ruth Albertsdóttir 2, Steinunn Hansdóttir 2, Sigríður Hauksdóttir 1, Ester Óskarsdóttir 1.
**Varin skot:** Guðný Jenný Ásmundsdóttir varði 16 skot.

„Mér fannst sóknarleikurinn vel spilaður og við náðum að koma mörgum leikmönnum inn í sóknina. Við gátum dreift álaginu vel á milli leikmann og það var mikilvægt. Við spilum allt öðruvísi þegar við mætum Makedóníu og það verður meira líkamlega krefjandi leikur þannig að það er gott að það fór ekki of mikil orka í þennan sigur," sagði hann enn fremur.

Ísland og Tyrkland eru með Makedóníu og Aserbaídsjan í riðli, en efsta liðið í riðlinum fer í umspil um laust sæti í lokakeppninni. Ísland mætir gestgjöfum Makedóníu í dag og hefst leikurinn klukkan 17.00 að íslenskum tíma.

„Makedónía vann stórsigur gegn Aserbaídsjan í gær og það lítur allt út fyrir að þetta verði úrslitleikur um sigur í riðlinum. Þær eru afar sterkar og góðar í stöðunni maður á móti manni þegar þær komast á ferðina. Við verðum að spila þétta vörn og spila góða hjálparvörn ef við ætlum að ná hagstæðum úrslitum í leiknum í dag," sagði hann.

**Við spilum allt öðruvísi leik þegar við mætum Makedóníu í adg og það verður mjög líkamlega krefjandi leikur þannig að það er gott að það fór ekki mikil orka í þennan sigur.**

Axel Stefánsson

hjorvaro@frettabladid.is.

# Nágrannaslagir af bestu gerð

**FÓTBOLTI** Það verður svakalegur tvíhöfði í enska boltanum á morgun þegar nágrannaliðin Arsenal og Tottenham mætast og þegar sá leikur verður flautaður af mætast Liverpool og Everton í baráttunni um Bítlaborgina. Liverpool og Tottenham eru þau lið sem standa Manchester City hvað næst í stigasöfnun og mega því ekki við því að tapa stigum frekar en Arsenal og Everton sem eru að reyna að brjóta sér leið inn í eitt af efstu fjórum sætunum á ný.

**Baráttan um norðurhluta höfuðborgarinnar**
Í fyrri nágrannaslag dagsins mætast erkifjendurnir Arsenal og Tottenham í 196. sinn, að þessu sinni á Emirates-vellinum. Verður þetta þrettándi deildarleikur liðanna á Emirates-vellinum og hefur uppskeran ekki verið drjúg fyrir gestina. Aðeins einn sigurleikur sem kom fyrir átta árum, fjögur jafntefli og sjö tapleikir í tólf leikjum eða sjö stig af 36 mögulegum.

Það ætti að gefa Tottenham sjálfstraust fyrir leikinn hvernig þeim tókst að valta yfir lið Chelsea um síðustu helgi. Tottenham er ekki búið að gefa upp öndina í baráttunni um enska meistaratitilinn enda búnir að vinna sjö af síðustu átta leikjum í deildinni og mæta því fullir sjálfstrausts á morgun. Sérstaklega Harry Kane sem hefur skorað í sex af síðustu sjö leikjum þessara liða.

Skytturnar hafa fundið taktinn undir stjórn Unai Emery og hafa leikið sautján leiki í röð án ósigurs. Ferðaþreyta gæti hins vegar komið í bakið á Arsenal eftir að hafa mætt úkraínska félaginu Vorskla á fimmtudaginn í Evrópudeildinni.

**Nítján ára bið eftir sigri á Anfield**
Í seinni nágrannaslagnum ferðast Everton-menn í gegnum Stanley-garðinn yfir á Anfield og mæta nágrönnum sínum í Liverpool. Verður þetta 232. leikurinn á milli liðanna og hefur Liverpool unnið 92 leiki, Everton 66 og 72 leikjum lokið með jafntefli.

Gylfi Þór Sigurðsson og liðsfélagar í Everton hafa leikið vel að undanförnu og unnið fjóra heimaleiki í röð en ferðalögin á Anfield hafa ekki reynst þeim bláu vel undanfarin ár. Leita þarf nítján ár aftur í tímann til að finna síðasta sigurleik Everton á Anfield. Þann daginn fengu ungur Steven Gerrard og Sander Westerveld, sem átti síðar eftir að leika fyrir Everton, rautt í 1-0 sigri gestanna. Síðan þá hafa liðin mæst átján sinnum í deildinni á Anfield, Liverpool unnið níu sinnum og níu leikjum lokið með jafntefli.

Liverpol er líkt og Manchester City ósigrað í deildinni eftir þrettán umferðir. Hefur öflugur varnarleikur skilað liðinu í titilbaráttuna á meðan sóknarþrieyki liðsins virðist vera að vakna til lífsins á ný. **– kpt**



Gylfi Þór og félagar hans hjá Everton mæta Liverpool. NORDICPHOTOS/GETTY

## Nýjast

**Enska úrvalsdeildin**

**Cardiff City - Wolves 2-1**
0-1 Matt Doherty (18.), 1-1 Aron Einar Gunnarsson (65.), 2-1 Junior Hoilett (77.).

# HM kvenna heldur áfram

**HANDBOLTI** Evrópumótið í handbolta kvenna fer fram í Frakklandi þessa dagana. Keppnin hófst á fimmtudaginn með sigri Rússlands gegn Frakklandi í opnunarleik mótsins. Liðin leika í B-riðli mótsins ásamt Svartfjallalandi og Slóveníu, en í leik þeirra í gær hafði Svartfjallaland betur, 36-33.

Keppni hófst svo í A-riðli mótsins í gærkvöldi, en þar fór Serbía með 33-26 sigur af hólmi gegn Póllandi. Danmörk bar sigur úr býtum 30-29 gegn Svíþjóð í dramatískum leik, úrslitin réðust eftir að leiktíminn rann út.

**Danmörk, Serbía og Svartfjallaland unnu góða sigra í leikjum sínum á heimsmeistaramótinu í gær.**

Þórir Hergeirsson og lærimeyjar hans hjá Noregi eiga titil að verja á mótinu eftir að hafa unnið mótið á sænskri grund fyrir tveimur árum og hefja titilvörn sína með því að mæta Þýskalandi í D-riðli mótsins í dag. Auk þeirra eru Rúmenar og Tékkar í riðlinum sem leiða einnig saman hesta sína í dag. Spánn og Króatía og Ungverjaland og Holland eigast svo við í C-riðlinum. **– hó**



# KA styrkir hópinn verulega

**FÓTBOLTI** KA gekk í dag frá samningum við fjóra leikmenn fyrir karlalið félagsins í knattspyrnu. Þetta kemur fram á Twitter-síðu norðanliðsins.

Þetta eru Haukur Heiðar Hauksson sem kemur frá sænska liðinu AIK, Almarr Ormarsson sem kemur frá Fjölni og Andri Fannar Stefánsson sem kemur frá Val.

Þá gekk norski bakvörðurinn Alexander Groven til liðs við KA. Hann er 26 ára örvfættur bakvörður, en hann hefur leikið 93 leiki í efstu deild í Noregi og gert í þeim þrjú mörk.

Enski varnarmaðurinn Callum Williams framlengdi svo samning sinn við KA-menn um eitt ár en hann var kjörinn besti leikmaður liðsins á síðasta sumri. Óli Stefán Flóventsson sem ráðinn var þjálfari KA í haust er því aldeilis farinn að taka til hendinni við að smíða leikmannahóp fyrir næsta sumar. **– hó**

# JÓLAFJÖR BRIMBORGAR!

*Jólatilboð á glæsilegum nýjum bílum!*

**Opið 12-16 í dag!**

***Komdu í JÓLAFJÖR í Brimborg!***
Við bjóðum um 500 mismunandi gerðir fólksbíla og atvinnubíla frá fimm bílaframleiðendum. Komdu. Gerðu jólabílakaupin í Brimborg.
***– Við eigum rétta bílinn fyrir þig!***

ÚRVAL OG ÞJÓNUSTA — ALLT Á EINUM STAÐ

## FORD KA+ ULTIMATE SPORT

**1,2i bensín, 85 hestöfl, 5 dyra og 5 gíra**
Stóri smábíllinn!
Aukabúnaður í tilboðsbílum: Málmlitur

Verð með málmlit: 1.955.000 kr.
**Jólatilboð: 1.790.000 kr.**

**- 165.000 kr.**
**+ VETRARDEKK**



## CITROËN C4 CACTUS FEEL

**1,2 bensín, 110 hestöfl, beinskiptur**
**Einnig fáanlegur sjálfskiptur á tilboði**
Sannkölluð Citroën þægindi!

**- 300.000 kr.**
**+ VETRARDEKK**



Verðlistaverð með málmlit 3.090.000 kr.
**Jólatilboð: 2.790.000 kr.**

## MAZDA2 NISEKO

**1,5 bensín, 90 hestöfl, beinskiptur**
**Einnig fáanlegur sjálfskiptur á tilboði**
Einstök hönnun og akstursupplifun, vel búinn bíll.

**- 200.000 kr.**
**+ VETRARDEKK**



Verð með málmlit: 2.600.000 kr.
**Jólatilboð: 2.400.000 kr.**

## VOLVO V40CC

**- 626.000 kr.**
**+ VETRARDEKK**

**D2 Momentum, 120 hestöfl, sjálfskiptur**
Volvo V40 Cross Country er hannaður fyrir ævintýralegt líf í borg og bæ. Með notendavænni tækni og nútímalegri hönnun er valið augljóst.



Verð með leiðsögukerfi: 4.916.000 kr.
**Jólatilboð: 4.290.000 kr.**

VOLVO 30 ÁR HJÁ BRIMBORG

## PEUGEOT 2008 ACTIVE

**- 300.000 kr.**
**+ VETRARDEKK**

**1,2 bensín, 82 hestöfl, beinskiptur**
**Einnig fáanlegur sjálfskiptur á tilboði**



Verðlistaverð með málmlit og nálægðarskynjurum: 2.900.000 kr.
**Jólatilboð: 2.600.000 kr.**

***– Komdu í reynsluakstur í dag!***

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík, Bíldshöfða 6
Brimborg Reykjavík, Bíldshöfða 8
Brimborg Akureyri, Tryggvabraut 5
Opið virka daga 9-17, laugardaga 12-16

**brimborg.is**



Íslenska karlalandsliðið hefur átt erfitt uppdráttar á þessu ári, þá sérstaklega í haust. Það braut blað á Heimsmeistaramótinu í Rússlandi en hefur ekki unnið leik síðan í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Leiðin á EM kemur í ljós um helgina

**Dregið verður í riðlana í undankeppni Evrópumótsins 2020 í Dublin á sunnudaginn. Ísland er í öðrum styrkleikaflokki en fjölmargar nýjar reglur um vegalengdir og veðurfar hafa áhrif á dráttinn um helgina. Undankeppnin hefst í mars og lýkur henni í nóvember.**

FÓTBOLTI Dregið verður í riðlana í undankeppni Evrópumótsins 2020 í Dublin á morgun. Annað lokamótið í röð verða 24 þjóðir sem öðlast þátttökurétt á Evrópumótinu sem fer fram í tólf mismunandi borgum frá Baku í Aserbaídsjan til Dublin á Írlandi.

Var ákveðið að dreifa leikstöðum í tilefni þess að sextíu ár eru liðin frá fyrsta Evrópumótinu sem fór fram í Frakklandi árið 1960. Ísland verður í öðrum styrkleikaflokki þegar dregið verður ásamt löndum á borð við Þýskaland, Danmörku, Rússland og Tékkland sem öll hafa fagnað sigri á Evrópumótinu.

**Nýjar reglur flækja dráttinn**
Vegna Þjóðadeildar UEFA hefst undankeppnin í mars eða hálfu ári síðar en venjulega og tekur aðeins hálft ár. Verður leikið ansi þétt og lýkur undankeppninni í nóvember.

Fyrir vikið setti evrópska knattspyrnusambandið, UEFA, reglur um að aðeins tvö lið þar sem erfitt væri að spila yfir vetrartímann vegna veðurs gætu dregist saman í riðil. Ísland er eitt tíu ríkja sem falla þar undir ásamt Hvíta-Rússlandi, Eistlandi, Færeyjum, Finnlandi, Noregi, Lettlandi, Litháen, Rússlandi og Úkraínu.

Ljóst er að Ísland lendir hvorki í riðli með Rússlandi né Úkraínu enda í öðrum styrkleikaflokki en dragist Ísland með til dæmis Færeyjum í riðli er það ljóst að engin önnur af ofangreindum þjóðum mun dragast í íslenska riðilinn.

Önnur regla sem mun hafa áhrif á dráttinn fyrir íslenska liðið er regla UEFA um hversu langan veg liðin munu þurfa að ferðast. Ísland getur aðeins lent í riðli með einu af þessum löndum: Armeníu, Kýpur, Georgíu og Ísrael. Það sem hefur meiri áhrif á íslenska dráttinn er að ef Ísland fer í riðil með Kasakstan getur Ísland ekki dregist með löndum á borð við England, Frakkland, Portúgal, Spán og Færeyjar vegna ferðalaga Kasakanna. Þá útilokar það Portúgal og Gíbraltar ef Ísland lendir í riðli með Aserbaídsjan.

Líkt og undanfarin ár gætir UEFA þess að þjóðir sem eiga í pólitískum deilum lendi ekki saman. Þannig mun Kósóvó ekki lenda í riðli með Bosníu eða Serbíu og Armenar munu ekki mæta Aserbaídsjan.

Að lokum gætir UEFA þess að allar tólf þjóðirnar sem koma til með að hýsa Evrópumótið hafi tækifæri til að komast áfram. Mun sambandið því gæta þess að ekki verði fleiri en tvær heimaþjóðir saman í riðli.

Er því að mörgu að huga fyrir UEFA vegna nýrra reglna þegar dregið verður í Dublin enda ná þær til 37 þjóða af 55.

**Ísland ekki mætt fjórum liðum**
Af 55 þjóðum sem verða í pottinum á sunnudaginn eru fjórar þjóðir sem A-landslið Íslands hefur aldrei mætt. Hvorki í æfinga- né keppnisleik. Ein þeirra, Gíbraltar, fékk þátttökurétt í undankeppni HM í fyrsta sinn fyrir tveimur árum svo eðlilegt er að Ísland hafi aldrei mætt þeim.

Sterkasta þjóðin sem karlalið Íslands hefur ekki mætt áður er lið Serbíu í þriðja styrkleikaflokki. Serbar hafa verið fastagestir á HM undanfarin ár en hafa misst af síðustu fjórum lokakeppnum Evrópumótsins.

Moldóva hefur enn ekki komist á stórmót sem sjálfstæð þjóð og aðeins fengið samtals fjögur stig í síðustu tveimur undankeppnum. Liðið er í 170. sæti á nýjasta styrkleikalista FIFA og að mestu skipað heimamönnum.

Þá hefur Ísland aldrei mætt San Marínó, liði sem er yfirleitt skipað áhugamönnum og hefur skorað tvö mörk og náð einu jafntefli í 32 leikjum. Á þeim fimm árum sem San Marínó hefur sent lið til leiks í undankeppni stórmóta hefur liðið meðal annars fengið stóra skelli gegn Englandi, Þýskalandi, Króatíu og Noregi.

Svo gæti farið að Ísland lendi í riðli með Króatíu, Tyrklandi, Kýpur og Kósóvó, fjórum liðum sem hafa öll spilað á Laugardalsvelli.

kristinnpall@frettabladid.is

## Styrkleikaflokkarnir

**1** Sviss, Portúgal, Holland, England, Belgía, Frakkland, Spánn, Ítalía, Króatía, Pólland

**2** Þýskaland, Ísland, Bosnía-Hersegóvína, Úkraína, Danmörk, Svíþjóð, Rússland, Austurríki, Wales, Tékkland

**3** Slóvakía, Tyrkland, Írland, Norður-Írland, Skotland, Noregur, Serbía, Finnland, Búlgaría, Ísrael

**4** Ungverjaland, Rúmenía, Grikkland, Albanía, Svartfjallaland, Kýpur, Eistland, Slóvenía, Litháen, Georgía

**5** Makedónía, Kósóvó, Hvíta-Rússland, Lúxemborg, Armenía, Aserbaídsjan, Kasakstan, Moldóva, Gíbraltar, Færeyjar

**6** Lettland, Liechtenstein, Andorra, Malta, San Marínó.

## Ísland mætir einu liði úr neðangreindum flokkum

Reglur við dráttinn í undankeppni EM 2020 kveða á um að íslenska liðið geti einungis mætt einu liði úr þremur neðangreindum flokkum.

**Veðuraðstæður:**
- Ísland getur bara verið með Hvíta-Rússlandi, Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Færeyjum, Finnlandi, Noregi, Rússlandi eða Úkraínu í riðli.

**Vegna langra ferðalaga:**
- Ísland getur bara verið með: Armeníu, Kýpur, Georgíu eða Ísrael.
- Aserbaídsjan getur bara verið með: Gíbraltar, Íslandi eða Portúgal.


Erik Hamrén hefur ekki fengið óskabyrjun í starfi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FULLVELDI ÍSLANDS

1918 · 2018




# 100 ÁRA FULLVELDI ÍSLANDS FAGNAÐ Á JÓLAFERNUM MS

Þann 1. desember 1918 varð Ísland frjálst og fullvalda ríki og er því nú fagnað að 100 ár eru liðin frá þessum merku tímamótum. Mjólkursamsalan fagnar aldarafmælinu með því að birta margvíslegan fróðleik um hið viðburðaríka fullveldisár 1918 á mjólkurfernum sínum og óskar landsmönnum öllum til hamingju með afmælið.

ÍSLENSKA ER OKKAR MÁL



### Aðventukransinn
Á sunnudaginn er kveikt á fyrsta aðventukertinu. Þeir sem hafa ekki enn þá gert aðventukrans hafa því enn tækifæri til þess að láta hendur standa fram úr ermum í dag.

### Róið til styrktar Kristínu Sif og börnum
Einar Hansberg ætlar að róa 500 km á 50 klukkustundum í CrossFit Reykjavík til styrktar Kristínu Sif og börnum hennar. Í CrossFit Ægi í Borgarnesi ætla félagar ásamt vinum Kristínar að sýna stuðning í verki og róa einnig á sunnudaginn henni til styrktar. Hægt er að koma við á Brákarbraut 20 og heita á ræðara með frjálsum framlögum. Og þá er einnig hægt að leggja inn á söfnunarreikning fjölskyldunnar. 0326-26-003131, kt. 021283-3399.



### Þjóðbúningurinn
Þeir sem eiga þjóðbúning ættu auðvitað að klæðast honum um stund á hundrað ára fullveldisafmæli Íslands í dag og gera sér glaðan dag.

### Jólaplatti Jómfrúarinnar
Við mælum með því að fólk geri sér glaðan dag á aðventu. Jólaplatti Jómfrúarinnar er hreinlega ómótstæðilegur: purusteik, graflax, andarbringa, paté, ostur og fleira góðgæti. Borðað á staðnum eða tekið með heim. Gerir alls staðar lukku!




### Forsíða helgarblaðsins
Við mælum með því að halda upp á forsíðu helgarblaðs Fréttablaðsins sem er í sérstökum hátíðarbúningi. Grafískur hönnuður Fréttablaðsins, Guðmundur Snær Guðmundsson, leitar í sögu hannyrða íslenskra kvenna í hönnuninni og forsíðan hefur á sér yfirbragð útsaumsverks með þjóðlegu yfirbragði.




# Bjarga villikettlingum

Félagið Villikettir stendur vörð um líf og velferð villi- og vergangskatta. Íslenskir villikettir eiga ættir að rekja til heimiliskatta og heyja harða baráttu fyrir lífi sínu. Villikettir eru afar hræddir við mannfólk og halda sig fjarri því.



**Þessi íslenski villikettlingur fer með hlutverk í nýju myndbandi um íslenska villiketti sem sjá má á Frettabladid.is í dag.**

Það er okkar samfélagslega ábyrgð að hlúa að villiköttum," segir Arndís Björg Sigurgeirsdóttir í stjórn dýraverndunarfélagsins Villikatta. Hafin er fjáröflun með liðsinni súkkulaðiframleiðandans Omnom fyrir samtökin.

Omnom styrkir Villketti með sölu á sérstöku vetrarsúkkulaði sem er einungis til í takmörkuðu upplagi. Súkkulaðið heitir Drunk Raisins + Coffee. „Við elskum ketti og höfum fylgst vel með merkilegu starfi Villikatta í gegnum tíðina. Omnom vill gera allt sem í sínu valdi stendur til þess að vekja athygli á mikilvægum málefnum og var því kjörið að gera það með nýja vetrarsúkkulaðinu okkar sem er einungis til í takmörkuðu upplagi. Við vonum að sem flestir leggi samtökunum lið," segir Kjartan Gíslason, einn af stofnendum Omnom og súkkulaðigerðarmaður.

Félagasamtökin Villikettir vinna að því að bæta líf villi- og útigangskatta á Íslandi á sama tíma og spornað er við fjölgun þeirra. Þau notast við alþjóðlega aðferðafræði, TNR (e. Trap, Neuter, Return), eða fanga, gelda, skila.

„Við eigum að sjá til þess að þeir fái skjól og að borða og fái að klára lífsferil sinn í því umhverfi sem þeir eru fæddir í og þekkja sem heimili sitt. Við setjum upp matargjafir og einnig skjólkassa alls staðar þar sem við komum því við. Við teljum að aflífun á villiköttum sé gamaldags og úrelt aðferð sem virkar ekki til lengdar. Betra er að stemma stigu við þeim með því að gelda og sleppa, því villikettirnir sjá um að engir nýir ógeltir vergangskettir setjist að á þeirra svæðum. Ef allir væru aflífaðir þá kæmu bara nýir ógeltir í staðinn, því svæðið er hagstætt til búsetu fyrir villiketti, þannig þyrfti að stunda óþarfa aflífun á dýrum sem eru ekki fyrir neinum, valda ekki neinu ónæði og eru frekar til góðs til að halda niðri rottum og músum," segir Arndís.

„Með þessu erum við að koma í veg fyrir að kettlingar fæðist úti við ömurlegar aðstæður og deyi jafnvel úr sjúkdómum eða vosbúð. Einnig dregur úr slagsmálum fressa við það að gelda þá. Þannig verður meira jafnvægi í villikattasamfélaginu, hvorki verða læður breima né heldur eiga sér stað slagsmál um læður," segir Arndís.

Fyrst þegar samtökin hófu starfsemi sína mættu Arndís og félagar mótstöðu. „Fyrst þegar við vorum að byrja þá var svona tæplega tekið mark á okkur. Að bjarga villiköttum – til hvers – er ekki bara best að skjóta þetta? Ekki leið þó á löngu þar til sterkar raddir komu inn, dýraverndunarsinnar sem fögnuðu okkur og í dag er öldin önnur," segir Arndís en félagið Villikettir er með tugi þúsunda sem fylgjast með síðum þess á Facebook og SnapChat. „Dýraverndunarsamband Íslands studdi okkur dyggilega frá upphafi með Hallgerði Hauksdóttur formanni í fararbroddi,"segir Arndís.



**Arndís í Máli og menningu með ketti sem venur komur sínar í bókabúðina og hefur augljóslega valið hana fyrir vin.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**VILLIKETTIR ERU DAUÐHRÆDDIR VIÐ MANNFÓLK OG LEITA ALDREI INN Í HÚS OG HALDA SIG OFTAST Í FELUM.**




„Flestir villikettir halda sig fjarri íbúðahverfum, þeir eru oftast þar sem er skjól og matur – í nágrenni við iðnaðarhverfi eða hafnarsvæði og nálægt gripahúsum og hlöðum í sveitunum. Villikettir eru dauðhræddir við mannfólk og leita aldrei inn í hús og halda sig oftast í felum þar til farið er að hægja á mannaferðum á kvöldin og næturnar. Kettir sem fólk sér við heimili sín eru oftast heimiliskettir eða týndir heimiliskettir sem við köllum vergangsketti – en það eru kettir sem hafa einhvern tímann átt heimili en mögulega verið týndir í einhvern tíma. Flestum fiskverkendum og öðrum atvinnurekendum á iðnaðarsvæðum þykir orðið vænt um villingana sína og sjá um að gefa þeim að éta. Í staðinn halda kettirnir músum og rottum í skefjum," segir Arndís.

**kristjana@frettabladid.is**

**FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS**

Meira um líf villikatta á Íslandi og björgun þeirra á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**




# KÁRSNESIÐ

HVERFIÐ OKKAR

Kársnesið er ný byggð í uppbyggingu við sjávarsíðuna yst á Kársnesi í Kópavogi. Gott aðgengi er að helstu þjónustu og verslunum. Fallegt umhverfi, opin leiksvæði og útivistarsvæði eru þar í kring.

Frekari upplýsingar um hverfið og íbúðir í sölu
má finna inn á **www.karsnes.is**





## Hafnarbraut 9

- Nýtt og fallegt fjölbýlishús með 24 íbúðum
- Glæsilegar íbúðir með sjávarútsýni
- Tveggja til fjögurra herbergja íbúðir, frá 59,3 m² til 172,4 m² þakíbúðar
- Stæði í lokaðri bílageymslu fylgir öllum íbúðum

## OPIÐ HÚS

**HAFNARBRAUT 9**

**laugardaginn, 1. desember**

kl. 14:00 – 15:00

**SÖLUAÐILAR**

LIND FASTEIGNASALA

FASTEIGNASALAN MIKLABORG



Villikettir eru mjög harðgerðir og duglegir að finna sér skjól. Kettir geta troðið sér inn um þröngar glufur og eiga sér sína staði. Þeir þekkja heimkynni sín mjög vel og vita hvar er að finna mat og skjól.

# Mikið kappsmál að villikettir séu ekki aflífaðir á Íslandi

„Við viljum bjarga inn litlum kettlingum sem eru enn nógu ungir til að hægt sé að mannvenja þá – eða „manna“ eins og við köllum það,“ segir **Arndís Sigurgeirsdóttir** í stjórn Villikatta.

Arndís Björg Sigurgeirsdóttir í stjórn Villikatta, félagasamtaka sem stuðla að velferð villikatta, segir mikilvægt að verja líf og tilverurétt þeirra. Hún útskýrir mun á villiköttum og vergangsköttum.

„Munurinn á villiketti og vergangsketti er sá að villikötttur er fæddur úti og hefur aldrei átt neitt samband við fólk. Vergangskötttur er fyrrverandi heimiliskötttur sem hefur týnst eða villst frá heimili sínu og hefur jafnvel verið á vergangi í einhver ár. Hann gæti átt það til að laumast inn í hús ólíkt villiketti. Vergangskötttur getur líka hagað sér eins og villikötttur til að byrja með þegar hann kemur í búr en svo ef manneskja vinnur traust hans á ný þá getur hann auðveldlega aftur orðið heimiliskötttur. Við erum frekar fljót að átta okkur á því hvort um villi- eða vergangskisu er að ræða,“ segir hún.

Arndís segir félagið Villiketti vilja stöðva aflífun kattanna. „En í staðinn nota aðferð sem kallast TNR (Trap Neuter Return) sem snýst um það að fanga villiketti í fellibúr, fara með þá til dýralæknis til læknisskoðunar, láta gelda/taka úr sambandi og taka lítinn bút af toppi vinstra eyra til að merkja þá sem gelda villiketti sem eru búnir að fara í gegnum TNR-prógrammið. „Með því að nota þessa merkingu er auðvelt að sjá hvaða kettir eru villikettir sem búið er að gelda og ef kisi er eyrnamerktur þá veistu að einhver er að gefa honum að borða og hlúa að honum. Síðan skilum við þeim svo aftur heim til sín þar sem þeir voru fangaðir,“ segir Arndís frá.

### Alþjóðleg merking villikatta

Þótt einhverjum gæti fundist það fara gegn heill dýranna að klippa bút af eyranu segir Arndís það mikilvægt.

„Það er okkur algjörlega nauðsynlegt að klippa lítinn bút ofan af eyra því starfið væri óvinnandi annars. Þegar við komum inn í villikattasamfélag þar sem búa um 20 kisur og allar eru eins á litinn þá vitum við ekki hvenær starfi okkar er lokið nema að vera með þessa eyrnamerkingu. Að auki er þetta alþjóðleg merking geldra villikatta. Við útbúum skjól fyrir þá og sjáum til þess að þeir fái að borða daglega og fylgjumst með heilsufari þeirra og líðan. Við viljum að þeir fái svo að klára líf sitt í þeim heimkynnum sem þeir þekkja best – þar sem þeir fæddust. Við viljum að TNR-aðferðin verði viðurkennd aðferð á Íslandi til að halda fjölda villikatta niðri. Það er okkur mikið kappsmál að þeir séu ekki aflífaðir eða – skotnir á færi eins og enn gerist í sveitum landsins, þó það sé bannað samkvæmt lögum,“ segir Arndís.



Litlir kettlingar sem fæðast úti eru hræddir við menn.

> VIÐ VILJUM BJARGA INN LITLUM KETTLINGUM SEM ERU ENN NÓGU UNGIR TIL AÐ HÆGT SÉ AÐ MANNVENJA ÞÁ – EÐA „MANNA“ EINS OG VIÐ KÖLLUM ÞAÐ.

Arndís segir að hægt sé að manna litla villikettlinga sem fæðast úti. „Við viljum bjarga inn litlum kettlingum sem eru enn nógu ungir til að hægt sé að mannvenja þá – eða „manna“ eins og við köllum það, því litlir kettlingar sem fæðast úti og hafa ekki umgengist mannfólk eru hræddir við menn og þurfa því að læra að treysta mannfólkinu og tengjast því og læra að mannfólkið ætlar ekki að vinna þeim mein – en villilæðan, mamman þeirra, kennir þeim frá fæðingu að varast mannfólk og fela sig fyrir því. Ef villikettlingar komast nógu snemma í hús, ekki seinna en um 4 til 6 mánaða, þá er hægt að mannvenja þá og gera gæfa svo þeir aðlagist vel inn á heimili. Fullorðna villiketti er ekki auðvelt að mannvenja, þeir geta hænst að ákveðinni manneskju og þá bara henni. Þetta tekur langan tíma, jafnvel ár og svona villikötttur verður aldrei týpískur heimiliskötttur,“ segir Arndís.

### Fyrirtækjaeigendur vilja nábýli villikatta

Arndís giskar á að það séu vel á annað þúsund villikettir á Íslandi. „Algengustu búsvæðin eru við sjávarsíðuna, við gámasvæði eða iðnaðarsvæði þar sem er eitthvert æti, stundum í hraungjótum nálægt svæði þar sem er æti. Fyrirtækjaeigendur vilja flestir hafa villikettina í sambýli við sig þar sem þeir halda burtu músum og rottum við fyrirtækin. Við mætum yfirleitt mikilli velvild hjá þeim fyrirtækjaeigendum sem við höfum verið í samskiptum við á búsvæðum villikatta. Villikettir eru mjög harðgerðir og duglegir að finna sér skjól. Kettir geta troðið sér inn um þröngar glufur og eiga sér sína staði. Þeir þekkja heimkynni sín mjög vel og vita hvar er að finna mat og skjól. Villikettir eru með þykkari feld en heimiliskettir og oft duglegir að bjarga sér – þeir fá sinn vetrarfeld. Þegar búið er að gelda villikettina eiga þeir auðveldara með að vera í góðum holdum, læðurnar þurfa ekki lengur að ganga nærri sér eins og þegar þær eru með kettlinga á spena og fóðrum og fressin hætta að mestu að slást og deila um yfirráðasvæði. Þegar slagsmálum fækkar þá fækkar líka áverkum á köttunum sem stundum geta leitt þá til dauða vegna sýkinga,“ segir Arndís.

„Það er erfitt að horfa upp á þessi dýr og þá sérstaklega læðurnar sem eru kettlingafullar trekk í trekk og oft líkamlega búnar á því aðeins nokkurra ára. En þegar búið er að gelda/taka úr sambandi þá hefur fullorðni villikötturinn það fínt, það vitum við því við fylgjumst með þeim. Við teljum okkur vera orðin sérfróð um hegðun villikatta á Íslandi eftir að hafa fylgst með þeim í fimm ár, þá bæði fyrir og eftir geldingu. Okkur ber hreinlega að hjálpa þessum dýrum á mannúðlegan hátt.“

kristjana@frettabladid.is



Margrét segir hversdagsleg verkfæri sem vitna um aðstæður fátæks fólks á árum áður ekki síður mikilvægan menningararf en gersemar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vill enga elítuvæðingu á tímamótum

**Margrét Hallgrímsdóttir** þjóðminjavörður segir stofnunina sem hún fer fyrir og hefur gert síðastliðin tæp 19 ár ekki eiga að vera fyrir einhverja útvalda. Hún vill að safnið verði samkomustaður allra og segir að ekki þurfi að setja sig í neinar stellingar til að koma þangað inn.

Þjóðminjavörður segir börn mikilvægustu gestina á safninu. Hún segist aldrei mundu sussa á yngstu safngestina – frekar þá fullorðnu. Fullveldisgjöfin frá Þjóðminjasafninu er sú að borgir þú þig einu sinni inn, gildir miðinn allt árið. Hún segir tímamót, líkt og þau sem íslenska þjóðin stendur á í dag á fullveldisafmælinu, gefa tilefni til að endurhugsa það fyrir hvað menningarstofnun á borð við Þjóðminjasafnið standi.

**Önnur stofnun en í upphafi**

„Mín niðurstaða er skýr, safnið er fyrir alla og starfar ekki síður fyrir samtímann og framtíðina en fortíðina. Þjóðminjasafnið er önnur stofnun en í upphafi, þá hét það Forngripasafnið og var stofnun þess liður í sjálfstæðisbaráttu okkar og hafði þjóðernislega skírskotun, en þá eins og nú er safninu ætlað að undirstrika að við eigum okkar sögu og okkar menningu, erum þjóð meðal þjóða sem axlar sína ábyrgð. Safnið lagði í upphafi meiri áherslu á það sem okkur þótti vera til vitnis um forna frægð en síður það sem sneri að daglegu lífi fólks almennt. Það kom síðar og áherslur hafa breyst með nýjum hugmyndum um safnið sem leggur sitt af mörkum til þess að vekja fólk til umhugsunar um samfélagið og jafnrétti almennt. Spyr áleitinna spurninga og hefur hugrekki til þess að þróast og takast á við nýjar áskoranir,“ útskýrir Margrét.

Á fullveldisafmælinu sé mikilvægt að líta yfir farinn veg en ekki síður til framtíðar af sjálfstrausti og virðingu fyrir fólki almennt. „Lítum björtum augum til framtíðar með veganesti fyrri kynslóða í veganesti. Um það snýst kannski hátíðin. Um það ber dagskrá okkar vitni þar sem við fáum til liðs við okkur ungt fólk frá Leynileikhúsinu sem færir fortíðina inn í nútímann, ný ásýnd safnsins er kynnt með áherslu á aðgengi fyrir alla, regnbogaþráður er um grunnsýninguna þar sem vakin er athygli á aðstæðum hinsegin fólks í gegnum söguna og síðast en ekki síst eru hátíðarsýningar um listrænan og sjónrænan arf fólksins í landinu sem varðveittur er í friðuðum kirkjum landsins sem einnig voru samkomustaðir fólks, já, eins og söfnin á okkar tímum.“

> SAFNIÐ LAGÐI MEIRI ÁHERSLU Á ÞAÐ SEM OKKUR ÞÓTTI VERA TIL VITNIS UM FORNA FRÆGÐ EN EKKI ÞAÐ SEM SNERI AÐ DAGLEGU LÍFI FÓLKS.

**Ekki upptekin af landamærum**

Margrét segir mikilvægt að taka tillit til fjölbreytileikans í samfélaginu, allra landsmanna, þar á meðal innflytjenda, hælisleitenda, fólks með fötlun, hinsegin fólks og svo framvegis.

„Það er verkefni okkar í samtímanum. Mér finnst skipta máli að það verði ekki einhver elítuvæðing þegar tímamót ber að garði. Okkar fjölbreytti menningararfur er vitnisburður um líf fólks. Ekkert er mikilvægara en annað. Hversdagsleg verkfæri sem vitna um aðstæður fátæks fólks eru að mínu mati ekki síður mikilvægur menningararfur en gersemar hvers konar. Það er magnað að sjá hvernig svipta má hulunni af lífi og aðstæðum fólks með rannsóknum, svo sem á jarðneskum leifum fólks frá landnámstíma með nýjum vísindaaðferðum sem til dæmis sýnir að hingað kom fólk af blönduðum uppruna strax í upphafi, frá Skandinavíu og Bret-


COMBO-TILBOÐ
PANINI OG GOS* 499 KR
FULLT VERÐ 998 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
TORTILLA OG GOS* 499 KR
FULLT VERÐ 998 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
PIZZA OG GOS* 499 KR
FULLT VERÐ 998 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
PYLSA OG GOS* 549 KR
FULLT VERÐ: 748 KR
2 PYLSUR OG GOS* 649 KR
FULLT VERÐ: 1.097 KR
CROISSANT MEÐ ÁLEGGI OG GOS* 499 KR
FULLT VERÐ 898 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
KLEINUHRINGUR OG KÓKÓMJÓLK 399 KR
FULLT VERÐ: 628 KR
SNÚÐUR OG KÓKÓMJÓLK 399 KR
FULLT VERÐ: 628 KR
BEYGLA OG GOS* 499 KR
FULLT VERÐ 998 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
KAFFI OG KLEINA 299 KR
FULLT VERÐ: 548 KR
SÓMA LANGLOKA OG GOS* 799 KR
FULLT VERÐ: 1.198 KR
SÓMA SAMLOKA OG GOS* 699 KR
FULLT VERÐ: 998 KR
netgíró
Kvikk
ON THE GO
*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni



**Margrét leggur mikla áherslu á að safnið standi fyrir mannréttindi og jafnrétti – margt hefur breyst frá stofnun.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

landseyjum, enda fólk að öllum líkindum ekki upptekið af okkar hugmyndum um landamæri á þeim tíma. Það kemur kannski ekki á óvart, en undirstrikar það að hér þróaðist samfélag innflytjenda frá upphafi sem var í meiri tengslum við umheiminn en við höfum stundum talið. Síðar fór stór hluti þjóðarinnar áfram til Vesturheims svo dæmi sé tekið, varð innflytjendur þar,“ útskýrir Margrét.

### Fullveldi snýst ekki um mont

Hún segir hátíðina nú ekki snúast um háar fjárveitingar til hátíðarhalda líkt og margir halda heldur að veita aðgang að því sem við höfum fram að færa.

„Við þurfum að hugsa til fólksins sem stóð fyrir utan stjórnarráðið þegar íslenski fáninn var dreginn að húni þann 1. desember 1918,“ segir Margrét og bætir við að sami fáni sé nú til sýnis í anddyri Þjóðminjasafnsins í tilefni tímamótanna.

„Ég hef svo oft heyrt frásagnir af þeim degi, því ég ólst upp með afa og ömmu í húsinu sem mundu daginn vel.“ Margrét lýsir því þegar heimurinn var móður eftir heimsstyrjöld, kuldann frostaveturinn mikla 1918, Kötlugos og spænsku veikina. „Fólk hafði búið við fátækt og margir misst ástvini í spænsku veikinni, en stolt og bjartsýni var það sem einkenndi þennan dag hjá mörgum. Það þurfum við einnig að finna.“

### Morgungjöf til þjóðarinnar

Margrét segir safnið hafa verið samferða þjóðinni. Fyrstu áratugina var það hýst í helstu húsum bæjarins, á lofti Dómkirkjunnar og í Alþingishúsinu. „Þá flutti það í Safnahúsið sem var byggt árið 1909 eftir að við fengum heimastjórn árið 1904. Með því var á ný lögð áhersla á menningu og menntun með því að byggja hús yfir söfnin okkar, að hafa stað til að varðveita sögu okkar og menningararf. Þjóð með lítið á milli handanna varð að vanda til verka svo húsið stæðist tímans tönn sem það hefur sannarlega gert vegna framsýni fólks á þessum tíma. Svona heldur sagan áfram og þegar lýðveldið var stofnað, 1944, var það fyrsta ákvörðunin, svokölluð morgungjöf til þjóðarinnar, að byggja yfir Þjóðminjasafnið,“ útskýrir hún.

### 25 ára borgarminjavörður

Margrét fór tvítug til Svíþjóðar og lagði fyrir sig fornleifafræði og síðar sagnfræði og loks stjórnsýslufræði. Hún kom heim til Íslands og hóf störf sem fornleifafræðingur við fornleifarannsóknir í Viðey frá 23 ára aldri og var 25 ára gömul orðin borgarminjavörður og forstöðumaður Árbæjarsafns. „Þá var ég orðin tveggja barna móðir og fannst ég harðfullorðin,“ segir Margrét. „Ég skildi ekkert í því að fólki fyndist ég ung í starfið,“ rifjar hún upp, létt í bragði. Starfi borgarminjavarðar sinnti hún í um áratug og tók þá við embætti þjóðminjavarðar, þá orðin fjögurra barna móðir, og forstöðumanns Þjóðminjasafnsins um aldamótin, starfi sem hún hefur gegnt allar götur síðan.

### Nóg um að vera

Þjóðminjasafnið, líkt og önnur söfn landsins, hefur verið í óðaönn að búa sig undir fullveldishátíðina. Allir starfsmenn leggja þar hönd á plóg af reynslu og visku. Margrét lítur á það fyrst og fremst sem þeirra hlutverk að gefa fólki tækifæri til að kynnast menningararfinum sem Þjóðminjasafnið varðveitir víða um land og dýpka skilning fólks á lífi fólks á Íslandi í gegnum árin. Hún segir ekki síður mikilvægt að stunda svokallað sjálfbært safnastarf.

„Það þýðir ekki bara að flokka rusl, þó við gerum það líka. Það þýðir líka að nýta fjárfestingar vel. Þess vegna er grunnsýningin okkar, aðalsýningin sem fjallar um menningu og samfélag í 1.200 ár, í raun grundvöllurinn sem aðrar sýningar eru byggðar á þannig að við getum farið dýpra ofan í ákveðna kafla í sögunni með því að byggja ofan á grunninn. Við setjum til dæmis

**ÉG MAN ÞEGAR ÞJÓÐMINJASAFNIÐ Í BRASILÍU BRANN TIL KALDRA KOLA. ÞARNA BRUNNU MILLJÓNIR MINJA OG HEILL KAFLI Í MANNKYNSSÖGUNNI.**

svokallaðan regnbogaþráð í gegnum sýninguna. Regnbogaþráður er hinsegin vegvísir um grunnsýninguna. Þetta eru þættir sem voru lokaðir fyrir okkur, en með auknum rannsóknum, skilningi og umræðu um hinsegin fólk opnuðust augu okkar fyrir auknu heimildargildi minjanna sem við höfðum fyrir.“

Margrét segir einnig á stefnuskránni að búa til sams konar þráð um líf fatlaðra fyrr á öldum og vill skerpa á því sem snýr að konum í sýningunni. „Slíkan þráð um þátt kvenna í sögunni viljum við einnig þræða um sýninguna.“

### Afrakstur 18 ára vinnu

Meðal annarra hluta sem safnið hefur gert í tilefni tímamótanna er að gefa út safnrit um friðaðar kirkjur í samstarfi við Biskupsstofu og Minjastofnun Íslands; 31 bindi um kirkjur Íslands sem hefur tekið heil 18 ár að gefa út. Eftir nærri tveggja áratuga vinnu við rannsóknir og útgáfu bókaflokksins Kirkjur Íslands ákvað Þjóðminjasafnið að efna til sýningarinnar Skrúði og áhöld. Straumar og stefnur.

Kirkjur á Íslandi voru öldum saman ígildi listasafna samtímans. Kirkjur létu vinna fyrir sig listaverk eða keyptu þau frá erlendum framleiðendum og innlendum. Verslunarsaga landsins endurspeglast í varðveittum kirkjugripum. Aldur gripanna er breytilegur og þeir endurspegla smekk og fagurfræði hvers tíma. Fjölbreytni, listrænt og menningarsögulegt mikilvægi þeirra hefur orðið ljósara eftir því sem bókum í flokknum hefur fjölgað. Mikið er um vandaða heimagerða gripi sem veita innsýn í alþýðulist fyrri tíma. Á sýningunni í Bogasal er fjallað um fjölbreytni og stíl kirkjugripa og hvernig þeir tengjast straumum og stefnum í alþjóðlegu samhengi listasögunnar.

### Ekkert fínna en annað

„Það hljómar eins og eingöngu sé um að ræða margar blaðsíður um kirkjur, en þetta er svo miklu meira. Þetta er menningararfurinn okkar í hnotskurn. Listaverk og alþýðuhandverk og nytjahlutir sem voru notaðir í kirkjum, sem voru söfn og samkomustaður fyrri alda. Staðirnir þar sem fólk hittist. Minjarnar þaðan endurspegla hugarheiminn á þeim tíma. Þetta eru 216 kirkjur, ítarleg umfjöllun um hverja einustu. Svo eigum við mjög mikið af dýrgripum í safninu, en auk þess eru kirkjurnar sumar hverjar að lána gripi sína inn á sýninguna. Við erum að fá lánaða 66 gripi úr 42 kirkjum sem sóknarnefndarfólk og forystufólk þessara kirkna um allt land hefur lagt mikið á sig til að koma til okkar. Við erum þeim afar þakklát fyrir traustið. Og það er alveg magnað að sjá þessa gripi og fræðast um listasögu en um leið um líf alþýðufólks. Fólk sem skrimti til að lifa af, en átti samt þessar litlu kirkjur sem voru prýddar þessum listgripum sem sóma sér vel í alþjóðlegri listasögu. Þetta eru oft fínir gripir en líka einfaldlega munir sem alþýðufólk hefur verið að búa til í einhverri grunnþörf til að skapa list í kringum sig. Það er svo fallegt. Þetta eru alþýðuverk og þess vegna segi ég að við verðum að varast þessa stéttaskiptingu menningararfsins. Það er í raun ekkert „fínna“ en annað. Við þurfum dálítið að koma auga á fjölbreytileika mannlífsins, hugarheim, aðstæður alls konar fólks, hvort sem það var hinsegin eða sams konar eins og einhver sagði,“ segir Margrét og hlær.

„Hvort sem það bjó við fötlun, konur eða karlar, börn, höfðingjar, bændur eða þurfalingar. Við þurfum að muna eftir öllu þessu fólki.“

### Vill litla fornleifafræðinga

Á safninu er mikil áhersla lögð á að börn finni eitthvað við sitt hæfi.

„Ég fór í heimsókn á safn á síðasta ári í Vesturheimi, á slóðir Vestur-Íslendinganna. Eitt af því sem vakti athygli mína er barnastarfið. Þau eru auðvitað í aðalhlutverki á safninu og við tökum hlutverk okkar gagnvart yngstu gestunum alvarlega. Við viljum gera safnið enn aðgengilegra fyrir börn. Nú erum við að móta fjölskyldurými eða Stofu í safninu, sem verður nokkurs konar kennslustofa, rannsóknastofa fyrir börn, fjölskyldur og kennara þeirra, þar sem við setjum upp í skápa mikið af gripum sem endurspegla söguna í gegnum tíðina, sýna þróun, kannski tíu brýni og tíu rokka frá mismunandi skeiðum og kannski mismunandi landsvæðum og börnin geta rannsakað og velt fyrir sér hvernig hlutirnir hafa breyst eða þroskast. Aðstaðan mun bjóða börnum að takast á við lítil rannsóknarverkefni um þjóðminjarnar. Þau eiga að fá að rýna eins og vísindamenn. Við munum kannski fá í heimsókn litla fornleifafræðinga eða þjóðháttafræðinga,“ segir Margrét, hlæjandi.

### Sumt skemmist

*Aftur að safnstjórahlutverkinu. Á þinni ábyrgð eru verk og gripir sem eru svo verðmætir að það er ekki einu sinni hægt að setja á þá verðmiða. Hefurðu einhvern tíma lent í því að eitthvað skemmist á þinni vakt? Er það ekki dálítið mikil ábyrgð að bera?*

„Þetta er auðvitað mjög stór spurning! Við erum með tugi friðaðra húsa á okkar ábyrgð, hundruð þúsunda gripa og milljónir ljósmynda og þetta er stöðug barátta við tímans tönn, að varðveita minjar og gripi. Auðvitað skemmist einhvern tímann eitthvað, en við höfum marga færa sérfræðinga hjá safninu. En þessi ábyrgð sem þú vísar til, ég tengi alveg við að hún sé stundum yfirþyrmandi. Við fundum það öll fyrir nokkru þegar Þjóðminjasafnið í Brasilíu brann til kaldra kola. Þarna brunnu milljónir minja og heill kafli í mannkynssögunni hvarf. Það er til dæmis á svoleiðis stundum sem manni rennur kalt vatn milli skinns og hörunds,“ segir Margrét og brosir.

*Hvað gerir þjóðminjavörður annars í frítíma sínum? Ferðu á söfn?*

„Ég hef unnið mjög mikið síðustu 30 ár sem safnstjóri og þjóðminjavörður og séð margt, en margar ferðir sem ég fer í eru vinnutengdar vegna alþjóðlegrar samvinnu. Þá er ég að heimsækja söfnin og minjastaði. En ég verð að viðurkenna að ef ég er að fara í frí þá slaka ég bara á og hvíli mig á söfnunum!“ segir Margrét að lokum.

## Hátæknisjúkrahús fyrir minjar

Safnið fékk nýverið afhenta nýja aðstöðu til þess að varðveita og rannsaka minjar við öruggustu aðstæður. „Loksins,“ segir Margrét. „Við erum í raun fyrsta varðveislustofnun landsins sem fær fullbúna aðstöðu til að varðveita minjar við kjöraðstæður og því er verk að vinna í þá allra stofnananna. Þetta er tæknivætt og sérhæft húsnæði, um 4.500 fermetrar, sem þarf að uppfylla öll öryggisskilyrði. Þetta er varðveisluhús, sem er samt eiginlega best lýst sem hátæknisjúkrahúsi fyrir þjóðminjar,“ útskýrir hún.

„Það eru mikil vísindi á bak við þetta og þarna verður aðstaða til rannsókna, varðveislustarfs og kennslu. Í húsinu eru forvörsluverkstæði, röntgen-, frysti- og kæliklefar og gríðarlega flókinn loftræstibúnaður sem stýrir rakaog hitastigi inn í hvert rými sem geymir mismunandi muni með mismunandi þarfir hvaða varðar aðstæður. Það er mjög mismunandi við hvernig skilyrði minjarnar geymast best. Við þurfum til dæmis að hafa ákveðið rakastig þar sem textíllinn geymist, járn þarf mjög þurrt rými, þurrgeymslu fyrir jarðfundið járn svo sem víkingaaldarsverð,“ útskýrir hún.

Undanfarið hefur starfsfólk safnsins verið að koma öllu örugglega fyrir. „Við höfum verið í tvö ár að flytja þessar minjar. Nú undanfarið höfum við verið að flokka og grisja jafnvel það sem ekki er ástæða til að varðveita um ókomna tíð til dæmis fjöldaframleidda gripi sem safnað var á síðustu öld. Reyndar var hugmyndin sú að opna tækniminjasafn, þannig að það er hluti ástæðunnar, fyrir því að of mörgum fjöldaframleiddum hlutum var safnað. Þetta voru til dæmis bílar sem átti að nota í varahluti, felgur eða vélar sem átti að nota í varahluti. Sumum hefur þurft að farga en að mjög yfirveguðu máli og samkvæmt faglegri aðferðafræði,“ segir Margrét. „Við förum krítískt í gegnum þetta og það þarf oft hugrekki og mikla þekkingu í það, vegna þess að við getum ekki varðveitt allt. Við þurfum að vera með skýra söfnunarstefnu og tökum ekki hvað sem er.“

# NÝTT & NÝLEGT

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON




TILBOÐSVERÐ:
**4.899.-**
Verð áður:
6.999.-

Þjóðhöfðingjar Íslands




**Sagan um Skarphéðin Dungal**
**TILBOÐSVERÐ: 3.699.-**
Verð áður: 4.999.-

DES. BÓK MÁNAÐARINS




**Næturdýrin**
**TILBOÐSVERÐ: 3.499.-**
Verð áður: 4.999.-




**Inga einhyrningur**
**TILBOÐSVERÐ: 2.199.-**
Verð áður: 2.999.-




**Drengurinn sem vildi verða maður**
**TILBOÐSVERÐ: 1.699.-**
Verð áður: 2.399.-




**Fornar ferðaleiðir í Vestur-Skaftafellssýslu**
**TILBOÐSVERÐ: 6.699.-**
Verð áður: 9.499.-




**PAX - Níðstöngin**
**TILBOÐSVERÐ: 2.799.-**
Verð áður: 3.999.-




**Hvítabirnir á Íslandi**
**TILBOÐSVERÐ: 5.199.-**
Verð áður: 7.999.-




**Riddarar hringavitleysunnar**
**TILBOÐSVERÐ: 2.999.-**
Verð áður: 4.499.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 3. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is


Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra telur fullveldið hafa verið mikið hreyfiafl í sögunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fullveldið tilefni til að staldra við

**Katrín Jakobsdóttir** forsætisráðherra segir aldarafmæli fullveldisins vera tilefni til að staldra við og ræða hvaða gildi við eigum að hafa að leiðarljósi. Hún telur árið hafa nýst vel til þess að velta upp spurningum um fullveldið. Fræðimennirnir Bjarni Már Magnússon og Gunnar Þór Bjarnason svara líka spurningum um fullveldið.

*Nú hefur aldarafmæli fullveldisins verið fagnað með ýmsum hætti á árinu. Hvaða merkingu hefur fullveldið fyrir okkur í dag?*

Ef við hugsum um merkingu fullveldisins í samtímanum þá finnst mér hafa tekist mjög vel til á þessu ári að gera fólk meðvitað um hvernig aðstæðurnar voru hér 1918 þegar þetta skref var stigið. Árið var búið að vera hrikalega erfitt. Hér geisaði spænska veikin, það varð Kötlugos, hér var frostavetur og fyrri heimsstyrjöldinni nýlokið. Í þessu andrúmslofti á þessum stillta degi fyrir hundrað árum er svo lýst yfir fullveldi. Mér finnst magnað til þess að hugsa að Íslendingar hafi stigið þetta skref þrátt fyrir þessar erfiðu ytri aðstæður.

Ég held að árið allt hafi nýst okkur í því að velta fullveldinu fyrir okkur og auðvitað hugsa um breytingarnar sem hafa orðið og gildi okkar. Gildin sem marka íslenskt samfélag í dag eru önnur en þau voru fyrir hundrað árum. Við leggjum upp úr því í þessum hátíðarhöldum að horfa til þess hvað samfélagið nú er orðið fjölbreyttara en það var. Hér búa fleiri þjóðarbrot og það eru töluð miklu fleiri tungumál. Menntun er ekki lengur forréttindi afmarkaðs hóps og samfélagið er miklu fjölbreyttara þegar kemur að efnahag og atvinnuháttum.

Mér finnst þetta vera tilefni til að staldra við og ræða hvaða gildi eigi að vera okkar leiðarljós. Ég hef talað fyrir því allt þetta ár að við þurfum að líta til gilda á borð við fjölbreytni, lýðræði, sjálfbærni og jöfnuð í okkar samfélagsgerð og hvernig við getum horft til lengri tíma út frá þessum gildum.

*Stendur fullveldið frammi fyrir einhverjum sérstökum áskorunum?*

Það hefur verið áhugavert að heyra alla þessa umræðu um hvað skiptir máli fyrir fullvalda þjóð. Hefur það áhrif á fullveldið að vera í miklu alþjóðlegu samstarfi? Er það menningin sem er fyrst og fremst undirstaða þess að við séum fullvalda? Þessi umræða hefur farið miklu dýpra en við höfum séð á undanförnum árum.

Það eru auðvitað alltaf áskoranir í öllum samfélögum. Það sem ég held að séu áskoranirnar fyrir okkur er að við þurfum að vera á tánum og ræða hvaða gildi við viljum hefja til vegs og virðingar.

*Heldurðu að þessi atburður hafi haft mikil áhrif á þróun íslensks samfélags?*

Ég held að merkingin hafi einmitt verið sú að þetta varð mikið hreyfiafl og drifkraftur breytinga. Það er mjög margt sem gerist bæði á undan og eftir sem tengist þessu beinlínis. Stofnun Háskóla Íslands nokkrum árum fyrr, stofnun verkalýðshreyfingar, kosningaréttur kvenna, þetta er allt að gerast á árunum á undan. Svo er farið í byggingu Landspítala, það er farið að byggja upp menningarstofnanir og margt fleira.

Þetta er svo viðburðaríkur tími í sögunni og ég tel að þarna hafi fullveldið verið þessi aflgjafi því fólk upplifði allt í einu að við værum orðin frjáls og fullvalda þjóð og að við þyrftum að standa okkur. Við þurftum að vera þjóð á meðal þjóða þannig að það þurfti að byggja upp alla þessa innviði fyrir fólkið í landinu.

*Hvernig finnst þér staða okkar hafa þróast á fullveldistímanum?*

Miðað við stöðu okkar í dag þá er ótrúlegt að horfa á það hvað við stöndum í raun og veru vel í alþjóðlegu samhengi. Þótt auðvitað megi gera mjög margt betur stöndum við vel þegar kemur að ýmsum lykilþáttum.

Þar má nefna jöfnuð, aðgengi að heilbrigðisþjónustu, menntakerfið, jafnrétti kynjanna og ýmislegt fleira. Þannig að framfarirnar hafa að mörgu leyti orðið alveg gríðarlegar og fullveldið var mikilvægur aflgjafi í þeirri þróun. En um leið þurfum við auðvitað að setja okkur ný markmið og horfa til framtíðar og takast á við þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir.

## Þröngur skilningur á hugtakinu helsta ógnin

**Bjarni Már Magnússon**
lektor við lagadeild
Háskólans í Reykjavík



*Stendur fullveldið frammi fyrir einhverjum ógnunum?*

Til einföldunar er hægt að greina fullveldishugtakið í innri og ytri vídd. Ytri hlið fullveldisins gleymist oft í umræðunni á Íslandi en hún felur það í sér að ríkið getur gert samninga og tekið á sig alþjóðlegar skuldbindingar.

Alþjóðlegir dómstólar hafa komist að því að það sé hluti af fullveldinu að geta skuldbundið sig á alþjóðavettvangi. Það þýðir það að fullveldishugtakið er svipað og lögræðishugtakið.

Þegar einstaklingur fer og ræður sig í vinnu eða tekur fasteignalán þá er hann ekki að framselja lögræðið sitt eða afsala því með einhverjum hætti. Hann er að nýta sér það.

Það eru engir alþjóðasamningar sem ógna fullveldinu þannig lagað. Jafnvel þótt Ísland myndi ganga í ESB þá væri það fyllilega í samræmi við þessar klassísku hugmyndir um fullveldi. Hvort það samræmdist stjórnarskrá er hins vegar önnur spurning eða hvort það þjóni íslenskum hagsmunum.

Það sem helst ógnar kannski fullveldinu er sá þröngi skilningur á hugtakinu sem er ríkjandi á Íslandi.

Það gleymist oft að eina skiptið sem fullveldinu hefur verið ógnað af alvöru er við hernám Breta 1940. Þá voru hér herlög og Bretar í raun búnir að ráðast á Ísland því þú ert ekkert hernuminn nema það sé ráðist á þig. Þessi aðgerð var virkilega á skjön við íslenskt fullveldi.

*Var skilningurinn á fullveldishugtakinu sá sami 1918 og hann er í dag?*

Lögfræðilega hugtakið er í rauninni mjög svipað og það var 1918. Það er merkilegt að horfa til þess að þau sjónarmið um fullveldið sem alþjóðlegir dómstólar hafa sett fram voru líka notuð af forystumönnum Íslands í samningaviðræðunum við Dani 1918.

Bjarni Jónsson frá Vogi sem sat í samninganefndinni sagði meðal annars á Alþingi að það væri sjálfsmótsögn að tala um skerðingu fullveldis. Annaðhvort væri maður lifandi eða dauður og annaðhvort væri um að ræða fullveldi eða ekki.

## Ísland fullvalda og sjálfstætt ríki 1918

**Gunnar Þór Bjarnason**
sagnfræðingur

*Hver er þýðing þessa atburðar fyrir Íslandssöguna þegar Ísland fékk fullveldið 1918?*

Fólk áttar sig kannski ekki á því en Ísland varð fullvalda og sjálfstætt ríki 1918. Það er alveg ótvírætt. Við vorum hins vegar áfram með danskan konung og Danir sáu um utanríkismálin í umboði Íslendinga. Þess vegna skynjar fólk kannski 1944 sem endanlegt sjálfstæði því þá klippum við á öll bönd til Danmerkur.

Mér þótti mikilvægt að draga þetta skýrt fram. Almenningur á þessum tíma var ekkert að velta sér upp úr einhverjum stjórnmálafræðilegum eða lögfræðilegum skýringum á fullveldi. Þetta er bara hugmynd um að Íslendingar væru sjálfstæð þjóð sem vildi standa á eigin fótum.

*Var eitthvað sem kom þér sérstaklega á óvart í rannsóknum þínum?*

Fyrir utan það hvað fólk hefur óljósar hugmyndir um merkingu atburðarins er það athyglisvert að enginn virðist vita hvaða menn stóðu þarna í stafni. Við vitum allt um Jón Sigurðsson, Fjölnismenn og Hannes Hafstein. Svo vitum við um Svein Björnsson og þá stjórnmálamenn sem stofnuðu lýðveldið. En hverjir voru þarna 1918? Jón Magnússon var forsætisráðherra á þessum tíma og lengi raunar en hann er bara eiginlega gleymdur.

> **Ég held við höfum bæði meðvitað og ómeðvitað dálítið skrifað dönsku áhrifin út úr Íslandssögunni.**



Svo fannst mér svolítið merkilegt hvað dönsk áhrif voru hér mikil á þessum tíma. Eins fannst mér umræðan um Ísland í danska þinginu 1918 mjög merkileg. Ég held við höfum bæði meðvitað og ómeðvitað dálítið skrifað dönsku áhrifin út úr Íslandssögunni.

*Ríkti alger eining á Íslandi um að taka þetta skref?*

Það varð nú allt vitlaust 1908 þegar kosið var um Uppkastið og svo eru mikil læti næstu ár. Þetta fjarar út eftir að stríðið er byrjað. Þegar menn setjast að samningaborði 1918 er það mjög óvænt því frumkvæðið kom frá Dönum.

Þá eru eiginlega allir sammála um það að markmiðið væri fullvalda ríki. Það er mjög merkilegt í sjálfstæðisbaráttunni að hér varð aldrei til flokkur sambandssinna eins og í Færeyjum sem berst fyrir sambandinu við Danmörku.

Það voru tveir þingmenn og um sjö prósent kjósenda sem töldu sambandslögin ekki ganga nógu langt. Þeir töldu að svokallað jafnræðisákvæði myndi greiða Dönum leið til að arðræna Ísland. Koma hingað og stofna fyrirtæki og veiða allan fiskinn, virkja alla fossana og svona. Þúsundir Dana myndu flytja til Íslands en það gerðist auðvitað ekki. Það er auðvelt að vera vitur eftir á.


Rökkur og rómantík
25% AFSLÁTTUR
ALLA HELGINA
AF DÁSAMLEGA
FALLEGUM JÓLAVÖRUM
Í HÖRPU
be inspired
UPPLIFUN
bækur og blóm




Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

KRÓNAN

þarf aðeins að hita




# Matseðill

## Fyrir 8 manns

| | |
|---|---|
| **Sinnepssíld,** 255 g | **349** kr. stk. |
| **marineruð síld,** 255 g | **349** kr. stk. |
| **Rúgbrauð,** 270 g | **249** kr. pk. |
| **Grafinn lax í sneiðum,** 200 g | **939** kr. pk. |
| **Graflaxsósa,** 150 ml | **249** kr. stk. |
| | |
| **Jólapate innbakað,** 200 g | **1399** kr. stk. |
| **Jarðarberjasósa,** 100 g | **799** kr. stk. |
| **Reykt andabringa,** 230 g | **2399** kr. stk. |
| **Rauðlaukssulta,** 180 g | **699** kr. stk. |
| | |
| **Hamborgarhryggur sneiðar,** 400 g | **1108** kr. pk. |
| **Waldorf salat,** 500 g | **999** kr. pk. |
| **Heimagert rauðkál,** 250 g | **599** kr. pk. |
| | |
| **Kalkúnabringa elduð,** 500 g | **2500** kr. stk. |
| **Kalkúnasósa með salvíu,** 500 g | **1390** kr. stk. |
| | |
| **Heit purusteik,** 400 g | **1399** kr. stk. |
| **Rauðvínssósa,** 500 ml | **1390** kr. stk. |
| **Lifrarkæfa með beikoni,** 370 g | **1293** kr. stk. |
| **Lúxus laufabrauð,** 130 g | **998** kr. pk. |




**Allt þetta undir**

**2500***

kr. á mann

*miðað við eitt stykki/pakka af hverju

# Venesúelar

Fyrir áratug var Venesúela eitt auðugasta land Suður-Ameríku. Nú flýja landsmenn fátækt og verðbólgu. Ljósmyndir og texti: Páll Stefánsson



Táraflóð í nýju landi, mæðgin búin að vera viku í flóttamannabúðum í Boa Vista í Brasilíu.

Köllum hann Jósef, milljarðamæringinn, blaðamanninn, flóttamanninn frá Venesúela sem ég hitti fyrir utan stærstu flóttamannabúðirnar í Boa Vista, höfuðborg Roraima, nyrsta fylkis Brasilíu, sem liggur að Venesúela. „Það er svo skítt heima, það er ekki einu sinni hægt að skeina sig, ekki til klósettpappír.“

Síðan 2013 hefur einn af hverjum tíu íbúum Venesúela eða hátt í fjórar milljónir flúið land. Land sem situr á næstmestu olíubirgðum í heimi á eftir Sádi-Arabíu, og var fyrir aðeins tíu árum ríkasta land Suður-Ameríku.

Hann hafði komið tveimur dögum fyrr, einn af 5.000 flóttamönnum sem streyma daglega yfir landamærin til Brasilíu. „Nei, það er ekkert pláss fyrir mig í búðunum, þær eru bara fyrir fjölskyldur með ung börn, ég ... við öll hérna fyrir utan girðinguna, þurfum að bjarga okkur á eigin spýtur. Hér er þó til matur og peningar sem eru ekki verðlausir.“

Venúsúelamenn settu heimsmet í verðbólgu í sumar, þegar hún náði milljón prósentum. Ef þú hefðir skipt milljón dollurum í bolívara, þeirra gjaldmiðil, þegar Nicolás Maduro tók við völdum fyrir fimm árum og skiptir til baka í dag fengir þú 3 dollara og 40 cent; eða 500 kall fyrir þínar 120 milljónir íslenskra króna.

> MÁNAÐARLAUNIN VORU SÍÐAST ÞEGAR ÉG FÉKK ÚTBORGAÐ 50 MILLJÓNIR

„Þegar ég fór að heiman kostaði heill kjúklingur 14,6 milljónir bolívara, sem er um 15 kíló af þúsund króna seðlum, ef hann var þá til. Mánaðarlaunin voru síðast þegar ég fékk útborgað 50 milljónir, sem dugar fyrir þremur kjúllum og einni vatnsflösku þann mánuðinn.“

Síðan leit hann í kringum sig, horfði á móður drekka vatn úr flösku, meðan kornabarn sem hafði fæðst í skógarrjóðri við landamærin nokkrum dögum fyrr fékk sopa af ylvolgri móðurmjólk. Frænka einhvers sneri snilldarlega við tveimur kjúklingum fyrir nýlenta flóttamenn á tunnuloki, sem lá á brúnni jörðinni milli tveggja polla.

Flóttamennirnir voru mjög áberandi þarna norður frá; gangandi í hópum búnir einum bakpoka og skjóðu, fullri af minningum og myndum frá heimalandinu. Staddir þarna í von um betri tíma, í landi sem var svo líkt en samt svo framandi með annað tungumál, og stjórnarfar.

Það sem af er þessari öld hafa bara fleiri flóttamenn komið frá Sýrlandi, sex milljónir á móti fjórum frá Venesúela.

Hingað til hafa móttökur grannþjóða Venesúela verið til fyrirmyndar en það er að breytast hratt. Ekvador og Perú eru að skella í lás. Brasilía og Kólumbía, sem tekið hafa á móti flestum, eru farnar að ókyrrast. Það er erfitt, flókið og dýrt að taka á móti hundruðum þúsunda flóttamanna sem eiga ekki neitt, ekki einu sinni pappír til að skeina sig.



Flóttamannahjálp SÞ, í samvinnu við Rauða krossinn, gefur barnafjölskyldum tvær máltíðir á dag, hér er verið að gefa hádegisverð.





Stórfjölskyldan, afinn, pabbinn að gera við hjól nágrannans, mamman og litli knattspyrnumaðurinn Gabríel í garðinum fyrir utan heimilið.



Hann sat í skugga og beið eftir að systir hans færði honum vatnssopa.



Kominn langt að á fjölskyldufarartækinu, í útjaðri Boa Vista.



Svo heppinn að fá gefins sjónvarp; verra að það er ekkert rafmagn í tjaldinu.



Þessi fjölskylda ferðaðist fótgangandi 250 km leið frá heimkynnum sínum í Venesúela til Boa Vista.



Við þessa bensínstöð við veg BR-174 hafði hópur flóttamanna komið sér fyrir, og sumir jafnvel komið sér í handavinnu.





„Við særðum út djöfla og reyndum að losa okkur við eða sættast við gamla drauga,“ segir Erna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# Út með djöflana

**Erna Ómarsdóttir** listdansstjóri Íslenska dansflokksins leitaði til Stígamóta eftir að hafa gert upp áreitni og valdbeitingu eins þekktasta danshöfundar heims.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Það er flókið og erfitt að stíga fram undir nafni og ræða um sín persónulegu mál. Ég gat hins vegar ekki annað, mér bar ákveðin skylda til að gera það,“ segir Erna Ómarsdóttir, listdansstjóri Íslenska dansflokksins, sem greindi nýverið frá grófri framkomu, misbeitingu valds og kynferðislegri áreitni hins heimsþekkta listamanns Jans Fabre gagnvart sér og öðrum dönsurum í belgíska dansflokknum Troubleyn.

Hún er stödd í Borgarleikhúsinu þar sem Íslenski dansflokkurinn hefur aðstöðu.

Erna er fíngerð, svartklædd og með dökkmáluð augu. Hún er einn virtasti og reyndasti danshöfundur Íslendinga en hún er langt frá því að vera hefðbundin. Hún er djarfur listamaður sem tekur áhættu.

Hún segist óstyrk. Hún sé ekki enn þá farin að vinna almennilega úr reynslu sinni þótt hún sé byrjuð á ferlinu. Hún ýti sér svolítið áfram. „Mér finnst svo stutt síðan ég sagði fyrst manninum mínum frá. Þá hafði það sem ég gekk í gegnum verið á tungubroddinum svo lengi en það eru næstum 20 ár síðan. Það var stuttu fyrir MeToo-byltinguna sem ég treysti mínum nánustu fyrir þessu. Það lá eitthvað í loftinu. Svo sprakk allt. Það er eiginlega óskiljanlegt að það hafi ekki gerst fyrr,“ segir Erna.

**Hefur leitað til Stígamóta**

Erna var rúmlega tuttugu og fimm ára þegar hún gekk til liðs við dansflokk Jans Fabre, Troubleyn. Það var hennar fyrsta starf með atvinnuleikhúsi og dansflokki.

Hún var einn átta dansara sem skrifuðu nafn sitt undir bréf sem dansarar flokksins birtu opinberlega í september. Að auki skrifuðu 12 fyrrverandi dansarar undir án nafns og í framhaldi skrifuðu 200 danshöfundar í Belgíu undir stuðningsbréf við þennan hóp og gerðu kröfu um breytingar í danssenunni. Allt olli þetta mikilli ólgu í Belgíu. Síðar í sama mánuði lýsti Erna í viðtali við The New York Times einu ákveðnu alvarlegu atviki.

Frásögnin er aðeins brot af reynslu Ernu. Hún sagði bara frá því sem hún treysti sér til að segja frá. Hún hefur leitað til Stígamóta þar sem hún þiggur aðstoð við að vinna úr reynslu sinni. „Ég hélt að það sem hefði gerst hefði verið á gráu svæði. Núna ári seinna er áhugavert að sjá hvað er búið að gerast. Margt hefur breyst. Eitt af því sem hefur gerst í kjölfar MeToo-byltingarinnar er að þetta gráa svæði er allt í einu ekkert grátt lengur og við eigum orð til að lýsa áreitninni,“ segir hún. „Við erum líka að átta okkur á því hvað er búið að taka frá okkur. Við höfum verið rændar völdum og niðurlægðar svo lengi.“

Erna segir að belgískt samfélag hafi verið lengur að taka við sér en íslenskt. Því hafi dansarar Troubleyn, flokksins ekki stigið fram fyrr. „Ég ákvað að hoppa út í djúpu laugina með þetta. Ég hefði engu að tapa. Ég er flutt heim, umkringd fjölskyldu og vinum, bý á Íslandi og er í sterkri og góðri stöðu. Það er ólíkt því að vera ungur, óreyndur og aleinn í útlöndum að berjast fyrir tilvist sinni í þessum harða bransa. Ég fór að heyra að þetta væri að henda yngri stúlkur en mig. Hann beitti þær sömu aðferð. Meira að segja eftir MeToo varð mjög ung stúlka fyrir svipaðri reynslu þar sem hann virtist nota sömu aðferð. Hann dirfðist að halda áfram. Og þá bara varð ekki aftur snúið,“ segir Erna. „Ég þarf ekkert að útskýra til fullnustu og af nákvæmni hvað hann gerði. En þegar Weinstein komst í sviðsljósið þá setti ég strax samasemmerki á milli þessara tveggja manna. Það vissu þetta allir. En enginn sagði neitt. Það mátti ekkert tala um þetta. Það sem hann gerði var bara samþykkt. Hann var svokallaður snillingur og mátti þetta. Allir meðvirkir með honum,“ segir Erna.

> ÉG HANDLEGGSBROTNAÐI MJÖG ILLA EN SÝNINGIN HÉLT ÁFRAM. ÉG GLEYMI STUNDUM ÞESSU ÖRI. ÞVÍ ÞAÐ ER EKKI NEITT MIÐAÐ VIÐ HITT.

**Tókst ekki að rífa mig niður**

„Mér fannst nauðsynlegt að segja frá. Mér fannst ég verða að leggja mitt af mörkum til þess að koma upp um ofbeldisfullt athæfi hans, öðrum til varnaðar og til þess að koma þessu frá mér, úr kerfinu. Það er erfitt en erfiðara hefði verið að segja aldei neitt,“ segir Erna sem finnst erfitt að hugsa til þess hversu útbreitt og kerfisbundið ofbeldi og áreitni er. „Þó að mér hafi verið létt að þurfa ekki ein að upplifa niðurbrot og skömm þá er það á sama tíma skelfilegt. Hvað við erum mörg.

Svo margir dansarar hafa hætt. Vegna þess að svona áreitni og grimmileg framkoma eyðileggur sjálfsvirðingu fólks og sköpunargleði. Ég náði hins vegar að komast í gegnum þetta. Ég var orðin þekkt sem dansari, fékk strax vinnu hjá öðrum stórum danshóp og fékk tækifæri til að gera eigin verk. Hann náði ekki að brjóta mig niður og ég spyrnti við innra með mér og kannski að sumu leyti skilaði ég tilfinningum mínum í dansinn.“

Hún strýkur yfir langt hvítt ör á handleggnum. Það er líklega um 15 sentimetra langt. Hvernig fékk hún það?

„Það tengist þessu öllu saman. Og honum. Ég datt á sviði í sýningu. Ég handleggsbrotnaði mjög illa en sýningin hélt áfram. Ég gleymi stundum þessu öri. Því það er ekki neitt miðað við hitt. Þetta slys reyndist samt örlagaríkt. Það varð vegna þreytu og álags. Á meðan ég jafnaði mig þá gafst mér tími til að hugsa málin og sagði nokkru seinna upp hjá flokknum. Ég var komin með lamandi köfnunartilfinningu.“

**Særði út djöfla og drauga**

Erna hellti sér út í vinnu eftir að hafa stigið fram og lýst reynslu sinni. Hún hefur nú frumsýnt tvö dansverk á einni viku, sitt í hvoru landinu. „Ég verð að viðurkenna að það er ekki endilega sniðugt að gera þetta á hverju ári,“ segir Erna sem frumsýndi verkið Pottþétt myrkur sem var hluti af kvöldinu Dísablót hjá Íslenska dansflokknum þann 17. nóvember síðastliðinn á sviðslistahátíðinni Spectacular, verkið er enn í sýningu.

Verkið er hluti af seríu dansverka sem á sér upphaf í samvinnu hennar og Valdimars Jóhannssonar sem þau gerðu með og fyrir hljómsveitina Sigur Rós og var fyrsta útgáfa flutt á tónlistarhátíðinni Norður og niður fyrir ári.

„Það var frábært að gefa sér þennan tíma til að þróa verkið.

Við erum búin að vinna það í stuttum tímabilum yfir heilt ár og sýna afrakstur og ólík brot á mismunandi stöðum. Fyrst á Norður og niður í Hörpu, Listahátíð Reykjavíkur í Hafnarhúsinu og svo nú í fyrsta sinn í leikhúsi. Útgangspunkturinn var fyrst einfaldur, til að byrja með bara þessi tími ársins og myrkrið sem fylgir honum. Myrkrið? Hvað er það? Hvað gerir það fyrir okkur? Það er ekki bara neikvætt. Það getur líka verið faðmandi og friðsælt. Næstum því eins og í móðurkviði. Þar getur verið hlýja. En þar getur líka fleira leynst. Á þessum tíma stóð MeToo-byltingin hvað hæst. Hún hafði áhrif á verkið sem sem var skapað í náinni samvinnu við dansarana og því áttum við mjög tilfinningaþrungnar stundir í vinnuferlinu, mikið talað og miklu deilt um þessi mál og um það sem var að gerast.

Við særðum út djöfla og reyndum að losa okkur við eða sættast við gamla drauga. Losuðum okkur við ýmislegt gamalt og úrelt. Út með djöflana,“ segir Erna ákveðin.

„Þarna í verkinu er berskjaldaður líkaminn meðal drauganna ýmist ofurspenntur eða alveg máttlaus að berjast ýmist við eigin skugga eða skugga fortíðar.“

Aðeins tæpri viku eftir frumsýningu á Íslandi frumsýndi Erna dansverk byggt á hinu klassíska verki Rómeó og Júlía eftir William Shakespeare við tónlist Sergejs Prokofjev. Verkið vann hún í samstarfi við danshöfundinn Höllu Ólafsdóttur fyrir Gärtnerplatz-ballettinn í München í Þýskalandi. við undirspil sinfóníuhljómsveitar hússins.

Erna og Halla munu svo endurvinna sýninguna með dönsurum Íslenska dansflokksins 2020.

### Fylgjum alls ekki uppskriftinni

„Þetta var ekki hefðbundin uppsetning. Ein af spurningunum sem við spurðum okkur var: Af hverju ættum við að vera setja þetta upp? Verk sem er búið að setja upp mörg hundruð eða þúsund sinnum?

Við spurðum okkur hvernig við gætum sett þetta verk upp í dag,“ segir Erna og bætir við að áhuginn hafi kviknað hægt og rólega og hún orðið spenntari og sannfærðari því meira sem hún hugsaði um þetta.

„Þetta var rosa áskorun og svona tækifæri sem er eiginlega ekki hægt að hafna.

Þessi saga er svo hlaðin en hún hefur breyst mikið frá því hún var fyrst skrifuð eða uppsetningar aðlagaðar. Það var miklu meiri kraftur, kynorka og ofbeldi í henni. En svo hefur þessi ástarsaga í gegnum árin verið löguð að væntingum okkar um rómantíska ást. Það er næstum því Hollywood-bragur á sögunni. Markaðurinn er búinn að krukka í hana,“ segir Erna.

Saga ballettsins sjálfs er mjög áhugaverð. Tónlistin er samin af tónskáldinu Sergej Prokofjev. „Sagan segir að Stalín hafi fengið hann til þess að koma aftur til Rússlands frá Bandaríkjunum, þangað sem hann hafði flúið, til að semja verkið. Í fyrstu útgáfunni sem hann samdi breytti Prokofjev endinum, hann vildi „happy ending“ og lét Rómeó og Júlíu lifa. Hann var ritskoðaður og endirinn færður aftur til upprunans.

Ballettdönsurum þess tíma fannst tónlistin hræðileg. Það voru órar skiptingar í tónlistinni sem var erfitt að fylgja eftir. Því var mótmælt,“ segir Erna frá.

„Ballettinn er nú einn sá vinsælasti og fólk kemur til að sjá ákveðna uppskrift sem er alveg óhætt að segja að við Halla fylgjum alls ekki,“ segir Erna og brosir.

„Þetta var áhugavert ferli. Þarna vorum við Halla, tvær konur að stjórna ballettinum með sinfóníuhljómsveit í einu afar hefðbundnu, virtu og sögufrægu borgarleikhúsi í München.

Það eru sjaldan kvenmenn nafngreindir í þessum stóru verkum. Það var líka áhugavert að takast á við það. Alla þessa svokölluðu karlkyns meistara,“ segir Erna.

„Það gerðist eitthvað í leikhúsinu líka sem er risastór stofnun með mörgum deildum og ákveðnu gamalgrónu hírarkíi. Fólk var annaðhvort mjög efins um okkur eða elskaði að fá okkur í hús. Við vorum þarna þrjár, svolítið íslenskt stelpugengi, en með mér og Höllu var búningahönnuðurinn Sunneva Ása Weisshappel.

Þetta var mjög erfitt verkefni en mjög lærdómsríkt. Við erum mjög glaðar með ferlið og viðtökurnar sem voru vægast sagt mjög góðar og öfgafullar í báðar áttir,“ segir Erna.

„Eitt mikilvægt umfjöllunarefni var einnig ballettdansarinn sjálfur. Ballettdansarar hafa oftast yfirbragð fullkomleika. Áreynslulausir. Þú sérð ekki svitadropa drjúpa af klassískum ballettdansara á sviðinu en svo er brjáluð vinna á bak við fullkomnunina. Auk þess hefur ballettdansarinn enga rödd og þar er líka mjög svo gagnkynhneigð hlutverkaskipting þrátt fyrir að oft séu dansarar samkynhneigðir.

Við vildum sýna brjálæðið að baki. Líkamann sem erfiðar, öskrar, er þungur, er þreyttur, uppgefinn, sýna sársaukann, sýna lífið, líkamsvessa, ást, hormóna, kynorku, brjóstamjólk, eitur, húmor, dauðann, blóð, svita og tár. Svo varð óumflýjanlegt að fjalla um stöðu konunnar í dag og áður fyrr. Júlía sjálf og hennar örlög voru okkur mjög hugleikin. Hún er að rísa upp gegn stofnuninni, fjölskyldunni, og gegn feðraveldinu,“ segir Erna.

**JÚLÍA SJÁLF OG HENNAR ÖRLÖG VORU OKKUR MJÖG HUGLEIKIN. HÚN ER AÐ RÍSA UPP GEGN STOFNUNINNI, FJÖLSKYLDUNNI, OG GEGN FEÐRAVELDINU.**

### Óvissan og innsæið

„Mér fannst meiriháttar að vinna með Höllu. Hún er stórkostleg manneskja og listamaður. Við vorum svolítið að kynnast í þessu ferli. Eigum margt sameiginlegt en annað sem aðskilur,“ segir Erna.

Erna segist oft vera í leit í vinnuferli verka sinna en innsæi leikur einnig stórt hlutverk. „Stundum fara verkin í aðra átt en maður sá fyrir sér, þau eignast sitt eigið líf. Óvissan er mikilvægur staður að leyfa sér að vera á og samþykkja. Mér finnst stundum erfitt þegar talað er um að maður eigi að vera skilvirkur í listsköpun, mér finnst það ekki endilega alltaf fara saman, en frumsýning getur víst ekki beðið og þá þarf maður að rembast við að koma öllu saman. Sem betur fer er maður svo heppinn að vera umkringdur frábærum dönsurum og samstarfsfólki og það leggjast allir á eitt við að klára. En svo fer annað ferli í gang eftir frumsýningu, þetta er endalaus þróun sem aldrei klárast.

Ég fer á milli þess að hugsa: Ég er bara helvíti góð í þessu, og: Hvað er að mér? Ég hef ekkert að segja!

Maður er alltaf endalaust að efast um sjálfan sig og tilgang alls þessa en ástríðan fyrir dansinum og listsköpun í góðum hópi fólks er alltaf yfirsterkari.

Það er svo mikill drifkraftur þarna sem gefur manni tilgang og læknar mörg mein.

Dansinn er svo mikil ástríða. Svo persónuleg listsköpun. Þeir sem ákveða að fara í þetta starf, þeir gera það ekki fyrir peningana. Dansarinn er berskjaldaður og í hverju verki fer ég til dæmis í gegnum eins konar umbreytingu. Maður fer í gegnum ákveðinn hreinsunareld,“ segir Erna.






BOSCH
Örbylgjuofn með grilli
HMT 75G451, Serie 2
Frístandandi. 17 lítra. Mesti örbylgjustyrkur 800 W. Grill: 1000 W. Sjálfvirk þíðing og matreiðslukerfi.
Jólaverð: 23.900 kr.
Fullt verð: 29.900 kr.



BOSCH
Matvinnsluvél
MCM 4000
700 W. Tætir, raspar, rífur, þeytir og sker. Fylgihlutir: Fjölnota hnífur, þeytari og rifjárn. Örugg í notkun: Fer aðeins í gang þegar lok er í læstri stöðu.
Jólaverð: 13.900 kr.
Fullt verð: 19.900 kr.



BOSCH
Töfrasproti
MSM 67170
750 W. Hljóðlátur, kraftmikill og laus við titring. Skál með loki, stór hakkari, ísbrjótur og þeytari fylgja með.
Jólaverð: 9.900 kr.
Fullt verð: 12.900 kr.




SIEMENS
Þvottavél
WM 14W768DN, iQ700
Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótor með 10 ára ábyrgð. Sérkerfi eru meðal annars: Útifatnaður, skyrtur, mjög stutt kerfi (15 mín.), „sensoFresh“ o.fl. „sensoFresh“: Virkar eins og þurrhreinsun. Notar hvorki vatn né sápu. Fjarlægir lykt (t.d. matarlykt) úr viðkvæmum fatnaði á áhrifaríkan hátt. Fyrir fatnað sem ekki má þvo í þvottavél, s.s. jakka, blússur, silki o.fl.
Jólaverð: 133.900 kr.
Fullt verð: 174.900 kr.




SIEMENS
Uppþvottavél
SN 436S01MS, iQ300
14 manna. Sex kerfi, þar á meðal hraðkerfi á 60° C. Þrjú sérkerfi, meðal annars tímastytting. Hnífaparaskúffa. Hljóð: 44 dB. „aquaStop“-flæðivörn.
Jólaverð: 92.900 kr.
Fullt verð: 119.900 kr.



Orfeus
Hangandi ljós
15728-25
Jólaverð: 15.900 kr.
Fullt verð: 19.900 kr.

Framúrskarandi fyrirtæki

Afgreiðslutímar:
Opið virka daga frá kl. 8.30 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 16 fram að jólum.

Öll tilboð gilda út desember 2018 eða meðan birgðir endast.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is






# Tímamótasýning um vatn í Perlunni

Sýningin Vatnið í náttúru Íslands verður opnuð í Perlunni í dag. Forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands segir afar mikilvægt að kynna mikilvægi vatnsauðlindarinnar fyrir komandi kynslóðum.

Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is

Þetta er fyrsta sýningin sem Náttúruminjasafnið stendur sjálft að. Við erum þarna með rými sem hæfir til að gera náttúru landsins skil. Þetta höfuðsafn þjóðarinnar í náttúrufræðum hefur á þeim rúmu tíu árum sem það hefur verið starfrækt ekki haft aðstöðu til þess. Þannig að þetta eru mjög merk tímamót,“ segir Hilmar Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands.

Sýningin Vatnið í náttúru Íslands verður opnuð í Perlunni kl. 14 í dag og verður aðgangur ókeypis fyrstu sýningarhelgina í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands. Meðal þeirra sem verða viðstaddir opnunina eru Guðni Th. Jóhannesson forseti, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur.

Forveri Náttúruminjasafnsins, Hið íslenska náttúrufræðifélag, var stofnað í Kaupmannahöfn árið 1887. Eitt helsta markmið stofnenda var að komið yrði upp sem glæsilegustu náttúrufræðisafni fyrir þjóðina. Félagið berst enn fyrir því að þjóðin eignist slíkt safn.

**Samstarf ríkis og einkaaðila**

Gerður hefur verið 15 ára samningur um afnot Náttúruminjasafnsins af rými í Perlunni sem mun hýsa sýninguna. „Við höfum til umráða um 380 fermetra á 2. hæð Perlunnar sem eru um tíu prósent af því rými



**Þessi vatnsköttur fylgir krökkum í gegnum sýninguna.** MYND/VIGFÚS BIRGISSON

Jólablað Hjálparstarfs kirkjunnar 2018

# Margt smátt ...

# VATN, HÚSASKJÓL OG BETRI HEILSA

## MEÐ ÞINNI HJÁLP!

- Valgreiðsla í heimabanka: 2.500 krónur
- Söfnunarsími 907 2003: 2.500 krónur
- Framlag að eigin vali á framlag.is
- Söfnunarreikningur 0334-26-50886 kennitala 450670-0499

Hjálparstarf kirkjunnar

HJÁLP TIL SJÁLFSHJÁLPAR



# Með þinni hjálp!

Hjálparstarf kirkjunnar leggur lóð sín á vogarskálarnar til þess að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun náist fyrir árið 2030. Áskoranirnar eru risavaxnar og margslungnar; ójöfnuður innan og milli samfélaga, loftslagsbreytingar, vatnsskortur, fæðuóöryggi, vannæring, ófriður og vaxandi fjöldi flóttafólks í heiminum.

Sem kirkjutengd stofnun nýtur Hjálparstarfið þeirrar sérstöðu að byggja á grasrótarstarfi í nærsamfélaginu en meginmarkmið eru bætt lífskjör þeirra sem búa við fátækt og að mannréttindi séu virt.

Í mannúðaraðstoð og þróunarsamvinnu liggur styrkur Hjálparstarfs kirkjunnar í samvinnu við hjálparstofnanir sem þekkja staðhætti á verkefnasvæðum. Þær þekkja söguna og menninguna en það auðveldar skipulagningu og útfærslu aðstoðar og þær eru áfram á svæðinu eftir að alþjóðlegri aðstoð lýkur og geta mælt árangur hennar.

Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að Hjálparstarfi Lúthерska heimssambandsins, LWF/DWS, og Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance. Þá er alþjóðlegt hjálparstarf kirkna unnið í náinni samvinnu við hjálparstofnanir Sameinuðu þjóðanna og eftir ströngustu stöðlum um faglegt hjálparstarf.

Starfið felst í efnislegri aðstoð við fólk í neyð, valdeflingu sem leiðir til sjálfshjálpar þeirra sem starfað er með og í því að tala máli þeirra sem í nauðum eru staddir svo samfélagið taki tillit til þarfa þeirra og réttinda og að gripið verði til aðgerða sem breyta lífsmöguleikum þeirra.

Verkefni eru valin án tillits til þjóðernis, kynþáttar, kyns, lífsskoðana og pólitískra hugmynda þeirra sem þurfa aðstoð og án tillits til orsakar neyðarinnar. Þau eru á hverjum tíma valin eftir efnahag stofnunarinnar, hjálparbeiðnum sem berast og mati stjórnar og samstarfsaðila um hvar og hvernig hjálpin skilar bestum árangri.

Á Íslandi veitir Hjálparstarf kirkjunnar fólki sem býr við fátækt efnislega aðstoð og félagslega ráðgjöf ásamt því að tala máli þeirra sem búa við efnislegan skort svo samfélagið taki tillit til þarfa þeirra og réttinda og að gripið verði til aðgerða sem breyta lífsmöguleikum þeirra til hins betra. Hjálparstarf kirkjunnar starfar með prestum, félagsþjónustu sveitarfélaga, öðrum mannúðarsamtökum, stofnunum og ráðuneytum að úrlausn verkefna en ekkert er skipulagt án þess að notendur þjónustunnar séu hafðir með í ráðum.

Stuðningur stjórnvalda og almennings á Íslandi gerir Hjálparstarfi kirkjunnar kleift að starfrækja öflugt mannúðar- og hjálparstarf hér heima og í fátækustu samfélögum heims. Við stefnum ótrauð að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um farsæld, frið og öryggi í heiminum fyrir árið 2030.

**Takk fyrir dýrmætan stuðning!**

**Bjarni Gíslason**, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar.



## HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun




Hjálparstarf kirkjunnar

actalliance

Framkvæmdastjóri: Bjarni Gíslason
Margt smátt ..., 4. tbl. 30. árg. 2018
Ábyrgðarmaður: Kristín Ólafsdóttir
Prentvinnsla:
Umbrot: Pipar \TBWA
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja
Ljósmyndir:
Forsíðumynd: Paul Jeffrey/ACT Alliance,
Aðrar myndir: Þorkell Þorkelsson, ACT Alliance
og Hjálparstarf kirkjunnar.

## Afgreiðslutími á skrifstofu Hjálparstarfs kirkjunnar, Háaleitisbraut 66 (gengið inn að neðanverðri kirkjunni), 103 Reykjavík, um jól og áramót 2018–2019 er sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| mánudagur 17. desember | opið kl. 08:00–17:00 | annar í jólum 26. desember | lokað |
| þriðjudagur 18. desember | opið kl. 08:00–17:00 | fimmtudagur 27. desember | opið kl. 10:00–16:00 |
| miðvikudagur 19. desember | opið kl. 08:00–17:00 | föstudagur 28. desember | opið kl. 10:00–16:00 |
| fimmtudagur 20. desember | opið kl. 08:00–17:00 | laugardagur 29. desember | lokað |
| föstudagur 21. desember | opið kl. 08:00–17:00 | sunnudagur 30. desember | lokað |
| laugardagur 22. desember | opið kl. 10:00–16:00 | gamlársdagur 31. desember | lokað |
| Þorláksmessa 23. desember | lokað | nýársdagur 1. janúar | lokað |
| aðfangadagur 24. desember | opið kl. 10:00–12:00 | miðvikudagur 2. janúar | lokað |
| jóladagur 25. desember | lokað | fimmtudagur 3. janúar | opið kl. 08:00–16:00 |

**Vakin er athygli á því að Hjálparstarf kirkjunnar hefur hætt framleiðslu útikerta. Friðarljós verða því ekki til sölu í kirkjugörðum yfir hátíðirnar.**

Aðalfundur Hjálparstarfs kirkjunnar var haldinn í Grensáskirkju laugardaginn 29. september 2018. Starfsskýrslu stofnunarinnar er að finna á vefsíðunni www.help.is undir liðnum *um okkur* – Ársskýrslur. Í stjórn Hjálparstarfsins starfsárið 2018–2019 eru: Gunnar Sigurðsson formaður, Páll Kr. Pálsson og Salóme Huld Garðarsdóttir. Varamenn: Hörður Jóhannesson og Vigdís Valgerður Pálsdóttir.



Aðgengi að drykkjarhæfu vatni við þorpskjarnann gjörbreytir lífsskilyrðum fólksins sem við vinnum með í Eþíópíu. Almennt heilsufar batnar og stúlkur hafa tíma til að sækja skóla.





Í Úganda fá munaðarlaus börn sem búa við sára fátækt þak yfir höfuðið og vatnstank fyrir rigningarvatn sem nýtist yfir þurrkatímann. Kamrar eru reistir og fræðsla veitt um smitleiðir sjúkdóma.

# Grunnurinn tryggður

Stærsta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu er með sárafátæku fólki í Sómalífylki í Eþíópíu. Meginmarkmið þess eru að bæta aðgengi að drykkjarhæfu vatni, að fólkið geti bætt fæðuöryggi sitt með bættum aðferðum í landbúnaði og að styrkja stöðu kvenna, samfélaginu öllu til farsældar.

Brunnar eru grafnir og þar sem það er ekki mögulegt eru grafnar vatnsþrær fyrir regnvatn. Nýjar og þurrkþolnar korntegundir eru kynntar til sögunnar sem og skilvirkari ræktunaraðferðir og endurbætt verkfæri. Þá eru dýraliðar þjálfaðir í að bólusetja búfé. Verkefnið hefur verið framkvæmt í samstarfi við Lútherska heimssambandið í Eþíópíu með dyggum stuðningi frá einstaklingum og utanríkisráðuneytinu frá árinu 2007 eða í rúm ellefu ár.

Hjálparstarf kirkjunnar starfar einnig í þágu HIV-smitaðra, alnæmissjúkra, aðstandenda þeirra og eftirlifenda í héruðunum Rakai og Lyantonde í Úganda en þar hefur nýsmit HIV verið tíðara en annars staðar í landinu. Aðstoðin er veitt í samstarfi við samtökin Rakai Community Based AIDS Organization (RACOBAO) en skjólstæðingar eru fyrst og fremst börn sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi og búa ein sem og HIV-smitaðir einstæðir foreldrar og ömmur sem hafa börn á framfæri og búa við sára fátækt.

Lífsskilyrði fólksins eru bætt með því að reisa íbúðarhús, eldaskála og kamra. Fólkið sækir fræðslu um samband hreinlætis og smithættu og hvernig bæta má hreinlætisaðstöðu. Aðgengi að hreinu vatni er aukið til muna með því að reisa rigningarvatnssöfnunartanka við hlið íbúðarhúsanna og með viðhaldi á brunnum í héruðunum. Fólkið fær svo geitur og hænur til að auka fæðuval og möguleika á tekjuöflun.

**6 HREINT VATN OG HREINLÆTISAÐSTAÐA**

**Tryggja aðgengi að og sjálfbæra nýtingu, allra á hreinu vatni og salernisaðstöðu**



Í Sómalífylki í Eþíópíu eiga bændur ekki almennileg verkfæri. Það tekur því langan tíma að plægja akurinn og fæðuöryggi íbúanna hefur því verið takmarkað.



Bændur sem hafa fengið dráttardýr og betri verkfæri hafa þrefaldað framleiðsluna.




Fólkið fær einnig endurbætt fræ til sáningar og græðlinga af næringarríku plöntunni Moringa.

# Hjálp til sjálfshjálpar

Sómalífylki er eitt af fjórum fátækustu fylkjum í Eþíópíu sem er meðal fátækustu ríkja heims. Fylkið þekur 144 þúsund ferkílómetra og þar búa yfir 5 milljónir sjálfsþurftarbænda og hálfhirðingja. Grunnstoðirnar í samfélaginu eru veikar og tíðir þurrkar valda þar viðvarandi matarskorti og vannæringu.

Búfjárrækt með kameldýr, kindur, geitur og nautgripi er undirstöðuatvinnugrein í fylkinu. Þar sem skilyrði eru til er einnig ræktað maís, hirsi, hveiti og bygg. Vatnsskortur hefur hins vegar leitt til lélegs ástands bústofnsins en dýralæknaþjónusta er af skornum skammti. Skortur hefur verið á tækjum og tólum og það hefur takmarkað ræktunaraðferðir í jarðrækt. Fæðuöryggi íbúanna hefur því almennt verið mjög takmarkað.

Á undanförnum áratug hefur aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar náð til meira en 130.000 íbúa í fylkinu. Með aðstoðinni hafa aðstæður fólksins batnað svo um munar. Styttra er í hreint vatn, fæða fólks er fjölbreyttari og næringarríkari og búfé er heilbrigðara. Bændur sem hafa hlotið fræðslu og þjálfun í nútímaræktunaraðferðum, betri verkfæri og dráttardýr hafa þrefaldað framleiðsluna á landskika sínum í kjölfarið. Áður plægðu þeir með haka eða biðu þess að get leigt uxa af öðrum og þá var tími þeirra til að plægja af skornum skammti.

Eftir tíu ára starf í Jijigahéraði var ákveðið að færa aðstoðina yfir til nágrannahéraðsins Kebre Beyah þar sem bændafjölskyldur munu taka þátt í verkefni Hjálparstarfsins um fæðuöryggi og valdeflingu kvenna til ársins 2020 að minnsta kosti. Meginmarkmið með samstarfi við íbúa á nýjum stað eru sjálfbærni, minni jarðvegseyðing og betri vatnsbúskapur; bætt heilsufar með auknu aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu og aukin velferð í samfélaginu með auknu jafnrétti kynjanna.

Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bætta næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði

2 EKKERT HUNGUR



Konur í Sómalífylki hafa búið við ójafnrétti sem hefur haft neikvæð áhrif á heilsu og afkomu allra í samfélaginu.



Hjálparstarf kirkjunnar veitir konum tækifæri til að hefja eigin atvinnurekstur. Amína hóf geitarækt.



Maríam opnaði verslun þar sem hún selur meðal annars sólarrafhlöður og aðgengi að rafmagni til að hlaða farsíma.

# Valdefling kvenna

Í Sómalífylki í Eþíópíu er jafnrétti kynjanna ábótavant en ójafnréttið má rekja til rótgróinnar menningar á svæðinu. Konur hafa verið háðar ákvörðunum eiginmanna sinna um flest í daglegu lífi. Þær hafa hins vegar séð um eldamennskuna, að sækja eldivið og vatn ásamt því að sjá um börnin.

Konurnar hafa ekki haft völd til að taka ákvarðanir um landnotkun, búfénað eða fjármál heimilisins. Þær hafa hvorki fengið tilboð um þjálfun eða fræðslu frá stjórnvöldum né heldur sæti við ákvarðanatökuborðið um sveitarstjórnarmál. Konur hafa heldur ekki haft aðgengi að fjármagni til að hefja eigin atvinnurekstur. Þetta valdaleysi kvennanna í fylkinu hefur haft neikvæð áhrif á heilsu og lífsafkomu kvennanna og fjölskyldna þeirra.

Stór þáttur í verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar á svæðinu er að stuðla að auknu valdi og áhrifum kvenna samfélaginu öllu til farsældar. Konurnar fá fræðslu um það hvernig koma má auga á arðbærar viðskiptahugmyndir, hvar og hvenær er best að stunda mismunandi viðskipti og upplýsingar um sparnaðarleiðir og lánamöguleika. Konur sem hafa áhuga á að hefja atvinnurekstur fá tækifæri með því að vinna saman í hópum sem bera sameiginlega ábyrgð á verkefnum.

Konurnar fá örlán, hver og ein sem svarar um 22.000 krónum, til að hefja atvinnurekstur svo sem geitarækt, laukrækt og smáverslunarrekstur. Konurnar greiða lánin til baka og nota síðan tekjur af rekstrinum til þess að greiða kostnað við skólagöngu barna sinna og til þess að kaupa dagvöru, fatnað og nytjahluti fyrir heimilið. Tekjurnar nota konurnar líka til að kaupa vatn yfir versta þurrkatímann.

**5 JAFNRÉTTI KYNJANNA**

**Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna efld**



Nístandi fátæktin í fátækrahverfum Kampala neyðir unglingana út á ógæfubraut. Börnin eru útsett fyrir misnotkun og verða auðveldlega fíkniefnum að bráð.



Í smiðjum UYDEL fá börn og unglingar tækifæri til þess að læra iðn sér til framfærslu.



Þar læra þau um rétt sinn til heilbrigðisþjónustu, taka þátt í tómstundastarfi og fá sálrænan stuðning félagsráðgjafa.

# Tækifæri til mannsæmandi lífs

Hjálparstarf kirkjunnar styður börn og ungmenni í Kampala, höfðuðborg Úganda en þangað flykkist ungt og oftast ómenntað fólk úr sveitum landsins í von um betra líf. Margra þeirra bíður hins vegar að kúldrast í fátækrahverfum þar sem neyðin rekur þau til að taka þátt í glæpagengjum eða selja líkama sinn til að geta séð sér farborða. Börn og unglingar í höfuðborginni eru því útsett fyrir misnotkun af ýmsu tagi og eymdin leiðir til þess að þau verða auðveldlega fíkniefnum að bráð.

Markmiðið er að unga fólkið öðlist verkkunnáttu sem það getur nýtt til að sjá sér farborða, að það taki þátt í uppbyggilegum tómstundum og námskeiðum sem styrkja sjálfsmyndina og að þau séu upplýst um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Lútherska heimssambandið og samtökin UYDEL (Ugandan Youth Development Link). Í smiðjum UYDEL geta ungmennin valið sér ýmis svið og öðlast nægilega hæfni til að verða gjaldgeng á vinnumarkaði svo sem við hárgreiðslu, matreiðslu, rafvirkjun, saumaskap og sápugerð.

Í smiðjum UYDEL er kennt fyrir hádegi en eftir hádegi er skipulagt frístundastarf í boði. Eitt af því sem unglingarnir geta lagt stund á er dans og trumbusláttur en í Kampala er vinsælt að ráða danshópa til að sýna hefðbundinn dans í veislum við ýmis tækifæri. Dansinn og tónlistina geta unglingarnir þannig nýtt sér til framfærslu.

Hjálparstarf kirkjunnar styður Sameinuðu indversku kirkjuna, United Christian Church of India eða UCCI, sem hefur í hartnær hálfa öld hjálpað fólki sem býr við fátækt með því að halda úti skólastarfi og heimavist ásamt matargjöfum og spítalarekstri í Andhra Pradesh-fylki í austurhluta Indlands. Hjálparstarf kirkjunnar kostar börn í skóla og heimavist ásamt því að senda stök framlög vegna viðhalds bygginga og til starfsemi spítalans.

**Tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi**

**4 MENNTUN FYRIR ALLA**

# Fólk

Helgin

LAUGARDAGUR 1. DESEMBER 2018



**Seinnipartinn í dag verður fagurt um að litast í Esjunni þegar Ljósafoss fellur niður hlíðarnar og vekur athygli á hinu góða starfi sem fram fer á endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð Ljóssins, að sögn Sólveigar Kolbrúnar Pálsdóttur.** →4






Þuríður Ottesen, Guðrún Lilja Guðmundsdóttir og Erna Kristín Stefánsdóttir í fallegum yfirhöfnum sem fást í Bóel á Skólavörðustíg 22. MYND/ANTON BRINK

# BÓEL – töff og smart verslun í miðbænum

Bóel, Skólavörðustíg 22, er ný verslun sem býður upp á vönduð og falleg föt fyrir konur á öllum aldri. Þetta er tímalaus hönnun frá Rundholz, Moyuru, YAYA og studiob3 en margar konur hafa fallið fyrir þessum fatnaði. →2



Skórnir eru bæði til háir og lágir.



Í Bóel er mikið úrval af vetrarskóm.



Ofursnapparinn Erna Kristín Stefánsdóttir gaf á dögunum út bókina Fullkomlega ófullkomin sem fjallar um jákvæða líkamsímynd. Erna er aðdáandi verslunarinnar Bóel og segir að fatnaðurinn þar sé óður til kvenna. MYNDIR/ANTON BRINK

**Framhald af forsíðu** ➪

Verslunin Bóel var opnuð í september síðastliðnum. Bóel sérhæfir sig vönduðum og vel hönnuðum kvenfatnaði aðallega frá þýska hönnuðinum RUNDHOLZ sem hannar mjög töff en samt kvenlegan fatnað, að sögn Þuríðar Ottesen, eiganda verslunarinnar. Þá býður hún einnig upp á japanska merkið MOYURU og YAYA frá Hollandi. Þuríður segir að hún hafi þekkt fatalínuna frá Rundholz lengi og alltaf verið hrifin af henni. „Það var verslun á Skólavörðustíg 3 sem nefndist ER sem seldi þessi föt á sínum tíma. Hún var lögð niður í hruninu og mjög margir söknuðu hennar sárt," segir hún.

Þuríður hefur mikla ástríðu fyrir fallegri og smart hönnun. Hún vildi bjóða upp á virkilega vandaðan og frjálslegan fatnað fyrir konur á öllum aldri. „Ég legg áherslu á að fatnaðurinn sé vel hannaður að því leyti að hann fari ekki úr tísku og fataplaggið sé jafn smart inni í skáp eftir tíu ár eða jafnvel tuttugu," segir hún.

## Ánægðir viðskiptavinir

Þuríður segir að viðtökurnar hafi verið frábærar. „Við heyrum gjarnan frá viðskiptavinum okkar að loksins sé komin töff og öðruvísi verslun fyrir konur. Ein sagði við okkur: „Frábært að fá svona fönkí fatnað sem er flottur fram í andlátið." Viðskiptavinir okkar eru konur sem komnar eru yfir þrítugt og alveg upp úr. Konur sem eru komnar yfir miðjan aldur þora alveg að klæðast hermannaklossum og víðum flíkum sem undirstrikar sjálfstraust þeirra og glæsileika. Fatalína Rundholz er einmitt svona fönkí þótt kvenleikinn spili stóra rullu. Konur hafa verið mjög hrifnar af sniðunum sem gefa þeim ákveðinn glæsibrag. Þessi fatnaður fer öllum vel, hvort sem konur eru grannar eða með íturvöxt."

Í Bóel fæst hvort sem er sparíklæðnaður, vinnufatnaður og yfirhafnir. Einnig afar vandaðir vetrarskór. „Jakkarnir hjá okkur, yfirhafnir og kjólarnir hafa verið mjög vinsæl. Það er greinilegt að þessi tíska höfðar til margra íslenskra kvenna. Við erum mikið með jarðliti um þessar mundir og svo koma fallegir vorlitir með vorinu."

## Lífrænt vottaðar húðvörur

Bóel selur lífrænt vottaðar og margverðlaunaðar húðsnyrtivörur frá Antipodes á Nýja-Sjálandi. „Þetta eru vörur sem eru vísindalegar rannsakaðar á fólki, ekki dýrum. Fyrir jólin verð ég með kaupaukatilboð. Ef fólk kaupir tvennt í línunni fær það REJOICE rakadagkremið án endurgjalds. Framleiðandinn selur til 38 landa og fékk verðlaun í heimalandinu fyrir öflugan útflutning fyrir stuttu," segir Þuríður.

## Fallegar gjafavörur

Bóel býður einnig skemmtilegar gjafavörur eins og ítalska ullarinniskó frá ME1ST og kostar parið 5.900 krónur. Einnig er úrval af fallegum sokkum frá SockMyFeet. Þá fást hinir vönduðu LOFINA leðurhanskar úr lambskinni sem eru fóðraðir með kasmírull.

Það er um að gera að kíkja í heimsókn í Bóel, Skólavörðustíg 22, sími 834 1809. Einnig er hægt að fylgjast með nýjungum á Facebook-síðu verslunarinnar og á Instagram.

Um þessa helgi verður 25% afsláttur af buxum.




Bóel selur lífrænt vottaðar og margverðlaunaðar húðsnyrtivörur frá Antipodes á Nýja-Sjálandi.



Vandaðir leðurhanskar eru meðal þess sem hægt er að fá hjá Bóel.



Hlýir og fallegir inniskór sem eru tilvaldir í jólapakkann.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# Nú er tími til að lifa og njóta

## Meltingarensím og mjólkursýrugerlar hjálpa okkur að njóta lífsins á aðventunni og um jólin þannig að okkur líði vel og að auðvelt verði að hefja nýtt ár af krafti, heilbrigð á sál og líkama.

Hvað er betra en að geta notið lífsins á aðventunni með fjölskyldu, vinum og kunningjum en þetta er sá tími sem við leyfum okkur ýmislegt í mat og drykk og gleðjumst saman. Flest okkar kannast við að borða svolítið of mikið af alls konar og fyrir vikið verðum við uppþembd, fáum óþægindi í magann og aukinn vindgang. Þetta „mikið af alls konar“ getur reynst meltingunni erfitt og jafnvægi þarmaflórunnar raskast líka. Í raun getur aðventugleðin sett allt á annan endann sem skilar sér svo í verra heilsufari, sleni og þreytu sem hellist yfir okkur í janúar.

### Leyfum okkur að njóta

„Í einföldu máli þá getum við gert meltingunni okkar og líkamanum stóran greiða með því að taka inn bæði ensím og mjólkursýrugerla reglulega og passa það sérstaklega vel núna í desember,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir heilsumarkþjálfi. Meltingarensím sem tekin eru inn með stórum máltíðum eða mat sem við þolum illa geta losað okkur við öll meltingarónot og við verðum orkumeiri fyrir vikið á meðan mjólkursýrugerlar (probiotics) viðhalda og styrkja þarmaflóruna en hún er undirstaða ónæmiskerfisins og tengist bæði líkamlegri og andlegri heilsu okkar sterkum böndum.

### Sykurinn nærir púkann

Sykurpúkinn gerir víða vart við sig núna en þó svo að mörgum takist að halda honum innan skynsamlegra marka breytir það því ekki að allur sykur hefur áhrif á heilsuna okkar og getur m.a. komið ójafnvægi á þarmaflóruna. Ef það verður ójafnvægi og það dregur úr vexti heilbrigðra baktería myndast kjöraðstæður fyrir þær óæskilegu og er Candida-sveppurinn þá ofarlega á blaði. Það getur lýst sér sem:

- Meltingartruflanir
- Uppþemba
- Óeðlilegar hægðir
- Húðvandamál
- Sveppasýkingar (sérstaklega hjá konum)
- Tímabundið ófnæmi
- Hugsanlegt þunglyndi

Þegar þarmaflóran er ekki í toppstandi er ónæmiskerfið okkar það ekki heldur og líkur á kvefi og pestum eykst. Líferni okkar í dag skilar sér því fljótlega í verra heilsufari ef við göngum ekki hægt um gleðinnar dyr.

### Leyfðu þér að njóta

Hver kannast ekki við að verða þreyttur eftir þunga máltíð? Sumir fá líka óþægindi, uppþembu og vindverki en þetta tengist að öllum líkindum skorti á meltingarensímum. Stundum gerist það að líkaminn getur ekki virkjað ákveðin ensím. Það er t.d. ef við borðum of mikið og/eða að samsetning matarins er slæm en þá nær líkaminn ekki að „lesa skilaboðin rétt“. Þetta getur valdið vandamálum hjá fjölmörgum. Ekki bara magaónotum, þreytu eða öðrum kvillum, heldur getur það gerst að við fáum ekki þá næringu sem maturinn (eða bætiefnin) á að skila okkur.

Meltingarensímin frá Enzymedica hafa svo sannarlega slegið í gegn hér á landi og fjölmargir geta ekki án þeirra verið. Þau eru tekin inn með mat og það er einnig hægt að taka þau eftir matinn ef meltingartruflanir gera vart við sig.



Þetta er sá tími sem við leyfum okkur ýmislegt í mat og drykk og gleðjumst saman. Flest okkar kannast við að borða svolítið of mikið af alls konar.




Meltingarensímin frá Enzymedica hafa sannarlega slegið í gegn hér á landi.

## Uppskrift að hamingju

Við skulum ávallt hafa í huga hvað það skiptir miklu máli að vera eins heilbrigð á sál og líkama og okkur er fært. Við getum haft áhrif á ansi margt og það er til a.m.k. ein uppskrift sem er alltaf í gildi og það sem meira er, hún er gríðarlega góð fyrir heilsuna. Hún kostar ekkert og hún gerir öllum gott.

*Gleðilega hátíð!*

**2 bollar af ást**
**2 bollar af trausti**
**4 bollar af tíma, næði og ró**
**4 bollar umhyggja**
**4 dl húmor**
**175 g vinátta**
**1½ dl fyrirgefning, gefin og þegin**
**3 stórar matskeiðar af virðingu**
**2 tsk. gagnkvæmur skilningur**
**2 tsk. jákvæðni**
**Stór slatti af hrósi**



> **Í einföldu máli þá getum við gert meltingunni okkar og líkamanum stóran greiða með því að taka inn bæði ensím og mjólkursýrugerla reglulega og passa það sérstaklega vel núna í desember.**
>
> Hrönn Hjálmarsdóttir heilsumarkþjálfi

Margir tala um að sofa betur þegar þeir taka ensímin með matnum og getur það vel passað þar sem meltingin getur haft ótrúleg áhrif á svefninn þó svo að við finnum ekki beint fyrir því. Það besta er að allir geta tekið ensím og aðeins eitt hylki af Digest getur dugað. Það má taka með öllum máltíðum eða eftir hentugleika og fyrir þá sem eiga við fjölþætt meltingarvandamál að stríða, er ráð að taka inn Digest Gold sem er öflugasta varan sem til er á markaðnum,“ segir Hrönn.

### Hverjir þurfa meltingarensím?

Afleiðingar vegna skorts á meltingarensímum geta verið víðtæk og hugsanlega finnum við fyrir öðrum einkennum en meltingarónotum. Einkenni skorts á ensímum geta verið:

- Brjóstsviði
- Vindverkir
- Uppþemba
- Kviðverkir og ógleði
- Bólur
- Nefrennsli
- Krampar í þörmum
- Ófullnægt hungur
- Exem
- Höfuðverkur
- Skapsveiflur
- Liðverkir
- Húðkláði
- Húðroði
- Svefnleysi

Ólíkt mjólkursýrugerlum sem eru aðallega staðsettir í þörmunum og viðhalda bakteríuflórunni, brjóta meltingarensím niður fæðuna og gera hana klára svo hægt er að taka upp næringuna í þörmunum. Ensímin gera það líka að verkum að auðveldara er fyrir okkur að losa frá okkur hægðir.

### Gerlar til góðs

Bio Kult Original inniheldur öfluga blöndu af vinveittum gerlum sem hafa góð áhrif á meltinguna. 14 mismunandi gerlastrengir hjálpa til við að byggja upp vinveittu þarmaflóruna og koma á jafnvægi sem er gríðarlega mikilvægt. Inntaka á góðgerlum er nánast undantekningarlaust til góðs fyrir okkur og að taka tvöfaldan skammt af Bio Kult Original í jólamánuðinum getur verið mikil heilsbót.

### Gleðilega meltingu!

Til að gera aðventuna sem ánægjulegasta er upplagt að taka tvöfaldan skammt af mjólkursýrugerlum og taka meltingarensím á matmálstímum eða með þungum máltíðum og þegar við teljum þess þörf. Við njótum betur, okkur líður betur og við getum tekið vel á móti nýju ári, full orku og gleði.

# LGG+ verndar gegn kvefi

## Rannsóknir á tengslum kvefs og LGG gerilsins benda til verndandi áhrifa, sérstaklega hjá börnum.

Kvef er líklega algengasti kvilli sem hrjáir jarðarbúa, en reikna má með að þegar 75 ára aldri er náð hafi maður um það bil 200 sinnum fengið kvef á ævinni. Tíðni kvefs lækkar þó með aldrinum og börn fá mun oftar kvef en fólk á efri árum. Rannsóknir á tengslum kvefs og LGG gerilsins virðast benda til verndandi áhrifa gerilsins umfram lyfleysuáhrif og þá sérstaklega hjá börnum. „Í tveimur klínískum rannsóknum Hojsak og félaga frá 2010 koma fram ótrúleg áhrif LGG á tíðni kvefs í börnum,“ segir Björn S. Gunnarsson, vöruþróunarstjóri MS. Þrisvar sinnum minni líkur voru á að fá kvef hjá hópnum er fékk LGG heldur en í samanburðarhópnum sem fékk lyfleysu. Einkennin vörðu skemur í tilraunahópunum sem þýddi að börnin voru styttri tíma frá vegna veikindanna heldur en þau í samanburðarhópunum.

„Ekki er að fullu ljóst hvernig LGG gerillinn og aðrir heilsugerlar fara að því að lækka tíðni kvefs, en talið er að þeir hafi áhrif á ónæmisvirkni meltingarvegarins. LGG gerillinn á auðvelt með að festast við slímhúð þarmaveggjarins og virðist sú binding gegna lykilhlutverki í ónæmishvetjandi áhrifum LGG gerilsins,“ segir Björn. Það er því ljóst að hinu hvimleiða kvefi er hægt að halda vel í skefjum með neyslu á LGG. „Endurteknar niðurstöður ólíkra rannsókna sýna að þrisvar sinnum minni líkur eru á að börn sem neyta LGG reglulega fái kvef og þá eru ótalin önnur jákvæð áhrif LGG á meltingarveginn auk annarra heilsusamlegra áhrifa.“

### Almenn vellíðan og bætt heilsa

„Heilsa okkar á stöðugt undir högg að sækja vegna alls kyns áreitis og því er gott að vita að með litlum styrkjandi dagskammti af LGG+ styrkjum við mótstöðuafl líkamans og örvum vöxt heilnæmra gerla í meltingarveginum,“ segir Björn. Til að viðhalda fullum áhrifum LGG+ er mikilvægt að neyta þess daglega og ein lítil flaska er nóg fyrir fulla virkni.



LGG+ bætir meltinguna og kemur jafnvægi á hana, styrkir ónæmiskerfi, hefur fjölþætta varnarverkun og veitir mikið mótstöðuafl gegn kvefi og flensu.

# Fjallafoss til styrktar Ljósinu

## Seinnipartinn í dag verður fagurt um að litast í Esjunni þegar Ljósafoss Ljóssins fellur niður hlíðarnar. Vonandi fellur þó enginn bókstaflega þar sem fossinn samanstendur af göngufólki með höfuðljós sem árlega gengur upp að Steini til að geta tekið þátt í fossinum og vakið þannig athygli á hinu góða starfi sem fram fer á endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð Ljóssins.

**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@frettabladid.is



Ljósafossgangan fer nú fram í níunda sinn. Við þurftum að fresta vegna veðurs um daginn en ætlum að ganga í dag,“ segir Sólveig Kolbrún Pálsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri Ljóssins. Hún segir að upphaf hefðarinnar megi rekja til ársins 2009 þegar Þorsteinn Jakobsson fór sjö ferðir upp á Esjuna og tileinkaði þær Ljósinu en Þorsteinn hafði kynnst starfi Ljóssins í gegnum vinkonu sína sem sótti sér endurhæfingu þangað. „Árið eftir, eða 2010, var Ljósið fimm ára og það ár gekk hann á 365 tinda til stuðnings Ljósinu og endaði á Esjugöngu og fékk fólk í lið með sér,“ segir Sólveig. „Hann bað alla að taka með sér höfuðljós sem var kveikt á á leiðinni niður og mynda svona ljósafoss. Hann fékk mikinn hóp með sér og ákvað að gera þetta að árlegum viðburði, að búa til ljósafoss til að vekja athygli á Ljósinu og mikilvægi endurhæfingar fyrir krabbameinsgreinda.“

Í ár ætlar hópurinn að hittast við Esjurætur um þrjúleytið. „Við byrjum með smá dagskrá, hitum upp og eitthvert fjör verður á svæðinu og svo er lagt af stað upp að Steini klukkan fjögur,“ segir Sólveig. „Björgunarsveitin Kjölur verður þarna með okkur eins og undanfarin ár til að tryggja öryggi allra. Upp úr klukkan fimm er myrkrið að skella á og þegar nógu margir eru komnir upp þá er gengið af stað niður og passað að hafa passlegt bil á milli svo fossinn verði jafn og flæði fallega.“


Sólveig Kolbrún Pálsdóttir er markaðs- og kynningarstjóri Ljóssins og tekur að sjálfsögðu þátt í Ljósafossinum í dag. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Sólveig segir að á bilinu tvö til þrjú hundruð manns gangi árlega en nokkur ár hafi þó verið fleiri. „Það kemur á óvart hversu margir vilja fara í fjallgöngu á myrku síðdegi um miðjan vetur til styrktar góðu málefni,“ segir hún og bætir við að einhverjir í hópnum fari til að fagna persónulegum árangri í baráttunni við krabbamein. „Það er ákveðinn áfangi í bata að geta farið í þessa göngu og fólki finnst oft gott að geta þakkað fyrir sig með því að styðja við Ljósið og vekja athygli á starfseminni með þessum hætti.“


Fossinn á ferð niður Esjuna í Ljósagöngunni 2015. MYND/RAGNAR TH. SIGURÐSSON

Hún bendir á að Ljósið er að hluta til ríkisstyrkt endurhæfing en þarf samt að safna fyrir um betur fyrir þá sem eru greindir með krabbamein, ná til fleiri og bjóða upp á aukna þjónustu,“ segir hún. „Með hverju árinu sem líður sjáum við hvað endurhæfingin er að skila miklu en það er svo margt til viðbótar sem hægt er að gera til að bæta heilsu fólks og líðan á meðan það er í krabbameinsmeðferð.“

helmingi kostnaðar svo að öll fjárframlög eru vel þegin. „Allir peningar sem við fáum í hús fara beint í endurhæfingu. Við erum ekki með biðlista eða háan kostnað heldur er Ljósið opið öllum. Við erum með um 400 manns hjá okkur í hverjum mánuði sem eru að njóta þess góða stuðnings sem við fáum en við þurfum meira til að geta gert meira.“

Hún segir næsta markmið Ljóssins að fá fólk fyrr inn í endurhæfingu. „Það skiptir okkur gríðarlega miklu máli að sérhæfa endurhæfingu eftir hverjum og einum. Og við viljum að fólk sé í stuðningi samhliða meðferð en ekki bara á eftir. Einnig skipti máli að ná betur til þeirra sem eru með skurðtæk krabbamein og sleppa lyfjameðferð því þeir einstaklingar virðast lenda frekar í því að heyra ekki af Ljósinu. Svo langar okkur mikið að huga betur að landsbyggðinni en það er allt á teikniborðinu. Það er sem sagt nóg um að vera og við gefumst ekki upp við að veita öllum krabbameinsgreindum faglega endurhæfingu sérsniðna að þeirra þörfum.“

Nánari upplýsingar um Ljósið og Ljósafossinn má finna á ljosid.is.

# Við höfum klætt íslenska karlmenn í heila öld




Í tilefni af 100 ára afmæli Verslunar Guðsteins
þá veitum við 15% afslátt af öllum vörum í dag 1. desember

VERSLUN
Guðsteins Eyjólfssonar

Síðan 1918

Verið velkomin í Verslun Guðsteins, Laugavegi 34

# Fátt betra en að elda góðan mat

Það er ólýsanlega góð tilfinning að veiða, meðhöndla hráefnið og elda úr því, segir Sigvaldi Jóhannesson kokkur sem heldur úti Snapchat-reikningnum vinsæla sillikokkur.



„Fyrir um tólf árum bauð góður vinur mér á heiðagæs og eftir það varð ekki aftur snúið,“ segir Sigvaldi Jóhannesson.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Matur hefur alltaf skipað stóran sess í lífi Sigvalda Jóhannessonar. Hann ólst upp á miklu matarheimili en faðir hans er kokkur og móðir hans lærð smurbrauðsdama. Undanfarin ár hefur hann rekið eigin veisluþjónustu auk þess sem hann heldur úti snappinu sillikokkur sem nýtur mikilla vinsælda og er nánast full vinna að hans sögn. „Ég man hreinlega ekki eftir öðru en að hafa alltaf haft mikinn áhuga á mat og eldamennsku. Ég ólst upp við að skræla kartöflur fyrir veislur frá barnsaldri og vissi alltaf að ég myndi verða kokkur enda fátt betra en að elda góðan mat. Frá unga aldri hef ég verið helsjúkur veiðimaður og eyddi öllum stundum í veiðar á stöng. Fyrir um tólf árum bauð góður vinur mér á heiðagæs og eftir það varð ekki aftur snúið. Tilfinningin við það að veiða, meðhöndla og elda úr því hráefni sem maður hefur veitt er ólýsanlega góð og ekkert sem toppar það. Ég legg mikinn metnað í að nýta allt það sem ég veiði og laga dýrindis mat úr því öllu.“

## Spennandi vöruþróun

Veisluþjónustan hefur tekið mestan tíma undanfarin ár auk þess sem Sigvaldi selur alls kyns villibráð. „Það hefur aukist það mikið hjá mér að ég var að opna veislueldhús og setja á laggirnar eigið vörumerki tengt villibráð. Ég framleiði allar vörurnar auk þess sem ég veiði allt sjálfur. Vörurnar hef ég hingað til eingöngu auglýst og selt í gegnum Snapchat þar sem ég sýni allt frá því hvernig ég veiði hráefnið, verka það og vinn úr því. Núna í vetur er ég búinn að vera í vöruþróun í villibráðinni og það nýjasta er epla- og kanilgæs sem er líka reykt. Ég byrjaði að grafa og reykja gæsalæri sem ég síðan elda í andafitu sous vide. Þar tók ég hluta af gæsinni sem er illa nýttur og oft ekki hirtur og gerði að lúxusvöru.“

## Allt í föstum skorðum

Maturinn um jólin eru í nokkuð föstum skorðum hjá fjölskyldu Sigvalda. „Við erum alltaf með grafinn lax í forrétt, hamborgarhrygg handa konunni og börnunum og auðvitað heimalagaðan ís í eftirrétt. Svo elda ég mér alltaf rjúpur því það eru ekki komin jól hjá okkur fyrr en ilmandi rjúpusoðið er komið í pottinn á Þorláksmessu.“ Hér gefur Sigvaldi eina einfalda en afar ljúffenga uppskrift sem hentar sem forréttur eða sem snitta á stærra veisluborði.



Að sjálfsögðu fylgir hundur húsbóndans honum í flestar veiðiferðir.



Sigvaldi gefur uppskrift að grafinni gæsabringu með sultuðum rauðlauk sem hentar vel sem forréttur eða sem snitta á veilsuborði.

> **Ég legg mikinn metnað í að nýta allt það sem ég veiði og laga dýrindis mat úr því öllu.**

## Grafin gæsabringa

Notið jafn mikið magn af öllum kryddum, blandið saman og setjið á bringuna. Geymi í kæli í þrjá daga.

- 1 gæsabringa (um 250-300 g)
- Rósmarín
- Timjan
- Basilíka
- Oreganó
- Estragon
- Sinnepsfræ
- Rósapipar
- Salt og sykur

### Sultaður rauðlaukur með gröfnu gæsinni

- 4 rauðlaukar, skornir í þunnar sneiðar
- 400 ml rauðvín
- 150 g sykur
- 50 g balsamik edik
- 2 stk. stjörnuanís

Allt sett í pott og soðið þangað til vökvinn er orðinn lítill og innihaldið hefur breyst í hálfgerða karamellu (u.þ.b. klukkustund). Tilvalið er að rista snittubrauð, setja á það rucola, camembert, gröfnu gæsina og að lokum sultaðan rauðlauk ofan á.

*Hver er uppáhaldsvillibráðin þín?*

Gæsapottréttur sem ég laga.

*Hvaða fiskur er í mestu uppáhaldi?*

Saltfiskur með miklu af hamsatólg.

*Hvaða krydd er í mestu uppáhaldi?*

Timjan.

*Hver er galdurinn á bak við góða eldamennsku?*

Að vera óhræddur við að prófa nýja hluti. Og eins og pabbi sagði alltaf við mig, annaðhvort gerir maður hlutina vel og af heilum hug eða sleppir því. Annaðhvort hefur þú þetta í þér eða ekki.

*Hvaða óholli matur er í mestu uppáhaldi?*

Vel sveittur hamborgari.

*Er einhver matur eða hráefni sem þú getur alls ekki borðað?*

Skata, ég hef aldrei getað borðað hana.

*Hvaða þekkti sjónvarpskokkur er í mestu uppáhaldi?*

Gordon Ramsay. Ég fékk að elda fyrir hann í sumar og það sem kom mér á óvart er hvað hann er geðveikt ljúfur og góður gaur.

*Hvaða hráefni eða rétt ætlar þú að prufa að elda í vetur?*

Í vetur prófaði ég að elda úr bjarnarkjöti og var það mjög sérstakt og gott.

*Uppáhalds fljótgerði rétturinn heima fyrir?*

Eggjaommiletta með afgöngum úr ísskápnum.


Stærðir 38-58
FLOTT FÖT,
FYRIR FLOTTAR KONUR
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460
Verslunin Belladonna


SMART FÖT,
FYRIR SMART KONUR
Stærðir 38-52
My Style tískuhús
mystyle
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464



# Framtíðin er snjöll
## – mótaðu hana með okkur

### Við leitum að hugmyndaríku og drífandi fólki sem er tilbúið að taka þátt í nýsköpun og framþróun

**Vélfræðingur í stjórnstöð vatns og virkjana**
Snjöll framtíð felur í sér stafræna umbyltingu og spennandi tækifæri. Við leitum að tæknilega sinnuðum vélfræðingi með góða tölvufærni, reynslu af því að vinna með skjámyndakerfi og ríka öryggisvitund.

**Sérfræðingar í stjórnkerfum og snjallvæðingu**
Tækifæri til sjálfvirkni í veitukerfum hafa aldrei verið meiri. Við leitum að **sérfræðingum á sviði stjórnkerfa og snjallvæðingar** í öflugt teymi á lifandi og kraftmiklum vinnustað. Teymið vinnur þvert á stjórnkerfi rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu á öllum veitusvæðum Veitna. Ef þú hefur gaman af því að takast á við áskoranir og brennur fyrir tækni á sviði #PLC, #SCADA, #RTU, #Gervigreindar, #IIoT, #BigData, #Industry4.0, #Mechatronic og #DigitalTwin þá viljum við heyra í þér.

**Verkstjóri – rafmagn**
Framtíð rafveitu felur í sér að hámarka nýtingu rafdreifikerfanna og vera leiðandi í orkuskiptum samgangna. Við leitum að úrræðagóðum stjórnanda, sem brennur fyrir teymisstjórnun og hefur áhuga á tækni og nýsköpun, til að leiða öflugan hóp í rafmagni.

**Sérfræðingur í landmælingum og landupplýsingakerfum**
Nýsköpun og tækniþróun er áherslan í uppbyggingu veitukerfa. Við leitum að sérfræðingi í verkefni tengd landmælingum, landupplýsingum og landupplýsingakerfum.

**Hvers vegna Veitur?**
Það er líf og fjör í vinnunni, starfsemi okkar er fjölbreytt og samfélagslega mikilvæg. Starfsfólk okkar hefur frumkvæði og fær tækifæri til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Við leggjum áherslu jafnvægi vinnu og einkalífs, sí- og endurmenntun og möguleika til að vaxa í starfi. Okkur er annt um umhverfið, jafnrétti og að koma fram við hvert annað og viðskiptavini af virðingu.

Í boði eru fjölbreytt verkefni í fjölskylduvænu starfsumhverfi.
Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um störfin.

**Nánari upplýsingar á veitur.is/framtidin**

**Í góðu sambandi við framtíðina**

Jafnlaunaúttekt PwC 2017
JAFNRÉTTISRÁÐ
VEITUR

# KENNSLUÞRÓUNARSTJÓRI
## við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Menntavísindasvið Háskóla Íslands auglýsir eftir metnaðarfullum og drífandi kennsluþróunarstjóra til að taka þátt í framþróun fjölbreyttra kennsluhátta og öflugs námsumhverfis. Miðað er við að starfshlutfallið sé 50%, en möguleiki er á hærra starfshlutfalli.

**Helstu verkefni**

Kennsluþróunarstjóri vinnur að verkefnum tengdum þróun framúrskarandi námsumhverfis og kennsluhátta á Menntavísindasviði Háskóla Íslands í samvinnu við sviðsforseta, kennslunefnd MVS og kennslustjóra MVS. Kennsluþróunarstjóri hefur frumkvæði að samstarfi við kennara, nemendur og starfsfólk sviðsins um þróun og skipulag kennsluhátta.

**Hæfnikröfur**

- Meistarapróf á sviði menntavísinda eða skyldum fræðasviðum
- Haldgóð reynsla af fjölbreyttum kennsluháttum nauðsynleg
- Framúrskarandi færni á sviði upplýsingatækni í kennslu
- Skýr framtíðarsýn á þróun kennsluhátta á háskólastigi
- Nám á sviði kennslufræða háskólastigsins er kostur
- Frumkvæði og lipurð í samskiptum
- Góð tungumálakunnátta

**Umsóknarfrestur er til og með 17. desember 2018**

Nánari upplýsingar veitir Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir – *kolbrunp@hi.is* – 525 5965

Sjá nánar um starfið á vefsíðu Háskóla Íslands undir laus störf og starfatorg.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

# Vélvirki

Óskum eftir vélvirkja eða einstaklingi með reynslu af því að vinna við vélbúnað í bátum. Bæði er um að ræða vinnu við nýsmíði og viðhald eldri báta.

**Öllum umsóknum verður svarað og fullum trúnaði heitið. Umsóknir og fyrirspurnir skulu sendar á netfangið: info@trefjar.is**

Trefjar ehf. er leiðandi í framleiðslu plastbáta og heitra potta á Íslandi

CLEOPATRA FISHERMAN

## TREFJAR EHF.

ÓSEYRARBRAUT 29 • 220 HAFNARFIRÐI
SÍMI: 550 0100 • FAX: 550 0120
CLEOPATRA@TREFJAR.IS • WWW.TREFJAR.IS

# FRAMKVÆMDA-STJÓRI

**Gluggasmiðjan leitar að öflugum einstaklingi í starf framkvæmdastjóra. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu úr byggingariðnaði og rekstri fyrirtækja.**

**Upplýsingar um fyrirtækið**

Gluggasmiðjan hefur í um 70 ár þjónað fyrirtækjum og einstaklingum í framleiðslu og viðhaldi á gluggum og hurðum. Afraksturinn er stór hópur ánægðra viðskiptavina sem og fjöldinn allur af fallegum byggingum. Gluggasmiðjan hefur sérhæft sig í framleiðslu á gluggum og hurðum af öllum stærðum og gerðum og úr ýmsum efnum. Á áratuga ferli hefur Gluggasmiðjan aðlagað sínar vörur að íslenskum aðstæðum og veðurfari. Gluggasmiðjan byggir á reynslu, vörugæðum, öryggi og lipurri þjónustu.

**Helstu verkefni:**

- *Daglegur rekstur fyrirtækisins*
- *Þróun á skipulags- og ferlamálum fyrir framleiðsluna*
- *Undirbúningur og innleiðing umbóta í samráði við stjórn*
- *Markmiðasetning og eftirfylgni í rekstri*
- *Samningar við birgja, innlenda sem erlenda*

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- *Menntun sem nýtist í starfi*
- *Geta til að vinna sjálfstætt og í teymi*
- *Góð skipulags- og samskiptahæfni*
- *Þekking á vöruþróun og vörustjórnun er kostur*
- *Stjórnunarreynsla*
- *Geta til að koma frá sér ræðu og riti á ensku og íslensku*
- *Drifkraftur og þrautseigja*

**Nánari upplýsingar:**

Starfsferilskrá ásamt kynningabréfi óskast send á **umsokn@reir.is**. Nánari upplýsingar um starfið veitir Rannveig Eir Einarsdóttir (**rannveig@reir.is** / gsm 896-9591).

Umsóknarfrestur er til og með **16. desember 2018.**

**Gluggasmiðjan**

Viðarhöfða 3 • 577 5050 • gluggasmidjan.is

# SKÓLAÞJÓNUSTA RANGÁRVALLA- OG VESTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU AUGLÝSIR LAUST STARF SÁLFRÆÐINGS Í LEIK- OG GRUNNSKÓLUM.

Staða sálfræðings hjá Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu er laus til umsóknar. Um er að ræða 80 -100% stöðu sem ráðið verður í til eins árs, til að byrja með.
Starfsstöðin er á Hvolsvelli þar sem sálfræðingur vinnur í þverfaglegu samstarfi með öðrum sérfræðingum, leikskólaráðgjafa, kennsluráðgjafa grunnskóla og náms- og starfsráðgjafa. Á svæðinu eru fimm leikskólar og fimm grunnskólar með u.þ.b. 780 börnum.

Viðkomandi þarf helst að geta hafið störf um áramótin, eða eftir samkomulagi.

**Starfssvið sálfræðings**

- Ráðgjöf, stuðningur og fræðsla til foreldra barna og starfsfólks leik- og grunnskóla.
- Þverfaglegt samstarf við aðra sérfræðinga innan og utan stofnunarinnar og seta í teymum um einstök börn innan skólanna.
- Sálfræðilegar athuganir og greiningar á börnum, ráðgjöf í kjölfar greininga og eftirfylgd mála.
- Þátttaka í fræðslufundum og námskeiðahaldi fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Sálfræðimenntun og réttindi til að starfa sem sálfræðingur.
- Frumkvæði, ábyrgð og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Færni í mannlegum samskiptum og þverfaglegu samstarfi.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands og Sambands ísl. Sveitarfélaga
**Umsóknarfrestur er til 20. desember nk.**
Umsóknir sendist í pósti á Skólaþjónusta Rang. og V-Skaft., Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli, eða í tölvupósti á netfangið edda@skolamal.is.
Með umsókn þarf að fylgja ferilsskrá um menntun og fyrri störf. Frekari upplýsingar veitir Edda G. Antonsdóttir forstöðumaður Skólaþjónustu í netfanginu (edda@skolamal.is) eða í síma 487-8107 / 862-7522.

Bandalag háskólamanna

# Sérfræðingur í kjara- og réttindamálum

Bandalag háskólamanna (BHM) óskar eftir að ráða sérfræðing í kjara- og réttindamálum til starfa. Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra BHM og krefst samvinnu við aðra sérfræðinga á skrifstofu BHM, auk mikilla samskipta við aðildarfélög bandalagsins.

Umsóknarfrestur
**9. desember**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.com/s/12150**

**Helstu verkefni:**
- Kjara- og réttindamál á vegum bandalagsins.
- Undirbúningur kjarasamninga og kjaraviðræðna.
- Verkefni á sviði jafnréttismála.
- Seta í nefndum/starfshópum fyrir hönd BHM.
- Hluti af sérfræðingateymi BHM.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi t.d. á sviði viðskiptafræði, hagfræði, félagsvísinda eða lögfræði.
- Kunnátta til að greina og miðla tölulegum upplýsingum með greinargóðum og skýrum hætti.
- Þekking og reynsla af málefnum stéttarfélaga og vinnumarkaðsmálum er krafa.
- Þekking og reynsla af kjarasamninga-stofnanasamningagerð og starfsmati er kostur.
- Geta til að vinna í hópi og hæfni til að leiða mál til lykta.

Bandalag háskólamanna (BHM) er heildarsamtök háskólamenntaðra á íslenskum vinnumarkaði, stofnað 23. október 1958. Innan vébanda þess starfa 26 aðildarfélög sem í eru um 13.500 félagsmenn. Hlutverk BHM er m.a. að semja um sameiginleg hagsmuna- og réttindamál félagsmanna samkvæmt umboði, vera aðildarfélögum til fulltingis við gerð kjarasamninga og standa vörð um hagsmuni félagsmanna gagnvart stjórnvöldum og löggjafarvaldi.

BHM er vinnustaður þar sem jafnrétti er haft að leiðarljósi.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

# Forstöðumaður útflutnings

Útflutningur er eitt af þremur meginsviðum Íslandsstofu ásamt sviðunum Áfangastaðnum og Fjárfestingum. Hlutverk sviðsins er að auka eftirspurn eftir íslenskum vörum og þjónustu hjá öllum útflutningsgreinum og greiða fyrir markaðssetningu og útflutningi, hvort sem er á vörum eða þjónustu og á sviði skapandi greina. Sviðið vinnur náið með atvinnulífinu og stjórnvöldum við að móta verkefni, kortleggja markaði, greina tækifæri og móta skilaboð út á markaði. Innan sviðsins eru þarfir og möguleikar hverrar útflutningsgreinar skoðaðar sem og mögulegar aðgerðir varðandi erlent markaðsstarf og hvernig Íslandsstofa getur stutt við þær.

Íslandsstofa leitar að metnaðarfullum einstaklingi í starf forstöðumanns útflutnings með ástríðu fyrir því að kynna og markaðsetja íslenskar vörur, þjónustu og skapandi greinar. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Umsóknarfrestur
**10. desember**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.com/s/12147**

**Starfssvið:**
- Leiða þjónustu Íslandsstofu við íslenskar útflutningsgreinar.
- Skipuleggja starfsemi sviðsins og móta þjónustu við einstakar atvinnugreinar og fyrirtæki.
- Verkefnastjórnun.
- Eiga frumkvæði að og leiða samskipti við fyrirtæki sem starfa að útflutningi og aðra hagaðila á því sviði.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Reynsla af stjórnun.
- Að minnsta kosti 5 ára reynsla af erlendu markaðs- og kynningarstarfi og útflutningi á vöru og/eða þjónustu.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku máli í ræðu og riti, önnur málakunnátta æskileg.

ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

Íslandsstofa er samstarfsvettvangur atvinnulífsins og stjórnvalda og hefur það hlutverk að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar með þróttmiklu starfi í þágu íslenskra útflutningsgreina. Íslandsstofa er sjálfseignarstofnun sem er rekin á einkaréttarlegum grunni með sjálfstæði fjárhagsábyrgð.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

**Ef þú ert með rétta starfið – erum við með réttu manneskjuna**

Capacent_

capacent.is

HÉÐINS HURÐIR

Héðinshurðir eru öflugt fyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og viðhaldi iðnaðar- og bílskúrshurða. Fyrirtækið var áður deild í Héðni hf til áratuga og hefur rótgróna stöðu á markaðnum. Héðinshurðir leggja metnað sinn í að útvega bestu lausnir sem bjóðast og fylgja þeim eftir með góðri þjónustu og öflugum varahlutalager.

# REKSTRARSTJÓRI

Héðinshurðir óska eftir að ráða rekstrarstjóra til starfa. Við leitum að harðduglegum stjórnanda sem tekur fullan þátt í daglegum störfum. Fyrir réttan mann býður starfið upp á mikla framtíðarmöguleika hjá traustu fyrirtæki.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Ábyrgð á daglegum rekstri
- Verkskipulagning
- Þjónustustjórnun og þátttaka í sölu
- Mótun á áframhaldandi þróun fyrirtækisins

**Menntun og hæfniskröfur**
- Menntun sem nýtist í starfinu
- Reynsla af rekstrarstjórnun æskileg
- Virk þátttaka í atvinnulífi mikill kostur
- Traust, framsýni og skipulagshæfileikar

**Nánari upplýsingar veitir:**
Þórir Þorvarðarson, thorir@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 10. des. nk.**
Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Reykjavíkurborg

# VILTU TAKA ÞÁTT Í AÐ MÓTA BARNAVERND TIL FRAMTÍÐAR?

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir öflugum, metnaðarfullum og framsýnum leiðtogum í störf skrifstofustjóra hjá Barnavernd Reykjavíkur. Um er að ræða ný stjórnunarstörf í kjölfar skipulagsbreytinga.

Leiðarljós Barnaverndar Reykjavíkur er að veita framúrskarandi þjónustu við börn og fjölskyldur í vanda. Hjá Barnavernd starfa hæfir sérfræðingar og lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun, forvarnir og vandaða málsmeðferð.

Barnavernd Reykjavíkur starfar í umboði barnaverndarnefndar Reykjavíkur en rekstur Barnaverndar heyrir undir velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

## Skrifstofustjóri skrifstofu ráðgjafar

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Stjórnunarleg og fjárhagsleg ábyrgð á starfsemi skrifstofunnar
- Ábyrgð á vinnslu barnaverndarmála og eftirfylgni með ákvörðunum barnaverndarnefndar
- Ábyrgð á ráðgjöf og þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra
- Forysta í stefnumótun og umbótastarfi
- Samskipti og upplýsingagjöf til fjölmiðla, stofnana og almennings

**Hæfniskröfur**
- Starfsréttindi í félagsráðgjöf og framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af stjórnun, breytingastjórnun og umbótastarfi
- Þekking á stjórnsýslu og skipulagi barnaverndarstarfs
- Hæfni og reynsla í miðlun upplýsinga

## Skrifstofustjóri skrifstofu stjórnsýslu

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Stjórnunarleg og fjárhagsleg ábyrgð á starfsemi skrifstofunnar
- Ábyrgð á undirbúningi mála fyrir barnaverndarnefnd
- Ábyrgð á lögfræðilegri ráðgjöf og stjórnsýslu barnaverndarstarfs
- Forysta í stefnumótun og umbótastarfi
- Samskipti og upplýsingagjöf til fjölmiðla, stofnana og almennings

**Hæfniskröfur**
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði, lögmannsréttindi æskileg
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af stjórnun, breytingastjórnun og umbótastarfi
- Þekking á stjórnsýslu og skipulagi barnaverndarstarfs
- Hæfni og reynsla í miðlun upplýsinga

**Upplýsingar veita:**
Áslaug Kristinsdóttir, aslaug@hagvangur.is
Katrín S. Óladóttir, katrin@hagvangur.is

Nánari upplýsingar um störfin veitir Hákon Sigursteinsson í síma 664-7752 og tölvupósti hakon.sigursteinsson@reykjavik.is

**Umsóknarfrestur er til og með 15. desember 2018.**

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf. Velferðarsvið kallar eftir sakavottorðum í samræmi við lög sem og reglur Reykjavíkurborgar.

Laun eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

Reginn hf. er íslenskt fasteignafélag sem fjárfestir í, leigir út og annast rekstur á atvinnuhúsnæði. Fasteignasafn Regins telur 121 fasteign og er heildarstærð safnsins um 370 þúsund fermetrar. Félagið er hlutafélag í dreifðu eignarhaldi og skráð í Kauphöll Íslands.

# FRAMKVÆMDASTJÓRI VIÐSKIPTA

Fasteignafélagið Reginn óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra viðskipta. Um nýtt starf er að ræða en leitað er að öflugum og kraftmiklum aðila sem er tilbúinn til að móta félagið áfram í samvinnu við forstjóra og aðra stjórnendur félagsins. Framkvæmdastjóri viðskipta heyrir beint undir forstjóra og situr í framkvæmdastjórn félagsins.

**Meðal verkefna**

- Tekur þátt í að móta, samræma og framkvæma viðskiptastefnu félagsins
- Leiðir teymisvinnu við nýfjárfestingar og umbreytingar á núverandi eignasafni
- Leiðir og stýrir samþættingu rekstrareininga sem snýr að viðskiptatækifærum þ.m.t. að leiða útleiguteymi félagsins
- Leiðir og stýrir lánamálum, fjármögnun og endurfjármögnun félagsins
- Samskipti við fjárfesta og fjármálastofnanir í tengslum við lánamál
- Staðgengill forstjóra

**Hæfniskröfur**

- Yfirgripsmikil reynsla af stjórnun úr atvinnulífinu
- Framúrskarandi þekking á sviði fjármála og reksturs fyrirtækja
- Háskólamenntun á sviði viðskipta-, hag- og/eða verkfræði eða sambærileg menntun
- Framhaldsmenntun æskileg
- Afburða góð samskiptafærni
- Góð tölvukunnátta
- Íslensku- og enskukunnátta

**Nánari upplýsingar veita:**
Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is
Gyða Kristjánsdóttir, gyda@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 11. desember 2018.**
Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**
Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

EFLING
STÉTTARFÉLAG



# SKJALASTJÓRI – NÝTT STARF

Efling stéttarfélag óskar eftir skjalastjóra. Um er að ræða nýtt starf og áhugavert tækifæri fyrir einstakling sem vill koma að þróun og innleiðingu nýs skjalastjórnunarkerfis. Starfið býður upp á fjölbreytt verkefni og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið**

- Ábyrgð og umsjón með þróun skjalastefnu og verklags við skjalastjórnun
- Umsjón með móttöku erinda og skjölun
- Umsjón með frágangi skjalasafns og eftirfylgni með skjalaskráningu
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsmenn um skjalavistun
- Skipulagning og framkvæmd fræðslu um skjalamál
- Ábyrgð á þróun rafræns skjalastjórnunarkerfis og upplýsingakerfa
- Önnur tengd verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, t.d. í bókasafns- og upplýsingafræði
- Þekking og reynsla af skjalastjórnun er skilyrði
- Reynsla af innleiðingu skjalastjórnunarkerfis er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði
- Góð samskiptahæfni og rík þjónustulund
- Frumkvæði, metnaður og nákvæmni í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

**Nánari upplýsingar veitir:**
Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 10. desember 2018.**

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



ÖFLUGUR

# MÆLINGAMAÐUR

MEÐ MEIRU



Köfunarþjónustan og Jarðfræðistofa K T óska eftir öflugum mælingamanni í fjölbreytt og lifandi starf. Saman reka þessir aðilar alhliða mælingadeild, búna nýjasta tækjabúnaði. Fyrirtækið flytur í nýjar bækistöðvar á næstunni, sérstaklega hannaðar undir starfssemina.

Markmið starfseminnar er að sækja fram á þessu sviði og verða öflugur aðili í mælingum meðal annars með fjárfestingum í nýjustu tækni. Við höfum meðal annars tekið að okkur verkefni í Grænlandi og Færeyjum.

**STARFSSVIÐ/ÁBYRGÐ**

- Dýptar- og landmælingar
- Úrvinnsla gagna
- ROV gagnaöflun
- Verkefnaöflun og tilboðsgerð
- Önnur tilfallandi verkefni
- Sveigjanlegur vinnutími

**HÆFNISKRÖFUR**

- Góður bakgrunnur í mælingum
- Skipstjórnarréttindi á 30 tonna bát æskileg
- Gott tengslanet
- Meirapróf æskilegt
- Góð tölvukunnátta æskileg
- Kunnátta í ensku

**EIGINLEIKAR**

- Nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Viðkomandi hefur bíl til afnota. Hann hefur umsjón með sérsmíðuðum mælingabáti, tvíbytnunni Kríunni. Áhugasamir sendi ferilskrá og meðmæli á hallgrimur@diving.is.
Varðandi frekari upplýsingar vinsamlega hafið samband við Hallgrím Ingólfsson á hallgrimur@diving.is
eða í síma +354 893 8303.

Köfunarþjónustan er á lista Creditinfo yfir Framúrskarandi fyrirtæki 2017 og 2018

Nýjasta stórverkefni okkar var björgun sementsskipsins Fjordvik í Helguvík.

kafari.is

KÖFUNARÞJÓNUSTAN EHF

Héðinsgata 1-3 | 105 Reykjavík | Sími 863 5699 | diving@diving.is

# VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?




## VAKTSTJÓRI FLUGVALLARÞJÓNUSTU REYKJAVÍKURFLUGVALLAR

Starfið felur í sér daglega verkstjórn á starfsemi flugvallarþjónustu, eftirlit og viðhald flugvallarmannvirkja og tækja, flugverndar-, björgunar- og slökkviþjónustu. Umsjón og framkvæmd snjóruðnings og hálkuvarna. Umsækjandi þarf að vera heilsuhraustur og kröfur eru gerðar til líkamlegs atgervis.

Nánari upplýsingar veitir Ingólfur Gissurarson flugvallarstjóri, **ingolfur.gissurarson@isavia.is**.

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af stjórnun er kostur
- Meirapróf er skilyrði og vinnuvélapróf er kostur
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Góð tölvukunnátta og gott vald á íslenskri og enskri tungu
- Þekking á björgunar- og slökkviþjónustu er æskileg

Vegna kröfu reglugerðar um flugvernd þurfa umsækjendur að fylla út og skila inn umsókn vegna bakgrunnsskoðunar lögreglu og vera með hreint sakavottorð. Nánari upplýsingar er að finna á isavia.is.

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið. Isavia hefur hlotið gullmerki PwC fyrir launajafnrétti og hvetjum við bæði konur og karla til að sækja um þau störf sem í boði eru.

STARFSSTÖÐ: **REYKJAVÍK**

UMSÓKNARFRESTUR: **16.DESEMBER**

UMSÓKNIR: **ISAVIA.IS/ATVINNA**

ISAVIA

ÖSSUR®
LIFE WITHOUT LIMITATIONS



# VILTU VINNA Í ALÞJÓÐLEGU UMHVERFI?

## Framleiðslustjóri

Össur leitar að öflugum, metnaðarfullum og drífandi einstaklingi til að leiða eina af framleiðslulínum fyrirtækisins. Viðkomandi verður hluti af stjórnunarteymi framleiðslunnar á Íslandi sem samanstendur af öðrum framleiðslustjórum og ábyrgðarmönnum stoðdeilda.

### STARFSSVIÐ

- Ábyrg(ur) fyrir rekstri deildar
  - Öryggi starfsmanna
  - Gæði vara
  - Afhendingar
  - Kostnaður
- Stjórnun og stefnumótun
- Uppbygging metnaðarfullra teyma
- Stöðugar umbætur ferla
- Þátttaka við innleiðingu nýrra vara

### HÆFNISKRÖFUR

- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. verk- eða tæknifræði
- 5 ára starfsreynsla
- Stjórnunarreynsla er kostur
- Leiðtogahæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og opin(n) fyrir nýjungum
- Þekking á straumlínustjórnun (e. Lean Manufacturing) er kostur
- Framúrskarandi enskukunnátta

## Innkaupafulltrúi

Össur leitar að drífandi og talnaglöggum innkaupafulltrúa í innkaupadeild. Starfið er í alþjóðlegu umhverfi með samskiptum við starfsstöðvar Össurar og birgja í öðrum löndum.

### STARFSSVIÐ

- Innkaup á vörum frá Asíu til starfsstöðva Össurar
- Samskipti við birgja, flutningsfyrirtæki og aðrar starfsstöðvar
- Umsjón með innkaupapöntunum og móttökum

### HÆFNISKRÖFUR

- Nákvæmni, þjónustulund og talnagleggni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð enskukunnátta
- Starfsreynsla sem tengist innkaupum, innflutningi og/eða tollun er kostur
- Þekking á Navision eða öðrum ERP kerfum er kostur

## Verkefnastofns- og verkefnastjóri

Global Program Management Office er ein af þremur verkefnastofum Össurar og keyrir stóra alþjóðlega verkefnastofna (e. Programs) og verkefni sem öll styðja við stefnu og vöxt fyrirtækisins. Við erum að leita að sjálfstæðum og metnaðarfullum einstaklingum til að slást í hópinn.

### STARFSSVIÐ

- Stýring verkefnastofna (e. Program)/verkefna
- Stýring á umfangi og afurðum
- Ætlanagerð (tími, kostnaður, fólk og árangursmælikvarðar)
- Samskipti við hagsmunaaðila og upplýsingagjöf
- Stýring alþjóðlegra verkefnateyma
- Eftirfylgni, skýrslugerð og skjölun
- Breytingastjórnun
- Þátttaka í þróun og aðlögun verkfærakistu verkefnastofu

### HÆFNISKRÖFUR

- Hagnýt háskólamenntun
- 5 ára starfsreynsla
- Alþjóðleg vottun í verkefnastjórnun, PMI eða IPMA B eða C er kostur
- Leiðtogahæfileikar og aðlögunarhæfni
- Afburða samskiptahæfileikar
- Greiningarhæfni og tölulæsi
- Framúrskarandi enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 10. desember 2018.
Sótt er um störfin á vef Össurar, ossur.is/mannaudur. Athugið að velja viðeigandi starf.
For English version please see the above webpage.
Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.

JAFNLAUNAMERKIÐ

2018
Framúrskarandi fyrirtæki

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja.
Hjá félaginu starfa um 3.500 manns í 25 löndum.
Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.

WWW.OSSUR.COM

# ÞJÓNUSTUSTJÓRI

**Umsóknarfrestur er til 5. desember 2018**
**Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið**

ELKO er að leita að framsæknum og drífandi leiðtoga í starf þjónustustjóra. Í ELKO starfar fjöldi hæfileikaríkra og skemmtilegra einstaklinga sem öll vinna að því markmiði að gera viðskiptavini okkar ánægða og ná settum markmiðum. Við viljum halda því áfram með því að fá til okkar metnaðarfullan leiðtoga til að halda áfram því mikilvæga starfi.

Í ELKO viljum við hafa hæfileikaríka stjórnendur. Við teljum að góður leiðtogi sé sá sem tekst að búa til vellíðan á vinnustað með jákvæðu og uppbyggilegu starfsumhverfi. Verkefni stjórnanda er að ná því besta fram hjá starfsfólki sem skilar sér í góðri þjónustu til viðskiptavina okkar. Sem þjónustustjóri yrðir þú hluti af framkvæmdastjórn ELKO sem ber ábyrgð á rekstri félagsins ásamt mótun og framkvæmd stefnu þess.

**Starfslýsing:**
- Ábyrgð á upplifun og hámörkun þjónustustigs
- Ábyrgð á mótun og framkvæmd þjónustustefnu
- Skipulag og framkvæmd fræðslu til starfsfólks tengt þjónustu
- Skipulagning og samhæfing þjónustuferla
- Ábyrgð á rekstri þjónustusviðs
- Birgðastýring og kostnaðareftirlit
- Ábyrgð á að þjónustumarkmið náist

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leiðtogahæfileikar og menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnunarstörfum og mannaforráðum
- Góður rekstarskilningur og skipulögð vinnubrögð
- Frábærir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Frumkvæði og árangursdrifni
- Tölvukunnátta til að leysa dagleg verkefni í Outlook, Excel og Navision

ELKO starfrækir vottað jafnlaunakerfi og hefur skuldbundið sig til að greiða jöfn laun fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.

Nánari upplýsingar um störfin og umsóknarferli má finna á vef ELKO, elko.is/storf

JAFNLAUNAVOTTUN 2018 - 2021

ELKO

# Brunavarnir A-Hún

## auglýsa starf slökkviliðsstjóra

Brunavarnir A-Hún., auglýsir starf slökkviliðsstjóra laust til umsóknar. Meðal verkefna slökkviliðsstjóra eru m.a. rekstur slökkviliðs, menntun og æfingar slökkviliðsmanna, ásamt eldvarnareftirliti sveitarfélaganna og öðru því er snýr að rekstri slökkviliðs A-Hún. Slökkviliðsstjóri er æðsti yfirmaður slökkviliðsins og stjórnar því æfingum og útköllum og starfar undir stjórn Brunavarna A-Hún. Slökkvilið A-Hún, er staðsett á Blönduósi og sinnir Blönduósbæ og Húnavatnshreppi en um þau sveitarfélög liggur einnig þjóðvegur nr 1.

Um er að ræða hlutastarf, samkvæmt nánara samkomulagi 60% (-100%) og verður leytast við að finna starf á móti, sem fellur að starfskyldum slökkviliðsstjóra, samhliða ráðningunni, ef við á.

Umsækjendur skulu uppfylla ákvæði í 15. og 17. grein laga nr. 75/2000 um brunavarnir. Auk þess er krafist reynslu/árangurs í stjórnun og mannaforráðum og hæfni í mannlegum samskiptum. Þá þarf viðkomandi að vera löggiltur slökkviliðsmaður með a.m.k. árs starfsreynslu eftir löggildingu eða hafa háskólamenntun með sérmenntun í brunamálum. Allar nánari upplýsingar um starfið veita, Hjálmar Björn Guðmundsson, formaður stjórnar Brunavarna, í síma 843 0016 eða Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri í síma 860 6770. **Umsóknarfrestur er til og með 16. desember 2018,** og skal senda umsóknir á Blönduósbær, Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduósi, merkt: *"Slökkviliðsstjóri – Brunavarnir A-Hún"*, eða á netfangið: valdimar@blonduos.is .

# VERKEFNASTJÓRNUN

Sólar ehf. óskar eftir að ráða öflugan liðsmann til starfa hjá félaginu. Viðkomandi mun vinna að verkefnum þvert á deildir. Við leitum að jákvæðum og skipulögðum liðsmanni til að sinna ýmsum spennandi verkefnum s.s. verkefnastjórnun vegna hugbúnaðarþróunar, vinnu við stærri útboð, aðstoð við söludeild ásamt verkefnum tengdum gæðakerfi félagsins.

Við höfum verið í örum vexti undanfarin ár og ætlum að halda áfram að vaxa. Okkur vantar því til liðs við okkur starfsmann sem er tilbúinn að takast á við þær áskoranir sem fylgja vexti fyrirtækisins og er reiðubúinn að axla aukna ábyrgð.

**Starfssvið/verkefni:**
- Verkefnastjórnun
- Aðstoð við hugbúnaðarþróun
- Vinna vegna útboða
- Aðstoð við útreikning stærri verkefna
- Framlegðareftirlit
- Vinna vegna gæðakerfis

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla tengd hugbúnaðarþróun er æskileg
- Tölvufærni / Excel-kunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

Viðkomandi þarf að hafa gilt bílpróf.
Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

**Vinsamlegast skilið inn umsóknum ásamt ferilskrá á www.hagvangur.is**
**Upplýsingar veitir** Rannveig J. Haraldsdóttir, rannveig@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 16. desember 2018**

Sólar er eitt stærsta þjónustufyrirtæki landsins. Við erum sérhæfð í ræstingum og tengdri þjónustu við hótel, fyrirtæki og stofnanir. Hjá okkur starfa rúmlega 330 frábærir starfsmenn og við leggjum áherslu á að vera góður vinnustaður þar sem starfsfólk á þess kost að vaxa í starfi. Sólar er aðili að Stjórnvísi, félagi um framsækna stjórnun, Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð og UN Global Compact. Þá höfum við síðustu ár verið meðal framúrskarandi fyrirtækja Creditinfo.

HAGVANGUR

SÓLAR

# Bæjarritari

Sveitarfélagið Vogar er staðsett á Suðurnesjum, u.þ.b. miðja vega milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurflugvallar. Suðurnesin eru í mikilli sókn og örum vexti. Íbúar sveitarfélagsins eru nú um 1.300 talsins, og hefur fjölgað talsvert undanfarið. Talsverð uppbygging á sér nú stað í sveitarfélaginu, og búist við áframhaldandi vexti næstu ár. Rekstur sveitarfélagsins er í ágætu jafnvægi og efnahagurinn stendur vel.

***Sveitarfélagið auglýsir nú laust til umsóknar nýtt starf bæjarritara.***

Bæjarritari hefur yfirumsjón með fjármálum bæjarsjóðs og stjórnsýslu sveitarfélagsins, auk þess að vera staðgengill bæjarstjóra.

**Verksvið:**
- Umsjón og ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins
- Umsjón með að stjórnsýsla sveitarfélagsins sé samkvæmt lögum, reglum og stefnumörkun bæjaryfirvalda.
- Bæjarritari er ritari bæjarráðs og bæjarstjórnar.
- Undirbúningur og umsjón með gerð fjárhagsáætlana
- Önnur verkefni sem bæjarstjóri felur bæjarritara umsjón með

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun (meistaragráða) er kostur.
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Reynsla af þátttöku í stefnumótandi áætlanagerð og gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana
- Reynsla og þekking á sviði verkefnastjórnunar.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Geta til að sýna frumkvæði og rík skipulagshæfni
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi BHM félags. Ráðið er í starfið frá og með 1. janúar 2019.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ásgeir Eiríksson bæjarstjóri, netfang asgeir@vogar.is
**Umsóknarfrestur er til 12. desember 2018**, og skal þeim skilað á netfangið skrifstofa@vogar.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað þegar gengið hefur verið frá ráðningu.

## Tanntæknir óskast til starfa

Laus til umsókar staða tanntæknis á tannlæknastofu í austurbæ Reykjavíkur.
Um er að ræða 50-100% starf eða eftir nánari samkomulagi.

**Umsóknir sendist á Perio@simnet.is**

## SORPA auglýsir eftir starfsfólki í móttöku- og flokkunarstöð í Gufunesi og á endurvinnslustöð

SORPA
ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM

- **Í starfi almenns starfsmanns** felst afgreiðsla til viðskiptavina, dagleg umhirða og þrif stöðvar. Móttaka og leiðsögn til viðskiptavina, mat á stærð og eðli farms auk aðstoðar við flokkun.
- **Í starfi vélarmanns í móttökustöð** felst vinna á stórum vinnuvélum, tilfærsla og flutningur á förmum og flokkun á gólfi ásamt öðrum tilfallandi störfum. Sjá um þrif og umhirðu á vélum. Viðkomandi þarf að hafa vinnuvélaréttindi á gröfu og hjólaskóflu.

Um vaktavinnu er að ræða á báðum stöðvum:
100% starfshlutfall á dagvinnutíma í móttöku- og flokkunarstöð en um 85 % starfshlutfall með helgarvinnu á endurvinnslustöð.

Leitað er að starfsmanni sem hefur góða hæfni í mannlegum samskiptum, ríka þjónustulund og lipra framkomu. Snyrtimennska og gott vald á íslensku er skilyrði.

Reynsla af afgreiðslu- og þjónustustörfum er kostur.
Áhugi og/eða þekking á umhverfismálum er kostur.

**Umsóknarfrestur er til 15. desember.**

Umsóknir berist á **www.sorpa.is/storf**

GRINDAVÍKURBÆR

## STAÐA UMSJÓNAMANNS GRÆNNA- OG OPINNA SVÆÐA

Laus er til umsóknar staða umsjónarmanns grænna- og opinna svæða hjá Grindavíkurbæ. Leitað er að metnaðarfullum og traustum einstaklingi sem hefur áhuga á fjölbreyttum verkefnum. Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um starfið. Starfshlutfall er 100%.

**Verksvið og ábyrgð**

- Starfsmaður er umsjónamaður grænna- og opinna svæða í bæjarfélaginu.
- Yfirumsjón og viðhald með öllum leiktækjum í bænum og á lóðum stofnana.
- Verkefnastjóri Vinnuskóla.
  o Samskipti og verkstýring barna og unglinga.
- Áætlunargerð og skipulagning.
- Viðhald með götugögnum.
- Umsjón með efnislosun og sorphirðu í bæjarlandinu auk ýmissar þjónustu við bæjarbæjarbúa.
- Umsjón með jóla- og áramótaskreytingum.
- Bakvaktir skv. Bakvaktakerfi Þjónustumiðstöðvar
- Öll tilfallandi störf í þjónustumiðstöð, m.a. afleysingar á þjónustubifreið, snjómokstur o.s.frv.

**Hæfniskröfur**

- Þekking, sem og reynsla, á gróðri og plöntum nauðsynleg.
- Bílpróf er nauðsynlegt.
  o D eða d1 ökuréttindi er kostur.
- Reynsla með vinnu barna og unglinga.
- Frumkvæmi, metnaðar og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Tölvukunnátta í outlook, word og excel.
- Vinnuvélaréttindi (J og I) er kostur.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Rík þjónustulund við íbúa bæjarins.
- Menntun í Skrúðgarðyrkjufræðum er kostur.
- Hreint sakavottorð skilyrði.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags við Sambands Íslenskra sveitafélaga.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. desember nk.**

Senda skal umsókn og starfsferilsskrá á Sigurð R. Karlsson, yfirmann Þjónustumiðstöðvar á Siggigh@grindavik.is, nánari upplýsingar í síma 660-7302 frá 07:00 til 17:00 og til 12:00 föstudaga

## LAUNA- OG MANNAUÐSFULLTRÚI

Valitor er traust og framsækið þekkingarfyrirtæki á sviði greiðslumiðlunar og greiðslulausna, sem er stöðugt að skapa nýjar lausnir fyrir viðskiptavini sína.

Hjá Valitor starfa yfir 400 manns í þremur löndum og ber mannauðsdeild Valitor ábyrgð á mannauðsstefnu fyrirtækisins.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

- Launaútreikningur og launavinnsla fyrir Valitor á Íslandi
- Skráning á starfsmannatengdum upplýsingum
- Ýmis tilfallandi launa- og mannauðstengd verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Stúdentspróf
- Reynsla af launavinnslu
- Færni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku í rituðu og töluðu máli

Hægt er að kynna sér starfið nánar og fylla út umsókn á **valitor.is**

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 14. desember 2018.
Nánari upplýsingar veitir Stefán Ari Stefánsson, mannauðsstjóri, sími 525 2000.

VALITOR



## Ert þú ekki örugglega að leita að okkur?

*Leikskólinn Hjalli í Hafnarfirði auglýsir eftir leikskólakennara eða annarri háskólamenntaðri manneskju til starfa sem fyrst.*

Við leitum að jákvæðum og lífsglöðum einstaklingum sem eru tilbúnir að tileinka sér starfshætti Hjallastefnunnar af gleði og kærleika.
Viðkomandi þarf að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og hafa áhuga á jafnrétti og lýðræði í leikskólastarfi.
Starfsfólk er í fríu fæði allan vinnudaginn og komið er til móts við séróskir um mataræði.

Um er að ræða framtíðarstarf.

*Leikskólinn Hjalli býður upp á einstaklega gott starfsumhverfi á afar fallegum stað í Hafnarfirði. Leikskólinn er nú í tilraunaverkefni um styttingu vinnudags með það að leiðarljósi að aðstoða starfsfólk við að auka lífsgæði sín. Starfsfólk hefur því styttri viðveru með börnum í 100% starfi sem tryggir aukna orku og gleði í starfi með börnum sem og í einkalífi.*

*Hafir þú áhuga á að sækja um, farðu þá inn á vef skólans hjalli.hjalli.is og veldu Starfsumsókn.*
*Nánari upplýsingar á hjalli@hjalli.is eða síma 565-3060.*

Hjallastefnan

Reykjavíkurborg
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

# Verkefnastjóri fasteigna

**Reykjavíkurborg óskar eftir að ráða framsýnan og metnaðarfullan einstakling til starfa á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar en þar starfa 14 einstaklingar og er skrifstofan staðsett í Ráðhúsi Reykjavíkur.**
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar annast eignaumsýslu Reykjavíkurborgar og fylgir eftir gildandi stefnum um skipulag, þróun atvinnusvæða og atvinnuuppbyggingu sem hluta af heildstæðri og sjálfbærri borgarþróun. SEA gerir samning við umhverfis- og skipulagssvið (USK) um verklegar framkvæmdir fjárfestingaákvarðana og ýmis eignaumsýsluverkefni.

**Helstu verkefni:**
- Áætlanagerð vegna fasteigna.
- Þátttaka í gerð fjárfestingaáætlana.
- Greining viðhaldsverkefna.
- Umsjón með gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana.
- Samskipti við íbúa, verkfræðistofur og verktaka og svara fyrirspurnum og erindum.
- Samstarf við Umhverfis- og skipulagssvið um fjármögnunar- og framkvæmdaáætlanir.
- Taka þátt í stjórnun ýmissa tilfallandi verkefna deildar og eftirfylgni þeirra.
- Margvísleg verkefni tengd stefnumótun, þróun byggingar- svæða og uppbyggingu fasteigna.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólagráða í byggingaverkfræði eða byggingartæknifræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi. Framhaldsgráða er kostur.
- Þekking og reynsla af viðhaldi og rekstri fasteigna.
- Reynsla af faglegri verkefnastjórnun.
- Reynsla af gerð starfsáætlana og fjárhagsáætlanagerð er kostur.
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi.
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti
- Hagnýt tölvukunnátta og geta til að vinna undir álagi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðeigandi stéttarfélag

**Umsóknarfrestur er til og með 18. desember 2018.**

**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf**

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Nánari upplýsingar um starfið veita Óli Jón Hertervig skrifstofustjóri í gegnum tölvupóstfangið oli.jon.hertervig@reykjavik.is og Ragnhildur Ísaksdóttir starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar í gegnum tölvupóstfangið ragnhildur.isaksdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# RÉTTINGAMEISTARI ÓSKAST

Öflugt Sprautu og réttingaverkstæði á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir réttingameistara til starfa.
Góð laun í boði fyrir réttan mann. Einungis faglærður kemur til greina. **Nánari upplýsingar í síma 693-7777 eða 822-5277 spráutun@sprautun.is**

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Sérfræðingur

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á skrifstofu lífskjara og vinnumála. Meginhlutverk skrifstofunnar er að taka þátt í mótun stefnu stjórnvalda á málefnasviði skrifstofunnar. Enn fremur er skrifstofunni ætlað að hafa yfirsýn yfir framkvæmd stefnu stjórnvalda og fylgja henni eftir m.a. með gerð lagafrumvarpa, þingsályktunartillagna og reglugerða ásamt þátttöku í nefndarstörfum innanlands og erlendis. Lögð er áhersla á gott samráð og samstarf við stofnanir og hagsmunaaðila á málefnasviðum skrifstofunnar.

Meginhlutverk skrifstofu lífskjara og vinnumála er að móta stefnu stjórnvalda á sviði almannatrygginga, húsnæðismála, fjármála heimilanna, vinnuverndar og vinnumála, þar á meðal starfsendurhæfingar. Markmiðið er að sem flestir fái notið sín í íslensku samfélagi óháð efnahag og aðstæðum að öðru leyti.

Um er að ræða fullt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á ögð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi æskileg.
- Reynsla og þekking á starfsendurhæfingu, vinnumarkaði, almannatryggingum eða sambærilegum verkefnum/störfum.
- Reynsla og færni í miðlun og framsetningu á efni.
- Jákvæðni, lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum, skipulagshæfni og hæfni til að vinna í teymi.
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð kunnátta í ensku skilyrði og vald á einu Norðurlandamáli er kostur.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðs hafa gert. Ráðuneytið hvetur áhugasama einstaklinga, án tillits til kyns, að sækja um. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 17. desember 2018. Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Umsóknir skulu fylltar út á Starfatorgi. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

Nánari upplýsingar veitir
Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, skrifstofustjóri, hanna.sigrdur.gunnsteinsdottir@vel.is
og Ágúst Þór Sigurðsson, staðgengill skrifstofustjóra, agust.thor.sigurdsson@vel.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar tekin hefur verið ákvörðun um ráðningu.

*Velferðarráðuneytinu, 1. desember 2018.*

JAFNLAUNAVOTTUN 2017 - 2020

# Sendiskrifstofa Grænlands í Reykjavík leitar eftir ritara/verkefnastjóra

NAALAKKERSUISUT
GOVERNMENT OF GREENLAND

**Sendiskrifstofa Grænlands leitar eftir kraftmiklum ritara/fulltrúa til að sinna bókhaldi og starfi ritara. Starfsbyrjun er samkomulag.**

**Starfsmaður skal m.a. sinna eftirfarandi verkefnum:**
- Reikningsskil,- og bókfærslu á fjárhagsáætlun umboðsins
- Skjöl – og skjalavistun sem og vinnu með meðhöndlun pósts
- Stjórnunarlegum samskiptum við opinbert yfirvald á Íslandi sem og á Grænlandi
- Skipulagning dagskráa fyrir skemmtanir og heimsóknir í Reykjavík og á Íslandi í sambandi við aðra starfsmenn sendiskrifstofunnar.
- Samvinna um samskiptaáætlun við utanríkisráðuneytið vegna heimsóknar til Grænlands
- Upplýsingaleit, ferðapantanir og önnur tilfallandi og hagnýt verkefni
- Veita lið við almenna málsmeðferð og verkefnavinnu, m.a.: Fundargerðir, svara fyrirspurnum, skipuleggja margvíslega atburði, vinna við markaðsgreiningu, skrifa skýrslur og annað upplýsandi efni, sinna þýðingum sem og viðhaldi á heimasíðu, uppfærslu á samfélagsmiðlum, o.s.frv.

**Hæfni**
- Vænst er af umsækjanda að hann hafi viðeigandi menntun og/eða reynslu innan áðurnefndra sviða
- Gengið er út frá að viðkomandi tali og skrifi reiprennandi íslensku og ensku. Önnur tungumál eins og grænlenska, danska og skandinavíska er kostur
- Hafa áhuga á Grænlandi og grænlenskum málefnum

Staðan felur í sér að starfsmaðurinn vinni sjálfstætt og kerfisbundið, og geti unnið með öðrum sama hverrar stöðu viðkomandi gegnir og þvert á menningu. Starfsmaðurinn verður að geta meðhöndlað mikið upplýsingaflæði og m.a. hafa ábyrgð á reikningsskilum sendiskrifstofunnar, vinna með skjöl og taka á móti gestum og sinna þeim.

Sendiskrifstofa Grænlands í Reykjavík hefur verið starfandi síðan í október 2018 og er til húsa í miðborg Reykjavíkur. Skrifstofuna er verið að byggja og góð samvinna verður að vera á milli verðandi starfsmanns og yfirmann sendiskrifstofunnar. Sendiskrifstofan saman stendur í þessum skrifuðu orðum af yfirmanni sendiskrifstofunnar og síðar meir af ritara/verkefnastjóra sem og lærlingi.

Í daglegri vinnu okkar metum við til mikils fagmennsku sem krydduð er með sveigjanleika og húmor sem okkur finnst vera mikilvægir eiginleikar í litlu og faglegu umhverfi. Það verða töluð mörg tungumál á vinnustaðnum, þar á meðal grænlenska, því er viðeigandi að hafa áhuga á Grænlandi.

**Laun og ráðningarskilmálar**
Vinnutími er 37 tímar á viku. Vinnuveitandi er opinber sendiskrifstofa og því getur vinnutíminn verið svolítið lengri hverja viku. Ráðið er í stöðuna með 5 mánaðar reynslutíma. Laun og ráðningarskilmálar er í samræmi við ráðningu Sendiskrifstofu Grænlands í Reykjavík sem og í samráði við gildandi samning viðkomandi samningsaðila á Íslandi.

Frekari upplýsingar um starfið er að fá hjá yfirmanni umboðsins, Jacob Isbosethsen, í síma: +354 6655610, tölvupóstfang: *jsis@nanoq.gl*

Áhugasamir umsækjendur skulu senda inn afrit af prófskírteinum, upplýsingum um fyrri störf, o.s.frv. til:

*jsis@nanoq.gl*
*Sendiskrifstofa Grænlands í Reykjavík*
*Túngata 5*
*101 – Reykjavík*
*Ísland*
*Fyrirsögnin í tölvupóstinum skal vera „ansøgning stillingsopslag sekretær".*

**Umsóknina skal senda til Sendiskrifstofu Grænlands eigi síðar en 22. desember 2018.**

# LAUS STÖRF
## HJÁ HAFNARFJARÐARBÆ

**Fjölskylduþjónusta**
» Matráður í mötuneyti eldri borgara
» Framtíðarstarf hjá stoðþjónustudeild
» Félagsráðgjafi í barnavernd

**Grunnskólar**
» Frístundaleiðbeinandi - Áslandsskóli
» Kennari í íslensku og dönsku - Setbergsskóli
» Frístundaleiðbeinandi - Víðistaðaskóli

**Málefni fatlaðs fólks**
» Starfsmaður á heimili fatlaðs fólks í sjálfstæðri búsetu
» Tilfallandi afleysingar - Lækur, athvarf fyrir geðfatlaða
» Hlutastarf Smárahvammi
» Spennandi starf á Svöluhrauni

**Leikskólar**
» Leikskólakennari - Álfasteinn
» Leikskólakennari - Hlíðarberg
» Leikskólakennari - Hlíðarendi
» Leikskólakennari - Hraunvallaskóli
» Þroskaþjálfi - Hraunvallaskóli
» Deildarstjóri - Hraunvallaskóli
» Leikskólakennari - Hvammur
» Sérkennslustjóri - Hvammur
» Leikskólakennari - Stekkjarás
» Þroskaþjálfi - Víðivellir
» Leikskólakennari - Víðivellir

JAFNRÉTTISVIÐURKENNING JAFNRÉTTISRÁÐ 2017

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**

JAFNLAUNAMERKIÐ

HAFNARFJÖRÐUR

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is

---

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Staða leikskólastjóra við leikskólann Stakkaborg

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Stakkaborg lausa til umsóknar.**

Stakkaborg er þriggja deilda leikskóli við Bólstaðarhlíð í Reykjavík. Leiðarljós leikskólans eru gleði, hreyfing og vinátta. Við skólann er stórt og gott leiksvæði og sérstök aðstaða er fyrir yngstu börnin. Áhersla er lögð á frjálsan leik, opinn efnivið, hreyfingu, útikennslu, vettvangsferðir og flæði. Unnið er með lýðræði í leikskólastarfinu þar sem börnin tjá skoðanir sínar, hafa áhrif á hvaða verkefni eru í boði og geta valið og hafnað. Markvisst er unnið með læsi, mál og málörvun og með Könnunarleikinn með yngstu börnunum. Gott samstarf er við foreldra og grenndarsamfélagið, börnin fara reglulega í heimsóknir til eldri borgara og á bókasafnið og samvinna er við grunnskóla og leikskóla í hverfinu.

**Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarf í Stakkaborg.**

**Meginhlutverk leikskólastjóra er að:**
- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

**Ráðið verður í stöðuna frá 1. mars 2019. Umsóknarfrestur er til og með 17. desember 2018.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111.
Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---



# VIÐSKIPTASTJÓRI

**Við leitum að öflugum og skipulögðum einstaklingi sem býr yfir jákvæðni og afar góðri hæfni í mannlegum samskiptum í samhent teymi okkar í viðskiptaþjónustu. Viðskiptastjóri er tengiliður okkar við viðskiptavini og er starfið og starfsumhverfið fjölbreytt og lifandi þar sem bregðast þarf við auknum kröfum í síbreytilegu viðskiptaumhverfi.**

## Menntunar- og hæfniskröfur
- Iðnaðarverkfræði eða sambærilegt tækninám sem nýtist í starfi
- Áhersla á viðskipti eða verkefnastjórnun er kostur
- Jákvæðni og samskiptahæfni
- Frumkvæði og lausnamiðuð hugsun
- Tæknileg þekking á sviði raforku kostur
- Framúrskarandi hæfni til að vinna í teymi

## Starfssvið
- Verkefnastýring erinda og verkefna, funda og þjónustu við viðskiptavini
- Þróun þjónustu við viðskiptavini
- Skipulag á stafrænni upplýsingagjöf til viðskiptavina
- Þjónustumælingar
- Þátttaka í samningagerð og vöktun samninga

**Við hjá Landsneti leggjum áherslu á gott starfsumhverfi með spennandi verkefnum þar sem starfsfólk okkar hefur áhrif, nýtur stuðnings, fær góða þjálfun og hefur tækifæri til þróunar í starfi.**

Við flytjum raforku á Íslandi og stýrum uppbyggingu flutningskerfisins. Við sjáum fyrir okkur rafvædda framtíð sem er í takt við samfélagið og höfum sett okkur það markmið að tryggja örugga afhendingu á raforku til framtíðar. Við viljum taka tillit til þarfa samfélagsins á hverjum tíma og sýnum ábyrgð í umgengni við náttúruna. Við hjá Landsneti berum við umhyggju hvert fyrir öðru, tökum þátt í að skapa góðan vinnustað með spennandi verkefnum, með gildin okkar **– samvinnu, ábyrgð og virðingu – að leiðarljósi.**

**Umsóknarfrestur er til og með 1. janúar 2019.**
Nánari upplýsingar veita **Svandís Hlín Karlsdóttir,** yfirmaður viðskiptaþjónustu- og þróunar, og **Ólafur Kári Júlíusson** mannauðssérfræðingur, sími: 563-9300, netfang: **mannaudur@landsnet.is** Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Landsnets, www.landsnet.is. Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

LANDSNET

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

60 ÁRA 2016



REYKJAFELL

## Sölumaður á lýsingasviði

Reykjafell · Sími 588 6000 reykjafell.is

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir að ráða sölumann á lýsingasvið okkar. Leitum að stundvísum, áreiðanlegum og þjónustulunduðum einstaklingi sem vill vinna með góðri liðsheild.
Vinnutími er frá 08.00-17.00 og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

### Helstu verkefni

- Sala á lýsingar- og rafbúnaði til rafverktaka, rafvirkja og fyrirtækja.
- Ráðgjöf til verkfræðistofa, arkitekta, rafverktaka, rafvirkja ofl. varðandi val á lýsingarbúnaði.
- Tilboðsgerð, pantanir, samskipti og tæknilegar úrlausnir.
- Kynna vörur og lausnir til viðskiptavina.

### Menntun og hæfniskröfur

- *Rafvirkjamenntun eða hefur áhuga á lýsingu og vill afla sér nánari þekkingar.*
- *Framúrskarandi þjónustulund.*
- *Góð enskukunnátta.*
- *Metnaður til að takast á við krefjandi verkefni í spennandi umhverfi.*

Reykjafell hf er einn af stærstu innflutningsaðilum á sviði rafbúnaðar á Íslandi. Við erum framsækið fyrirtæki og leitum að starfsmönnum til að starfa með skemmtilegum hópi í krefjandi umhverfi.

- **Nánari upplýsingar veitir Ottó í síma 575 6626**
- **Umsóknir sendist á otto@reykjafell.is**

- **Allar umsóknir eru trúnaðarmál, og meðhöndlaðar skv. persónuverndarstefnu Reykjafells.**

2016 2018 Framúrskarandi fyrirtæki

LÝSING AFLDREIFING RAFLAGNIR IÐNSTÝRINGAR

GRINDAVÍKURBÆR

## STAÐA VERKAMANNS

Laus er til umsóknar staða verkamanns hjá Þjónustumiðstöð Grindavíkurbæjar. Leitað er að metnaðarfullum og traustum einstaklingi sem hefur áhuga á fjölbreyttum verkefnum. Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um starfið. Starfshlutfall er 50%.

**Verksvið og ábyrgð**

- Viðhald eigna eignasjóðs Grindavíkurbæjar.
- Þjónusta við stofnanir Grindavíkurbæjar.
- Tilfallandi vinnuvélavinna.
- Afleysing á þjónustubifreiðum Grindavíkurbæjar.
- Bakvaktir skv. bakvaktakerfi Þjónustumiðstöðvar.
- Öll tilfallandi störf í Þjónustumiðstöð t.d. snjómokstur o.s.frv.

**Hæfniskröfur**

- Bílpróf er nauðsynlegt.
  o D eða d1 ökuréttindi er kostur.
- Reynsla í trésmíði og viðhaldsvinnu er nauðsynleg.
- Frumkvæmi, metnaðar og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Tölvukunnátta í outlook, word og excel.
- Vinnuvélaréttindi (J og I) er kostur.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Rík þjónustulund við íbúa bæjarins.
- Hreint sakavottorð er skilyrði.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags við Sambands íslenskra sveitafélaga.

**Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 10. desember nk.**

Senda skal umsókn og starfsferilsskrá á Sigurð R. Karlsson, yfirmann Þjónustumiðstöðvar á Siggigh@grindavik.is, nánari upplýsingar í síma 660-7302 frá 07:00 til 17:00 og til 12:00 föstudaga



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY

# Forseti viðskiptadeildar

Háskólinn í Reykjavík leitar að metnaðarfullum einstaklingi með brennandi áhuga á að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu öflugrar viðskiptadeildar. Deildarforseti ber ábyrgð á rekstri deildarinnar og leiðir akademískt starf hennar.

**Leitað er að einstaklingi með:**

- Hæfni til að vinna að stefnumótun og uppbyggingu liðsheildar.
- Doktorspróf á sviði viðskiptafræði eða skyldra greina.
- Reynslu af stjórnun, rekstri og mannaforráðum.
- Reynslu af rannsóknum og kennslu á háskólastigi.
- Hagnýta reynslu úr atvinnulífi eða af samstarfi við atvinnulífið.
- Reynslu af alþjóðlegum vettvangi.

Innan viðskiptadeildar er fengist við kennslu og rannsóknir í viðskiptafræði, hagfræði og sálfræði. Boðið er upp á nám á BSc-, MSc- og PhD-stigi. Tvær námsbrautir við deildina hafa hlotið alþjóðlega gæðavottun og eru starfsmenn hennar í fremstu röð í rannsóknum. Tæplega 1000 nemendur stunda nám við deildina, fastir starfsmenn eru tæplega 40 talsins auk fjölda stundakennara.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Kristinn Jónsson, rektor (ari@ru.is), og Sigríður Elín Guðlaugsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs og gæða (sigridureg@ru.is).

Umsóknum skal skilað á vef Háskólans í Reykjavík, **radningar.hr.is**, fyrir **16. desember 2018**.
Farið er með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag með siðgæði, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi. Akademískar deildir háskólans eru fjórar: Lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfagleika, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu. Nemendur Háskólans í Reykjavík eru um 3600 í fjórum deildum og starfa um 250 fastir starfsmenn við háskólann auk fjölda stundakennara.

VATNSSKARÐSNÁMUR

Alexander Ólafsson ehf.

## Vélamenn óskast til starfa

Alexander Ólafsson ehf. óskar eftir að ráða vana vélamenn til starfa við efnisvinnslu í malarnámu okkar við Krísuvíkurveg.
Um er að ræða vinnu við mokstur á hjólaskólfu og á jarðýtu.
Um er að ræða framtíðarstörf.
**Umsóknarfrestur er til 15. desember 2018**

Umsókum skal skilað til Kristins Ólafssonar á netfangið kristinn@alexander.is eða hafa samband í síma S: 578-9300
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

---

HREINSITÆKNI

Hreinsitækni ehf. óskar eftir bifvéla- eða vélvirkja, vegna aukinna umsvifa, á verkstæði félagsins.

**HÆFNISKRÖFUR**
- Bifvéla- eða vélvirkjaréttindi.
- Hreint sakavottorð.
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.
- Stundvísi og reglusemi.
- Meirapróf og/eða minni vinnuvélaréttindi er kostur.
- Skrifa og tala íslensku er kostur.

Áhugasamir senda umsókn með ferilskrá fyrir 10. desember 2018 á netfangið postur@hrt.is

Öllum umsóknum verður svarað.

---

## HJÚKRUNARFORSTJÓRI

**Reykhólahreppur auglýsir stöðu hjúkrunar-forstjóra við hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð. Leitað er að kraftmiklum og met-naðarfullum einstaklingi með faglega sýn í öldrunarmálum. Um 100% starf er að ræða.**

**Starfssvið:**
- Fagleg forysta og ábyrgð á hjúkrunarþjónustu.
- Umsjón með og ábyrgð á fjármálum, rekstri og stjórnun heimilisins.
- Starfsmannamál, þ.m.t. umsjón með ráðningum og vaktaplönum.
- Hjúkrunarforstjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Barmahlíðar.

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Háskólagráða í hjúkrunarfræði.
- Framhaldsmenntun æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum er áskilin sem og hæfni til þess að vinna sjálfstætt og skipulega.
- Reynsla og þekking á vinnu með öldruðum æskileg.
- Þekking á RAI-mati.

**Umsóknarfrestur er til og með 21. desember n.k.**

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð er með 14 hjúkrunarrými og 2 dvalarrými og þar starfa 13 starfsmenn. Lagt er upp með að veita íbúum heimilisins ávallt bestu þjónustu á hverjum tíma og vera jafnframt aðlaðandi starfsvettvangur.

Húsnæði á staðnum í boði.

Nánari upplýsingar veitir hjúkrunarforstjóri í síma: 694-2386 eða sveitarstjóri í síma: 898-7460.

---

# TEMPO

## We are looking for extraordinary people to join our team

### Development Team Lead
Tempo is seeking an experienced Team Lead to join our growing development team in Reykjavík. If you are capable of providing a technical leadership to development teams and to foster professional growth and mentorship of team members, you might be the one we need.

### Senior Software Developer
Tempo is looking for a brilliant Senior Developer who is passionate about delivering quality work in our cutting edge tech stack. If you are capable of contributing to different layers of our architecture, experienced in Java and Python for the backend, and React JS for the frontend, you might be the one we are looking for.

### UI/UX Designer
Do you love designing great user experiences and solving real problems that people at work face every day? As a UI/UX Designer, you'll work closely with our product and engineering teams to design and develop solutions that resolve customers' issues. The work goes beyond making things pretty as you will have to use your understanding of users' needs and wants to guide your creativity.

### Product Manager
Tempo is looking to hire an amazing Product Manager and we are really hoping that this could be you! We're looking for someone passionate about building products to help Tempo achieve its mission. At Tempo, Product Managers own their initiatives end-to-end and are responsible for their ultimate success. This is a high impact role that is well suited to highly-collaborative people who are excited by the challenge of identifying, validating, building, and launching new products.

Apply here: **tempo.io/careers**

### ABOUT TEMPO
With headquarters in Reykjavik, Iceland and a North American presence in Montreal, Canada, Tempo develops sophisticated software solutions that help make work easier and more efficient for software companies, IT services and core business teams. Tempo has over 11,000 customers worldwide, ranging from small startups to the largest global enterprises including BMW, Pfizer, HomeAway, Hulu, Rolex, Disney and Oracle.

### GROWING COMPANY
**Fasteignasalan Fasteignaland sem er með skrifstofu í Faxafeni 10, 108 Reykjavík og Íslenska fasteignamiðlunin Efalius með skrifstofu í Torrevieja, Alicante verða með sameiginlega kynningu.**

Við kynnum nýjar og betri notaðar eignir í öllum verðflokkum m.a. frá Costa Blanca svæðinu eins og; Orihuela Costa, Torrevieja, Guardamar, Santa Pola, Alicante, Benidorm, Finestrat, Altea, Moraira, Javea og Denia.

Kynnum einnig það sem er að ske á Murcia svæðinu (Costa Calida) sunnan við Orihuela Costa sem er í miklum uppgangi.

Fyrir utan beina fasteigna kynningu þá útskýrum við m.a; kaupferlið, tryggingar á greiðslum, rétt og skyldur fasteignaeiganda á Spáni, nýjar reglur í sambandi við útleigu og sitthvað fleira. Það spyrjið og við svörum eftir bestu getu.

**Fyrir þá sem vilja meira, þá kynnum við og bjóðum góð fjárfestingartækifæri.**

**Endilega kíkið við eða samband ef þið eruð í leit að einhverju sérstöku.**

*HEILINDI • DUGNAÐUR • ÁRANGUR*

Framúrskarandi fyrirtæki 2015 - 2017

Stofnað 1983

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Sími 520 7500

Helgi Jón Harðarson, Sölustjóri / Eigandi
Freyja Sigurðardóttir, Lögg. fast. / Eigandi
Magnús Emilsson, Lögg. fast. / Eigandi
Ágústa Hauksdóttir, Löggiltur fasteignasali
Hilmar Þór Bryde, Löggiltur fasteignasali
Hlynur Halldórsson, Löggiltur fasteignasali
Hildur Loftsdóttir, Ritari / skjalavinnsla
Andrea Guðrún Gunnlaugsdóttir, Lögg. fast.






## SKYGGNISHOLT 2

### NÝTT FJÖLBÝLI VOGUM VATNSLEYSUSTRÖND. 6 ÍBÚÐAHÚS.

Allar íbúðir með sérinngangi.
**Verð frá 29,5 – 38,5 millj.**
Stærðir 64,4 – 99,9 fm.
2ja, 3ja og 4ja herb. Íbúðir

**Til afhendingar vorið 2019.**

Traustir verktakar: Fjarðarmót ehf.

**Nánari upplýsingar veita:**

**Hilmar Þór Bryde**
löggiltur fasteignasali
hilmar@hraunhamar.is
892 9694





**Hlynur Halldórsson**
Löggiltur fasteignasali
hlynur@hraunhamar.is
698 2603






9 íbúðir seldar

## DYNGJUGATA 1-3, URRIÐAHOLT GARÐABÆ

**Opið hús í dag laugardag milli 13 og 14.**
**Verið velkomin.**
Fjögurra herbergja íbúðir.
Stærðir frá 118,5 fm til 180,3 fm.
Til afhendingar í fljótlega.
Íbúðirnar skilast fullbúnar með gólfefnum.
Stæði í lokaðri bílageymslu fylgir.
Lyfta í stærra húsinu.
Rúmgóðar svalir.
Fataherbergi er innaf með nokkrum íbúðum.
**Verð frá 60.9 millj. til 99 millj.**






## ÁRAKUR 14, GARÐABÆ

**Opið hús mánudaginn 3.des. milli 17:00 til 17:30**
**Verið velkomin.**

Glæsilegt vandað nýlegt tvílyft raðhús með innbyggðum bílskúr samtals 231,9 fm. á þessum vinsæla stað í Akrahverfinu í Garðabæ.
Fimm svefnherbergi. Húsið er vel skipulagt.
Fullbúin eign í sérflokki. Flott aðkoma og fín bílastæði.

**V. 99 millj.**

# FALLEGT ÚTLIT VÖNDUÐ HÖNNUN

Hefðir, handverk og framþróun. Nýja Inspiration línan hefur fallegt og gæðalegt útlit í samræmi við innri gæði. Hægvaxta fura, náttúrulegt latex, þéttofin bómull og okkar eigið gormakerfi úr sænsku karbon stáli gefur óviðjafnanleg þægindi og stuðlar að góðum svefni.

DUX®



**DUXIANA**
**Ármúla 10**
**✆ 568 9950**
**duxiana.is**

DUXIANA®
**Háþróaður svefnbúnaður**







» **Í bókinni dregur Gunnar upp mynd af aðstæðunum á Íslandi á þessum tíma og hvaða hugmyndir menn höfðu um sjálfstæði og framtíðina.**

# Mikilvægt að þekkja söguna

Sögufélag gefur út fimm bækur á þessu ári, þeirra á meðal tvö rit um fullveldi Íslands. Annað þeirra, Hinir útvöldu, skrifaði Gunnar Þór Bjarnason. Þar segir hann sögu ársins 1918, ársins þegar Ísland varð sjálfstætt ríki.

Sögufélag var stofnað árið 1902 bæði til að auka áhuga og skilning fólks á sögu og fortíð lands og þjóðar og líka til að gefa út heimildarrit," segir Gunnar sem situr í stjórn Sögufélags. Flaggskip félagsins undanfarna áratugi hefur verið tímaritið Saga sem er gefið út tvisvar á ári. „Þar birtast fræðigreinar og annað efni um sögu og sagnfræði, auk ritdóma. Má segja að tímaritið sé helsti vettvangur sagnfræðilegrar umræðu á Íslandi í rituðu máli."

Gunnar telur Sögufélag hafa töluverða þýðingu í íslenskri sögu, enda meira en aldargamalt félag. „Ég held að félagið hafi áunnið sér sess í hugum fólks enda hefur það gefið út mörg grundvallarrit um sögu Íslands og verið vettvangur umræðu um sögu og sagnfræði."


Gunnar Þór Bjarnason er höfundur bókarinnar Hinir útvöldu.

## Blómleg útgáfa

Sögufélag hefur alla tíð gefið út bækur og rit, og hefur útgáfan verið í nokkrum blóma undanfarið. „Undanfarin ár hefur verið gefið út, í samstarfi við aðra, grundvallarrit sem eru skjöl Landsnefndarinnar fyrri frá því á síðari hluta 18. aldar. Þetta eru ómetanlegar heimildir um líf fólks á 18. öld. Ritið ber heitið Landsnefndin fyrri 1770-1771 og eru komin út þrjú bindi. Í því er að finna bréf og álitsgerðir alþýðufólks, presta og embættismanna, sem lýsa hver staða fólks var á þessum tíma."

Í fyrra gaf Sögufélag út bókina Leitin að klaustrunum eftir Steinunni Kristjánsdóttur sem tilnefnd var til Íslensku bókmenntaverðlaunanna, hlaut verðlaun Hagþenkis, Menningarverðlaun DV og Bókmenntaverðlaun starfsfólks bókaverslana 2017. Í ár koma út fjórar bækur fyrir jólin. Tvær þeirra eru Stund klámsins, eftir Kristínu Svövu Tómasdóttur, þar sem fjallað er um hugmyndir um klám á Íslandi á tímum kynlífsbyltingarinnar, um kynfrelsi og bælingu, ritskoðun og tjáningarfrelsi, og Hnignun, hvaða hnignun? eftir Axel Kristinsson þar sem hann rökræðir hvort hugmyndin um hnignun og niðurlægingu í sögu Íslands frá 1400-1800 sé goðsögn.

Hátt ber ritin tvö um fullveldið. Annað heitir Frjálst og fullvalda ríki og er safn greina eftir fræðimenn um fullveldið á þessum hundrað árum frá ýmsum sjónarhornum. Hitt er bók eftir Gunnar sjálfan, Hinir útvöldu, og er sagan af því þegar Ísland varð sjálfstætt ríki árið 1918 og aðdraganda þess.

## 1918 var sögulegt ár

„Þessar tvær fullveldisbækur voru unnar í samstarfi við Alþingi og Afmælisnefnd aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands. Þetta var stórt verkefni fyrir Sögufélag sem gefur ekki út mörg rit á hverju ári," segir Gunnar. Bókin hans er skrifuð fyrir hinn almenna lesanda, til að auka skilning fólks og áhuga á þessum merkilegu tímum. „1918 var mjög sögulegt ár. Veturinn á undan hafði verið mjög harður og svo herjaði spænska veikin á þjóðina auk þess sem stórt gos varð í Kötlu. Spænska veikin var ástæðan fyrir því að hátíðahöldin 1. desember, þegar Danir viðurkenndu Ísland sem fullvalda ríki, voru fremur lágstemmd."

Í bókinni dregur Gunnar upp mynd af aðstæðunum á Íslandi á þessum tíma og hvaða hugmyndir menn höfðu um sjálfstæði og framtíðina. Hann segir hugmyndir fólks um þennan tíma misjafnar. „Fólk er ekki alltaf með á hreinu hvort sjálfstæði hafi fengist 1918 eða 1944, en það sem ruglar fólk oft í ríminu er að við vorum áfram með danskan kóng og Danir sáu um utanríkismálin í umboði Íslendinga. Eftir að hafa skoðað heimildir komst ég að því að fólk leit svo á, á þessum tíma, að Ísland hefði fengið sjálfstæði 1918." En fyrst og fremst segist Gunnar vilja miðla hinni viðburðaríku sögu ársins 1918 á lifandi hátt og fjalla á aðgengilegan hátt um þá atburði sem leiddu til fullveldis Íslands.

Gunnar ætlar að taka þátt í hátíðahöldunum í dag. „Ég vona að það verði jafn gott veður og var fyrir hundrað árum," segir hann glettinn.

BÓKAJÓL

Veglegt sérblað Fréttablaðsins
um jólabækurnar í ár kemur út 11. desember nk.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss
í langmest lesna dagblaði landsins.



Nánari upplýsingar um blaðið veitir
Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 512 5429 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# FULLVELDI ÍSLANDS

## NÝJAR BÆKUR FRÁ SÖGUFÉLAGI







### Hinir útvöldu

**Sagan af því þegar Ísland varð sjálfstætt ríki árið 1918**

Gunnar Þór Bjarnason

★★★★☆
*Björn Bjarnason, Morgunblaðið*

„Skemmtileg bók sem dregur upp skýrar augnabliksmyndir af íslensku samfélagi á árunum í kringum 1918.“

*Stefán Pálsson sagnfræðingur*

### Frjálst og fullvalda ríki

**Ísland 1918–2018**

Ritstjóri: Guðmundur Jónsson

Ritnefnd: Guðmundur Hálfdanarson, Ragnhildur Helgadóttir og Þorsteinn Magnússon

„Skörp greining og skemmtileg – höfundar í fremstu röð. Ómissandi fyrir þá sem vilja skilja fullveldið.“

*Ólafur Þ. Harðarson stjórnmálafræðingur*

100 FULLVELDI ÍSLANDS 1918 · 2018

SÖGUFÉLAG 1902

**Sögufélag,** Gunnarshúsi, Dyngjuvegi 8, 104 Reykjavík
sogufelag@sogufelag.is | www.sogufelag.is | Opið mánudaga og þriðjudaga kl. 13-17

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

**KRÓKUR**

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**




VW Golf gte comfort. Árgerð 2017, ekinn 16 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. Jólatilboð 3.990.000. Umboðsbíll. Eigum líka 2016 Árg Rnr.116213.



TOYOTA Rav4 sport hybrid awd. Árgerð 2018, Nýr bíll bensín/rafmagn sjálfskiptur. Jólatilboð 5.690.000.Mjög vel útbúinn Rnr.116596.



TOYOTA Yaris hybrid sport. Árgerð 2018, Nýr bíll bensín/rafmagn sjálfskiptur. Jólatilboð 2.990.000. Mjög vel útbúinn Rnr.213357.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Toyota HI Lux VX árg. 2017. ek: 32 þús. Perlu hvítur, 33 t breiting, aukah, lok ,beisl ,heitklæð,auka dekk og felgur. V 7,1 m uppl. 8942460.



**FORD TRANSIT '11 - JUMBO TIL SÖLU.**
Langur, Háþekja, Diesel, ek. aðeins 99 Þ. Km. Stór og glæsilegur með mikla möguleika. Verð aðeins 2.650 m. kr. Vel með farinn dekurbill. S. 868-3144

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Bílaþjónusta




## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Tek að mér ýmisskonar húsaviðhald. Uppl. sími 8478704 eða manninn@hotmail.com

### Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

## Skemmtanir

**Bingospil.is**
Bingóleiga

**Bingóleiga**
hjá
**bingospil.is**

## Keypt & Selt

### Til sölu




Kassagítarar í úrvali Gitarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.




# Þjónustuauglýsingar

**Sími 550 5055**

**Bílvogur eh/f**
Bifreiðaverkstæði
Auðbrekka 17
200 Kópavogi
Láttu okkur gera bílinn kláran í vetraraksturinn.
Yfir 30 ára reynsla í öllum almennum bílaviðgerðum og smurþjónustu.
Sími 564 1180 • bilvogurmot@simnet.is • www.bilvogur.is

**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**



Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.
**Formbólstrun**
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

**Snyrti & nuddstofan Smart**
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**Ferðaþjónustuhús**



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.
Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

**HÖFÐABÓN**
**BÓN OG ÞVOTTUR**
Hægt að panta tíma á hofdabon.is
Höfðabón ehf • Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com

**viftur.is**
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
**íshúsið**
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Stúdíó íbúð til leigu svæði 105. Laus strax uppl. 860-0360

Einstaklingsíbúð á Langholtsvegi til leigu. Laus strax. S. 888-2171

**SELJAHVERFI.**
Til leigu 55 fermetra reyklaus íbúð á jarðhæð, hentug f. einstakling eða par. Kr. 130 þús/mán. Uppl. í síma 776-4555.

## Húsnæði óskast

Vantar gott herbergi eða stúdíóíbúð. Góð umgengni og tryggar greiðslur. Vinsamlega hafið samband á glerfint@gmail.com eða í síma 690 9018

## Atvinnuhúsnæði

**60FM ATVINNUH. Í KÓPAVOGI Á GÓÐUM STAÐ !**
ca. 60fm atvinnuhúsnæði í Kóp. á besta stað, hátt til lofts. Rýmið er inn af öðru verkstæði. Sameiginleg snyrting.
**Uppl. í s. 892 1284**

**VERSLUNARHÚSNÆÐI- ATVINNUHÚSNÆÐI**
Til leigu 170,5 fm húsnæði á götuhæð, Bolholti 4. Næsta hús fyrir aftan Skeljung Laugavegi 180. Stórir gluggar, ný málað, góð lýsing og yfir 40 ljóskastarar í loftum.
**Laust strax. Uppl. Ragnar s:893-8166 eða grensas@gmail.com**

Til leigu 110 fm / 220 fm iðnaðar/ lagerhúsnæði við Stórhöfða með innkeyrsluhurð og lofthæð 3,3 m. Nánari upplýsingar: atvinnuhusnaedi.ehf@gmail.com.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

**BÍLSTJÓRI ÓSKAST Í SENDIBÍLAAKSTUR.**
Hraustur, þjónustulundaður og íslenskumælandi með hreint sakavottorð. Fjölbreytt vinna,góður félagskapur, nóg að gera.
Meiraipróf ekki nauðsynlegt.

Frekari uppl. í s. 892 6363 og skutlari@gmail.com

## Atvinna óskast

**MÁLARAR.**
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 696 2748 / loggildurmalari@gmail.com

Miðaldra maður óskar eftir hlutastarfi 2-4 tíma á dag. td eldhús/mötuneyti. Reyklaus og heiðarlegur. Uppl. s:8214330







## Til sölu


GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is



Sker.is verður á jólamarkaði netverslana í Víkingsheimilinu alla helgina frá 11-18

SKER





## Skemmtanir





# Ef þú ert með rétta starfið – erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is



Eftir að sprengja Ísraelshers hæfði heimili hennar á Gasaströndinni fékk Neama og fjölskylda hennar húsaskjól frá stjórnvöldum en aðgengi að vatni og hreinlætisaðstöðu fyrir tilstilli Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna. Við það minnkaði tíminn sem fór í að sækja vatn um 30 mínútur og Neama hafði meiri tíma til að læra heima.



Í Jórdaníu fær flóttafólk frá Sýrlandi aðstoð vegna átaka.



Í Órómía- og Sómalífylkjum Eþíópíu fær fólk aðstoð vegna þurrka, flóða og átaka.

# Mannúðaraðstoð

Í september sendi Hjálparstarf kirkjunnar 26,4 milljónir króna til til mannúðaraðstoðar við 30.000 Palestínumenn. Læknisþjónusta er efld með sérstaka áherslu á að bæta úr næringarskorti barna. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar fá stuðning svo hægt sé að ráða fleira starfsfólk og útvega lyf. Sálrænn stuðningur er veittur og áhersla lögð á aðstoð við börn og unglinga. Aðgengi að drykkjarvatni er aukið og aðstoð veitt fyrir nauðþurftum.

Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar einnig flóttafólk frá Sýrlandi í Jórdaníu sem og fólkið sem býr við kröppustu kjörin í móttökusveitarfélögum þar. Fólkið fær húsbúnað og aðstoð við að koma sér fyrir ásamt stuðningi við að afla sér lífsviðurværis með starfsnámi og greiðslu fyrir vinnuframlag. Skólagjöld eru greidd fyrir börn og konur fá aðstoð við að koma sér upp verslun með smáiðnað. Sálrænn stuðningur er veittur.

Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar sjálfsþurftarbændur vegna þurrka og flóða og fólk á vergangi vegna átaka í Órómía- og Sómalífylkjum í Eþíópíu. Börn og mæður með börn á brjósti sem og fólk með fötlun eða sjúkdóma er í forgangi og því tryggt aðgengi að hreinu vatni, fæðu og hreinlætisaðstöðu.

**16 FRIÐUR OG RÉTTLÆTI**

**Stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla menn, tryggja öllum jafnan aðgang að réttarkerfi og byggja upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir fyrir alla menn á öllum sviðum**



Sjálfboðaliðar Hjálparstarfs kirkjunnar taka á móti fatnaði sem berst, flokka hann og raða í hillur eftir stærð og kyni ásamt því að taka á móti fólki sem leitar eftir fatnaði á þriðjudögum klukkan 10–12.



Félagsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar skipuleggja virkniverkefni í samráði við notendur þjónustunnar.



Börn sem búa við fátækt eru í forgangi í öllu starfi og þjónustu.

# Notendastýrð þjónusta

Hjálparstarf kirkjunnar veitir fólki í félagslegri neyð á Íslandi efnislega aðstoð í samvinnu við presta, djákna, félags- og námsráðgjafa um land allt. Aðstoðinni er ætlað að svara skyndilegri neyð enda er það skylda stjórnvalda að tryggja framfærslu fólks í félagslegum vanda þannig að það fái lifað mannsæmandi lífi til lengri tíma. Meginmarkmiðið er að grunnþörfum fólks sé mætt, að fjárhagslegir erfiðleikar ógni ekki heilsu fólks og takmarki ekki möguleika barna og unglinga til farsæls lífs.

Aðstoðin felst meðal annars í því að fólk fær inneignarkort í matvöruverslunum en mikil valdefling felst í því að fólk versli sjálft þær nauðsynjar sem það þarf í stað þess að bíða í röð eftir matarpoka sem aðrir hafa fyllt. Aðstoð er veitt þegar sýkingar eða veikindi kalla á óvænt útgjöld vegna lyfjakaupa og sjálfboðaliðar aðstoða fólk sem kemur til Hjálparstarfsins eftir notuðum fatnaði.

Börn sem búa við fátækt fá styrk til íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstundastarfs. Foreldrar grunnskólabarna fá aðstoð við að útbúa þau í upphafi skólaárs og sjálfráða ungmenni fá stuðning svo þau geti stundað nám sem gefur þeim réttindi til starfs eða veitir þeim aðgang að lánshæfu námi.

Einstaklingsmiðuð nálgun og notendastýrð þjónusta eru lykilverkfæri félagsráðgjafa Hjálparstarfsins en auk þess að veita ráð og efnislega aðstoð benda félagsráðgjafarnir fólki á úrræði í samfélaginu sem kunna að gagnast því við að komast út úr erfiðum aðstæðum.

Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins hafa í síauknum mæli lagt áherslu á verkefni sem eru undirbúin í samráði við fólkið sem tekur þátt í þeim. Með því að sníða verkefnin að þörfum og óskum þátttakendanna er mun líklegra að þau leiði til árangurs og breytinga í lífi fólks; að þau séu raunveruleg hjálp til sjálfshjálpar.

Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar

3 HEILSA OG VELLÍÐAN




Sanna Magdalena Mörtudóttir var meðal frambjóðenda til sveitarstjórnarkosninga í vor sem tóku áskorun EAPN um að stíga á stokk og segja frá því hvernig þeir hyggðust tryggja farsæld fyrir alla næðu þeir kjöri.



Gabríel Benjamín, Stundinni, tók í vor við Fjölmiðlaverðlaunum götunnar, hvatningarverðlaunum PEPP Ísland fyrir faglega fjölmiðlaumfjöllun um fátækt, úr hendi Laufeyjar Ólafsdóttur samhæfingarstjóra. Alls voru 13 tilnefningar til verðlaunanna og verðlaunaði PEPP þrjár þeirra sérstaklega.

# Farsæld fyrir alla

Hjálparstarf kirkjunnar hefur að markmiði að stuðla að aukinni almennri vitund um mannréttindi og mikilvægi félagslegs réttlætis fyrir almenna farsæld. Stofnunin tekur því þátt í málsvarastarfi innanlands og utan til þess að stuðla að staðbundinni og hnattrænni samstöðu um sjálfbæra þróun og jafnrétti.

Fólk á að geta lifað mannsæmandi lífi af vinnulaunum sínum og lífeyri. Hér á landi eiga 11% fullorðinna og 14% barna hins vegar á hættu að einangrast félagslega sökum efnaleysis og um fimm þúsund manns búa við sárafátækt. Nauðsyn baráttunnar fyrir félagslegu réttlæti á Íslandi er því sannarlega til staðar.

Félagsráðgjafar og notendur þjónustu Hjálparstarfsins taka þátt í fjölbreyttu samstarfi til að vinna bug á fátækt og félagslegri einangrun, stuðla að opinni umræðu og þrýsta á stjórnvöld um að taka árangursríkar ákvarðanir til að tryggja farsæld fyrir alla.

Hjálparstarfið á fulltrúa í Velferðarvaktinni sem er óháður greiningar- og álitsgjafi og leggur fram tillögur til stjórnvalda og hagsmunasamtaka um leiðir til að styðja við fólk sem býr við efnislegan skort á réttlátan hátt og til að tryggja rétt barna til lífsafkomu sem nægir þeim til að ná fullum þroska.

Evrópska tengslanetið (European Anti Poverty Network) er vettvangur fyrir fólk sem býr við fátækt og berst fyrir félagslegu réttlæti innan og milli samfélaga í álfunni. Félagsráðgjafi Hjálparstarfsins gegnir nú formennsku í Íslandsdeild EAPN en níu félagasamtök eru í tenglanetinu hér á landi.

PEPP Ísland, samtök fólks í fátækt, spruttu upp úr tengslanetinu og starfa á eigin forsendum. Samtökin standa að ýmsum viðburðum til að vekja máls á nauðsyn viðhorfsbreytingar í garð þeirra sem búa við fátækt og á því hvar ábyrgð á félagslega fyrirbærinu fátækt liggur.

10 AUKINN JÖFNUÐUR

Draga úr ójöfnuði innan og á milli landa

## Skyrgámur og bræður hans hafa stutt Hjálparstarf kirkjunnar um samtals 13 milljónir

Hjálparstarf kirkjunnar þakkar jólasveinaþjónustu Skyrgáms fyrir frábæran stuðning en frá árinu 1997 hafa jólasveinarnir gefið 20% af öllum jólasveinaheimsóknum til verkefna Hjálparstarfsins. Jólasveinaþjónusta Skyrgáms hefur jafnframt komið að jólaballi fyrir skjólstæðinga Hjálparstarfsins og gefið jólasveinaþjónustu og sælgæti. Stefnt er að því að jólaballið verði árlegur viðburður.



## Hátíðarmessa í Hallgrímskirkju

**fyrsta sunnudag í aðventu, 2. desember kl. 11:00**

Dr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar fyrir altari ásamt Sr. Irmu Sjöfn Óskarsdóttur, messuþjónum og fulltrúum Hjálparstarfs kirkjunnar.

Mótettukór Hallgrímskirkju syngur undir stjórn Harðar Áskelssonar. Organisti er Björn Steinar Sólbergsson.

Gjöfum til Hjálparstarfs kirkjunnar verður veitt móttaka. Einnig verður minnst 70 ára afmælis kapellunnar í kór Hallgrímskirkju. Veglegt messukaffi í tilefni dagsins.

Hjálparstarf kirkjunnar

# Þökkum stuðninginn!

**REYKJAVÍK**
A. Margeirsson ehf
Aðalvík ehf
Alvin ehf
Apparat ehf
ARGOS ehf-Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Arkís arkitektar ehf
ASK Arkitektar ehf
Auglýsingastofan ENNEMM
Aurum
Á.K. Sjúkraþjálfun ehf
Áman ehf
Árbæjarapótek ehf
Ásbjörn Ólafsson ehf
ÁTVR Vínbúðir
B. Ingvarsson ehf
Bananar ehf
barak.is
Barnatannlæknastofan ehf
Berserkir ehf
Betra líf ehf
Bíl - Pro ehf
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílasalan Heimsbílar ehf
Bílasmiðurinn hf
Bjarnar ehf
Blaðamannafélag Íslands
Borlaug-íbúðir ehf.
Bókabúðin Sjónarlind
Bókhaldsstofa Haraldar slf
Bókhaldsþjónusta Júlíönu ehf
Bókhaldsþjónustan Vík
Bólstrarinn ehf
Bónstöðin hjá Jobba ehf
Brúskur hársnyrtistofa
Danica sjávarafurðir ehf
Dokkan, þekkingar- og tengslanet
D-Tech ehf
Durum restaurant & take away
Dýralæknastofa Reykjavíkur hf
Eðalbílar ehf
Eðalflutningar ehf
Efling stéttarfélag
Eignaskipting ehf
Endurskoðun og reikningshald ehf
Endurskoðun og reikningsskil hf
Engo verkefni ehf
Fanntófell ehf
Fasteignasalan Miklaborg
Ferska ehf
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Félag tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna
Fiskbúðin
Fiskbúðin Sæbjörg ehf
Fjaðrabúðin Partur ehf
Fjárhald ehf
Fjárstoð ehf
Fjöður ehf, þvottahús
Fossberg ehf
Fótaaðgerðastofan fRÍskir fætur
Gagarín ehf
Garðs Apótek
Gaui Píp ehf
Gáski sjúkraþjálfun ehf
GB Tjónaviðgerðir ehf
Gilbert úrsmiður
Ginger ehf
Gjögur hf
Gólflagnir ehf
Grafía-stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum
Gróðrarstöðin Mörk
Gullkistan skrautgripaverslun
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gúmmívinnustofan SP dekk ehf
Hagi ehf-Hilti
Halldór Jónsson ehf
Hár Class hársnyrtistofa
Hárgreiðslustofan Gresika
Hármiðstöðin
Hársnyrtistofan Arnarbakka ehf
Háskólinn í Reykjavík
Heggur ehf
Herrafataverslun Birgis ehf
Heyrnar og talmeinastöð Íslands
Hið íslenska bókmenntafélag
Hitastýring hf
Hjá GuðjónÓ ehf
Hjá Hrafnhildi
Hjúkrunarheimilið Skjól
Hljóðbók.is-hljóðvinnslan
Hókus Pókus ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hótel Lotus
Hreinsitækni ehf
Hreyfimyndasmiðjan
Höfðahöllin bílasala
Höfðakaffi ehf
IBH ehf
Icelandair Cargo ehf
Innigarðar ehf
Innlifun ehf
Intellecta ehf
Ísaga hf
Ísbúðin Erluís
Íslandsstofa
Íslensk endurskoðun ehf
Íslenska auglýsingastofan
Íslenskir fjallaleiðsögum
Ísold ehf
Íþróttasamband fatlaðra
J. S. Gunnarsson hf
JE Skjanni ehf, byggingaverktakar
Jónar Transport hf
Jónatansson & Co lögfræðistofa ehf
K. H. G. Þjónustan ehf
K.F.O. ehf
Kári Arnórsson ehf, byggingarverktaki
Keiluhöllin Egilshöll
Kemi ehf
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma
Kjörgarður
Klettur-Skipaafgreiðsla ehf
Klipphúsið ehf
Kolibri ehf
Kurt og Pí ehf
Kvika banki hf
Kvika Grafísk hönnun
Landshús
Leigulistinn ehf
Lifandi vísindi
Lífstykkjabúðin ehf
Lög og Innheimta ehf
Lögfræðiþjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl
Lögmannafélag Íslands
Lögmannsstofa Jóns G Briem hrl
Lögmenn Jónas & Jónas Þór sf
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
Margt smátt ehf
Málningarvörur ehf
MD Reykjavík ehf
Móðurást
Múrarameistarafélag Reykjavíkur
Myconceptstore
N 32 ehf
Nasdaq Iceland
Neshamar ehf
Netvirkinn ehf
Nexus afþreying ehf
Nýi ökuskólinn ehf
Nýtt Skil slf
OMNOM hf
Opin kerfi ehf
Orka ehf
Ortis tannréttingar slf
Ottó B. Arnar ehf
Ólafur Þorsteinsson ehf
Pixel ehf
Plast - miðar og tæki ehf
Poulsen ehf
Pósturinn
Premis ehf
Rafelding ehf
Rafsvið sf
Raftíðni ehf
Rafþjónustan slf
Rarik ohf
Ratsjá ehf
Ráðgarður, skiparáðgjöf ehf
Regla - netbókhaldskerfi
Reykjavíkur Apótek
Réttur - ráðgjöf & málflutningur
RG Lögmenn ehf
Rikki Chan ehf
Rut Káradóttir innanhússarkitekt
satis.is
S.B.S. innréttingar
Salon VEH ehf Húsi verslunarinnar
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja-SSF
Sendibílar Reykjavíkur ehf
Sifka ehf
Sjávargrillið ehf
Sjómannasamband Íslands
Sjónlag hf
Skefjar hf
Skorri ehf
SM kvótaþing ehf
Smiðshús ehf
Sólon Bistro
Stansverk ehf
Stálprýði ehf
Styrja ehf
Söluturninn Vikivaki
Söngskólinn í Reykjavík
Tannlæknastofa Bjarna Sigurðssonar
Tannlæknastofa Geirs A Zoega
Tannlæknastofa Sigurjóns Arnlaugssonar ehf
Tannréttingar sf
Tannsmiðjan Króna sf
Tannval Kristínar Gígju
TCM Innheimta ehf
TEG endurskoðun ehf
Terra Export ehf
The Coocoo's Nest
THG Arkitektar ehf
Tónastöðin ehf
TREX-Hópferðamiðstöðin
Trévirki ehf
Tösku- og hanskabúðin ehf
Umslag ehf
VA arkitektar ehf
Vals tómatsósa ehf
Varmi ehf
VDO ehf
Vegahandbókin ehf
Verslunin Álfheimar
Verslunin Brynja ehf
Verslunin Rangá
Vélar og verkfæri ehf
Vilhjálmsson sf, heildverslun
VM - Félag vélstjóra og málmtæknimanna
VOOT Beita
VSÓ Ráðgjöf ehf
Vörn, öryggisfyrirtæki
Wurth á Íslandi ehf
Z - brautir og gluggatjöld
Þorsteinn Bergmann ehf
Þrír Frakkar hjá Úlfari, veitingahús
Ögurverk ehf

**SELTJARNARNES**
Önn ehf, verkfræðistofa

**KÓPAVOGUR**
Alhliða pípulagnir sf
Atlantic Tank Storage ehf
Automatic ehf, heildverslun
Bazaar Reykjavík ehf
Bifreiðastillingin ehf
Bifreiðaverkstæði Jónasar ehf
Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf
Bílasprautun og réttingar Auðuns
Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs sf
Bíljöfur - varahlutir ehf
Blikksmiðjan Vík ehf
Byggðaþjónustan bókhald og ráðgjöf
dk hugbúnaður ehf
Einar Ágústsson & Co ehf
Exton ehf
Fasteignamiðstöðin ehf
Flotgólf ehf
GG Sport
goddi.is
GSG ehf
Hagblikk ehf
Hefilverk ehf
Hvísl ehf
Ingi hópferðir ehf
Ísfix ehf
Íspan ehf, gler og speglar
JS ljósasmiðjan - Sláttuvélamarkaðurinn
JS-hús ehf
Kambur ehf
Karína ehf
Kraftvélar ehf
Landmótun sf
Ledlýsing
Lindakirkja
Línan ehf
Loft og raftæki ehf
Lokasjóður ehf - bókhaldsstofa
Löggiltir endurskoðendur
Menn og mýs hf, hugbúnaðargerð
Nobex ehf
Ólafssynir ehf
Pólýhúðun ehf
Rafholt ehf
Rafmiðlun hf
Rafspenna ehf
Réttingaverkstæði Jóa ehf
Ræsting BT ehf
Skalli
Skólamyndir ehf
Slot ehf
Smáréttingar ehf
Straumleiðir ehf
Svansprent ehf
Söluturninn Smári
Tengi ehf
Vatn ehf
Visitor, ferðabókunarþjónusta
Vökvatæki ehf
www.lindesign.is
Zenus - sófar & gluggatjöld
ZsaZsa hárgreiðslustofa slf
Öreind sf

**GARÐABÆR**
Anna Guðmundsdóttir
Árvík hf
Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa sf
Fagval ehf
Fjallatindar ehf
Garðabær
Garðasókn
Geislatækni ehf - Laser þjónustan
Góa-Linda sælgætisgerð ehf
Hagráð ehf
Hjallastefnan ehf
Kerfóðrun ehf
Kópavogspósturinn ehf
Loftorka Reykjavík ehf
Spöng ehf
Stjörnu-Oddi hf
Val-Ás ehf
Vélsmiðja Þorgeirs ehf
Öryggisgirðingar ehf

**HAFNARFJÖRÐUR**
Aflhlutir ehf
Allianz á Íslandi hf
Bókhaldsstofan ehf
Byggingafélagið Skuld ehf
Dverghamrar ehf
Efnamóttakan hf
Einar í Bjarnabæ ehf
Eldvarnarþjónustan ehf
Endurskoðun Gunnars Hjaltalín
EÓ-Tréverk sf
Fjarðargarðar ehf
Fjarðarkaup ehf
Fjarðarmót ehf
Friðrik A Jónsson ehf
Gámaþjónustan hf
GT Verktakar ehf
Gunnars mæjónes ehf
Hafnarfjarðarhöfn
Hallbertsson ehf
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð
Íshestar ehf
Kjartan Guðjónsson, tannlæknir
Kjartan Gunnarsson
Krossborg ehf
Lögafl - lögmannsstofa
Markus Lifenet
Milli hrauna, heimilismatur
Nonni Gull
Opal Sjávarfang ehf
Pálmar Sigurðsson
Rafgeymasalan ehf
Rafrún ehf
SIGN ehf, skartgripaverkstæði
Skerpa renniverkstæði
Smiðurinn þinn slf
Smyril Line Ísland ehf
Snittvélin ehf
Stoðtækni ehf
Strendingur ehf
Súrsson ehf
ThorShip
Umbúðamiðlun ehf
Úthafsskip ehf
Útvík hf
Verkalýðsfélagið Hlíf
Verkþing ehf
Vélrás bifreiða- og vélaverkstæði
Vélsmiðjan Altak ehf
Víðir og Alda ehf
Þvottahúsið ehf

**VOGAR**
Sólark-Arkitektar
Toggi ehf

**REYKJANESBÆR**
Allt Hreint ræstingar ehf
Benni pípari ehf
Bílar og Hjól ehf
Bókhalds- og rekstrarþjónusta Gunnars Þórarinssonar
DMM Lausnir ehf
Happy Campers ehf
Lyfta ehf
M Fasteignasala & Leigumiðlun
Miðstöð símenntunar á Suðurnesj
Plexigler ehf
Pulsuvagninn í Keflavík
Reykjanesbær
Rörlagningamaðurinn ehf
Rörvirki sf, Lúðvík Gunnarsson
Skartsmiðjan
Smur- og hjólbarðaþjónustan ehf
Soho veisluþjónusta
Suðurflug ehf
Tjarnagrill
UPS á Íslandi
Varmamót ehf
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Vísir, félag skipstjórnarmanna á Suðurnesjum

**GRINDAVÍK**
Bláa lónið
Fanndals Lagnir ehf
H.H. Smíði ehf
Hópsnes ehf
Lagnaþjónusta Þorsteins ehf

**SANDGERÐI**
Fiskmarkaður Suðurnesja hf
Hvalsneskirkja
Verk- og tölvuþjónustan ehf
Vélsmiðja Sandgerðis ehf

**GARÐUR**
Aukin Ökuréttindi ehf
Lighthouse-innhotel

**MOSFELLSBÆR**
Bílamálunin Örninn ehf
Elmir-teppaþjónusta ehf
Hásteinn ehf
Ísfugl ehf
Ístex hf
LEE rafverktakar ehf
Mosfellsbakarí
Múr og meira ehf
Múrefni ehf
Nonni litli ehf
ÓP skrúðgarðyrkja ehf
Pílus ehf
Reykjabúið ehf
Útilegumaðurinn ehf
Vélsmiðjan Sveinn ehf
vinilparket.is

**AKRANES**
Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar
Bílasala Akraness ehf - Bílás
Bílver, bílaverkstæði ehf
Fasteignasalan Hákot
Hús og bátar ehf
Meitill ehf
Skipaskagi ehf
Smurstöð Akraness sf
Snókur verktakar ehf
Valfell fasteignasala

**BORGARNES**
B. Björnsson ehf
Borgarbyggð
Kolbeinsstaðasókn
Límtré Vírnet ehf.
Sprautu- og bifreiðaverkstæðið Borgarness sf
Traktorsverk ehf

**REYKHOLT**
Garðyrkjustöðin Varmalandi

**STYKKISHÓLMUR**
Bókhaldsstofan Stykkishólmi ehf
Marz sjávarafurðir ehf
Þórsnes ehf

**GRUNDARFJÖRÐUR**
Dodds ehf
Krums ehf
Þjónustustofan ehf

**ÓLAFSVÍK**
Fiskverkunin Valafell
Steinprent ehf

**HELLISSANDUR**
Breiðavík ehf
Guðbjartur SH-45
Rafprýði ehf
Sjávariðjan Rifi hf
Skarðsvík ehf

**BÚÐARDALUR**
Rafsel Búðardal ehf

**REYKHÓLAHREPPUR**
Þörungaverksmiðjan hf

**ÍSAFJÖRÐUR**
GG málningarþjónusta ehf
Hamraborg ehf
Harðfiskverkun Finnboga
Kaffihúsið Húsið
Massi þrif ehf
Orkubú Vestfjarða ohf
Samgöngufélagið
Skipsbækur ehf
Verkstjórafélag Vestfjarða
Vestfjarðaleið ehf
Vélsmiðja ÞM
Þrymur hf, vélsmiðja

**BOLUNGARVÍK**
Bolungarvíkurkaupstaður
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf

**SÚÐAVÍK**
Súðavíkurhreppur

**PATREKSFJÖRÐUR**
Eyfaraf ehf
Fiskmarkaður Patreksfjarðar ehf
Gillagrill ehf
Slaghamar ehf
Vestmar ehf

**TÁLKNAFJÖRÐUR**
Bókhaldsstofan Tálknafirði
T.V. Verk ehf

**BÍLDUDALUR**
Hafkalk ehf

**ÞINGEYRI**
Brautin sf
Svalvogar ehf
Véla- og bílaþjónusta Kristjáns ehf

**STAÐUR**
Kvenfélagið Iðunn

**HÓLMAVÍK**
Sparisjóður Strandamanna

**DRANGSNES**
Rúna ehf
Sigurbjörg Halldórsdóttir
Útgerðarfélagið Gummi ehf

**HVAMMSTANGI**
Geitafell - Seafood Restaurant

**BLÖNDUÓS**
Blönduósbær
Heiðar Kr. ehf
Húnavatnshreppur
Maggi málari ehf
Skagabyggð
Stéttarfélagið Samstaða

**SAUÐÁRKRÓKUR**
Bókhaldsþjónusta KOM ehf
Dögun ehf
Iðnsveinafélag Skagafjarðar
Skagafjarðarveitur
Steinull hf
Tannlæknastofa Ingimundar Guðjónssonar ehf

**VARMAHLÍÐ**
Akrahreppur Skagafirði
Hestasport - Ævintýraferðir ehf

**SIGLUFJÖRÐUR**
Málaraverkstæðið ehf

**DALVÍK**
Bruggsmiðjan Kaldi ehf
EB ehf
Gistihúsið Skeið
Híbýlamálun, málningarþjónusta ehf

**ÓLAFSFJÖRÐUR**
Norlandia ehf

**AKUREYRI**
Arctic Portal
Bílapartasalan Austurhlíð
Blikkrás ehf
Bútur ehf
Enor ehf
Fasteignasalan Byggð
Ferðaskrifstofa Akureyrar ehf
Fóðurverksmiðjan Laxá hf
Geimstofan ehf, auglýsingastofa og skiltagerð
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf
Grófargil ehf
Hagvís ehf
Hagþjónustan ehf
Hárstúdíóið Sunna ehf
Hlíð hf
HSH verktakar ehf
Höldur ehf, bílaleiga
Keahótel ehf
Kraftar og afl ehf
Ljósco ehf
Lögmannshlíð lögfræðiþjónusta ehf
Molta ehf
Norlandair ehf
Pípulagningaþjónusta Bjarna F Jónassonar ehf
ProMat Akureyri ehf
Rafmenn ehf
Raftákn ehf - Verkfræðistofa
Rakara- og hárstofan Kaupangi
Samherji ehf
Sjúkrahúsið á Akureyri
Skóhúsið - Bónusskór
Skútaberg ehf
Slippurinn Akureyri ehf
Snyrtistofa Gunnhildar
Steypustöð Akureyrar ehf
Steypusögun Norðurlands ehf
Tannlæknastofa Hauks og Bessa
Trétak ehf
Túnþökusalan Nesbræður ehf
Veitingastaðurinn Krua Siam
Þrif og ræstivörur ehf
KG-Sendibílar ehf

**GRENIVÍK**
Grýtubakkahreppur

**GRÍMSEY**
Ragnhildur Hjaltadóttir
Sigurbjörn ehf

**HÚSAVÍK**
B11 ehf
GPG Seafood ehf.
Heimabakarí Húsavík
Kvenfélag Ljósvetninga
Steinsteypir ehf
Trésmiðjan Rein ehf
Víkurraf ehf

**LAUGAR**
Kvenfélag Reykdæla
Sparisjóður Suður- Þingeyinga

**MÝVATN**
Vogar ferðaþjónusta

**KÓPASKER**
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

**ÞÓRSHÖFN**
B.J. vinnuvélar ehf
Geir ehf

**BAKKAFJÖRÐUR**
K Valberg slf

**EGILSSTAÐIR**
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf
Gistihúsið - Lake Hotel Egilsstadir
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf
Hótel Eyvindará
Klassík ehf
MSV, Stál og Vélar ehf
Myndsmiðjan ehf
Rafey ehf
Skrifstofuþjónusta Austurlands ehf
Tréiðjan Einir ehf

**SEYÐISFJÖRÐUR**
PG stálsmíði ehf
Seyðisfjarðarkaupstaður

**REYÐARFJÖRÐUR**
Fjarðabyggð
Launafl ehf
Tærgesen, veitinga- og gistihús

**ESKIFJÖRÐUR**
Eskja hf
Fjarðaþrif ehf
Tandrabretti ehf

**NESKAUPSTAÐUR**
Síldarvinnslan hf
Tónspil ehf

**DJÚPAVOGUR**
Berunes farfuglaheimili ehf
Hótel Framtíð ehf

**HÖFN Í HORNAFIRÐI**
Bessadýr ehf
Birkifell ehf
Rósaberg ehf
Þingvað ehf, byggingaverktakar
Þrastarhóll ehf
Ögmund ehf

**VÍK**
Arcanum ferðaþjónusta ehf
Gistihúsin Görðum
Háaskjól - Guesthouse
Mýrdalshreppur
Mýrdælingur ehf
RafSuð ehf

**KIRKJUBÆJARKLAUSTUR**
Icelandair Hótel Klaustur

**VESTMANNAEYJAR**
2Þ ehf
Bergur-Huginn ehf
Bíla- og vélaverkstæðið Nethamar ehf
Bubka ehf
Kranabílaþjónustan ehf
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
Miðstöðin ehf
Rannsóknarþjónustan V.M.
Skipalyftan ehf

**FLÚÐIR**
Ásgerði II ehf
Flúðasveppir ehf
Gröfutækni ehf
Hitaveita Flúða og nágrennis
Hrunamannahreppur

**LAUGARVATN**
Ásvélar ehf

**HELLA**
Bílaverkstæðið Rauðalæk ehf
Hestvit ehf

**HVOLSVÖLLUR**
Gamla fjósið ehf
Kvenfélagið Hallgerður
Rangárþing eystra
Skógasafn Skógum

**STOKKSEYRI**
Bjartás slf
Kvenfélag Stokkseyrar

**SELFOSS**
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf
Bíltak ehf
Bókakaffið
Búnaðarsamband Suðurlands
Eðalbyggingar ehf
Flóahreppur
Fossvélar ehf
Fóðurstöð Suðurlands
Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi
Gesthús Selfossi, gistihús og tjaldsvæði
Gróðrarstöðin Ártangi ehf
Hjá Maddý ehf
Jarðverksþjónustan Selfossi
Jáverk ehf
Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps
Lindin, verslun
Málningarþjónustan ehf
Pylsuvagninn Selfossi við brúarendann
Reykhóll ehf
Set ehf, röraverksmiðja
Snyrtistofan Eva ehf
Stálkrókur ehf
Súperbygg ehf
Súperlagnir ehf
Svavar Sveinsson
Sveitarfélagið Árborg
Tannlæknaþjónustan.is
Tæki og tól ehf
Útfararþjónustan Fylgd ehf
Vélaverkstæði Þóris ehf
Þingborg, ullarvinnsla og verslun

**ÖLFUS**
Eldhestar ehf
Ferðaþjónustan Núpum
Gljúfurbústaðir ehf
Gluggaiðjan Ölfusi ehf

**ÞORLÁKSHÖFN**
Sveitarfélagið Ölfus
Þorlákshafnarhöfn

**Hjálparstarf kirkjunnar þakkar einstaklingum, félögum, fyrirtækjum og stofnunum fyrir frábæran stuðning við starfið og óskar landsmönnum öllum gleði og friðar á aðventu og yfir hátíðirnar!**

# Jólaaðstoð 2018

Í desember aðstoða Hjálparstarf kirkjunnar og samstarfsaðilar efnalítið fólk svo það geti gert sér dagamun yfir hátíðirnar. Tekið er á móti umsóknum frá barnafjölskyldum í Reykjavík á skrifstofu Hjálparstarfsins, Háaleitisbraut 66, neðri hæð, dagana 4., 5. og 6. desember kl. 11-15. Aðstoðin tekur mið af aðstæðum hvers og eins og er fyrst og fremst í formi inneignarkorta í matvöruverslunum sem verða gefin út eigi síðar en 19. desember. Foreldrum sem búa við kröpp kjör býðst auk þess jólafatnaður og jóla- og skógjafir fyrir börnin.

**Tekið er á móti umsóknum** frá barnafjölskyldum í Reykjavík á skrifstofu Hjálparstarfsins, Háaleitisbraut 66, neðri hæð, dagana 4., 5. og 6. desember kl. 11-15. Athugið að gögn sem sýna tekjur og útgjöld síðasta mánaðar skulu fylgja með umsókn.

**Þær** fjölskyldur sem hafa fengið Arion inneignarkort í matvöruverslunum frá Hjálparstarfinu á árinu 2018 geta fyllt út umsóknareyðublað á www.help.is.

**Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar** aðstoðar fjölskyldur jafnt sem einstaklinga með lögheimili í sveitarfélaginu. Umsóknarfrestur er liðinn.

**Í Kópavogi** tekur Mæðrastyrksnefnd Kópavogs á móti umsóknum frá fjölskyldum og einstaklingum í fjárhagslegum vanda þann 4. desember milli klukkan 16 og 18.

**Á Suðurnesjum** verður tekið á móti umsóknum í Keflavíkurkirkju 4., 6. og 11. desember klukkan 9-12.

**Á Eyjafjarðarsvæðinu** hafa Hjálparstarf kirkjunnar, Mæðrastyrksnefnd, Rauði krossinn og Hjálpræðisherinn á Akureyri með sér samstarf um aðstoð. Umsóknarfrestur er liðinn.

**Í Árnessýslu** hefur Hjálparstarfið samstarf um jólaaðstoð við Rauða krossinn, félagsþjónustuna, kvenfélög og presta. Tekið er á móti umsóknum þann 4. desember milli klukkan 16 og 18 í Selinu við Engjaveg á Selfossi og hjá prestum.

**Annars staðar á landinu** taka prestar í heimasókn við umsóknum um aðstoð frá einstaklingum jafnt sem fjölskyldufólki til og með 10. desember.

**Hjálparstarf kirkjunnar, www.help.is, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, sími 528 4400.**

# Christmas Assistance 2018

In cooperation with other charities, Icelandic Church Aid assists low income families before Christmas. Application days are December 4, 5, and 6 between 11 AM and 3 PM. Support is provided with debit cards in grocery stores issued at the latest on December 19. Parents in need are also invited to apply for clothing and presents for their children.

**Families with children,** living in Reykjavík, may apply at the Icelandic Church Aid Office at Háaleitisbraut 66, lower floor. Application days are December 4, 5, and 6 between 11 AM and 3 PM. Please remember to bring income and expenses documents (mortgage payments, rent, nursery school, heat, electricity, etc).

**Families** who have received Arion grocery stores debit cards from ICA are invited to apply online at www.help.is.

**Outside Reykjavik** (see neighbouring communities below) families and individuals alike may approach the pastor of the local parish or town. Application deadline is December 10.

**We refer individuals in Hafnarfjörður** to Mæðrastyrksnefnd in Hafnarfjörður. The application deadline has passed.

**In Kópavogur** families and individuals may apply at Mæðrastyrksnefnd in Kópavogur on December 4, between 4 and 6 PM.

**In Reykjanesbær** individuals and families alike may apply at the Keflavikurkirkja church on December 4, 6 and 11 between 9 and 12 AM.

**In Akureyri** and surrounding area the application deadline has passed.

**In Selfoss**, families and individuals may apply on December 4, between 4 and 6 PM at Selið, Engjavegur, Selfoss and or approach the pastor of the local parish.

**Icelandic Church Aid, www.help.is, Háaleitsbraut 66, 103 Reykjavík, tel. 528 4400**

Hjálparstarf kirkjunnar

actalliance



**Á sýningunni er vatnið í náttúru Íslands skoðað frá ýmsum hliðum.** MYND/VIGFÚS BIRGISSON

sem gert er ráð fyrir að starfsemi fullbúins safns þurfi. Þannig lítum við á þetta sem eins konar sérsýningu,“ segir Hilmar.

Félagið Perla norðursins sem er með sýningarhald í Perlunni leggur til rýmið fyrir sýningu Náttúruminjasafnsins. Safnið kostar uppsetningu sýningarinnar sem er um 290 milljónir króna auk árlegs viðhalds sem áætlað er að nemi á bilinu 5 til 8 milljónum á ári. Perla norðursins stendur straum af almennum rekstrarkostnaði auk þess að kosta stöður tveggja safnkennara á sýninguna. Þá verður engin leiga greidd á samningstímanum.

„Ég lít á þetta sem mjög nýstárlega og forvitnilega leið fyrir ríkisstofnun og einkaaðila að vinna saman að svona mikilvægu málefni,“ segir Hilmar.

**Ein allra dýrmætasta auðlindin**

„Meginhlutverk safnsins er miðlun og fróðleikur um náttúru landsins, náttúrusögu, náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda. Við gerum það fyrst og fremst með sýningarhaldi og annars konar miðlun. Við ætlum að taka fyrir vatnið í náttúru Íslands í víðasta skilningi. Það er auðvitað mjög brýnt mál því vatnið er ein okkar allra dýrmætasta auðlind og sérstaklega mikilvægt að fræða komandi kynslóðir um mikilvægi vatnsins.“

Hilmar segir að á sýningunni verði meðal annars fjallað um vatnafræðilega þætti eins og fjölbreytileika íslensks vatns. „Það eru mismunandi gerðir af vatni. Það er jökulvatn, lindarvatn sem er mjög sérstakt fyrir Ísland og það eru dragavötnin og votlendi af alls kyns tagi. Það er heitt og kalt vatn en landið er óvenju ríkt af þessu miðað við önnur lönd og það er mikilvægt að fara skynsamlega með þessa auðlind.“

Einnig verður á sýningunni fjallað um samspil jarð-, líf- og vatnafræði. „Jarðfræði mótar vatnafræði og vatnalíffræði landsins á mjög einkennandi og áberandi hátt. En þetta er líka gagnverkun því lífríkið hefur áhrif á jarðfræðina og vatnafræðina þar með. Við gerum grein fyrir þessu flókna sambandi sem við getum kallað vistfræðina.“

**Áhersla á börn og þátttöku gesta**

Sérstök áhersla er lögð á gagnvirka þátttöku gesta á sýningunni og er miðlun efnis að verulegu leyti sérsniðin að börnum. „Við erum með lifandi verur í vatnsbúrum, bæði jurtir og dýr. Það verður hérna sérstakt vatnsborð eða vaskur fyrir krakka til að leika sér með lifandi verur ásamt kennaranum. Svo verða önnur kvikindi sem þau geta skoðað allan tímann.“

Það er einnig fjallað um þróunarfræði lífríkisins og er sérstök áhersla lögð á þróun bleikju í Þingvallavatni. „Þar erum við meðal annars með margmiðlunarleik fyrir börn þar sem þau geta þróað sína eigin bleikjugerð eftir því hvað hún étur og hvar hún lifir.“

Í samvinnu við margmiðlunarfyrirtækið Gagarín hefur verið búinn til svokallaður vistrýnir. „Þar gerum við mikilvægum vistkerfum í votlendi, stöðu- og straumvötnum skil. Þar geta gestir forvitnast um lífverur, jafnt jurtir sem dýr, og hvernig þetta virkar allt saman.“



**Hilmar Malmquist, forstöðumaður safnsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Tímabundnar sérsýningar**

Þá verður í rýminu sérsýningarbás sem er ætlaður undir tímabundnar sýningar þar sem fjallað verður um afmörkuð efni. Verða sýningarnar hannaðar með það fyrir augum að þær geti farið um landið. Fyrsta sérsýningin stendur fram á sumar en þar getur að líta myndir sem Erlendur Bogason kafari hefur tekið í ólíkum vötnum landsins.

„Þetta eru einstakar myndir af gróðursamfélögum og botngerð sem enginn hefur séð áður. Af þeirri sýningu tekur við sýning sem er sérstaklega ætluð ungum börnum en hún fjallar um skrímsli og óvættir í vötnum á svona góðlátlegan hátt sem er mjög metnaðarfullt og skemmtilegt verkefni.“

**Undirbúningur í eitt og hálft ár**

Hilmar segir að vinna við hönnun, framleiðslu og uppsetningu sýningarinnar hafi staðið í um eitt og hálft ár. „Það er stuttur tími í þessu samhengi. Hugmyndir um sýningarhaldið á almennari nótum hafa legið fyrir í lengri tíma en tíminn til að einhenda sér í þetta hefur verið skammur.“

Hann segir einvalalið koma að sýningunni en sýningarstjóri er Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir og Álfheiður Ingadóttir er vísindalegur ritstjóri sýningarinnar. Þrátt fyrir að Náttúruminjasafnið sé enn ekki komið í varanlegt eigið húsnæði segir Hilmar að málefni safnsins þokist í rétta átt.

„Fjárveitingar til safnsins hafa verið að aukast allra síðustu ár. Það þýðir að ég get ráðið fræðimenn því að svona sýning verður að grundvallast á rannsóknum. Öðruvísi gengur það ekki.“



# Tjöldum ekki til einnar nætur

**Guðni Bergsson** hefur verið formaður Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) í tæp tvö ár. Hann er þessa dagana í óðaönn að undirbúa ársþing KSÍ sem fram fer í febrúar á næsta ári. Þar hyggst hann sækjast eftir endurkjöri sem formaður.

Hjörvar Ólafsson
hjorvaro@frettabladid.is

Við erum langt komin með fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og þar verður m.a. nýtt skipurit og sú stefnumótun sem við förum í eftir að ég tók við starfinu sem formaður. Við erum þar að skerpa á verkskipulagi, stofna knattspyrnusvið og markaðs-/tekjusvið til þess að efla tekjuhliðina og breikka tekjumöguleika okkar. Allt er þetta gert með það eitt að markmiði að geta stutt betur við fótboltann í landinu.

Við viljum efla okkar starf enn frekar með því að koma á fót stöðugildi yfirmanns knattspyrnusviðs/-mála. Hann mun t.d. fá það verkefni að efla starfið í kringum landsliðin okkar og vera líka yfirþjálfurum aðildarfélaganna til halds og trausts. Við viljum vera eins framarlega í okkar faglegu vinnu í fótboltanum og við mögulega getum miðað við þau efni og burði sem við höfum til þess. Við gerum margt svo vel en lengi má gott bæta. Ég vil taka það fram að þetta á ekki bara við afreksstarfið heldur ekki síður grasrótarstarfið úti í aðildarfélögunum sem við síðan byggjum afreksstarfið á," segir formaðurinn um komandi þing.

### Markaðsstarfið skiptir máli

Það er alveg ljóst að við getum ekki reitt okkur á það að komast á stórmót á hverju ári til að afla tekna og við þurfum því að huga að tekjustreyminu hjá okkur sem við höfum svo vissulega verið að gera. Í markaðsstarfinu erum við líka að horfa til félaganna. Ég tel að við munum áfram hafa á okkar snærum sérstakan markaðsfulltrúa fyrir efstu tvær deildirnar sem við byrjuðum á í sumar og við munum ef eitthvað er bara gefa í þegar kemur að markaðsmálum almennt séð bæði fyrir deildirnar og landsliðin. Við höfum þar í huga t.d. að vernda frekar og markaðssetja vörumerkin okkar á erlendum vettvangi og þróa frekar vörumerki íslensks fótbolta, bæði deildanna og landsliðanna.

Það er í því samhengi merkilegt að segja frá því að Íslandsstofa fékk markaðsfyrirtækið Brooklyn Brothers til þess að verðmeta þátttöku og þá athygli sem karlalandsliðið okkar fékk í kringum EM 2016 og þeir töldu að þátttaka liðsins hefði skilað um 20 milljarða króna virði í kynningu fyrir Ísland. Það gefur því augaleið að það eru ríkir tekjumöguleikar af því að sinna þessum þætti almennilega og átta okkur á þeim tækifærum sem við mögulega erum að skapa, ekki bara fyrir íslenskan fótbolta, heldur líka fyrir okkur sem samfélag."

### Framsækin í samvinnu við félögin

Nokkuð hefur verið rætt um að KSÍ og ÍTF (Íslenskur toppfótbolti), sem eru hagsmunasamtök félaga í tveimur efstu deildum karla, séu ósammála um sum veigamikil atriði þegar kemur að knattspyrnunni hér innanlands. Guðni vill ekki gera of mikið úr þessum ágreiningi og telur að það sé lítið sem stendur út af í samtali hagsmunasamtakanna um framhaldið hjá íslenskri knattspyrnu.

Við höfum átt í ágætu samstarfi undanfarið en stundum er tekist á um ákveðin málefni og áherslur. Við erum ekki alltaf sammála eins og gerist og gengur. Það eru einhver mál sem standa út af fyrir næsta ársþing en ég held að við munum ná lendingu í þeim málum. Á endanum erum við öll í sama liði og viljum íslenskum fótbolta vel. Það er ekki hægt að segja annað en að KSÍ hafi aukið sín framlög til félaganna undanfarin ár á grundvelli frábærs árangurs karlalandsliðsins m.a. og því ber að fagna. Við höfum öll notið þess og við viljum auðvitað reyna að vinna saman að því að þessi árangur viðhaldist. Þessi árangur byggist í grunninn á frábæru grasrótarstarfi aðildarfélaganna sem síðan kemur í hlut KSÍ að byggja á í sínu landsliðsstarfi. Við erum ein heild og það yrði ekki heillavænlegt að hafa tvö eða fleiri sambönd um knattspyrnuna hér á landi sem ekki vinna saman. Mér finnst stundum gleymast að geta þess sem gott er og við getum öll verið stolt af því sem íslenskur fótbolti hefur afrekað og staðið fyrir," segir formaðurinn.



Kvennaliðið okkar hefur verið lengi í fremstu röð, en það er ljóst að aðrir eru að gefa í og sumar að nálgast okkur," segir Guðni. FRÉTTABLAÐIÐ/ SIGTRYGGUR ARI

> VIÐ VILJUM AÐ ÞESSI AÐILI STANDI AF SÉR STORMA OG HAFI FRAMTÍÐARSÝN. ÉG VIL AÐ HANN VINNI NÁIÐ MEÐ FÉLÖGUNUM OG YFIRÞJÁLFURUM ÞEIRRA AÐ ÞVÍ AÐ STYRKJA ÍSLENSKAN FÓTBOLTA OG ÞJÁLFUN OKKAR IÐKENDA ENN FREKAR.

### Nauðsynlegt til framfara

„Að mínu viti er það sérstakt að við séum ekki með starfandi yfirmann knattspyrnumála. Við erum í samkeppni við erlend knattspyrnusambönd og þar hefur verið mikil framþróun. Flestar þær þjóðir sem við viljum bera okkur saman við eru með slíkan yfirmann eða það sem kallast „Director of Football". Þjóðverjar tóku til í þessum málum upp úr 2000, það gaf til að mynda Belgum góða raun að ráða öflugan mann í þetta starf fyrir rúmum áratug og Englendingar tóku til í þessum málum á svipuðum tíma og hafa uppskorið ríkulega. Við þurfum að vanda vel til verka við ráðninguna og ráða einstakling sem er reiðubúinn til þess að sinna þessu starfi af eldmóði og móta það. Við megum ekki tjalda til einnar nætur í þessu. Við vitum hvernig knattspyrnuheimurinn er, þjálfarar geta komið og farið, en við viljum að þessi aðili standi af sér storma og hafi framtíðarsýn. Ég vil að hann vinni náið með félögunum og yfirþjálfurum þeirra að því að styrkja íslenskan fótbolta og þjálfun okkar iðkenda enn frekar. Þetta er í raun mjög spennandi og mun verða krefjandi fyrir þennan yfirmann, en viljum við ekki einmitt hafa það þannig?

Vissulega kostar peninga að bæta stöðugildi við og ég hef alveg heyrt þær raddir frá einhverjum sem velta fyrir sér kostnaðinum við þetta. En ég sé þetta sem fjárfestingu í framtíð okkar og þá betri fótbolta. Þetta snýst um það. Það er hins vegar svo að kostnaður við þetta starf er ekki of mikill ef litið er til veltu sambandsins, þeirrar fjárhæðar sem hefur runnið til félaganna undanfarin ár og þeirra fjármuna sem við höfum sett til hliðar vegna góðs gengis okkar undanfarið. Mér finnst það klárlega þess virði að efla starf okkar með þessum hætti og það mun koma félögunum og íslenskum fótbolta til góða að mínu mati," segir Guðni um þetta nýja starf.

### Vill nýjan völl

„Staðan á uppbyggingu Laugardalsvallar er sú að það hefur verið stofnað undirbúningsfélag þar sem Reykjavíkurborg, ríkið og KSÍ eiga öll fulltrúa. Það verður tekin ákvörðun um það á næsta ári hvað verður gert í þeim efnum. Mín skoðun er sú að við eigum að endurbyggja völlinn með færanlegu þaki. Með tilkomu Þjóðadeildar UEFA og breyttu fyrirkomulagi Evrópukeppni landsliða er karlalandsliðið okkar með leikdaga í mars og nóvember. Það er ljóst að við fáum ekki og getum ekki leikið á þeim tíma á okkar heimavelli eins og staðan er í dag. Við getum því ekki hafið eða endað undankeppni á okkar heimavelli eða leikið umspilsleiki í mars sem er mjög bagalegt og skerðir möguleika okkar á að komast í úrslitakeppnir. Núverandi leikvangur stenst ekki kröfur UEFA og er orðinn 60 ára gamall. Við þurfum að endurnýja" segir Guðni um stöðu mála hvað Laugardalsvöll varðar.

„Það er líka gaman að segja frá því að þá gætum við átt möguleika á því að halda hér HM 2027 í samvinnu við aðrar Norðurlandaþjóðir en við erum að vinna að því að sækja um það mót saman. Mér finnst síðan ekki síður mikilvægt í þessu sambandi hvað við getum gert fyrir okkar deildar- og bikarkeppnir varðandi mögulegar úrslitakeppnir og bikarúrslitaleiki í lok tímabils. Riðlakeppni Evrópukeppni félagsliða og undirbúningstímabil o.fl. Þetta yrði frábært og ég segi tökum höndum saman," segir Guðni enn fremur.

„Gengið hefur ekki verið sem best á þessu ári hjá karlalandsliðinu en það hefur þó farið á HM í fyrsta sinn á árinu og spilað við geysisterka andstæðinga. Ég er bjartsýnn þrátt fyrir allt með framhaldið og þegar við fáum okkar leikmenn til baka úr meiðslum. Leikirnir í haust munu nýtast okkur vel sem undirbúningur og ég er sannfærður um að við komum sterkir inn í Evrópumótið í mars með Erik Hamrén, Frey Alexandersson og leikmenn reynslunni ríkari."

Nýverið réð KSÍ nýtt þjálfarateymi hjá kvennalandsliðinu, en mikill uppgangur hefur verið hjá liðinu undanfarin ár og Guðni vonast til þess að svo verði áfram.

„Kvennaliðið okkar hefur verið lengi í fremstu röð, en það er ljóst að aðrar þjóðir eru að gefa í og sumar að nálgast okkur og jafnvel komast fram úr okkur. Ég hef miklar væntingar til nýja þjálfarateymisins sem samanstendur af Jóni Þór og Ian Jeffs og það er í skoðun hjá okkur að fá verkefni fyrir U-21. Bilið er of langt frá U-19 ára liði og upp í A-landslið og við erum meðvituð um það. Það hefur líka verið rætt að gæðin í þjálfun séu stundum ekki jafn mikil í yngri flokkum kvenna og karlamegin og það þarf að athuga frekar. Yfirmaður knattspyrnusviðs gæti aðstoðað við það," segir formaðurinn. Það hefur síðan verið mjög ánægjulegt hve yngri landsliðunum hefur almennt gengið vel undanfarið. Það er okkur auðvitað mjög mikilvægt upp á framtíðina."

### Framtíðin björt

Guðni er mjög bjartsýnn þegar hann horfir fram á veginn. „Að mínu mati stendur knattspyrnusambandið og fótboltinn almennt vel á þessum tímapunkti og ég tel að við höfum komið miklu í verk á síðustu 20 mánuðum eða svo. Við höfum líka farið á tvö stórmót á þessum tíma sem er frábært. Við höfum lagt grunninn að mikilvægum skipulagsbreytingum og aukið sjálfsaflafé sambandsins svo um munar svo dæmi séu tekin. Með auknum tekjum getum við eflt starf okkar á knattspyrnusviðinu og líka stutt betur við aðildarfélög okkar sem við höfum verið að gera. Ég myndi t.d. gjarnan vilja að við gætum í framtíðinni stutt við yfirþjálfarastöður félaganna. Mér finnst ég vera rétt að byrja og þó að við höfum komið ýmsu í verk þá er svo margt eftir. Ég vil gjarnan leiða þá vinnu með öllu því góða fólki sem ég vinn með innan KSÍ og í hreyfingunni."


KAUPTU NÝJAN OPEL
OG FÁÐU RISAJÓLAGLAÐNING Í KAUPAUKA
Risakaupauki fylgir öllum nýjum Opel-bílum út desember
520.000 kr.
Risakaupauki fylgir
Gjafabréf 200.000 kr. – Afsláttur 200.000 kr.
Toyo vetrardekk að verðmæti 120.000 kr.
Kynntu þér Opel Crossland X
betur á crossland.opel.is
Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.
CROSSLAND X
EURO NCAP
FOR SAFER CARS
Opel Crossland X
er öruggasti bíllinn árið 2017
í sínum flokki, samkvæmt
EURO NCAP.
Opel Crossland X
Verð frá 3.190.000 kr.
Tilboðsverð með afslætti
frá 2.990.000 kr.
650.000 kr.
Risakaupauki fylgir
Gjafabréf 300.000 kr. – Afsláttur 200.000 kr.
Toyo vetrardekk að verðmæti 150.000 kr.
Kynntu þér Opel Grandland X
betur á grandland.opel.is
GRANDLAND X
5 ára ábyrgð
Þýsk gæði
Þýsk hönnun
Þýsk hagkvæmni
Pipar\TBWA \ SÍA
Þýsk desembergleði Opel
verður haldin laugardaginn 1. desember
milli 12–16 í nýjum höfuðstöðvum
Opel að Krókhálsi 9 og þér er boðið.
Opel Grandland X
Verð frá 4.190.000 kr.
Tilboðsverð með afslætti
frá 3.990.000 kr.
THE FUTURE IS EVERYONE'S
Komdu við hjá okkur í nýjum
sýningarsal Opel að Krókhálsi 9.
Sýningarsalir
Krókháls 9, Reykjavík, 590 2000
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, 420 3330
Opnunartímar
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16
Bílabúð Benna




Opið hús | Lau. 1. des. frá kl. 15:00-15:30



HVERAFOLD 123 | 112 REYKJAVÍK

EINBÝLISHÚS | 5 HERBERGI | 192m²

VERÐ: 77.9M

SKJÓLSTÆÐUR OG VINSÆLL STAÐUR

ÚLFAR 897 9030 og GUNNLAUGUR 844 6447

Opið hús | Lau. 1. des. frá kl. 14:00-14:30



SVARTHAMAR 26 | 112 REYKJAVÍK

ÍBÚÐ | 3 HERBERGI | 92.4m²

VERÐ: 43.5M

VEL SKIPULÖGÐ ÞRIGGJA HERB. ÍBÚÐ.

GUNNLAUGUR ÞRÁINSSON 844 6447



BÚÐARFJARA 7 | 600 AKUREYRI

EINBÝLISHÚS | 5 HERBERGI | 227.5m²

VERÐ: 92M

SÉRSTAKLEGA GLÆSILEGT EINBÝLISHÚS

ÚLFAR 897 9030 og GUNNLAUGUR 844 6447

Opið hús | Sun. 2. des. frá kl. 15:00-15:30



LAUGAVEGUR 134 | 105 REYKJAVÍK

ÍBÚÐ | 3 HERBERGI | 66.7m²

VERÐ: 42.9M

VEL SKIPULÖGÐ OG FALLEG ÍBÚÐ

ÚLFAR 897 9030 og GUNNLAUGUR 844 6447

Opið hús | Sun. 2 des. frá kl. 13:00-13:30



SJÁVARGRUND 8 | 210 GARÐABÆR

RAÐHÚS | 5 HERBERGI | 191.4m²

VERÐ: 68.5M

SPENNANDI FJÖLSKYLDUHÚS

ÚLFAR 897 9030 og BÖRKUR 832 8844

Opið hús | Mán. 3. des. frá kl. 17:00-17:30



VATNSSTÍGUR 20-22 | 101 REYKJAVÍK

ÍBÚÐ | STÆRÐ: 81.3m² | 3 HERBERGI

VERÐ 57M

ÍBÚÐ Á 2. HÆÐ - GLÆSILEG EIGN

BRANDUR GUNNARSSON 897 1401

Opið hús | Fim. 6. des. frá kl. 17:00-17:30



KLEIFAKÓR 19 | 203 KÓPAVOGUR

EINBÝLISHÚS | STÆRÐ: 357.9m² | 7 HERBERGI

VERÐ 169M

GLÆSILEGAR INNRÉTTINGAR

BRANDUR GUNNARSSON 897 1401

Opið hús | Mán. 3. des. frá kl. 17:00-17:30



LANGAGERÐI 38 | 108 REYKJAVÍK

EINBÝLISHÚS | 5-6 HERBERGI | 180m²

VERÐ: 77.5M

EINSTAKLEGA FALLEGT EINBÝLISHÚS

ÞÓRA 777 2882 og GUÐRÚN 621 2020

Opið hús | Þri. 4. des. frá kl. 17:30-18:00



SÓLVALLAGATA 21 | 101 REYKJAVÍK

ÍBÚÐ | 3 HERBERGI | 79m²

VERÐ: 59.5M

GLÆSILEG ÍBÚÐ Í HJARTA VESTURBÆJAR

ÞÓRA BIRGISDÓTTIR 777 2882

Opið hús | Lau. 1. des. frá kl. 14:30-15:00



DALSEL 38 | 109 REYKJAVÍK

ÍBÚÐ | 5 HERBERGI | 156.7m²

VERÐ: 49.9M

STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU

BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON 660 4777

Opið hús | Mán. 3. des. frá kl. 17:30-18:00





FRAKKASTÍGSREITUR | 101 REYKJAVÍK

ÍBÚÐIR | STÆRÐ FRÁ: 56.5 - 178.3m²

VERÐ FRÁ: 39.9M

NÝJAR HÁGÆÐA ÍBÚÐIR Í 101 REYKJAVÍK

GUNNLAUGUR 844 6447 og BÖÐVAR 660 4777



## SÖLUSÝNING - Lau. 1. des. frá kl. 12:30-13:30



## LAXATUNGA - GLÆSILEG RAÐHÚS







NÁNARI UPPLÝSINGAR GEFA:
**GUNNLAUGUR** 844 6447
**ÚLFAR** 897 9030 OG
**BÖRKUR** 832 8844



LAXATUNGA 38, 40, 42 & 48 — 270 MOSFELLSBÆR

204 m² RAÐHÚS

VERÐ:
**53.9M**

TVEGGJA HÆÐA RAÐHÚS, RÚMLEGA FOKHELD. KAUPENDUR GETA SKIPULAGT HÚSIÐ AÐ EIGN ÓSKUM.

## BÓKIÐ SKOÐUN



## HRINGBRAUT 121 - Mjög gott verslunar- og þjónustuhúsnæði á 1. hæð í JL húsinu





NÁNARI UPPLÝSINGAR GEFA:
**GUNNLAUGUR** 844 6447
**OG ÚLFAR** 897 9030

STÆRÐ: 861.5m²



HRINGBRAUT 121 — 101 REYKJAVÍK

Í HÚSNÆÐINU VAR REKINN FULLBÚINN VEITINGASTAÐUR MEÐ STÓRU OG GÓÐU ELDHÚSI OG GLÆSILEGUM VEITINGASAL.

## GLÆSILEGT VERSLUNARHÚSNÆÐI AÐ HAFNARSTRÆTI 18, 101 REYKJAVÍK VIÐ LÆKJATORG



## HAFNARSTRÆTI 18, 101 REYKJAVÍK - TIL LEIGU

VÖNDUÐ NÝBYGGING Í HJARTA BORGARINNAR MEÐ RÝMI FYIRR ALLT AÐ 1.020 FERMETRA.

NÁNARI UPPLÝSINGAR GEFA:
**GUNNLAUGUR** 844 6447 **OG ÚLFAR** 897 9030

Húsið verður á þremur hæðum, Niðurgrafin kjallari 351m². Fyrsta hæð 351m², Önnur hæð 318m². Afhending áætluð í nóvember 2019 eða þegar endurbyggingu húsnæðisins lýkur.





„Þegar texti er knappur vegur hvert orð svo mikið,“ segir Guðrún Eva. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Stórar sögur þó smásögur séu

**Ástin, Texas nefnist nýtt smásagnasafn Guðrúnar Evu Mínervudóttur. Það inniheldur fimm sögur sem allar tengjast ástinni með einhverjum hætti.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Guðrún Eva Mínervudóttir er komin um Hellisheiðina til Reykjavíkur að sinna upplestri á nýútkomnum smásögum sínum inn á hljóðbók. En hún þarf að væta verkarnar stöku sinnum og í tetíma um tvöleytið er hún til í smá spjall. „Það tekur alveg á að lesa upphátt svona lengi, en það er gaman,“ segir hún og kveðst hafa unnið hér á árum áður á Hljóðbókasafninu við að lesa inn skáldsögur.

Guðrún Eva býr í Hveragerði og segir það góðan stað til að búa og skrifa á. „Ég geng í eina mínútu frá heimili mínu og þá er ég komin á skógargötu með engin hús í augsýn. Það eru lífsgæði.“

Hún kveðst vera vinnusöm. „Ég skrifa mikið. Stundum eru aðrar annir sem taka yfir, eins og núna í kringum útgáfuna. En ég er ekkert mjög ströng á því að vinna alltaf á sama tíma dagsins. Yfirleitt er það þó þannig að ég kem dótturinni í skólann, fæ mér morgunmat og byrja. Þannig er einfaldast að hafa það.“

Dagblaðalestur virðist ekki með í rútínunni enda kveðst Guðrún Eva gera frekar lítið af því að fylgjast með fréttum yfirleitt. „Ég er alltaf að reyna að hafa tíma til að lesa bækur. Bæði skáldskap og fróðleik. Að skrifa og lesa er mjög stór þáttur í mínu lífi sem ég get illa hugsað mér að vera án. En ef maður skrifar meira en maður les getur maður hreinlega orðið veikur.“

Guðrún Eva kveðst hafa átt stórt bókasafn og pakkað því niður og upp einu sinni til tvisvar á ári, alltaf flytjandi. „Svo festi ég rætur í Hveragerði og þá gaf ég megnið af bókasafninu – loksins þegar ég var komin á áfangastað. Allt í einu leið mér þannig að ég þyrfti ekki að eiga allar þessar bækur sem höfðu fylgt mér og gaf þær sem ég vissi að ég læsi ekki aftur. En svo liggur straumur bóka hér bæði inn og út.“

Ástin, Texas er annað smásagnasafn Guðrúnar Evu á ferlinum, fyrra safnið hét Á meðan hann horfir á þig ertu María mey og kom út 1998.

*En er ekki krefjandi að skrifa smásögur? Hún þarf að fá svo margar hugmyndir?*

„Ég hef aldrei liðið hugmyndaskort. Það er alltaf nóg framboð. En kannski má segja að það sé krefjandi á annan hátt,“ svarar hún. „Maður þarf að ferðast úr einum heimi í annan. Þegar maður skrifar skáldsögu í fullri lengd verður maður að persónum hennar á meðan og lifir og hrærist í þeim heimi en í styttri sögum er maður alltaf að skipta um hugarástand. Og þegar texti er knappur vegur hvert orð svo mikið. Ég þurfti að upplifa heiminn jafn stóran fyrir hverja sögu eins og hún væri heil bók í fullri lengd og svo ritskoða og endurskrifa líkt og um skáldsögu væri að ræða. Ég vona að það skili sér að einhverju leyti við lesturinn að þetta séu stórar sögur þó að um smásögur sé að ræða. Smásagnaformið leynir á sér og býður upp á spennandi og óvænta nálgun. Það er mikil lestrarnautn fólgin í vel skrifuðum smásögum. Ég gladdist mjög þegar Alice Munro fékk Nóbelinn. Hún skrifar eintómar smásögur.“

Hún kveðst fá hugmyndir úr daglega lífinu; einhverju sem hún upplifi sjálf, verði vitni að eða heyri um. „Mér finnst lífið yfirleitt magnað og stórbrotið. Hversdagsleikinn er sjaldnast viðburðasnauður. Það er bara þjóðsaga að hversdagsleikinn sé grár og leiðinlegur.“

Dóttirin er sjö ára og heitir Mínerva eins og amma hennar og langalangamma. Aðspurð segir Guðrún hana örugglega veita sér innblástur. „Núna skrifa ég af meira öryggi um það hvernig er að vera foreldri og það rifjast líka betur upp fyrir mér hvernig er að vera barn. Allt í umhverfi okkar hefur áhrif og ég er viss um að Mínerva hjálpar mér að viðhalda sköpunargáfunni því börn eru auðvitað tærir snillingar.“

AÐ SKRIFA OG LESA ER MJÖG STÓR ÞÁTTUR Í MÍNU LÍFI SEM ÉG GET ILLA HUGSAÐ MÉR AÐ VERA ÁN. EN EF MAÐUR SKRIFAR MEIRA EN MAÐUR LES GETUR MAÐUR HREINLEGA ORÐIÐ VEIKUR.

**Kafli úr smásögunni Hyski**

Upp í hugann kom einkennilega sár minning sem tengdist alls ekkert Amazigh fólkinu eða ævintýralegum klæðaburði þeirra. Ég var sjö ára og mátti vera úti til tíu á sumrin. Það var hlý ágústnótt og við vorum mörg saman í Einn tveir þrír fjórir fimm Dimmalimm. En þegar leikurinn leystist upp sagðist ein stúlkan vera myrkfælin og bað mig að fylgja sér heim. Ég rölti með henni og þegar hún opnaði dyrnar heima hjá sér kom á móti okkur tröllvaxinn séfferhundur. Í minningunni var nefið á honum í augnhæð við okkur, en það gæti verið eitthvað sem ég ímyndaði mér eftir á. Hvað um það; ég féll í stafi. Þetta var eins og að hitta goðsagnaveru.

Foreldrar stúlkunnar höfðu gaman af taumlausri hrifningu minni og leyfðu mér að skreppa á bak. Hundurinn tölti hlýðinn með mig um stofuna áður en hann lagðist á liljumynstrað gólfteppið og dæsti. Ég lagðist við hlið hans og strauk honum um kollinn og stórtenntan skoltinn. Ég skildi ekki hvers vegna svo magnþrungin skepna leyfði mér að handleika sig eins og gæludýr.

Hann geispaði og tíminn hvarf. Hundurinn gleypti eitthvað um tvær klukkustundir. Enn í dag þykir mér það eðlisfræðilegt undur. Stúlkan var farin inn í rúm ásamt mömmu sinni en pabbinn sat kurteis yfir mér, óboðnum gestinum. Þegar mér varð litið upp á hann og sá að á honum var undrunarsvipur brölti ég á fætur og sagðist verða að koma mér heim.

Já, er það ekki? svaraði hann. Það er komið fram yfir miðnætti.

Við þessi orð náði kvíðinn tökum á mér og ég flýtti mér í strigaskóna og tók á rás í áttina heim. Ég hægði ekki á sprettinum fyrr en ég sá að það var lögreglubíll með blikkandi ljós á bílastæðinu fyrir utan hjá okkur. Þá læddist ég inn bakdyramegin og beint í flasið á ömmu. Amma hafði gert sér ferð með leigubíl til að passa Árna bróður á meðan mamma rúntaði með hinum löggubílnum um hverfið í leit að mér. Hún var vön að verða glöð að sjá mig, slá á létta strengi, gefa mér piparmyntutyggjó eða súkkulaði með marsipanfyllingu. En nú horfði hún alvarleg niður á mig og sagði að mér væri hollast að vera komin inn í rúm þegar mamma kæmi heim. Þetta var stemning sem ég hafði aldrei upplifað fyrr. Kvíðinn varð að ofsahræðslu. Ég hafði aldrei á ævinni verið jafn hrædd. Ég varð hræddari en þegar ókunnugur maður hristi mig til af því að hann hélt að ég væri að stela úr búðinni hans en ég hafði bara dregið hárteygjuna úr taglinu og var að stinga henni í vasann.

Líkt og í leiðslu gekk ég á eftir ömmu út á bílastæði, sá dyr lögreglubílsins opnast og bílinn uppljómast að innan, heyrði stutt samtal ömmu og lögregluþjónsins og síðan surg í talstöð. Amma og löggan litu á mig bæði í einu. Ég hljóp inn aftur, inn í herbergið mitt og lokaði, klæddi mig skjálfhent úr fötunum og í náttkjólinn með músamyndunum áður en ég fór undir sæng. Þar lá ég þegar mamma kom inn í herbergið. Hún kveikti ljósið en ég bærði ekki á mér. Hún dró stól að rúmstokknum og settist, beið eftir að ég opnaði augun eða segði eitthvað en ég lá áfram grafkyrr, nema ég fann að augnlokin á mér titruðu.

Eftir nokkra stund gaf mamma frá sér lágvært hnuss áður en hún reis á fætur, slökkti ljósið, fór út úr herberginu og lokaði á eftir sér. Ég velti mér á grúfu og kjökraði, þurr í kverkunum. Mér leið eins og ég væri að kafna en var of skelfd til að tárfella.



# HELGARTILBOÐ

OPIÐ ALLA HELGINA – LAU. 11-18 og SUN. 13-18 Á SUÐURLANDSBRAUT OG LAU. 10-17 og SUN. 13-17 Á GLERÁRTORGI

## KYNNUM SEGWAY DRIFT RAFSKAUTA
Á SUÐURLANDSBRAUT

**20% AFSLÁTTUR**
AF ÖLLUM SEGWAY FARARTÆKJUM

SEGWAY DRIFT W1

## DOLCE GUSTO KYNNING
Á SUÐURLANDSBRAUT

NESCAFÉ Dolce Gusto

Mini Me KAFFIVÉL

*Kaffistandur fylgir að andvirði 3.995*

TILBOÐ **9.995**
FULLT VERÐ 10.995

---

**43"** PHILIPS
PHS-43PFT4112
Einfalt og flott 43" Full HD LED sjónvarp með 16W RMS Incredible Surround hljóðkerfi.
TILBOÐ **49.995**
FULLT VERÐ 59.995

**50"** LG UHD TV
BT HÁTALARI FYLGIR
LG-50UK6300
50" 4K UHD snjallsjónvarp með Active HDR tækni og Bluetooth ásamt notendavænu webOS netviðmóti og Netflix í 4K.
TILBOÐ **89.995**
FULLT VERÐ 119.995

**55"** PHILIPS
PHS-55PUS7803
55" 4K UHD snjallsjónvarp með Android 7 stýrikerfi og P5 myndvinnslu ásamt DTS HD Premium hljóðkerfi og Ambilight 3 baklýsingu.
TILBOÐ **129.995**
FULLT VERÐ 164.995

**75"** LG SUPER UHD TV
BT HÁTALARI FYLGIR
LG-75SK8100
Glæsilegt 75" Super UHD sjónvarp með A7 örgjörva og Nano Cell skjátækni sem gefur betri mynd frá öllum sjónarhornum. Multi HDR, Dolby Vision og webOS 4.0. Magic Remote fylgir.
TILBOÐ **349.995**
FULLT VERÐ 449.995

---

## HEILSUGRILL
**20% AFSLÁTTUR**
PHILIPS · OBH NORDICA · Ariete · DeLonghi · MELISSA · GEORGE FOREMAN · SEVERIN

## VÖFFLUJÁRN
**20% AFSLÁTTUR**
OBH NORDICA · ÅVIKEN · wilfa · SEVERIN

## ÖLL HÁRTÆKI
**30% AFSLÁTTUR**
PHILIPS · TONI&GUY · REVLON

---

**PHILIPS**
PHS-S313041
Hleðslurakvél og nefháraklippur.
TILBOÐ **9.995**
FULLT VERÐ 14.995

## DALI HÁTALARAR
**15% AFSLÁTTUR**
DALI

LG · LG SUPER UHD TV
**LG BLUETOOTH HÁTALARI FYLGIR MEÐ ÖLLUM LG SJÓNVÖRPUM**

---

TÖLVULISTINN · Heimilistæki

*Opið alla helgina!*

**Heimilistæki** ht.is
*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • AUSTURVEGI 34 **SELFOSSI** S: 414 1745 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# Fáninn og frelsið

Saga til næsta bæjar



**Stefán Pálsson** skrifar um sögu þjóðfánans.

Árið 2004 var haldið upp á hundrað ára heimastjórnarafmæli á Íslandi. Af því tilefni voru settar upp sýningar, prentaðir bæklingar og útbúnar vefsíður um sögu tímamótanna. Þar var allt morandi í vísunum í tæknilegar og efnahagslegar framfarir sem féllu nokkurn veginn saman við pólitísku umskiptin: upphaf vélbátaútgerðar, stofnun Íslandsbanka, ritsímatengingu Íslands við Evrópu og svo mætti lengi telja.

Nú um stundir, þegar efnishyggjan er svo ríkjandi og fátt þykir nokkurs vert ef það leiðir ekki til gróða og hagvaxtar, finnst okkur sjálfgefið að kröfur um pólitískt sjálfstæði tengist hugmyndum um tæknilegar og efnahagslegar framfarir. Sú hefur þó ekki alltaf verið raunin.

Ef umræður um sjálfstæðismál Íslendinga í byrjun tuttugustu aldar eru kannaðar, kemur í ljós að efnahagslegu rökin voru þar alls ekki í fyrirrúmi. Krafan um aukið pólitískt sjálfstæði Íslands var ekki rökstudd nema að takmörkuðu leyti með rökunum um verulegar efnahagslegar umbætur. Raunar voru það frekar hinir, er vildu fara hægar í sjálfstæðismálunum en leggja meiri áherslu á tæknivæðingu landsins, sem gripu til efnahagsrakanna. Hinir ákföfustu í hópi sjálfstæðissinna virtust ekki fyllilega sannfærðir um að frelsinu fylgdi peningalegur ávinningur, að minnsta kosti ekki fyrst um sinn. Sjálfstæðishugmyndin snerist fremur um stolt og þjóðarmetnað.

Í huga stjórnmálastéttarinnar á Alþingi og ritstjóra þjóðmálablaðanna hverfðist sjálfstæðismálið um afar tæknileg stjórnskipunarleg atriði á borð við það hvort danski kóngurinn skyldi sitja á fundi með dönsku ríkisstjórninni eða ekki, rétt á meðan hann kvittaði undir íslensk lög. En þótt þingmenn gætu talað sig hása um slík formsatriði, megnuðu þau lítt að kveikja áhuga alls almennings. Öðru máli gegndi um fánamálið, sem var einfaldara, skýrara og virtist snúast um grundvallaratriði en ekki lagakróka. Enginn skyldi vanmeta hversu miðlæg spurningin um fullgildan íslenskan þjóðfána var í sjálfstæðisbaráttunni allri.

**Merki eða flagg?**

Lögin um íslenska fánann voru staðfest með konungsúrskurði þann 19. júní árið 1915, við sama tækifæri og lög um kosningarétt voru rýmkuð á þann hátt að þau næðu einnig til kvenna. Af samtímaheimildum má ráða að landsmenn litu á þessa niðurstöðu sem stórsigur – jafnvel síst veigaminni en áfanga á borð við tilkomu heimastjórnarinnar og síðar fullveldið – þótt slíkur samanburður þyki í dag skringilegur og jafnvel fráleitur. Sigurinn var þó örlítið súrsætur, af ástæðum sem síðar verða raktar.

Sú áhersla sem Íslendingar á öðrum áratug tuttugustu aldar lögðu á þjóðfánann, er áhugaverð í ljósi þess að fáeinum árum fyrr máttu landsmenn heita næsta fáfróðir um fánamál. Í umræðum um þjóðartákn var hugtökunum fána og merki eða skjaldarmerki einatt ruglað saman. Þjóðhollir menn létu hið gamla einkennistákn Íslands, flatta þorskinn, fara í taugarnar á sér og börðust fyrir að því yrði skipt út fyrir fálkamynd Sigurðar Guðmundssonar málara. Í þeirri baráttu var lítill greinarmunur gerður á fána og merki, eins og sjá má af fyrsta lagafrumvarpinu um fána Íslands frá árinu 1885. Gerði hún það ráð fyrir fjórum jafnstórum flötum með hvítum krossi í miðjunni. Skyldi danski fáninn vera í efra hægra horninu, en hinir þrír fletirnir bláir með fálkamynd Sigurðar.

Þegar skáldið Einar Benediktsson kynnti í blaðagrein árið 1897 tillögu sína að tvílitum þjóðfána í anda danska og sænska fánans, með hvítan kross á bláum feldi, varði hann minnstu púðri í að útskýra litavalið og hönnunina, en þeim mun meira í að útskýra fyrir lesendum sínum þau ólíku lögmál sem giltu um merki og fána. Merki, útskýrði skáldið, gætu falið í sér flókið myndmál með skírskotunum til sögu og menningar landanna sem þeim væri ætlað að tákna. Um fána gilti öðru máli. Þeir yrðu að vera einfaldir og auðþekkjanlegir, einkum úr fjarlægð enda hlutverk þeirra ekki hvað síst að auðkenna skip einstakra ríkja.

Það var ekki endilega til marks um sérstaka útnesjamennsku Íslendinga að átta sig ekki fyllilega á þessum fánafræðum öllum. Til ársins 1848 höfðu lög um danska fánann einkum gengið út á að banna öðrum en til þess bærum yfirvöldum að flagga. Þjóðfáninn hafði alfarið verið tákn ríkisvaldsins, en með tímanum öðlaðist hann nýtt hlutverk sem leið almennra borgara til að tjá ættjarðarást sína. Íslendingar sem búið höfðu í Danmörku hlutu að veita þessari notkun fánans eftirtekt og eftir því sem myndanotkun í dagblöðum og tímaritum varð algengari um og eftir aldamótin 1900 varð hugmyndin um fána sem þjóðernistákn rökréttari í hugum fólks.

**Gríska flækjan**

Undirtektir við hugmynd Einars voru litlar í fyrstu, en fræjunum var þó sáð. Tæpum áratug síðar gaus fánamálið upp af nýjum krafti þegar Stúdentafélagið skoraði á landsmenn að taka upp hvítbláin. Ári síðar var Ungmennafélagshreyfingin sett á laggirnar og gerði fánann þegar að einkennistákni sínu. Á undraskömmum tíma tóku Íslendingar ástfóstri við fánann og töldu það forgangsmál að hann öðlaðist formlega viðurkenningu. Næstu árin var hvítbláni æ oftar hampað, ekki hvað síst af þeim hópum og hreyfingum sem hvað harðast vildu ganga fram í að slíta sambandinu við Dani.

Velta má því fyrir sér hvort þessi skýra pólitíska tenging hafi að lokum orðið bláa og hvíta krossfánanum að falli? Fáninn var óspart notaður til að ögra dönskum stjórnvöldum, sem kann að hafa átt sinn þátt í að danska konungsvaldið endaði á að synja honum óbreyttum, þegar Íslendingar fengu loks sinn eigin fána.

Opinbera skýringin á því að hvítbláinn hlaut ekki blessun konungs hafði þó ekkert með ögranir sjálfstæðissinna að gera. Viðkvæðið í Kaupmannahöfn var einfaldlega að fáninn væri of líkur flaggi því sem Grikkir notuðu á kaupskip sín. Sá fáni var vissulega blár og hvítur með krossi, en krossinn hjá Grikkjum var fyrir fánanum miðjum og bar þar að auki kórónu gríska konungsins.

Undir eðlilegum kringumstæðum hefðu líkindi með grískum siglingafána og íslenskum þjóðfána ekki talist stórvandamál, en náin tengsl dönsku og grísku konungsættanna flæktu þó málið talsvert. Danska kónginum var fullkunnugt um hvernig grískir fánar litu út.

Raunar höfðu áhyggjur af þessu áður látið á sér kræla meðal Íslendinga og á fundi Stúdentafélagsins, þar sem hvatt var til að hvítbláinn yrði gerður að þjóðfána hafði Matthías Þórðarson þjóðminjavörður mælt fyrir annarri útgáfu sem ekki yrði ruglað saman við önnur flögg. Matthías lagði til að rauðum krossi yrði skeytt inn í þann hvíta. Tillagan var kolfelld og sem fyrr sagði fangaði fáni Einars Benediktssonar hugi og hjörtu Íslendinga, þannig að útilokað varð að stinga upp á öðrum útfærslum.



Árið 1913 skipaði Alþingi sérstaka nefnd til að fjalla um fánamálið. Markmið hennar var að freista þess að komast að niðurstöðu sem sátt gæti orðið um. Fyrsti kostur var að fullreyna hvort stjórnin í Kaupmannahöfn væri til í að fallast á hvítbláin, en ella að komast að einhverri annarri góðri málamiðlun. Nefndin hafði aldrei minnstu trú á að danska kónginum yrði hnikað og raunar gerði hún sitt til að grafa enn frekar undan hugmyndinni um hvítbláin með því að sýna fram á að hætta væri á ruglingi milli hans og sænska fánans á skipum, einkum í slæmu skyggni.

Að þeirri niðurstöðu fenginni sneri nefndin sér að því að ákveða nýjan fána. Í því skyni var efnt til almennrar hugmyndasamkeppni og sendi talsverður fjöldi fólks nefndinni tillögur sínar, auk þess sem allmargir aðilar nýttu tækifærið til að hvetja nefndina til að hvika hvergi frá kröfunni um hvítbláin. Unnið var úr niðurstöðum samkeppninnar, en við lestur á ítarlegum skýrslum fánanefndarinnar, sem gefnar voru út á árinu 1914, virðist nokkuð augljóst að ákvörðunin hafi legið fyrir frá fyrsta fundi: Matthías Þórðarson var meðal nefndarmanna og tillaga hans frá árinu 1906 var að lokum sú útfærsla sem nefndin mælti með, þótt til málamynda væri boðið upp á tvær tillögur.

Hinn ungi en íhaldssami konungur Kristján tíundi átti ekki í nokkrum vandræðum með að fallast á fánatillöguna með rauða krossinum og sumarið 1915 gátu landsmenn flaggað fullgildum þjóðfána. Þeir voru þó til sem bölvuðu í hljóði yfir að hafa þurft að sætta sig við þessa málamiðlun.

Þessi fánapistill var sá 122. í röðinni frá því að sá er hér ritar hóf að skrifa fyrir helgarblað Fréttablaðsins. Þetta hefur verið skemmtileg vegferð og vonandi fróðleg fyrir einhverja, en nú er hún á enda. Takk fyrir mig.



# Er líða fer að jólum



Laugardaginn 1.des ætlum við að endurtaka leikinn og baka aftur vöfflur fyrir viðskiptavini frá kl.13.00-16.00
VERIÐ VELKOMIN Í BAUHAUS



KONST SMIDE

3.995.-

**LED sería með elgum**
Með 8 hvítum LED perum. Lengd 175 cm + 5 m snúra.




KONST SMIDE

**LED sería fyrir myndir**
Með 12 plaströmmum fyrir myndir.
Lengd 2,75 m + 5 m snúra.

2.495.-



2 STK. 1.995.-

2 STK. 695.-



VERÐ FRÁ 1.495.-



VERÐ FRÁ 3.495.-

**Jólapappír**
Með snjókornum eða jólasveinum. 20 m.
1.295.- kr stykkið.

**Jólapappír**
10 metra gæðapappír. Til í 4 gerðum.
395.- kr stykkið.

**Jólafígúrur**
Fást í nokkrum gerðum, bæði sitjandi og standandi.
Sitjandi jólafigúra. Hæð 15 cm .................... 1.495.-
Standandi jólafigúra. Hæð 17 cm................ 2.495.-

**Jólafígúrur með útdraganlega fætur**
Fást í nokkrum gerðum, í rauðu eða gráu.
Grá jólafígúra. Hæð 127 cm........................ 3.495.-
Rauð jólafígúra. Hæð 145 cm ..................... 4.595.-

BAUHAUS

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - upplysingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is

## Merkisatburðir

**1918** Konungdæmi Serba, Króata og Slóvena er stofnað og verður síðar konungsríkið Júgóslavía.

**1930** Togarinn Apríl ferst í óveðri með 18 mönnum.

**1931** Minnisvarði um Hannes Hafstein er afhjúpaður við Stjórnarráðshúsið.

**1932** Sjálfvirkar símstöðvar eru teknar í notkun í Reykjavík og Hafnarfirði og missa þá margir tugir símastúlkna vinnu sína.

**1955** Rosa Parks neitar að standa upp fyrir hvítum manni í strætisvagni í Bandaríkjunum og er handtekin vegna þess.

**1972** Áhugamenn um verndun Bernhöftstorfunnar ganga blysför um miðbæ Reykjavíkur til að vekja athygli á málstað sínum.

**1974** Hús Jóns Sigurðssonar er formlega vígt í Kaupmannahöfn.



**1975** Silfurbergsnáman hjá Helgustöðum í Reyðarfirði er friðlýst sem náttúruvætti.

**1994** Þjóðarbókhlaðan er opnuð í Reykjavík.

**2005** Suður-Afríka heimilar hjónabönd samkynhneigðra.



„Það eru ferðamennirnir sem skapa tækifæri fyrir okkur til að setja upp svona sýningu,“ segir Gunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ragga er rödd náttúrunnar

**Stórsýning um náttúru Íslands verður opnuð formlega í svokölluðu stjörnuveri í Perlunni á mánudaginn. Sérstakur kynningarafsláttur verður á hana um helgina.**

Það hefur verið magnað fyrir okkur að vinna að þessari sýningu með öllum þeim listamönnum sem að henni hafa komið. Þessum ótrúlegu ljósmyndurum, þessu magnaða tónlistarfólki og öllu þessu flinka tæknifólki,“ segir Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri sýningarinnar Undur íslenskrar náttúru í Perlunni.

Stórsýning í hvelfingu eins tanksins verður opnuð á mánudaginn. Gunnar segir tæknina sem hún nýtir vera einstaka á heimsvísu. Þar líður hver landslagsmyndin af annarri eftir Ragnar Th., Valdimar Leifsson og kannski fleiri, fyrir sjónir áhorfenda og þýð rödd Röggu Gísla hljómar um salinn, auk þess sem hún hefur samið tónlist við sýninguna. „Ragga er rödd náttúrunnar,“ skýtur Margrét Jónsdóttir jarðfræðingur og aðstoðarframkvæmdastjóri að.

„Já, við eigum fallegt land og flott fólk hér á Íslandi,“ tekur Gunnar undir hrifinn. „En það eru ferðamennirnir sem skapa tækifæri fyrir okkur Íslendinga til að setja svona sýningu upp, svo nýtur skólafólkið og áhugasamir Íslendingar góðs af. Hér getur fólk fræðst um himingeiminn, landið okkar, jarðfræðina, líffræðina. Við vinnum allt í samstarfi við okkar færasta háskólafólk en hefðum aldrei getað gert þetta án ferðamannanna. Þetta er bara fyrsta sýningin af mörgum sem við eigum eftir að bregða hér upp. Sú næsta verður af norðurljósum.“

Öll þessi dýrð fellur undir stórsýninguna Undur íslenskrar náttúru sem er opnuð í áföngum. Einn hluti hennar er sýning Náttúruminjasafnsins sem verður opnuð í dag á annarri hæð Perlunnar og nefnist Vatn í náttúru Íslands. „Hún er stjarna dagsins,“ segir Margrét.

**gun@frettabladid.is**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*




ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**




ATHÖFN ÚTFARAÞJÓNUSTA - s: 551 7080 & 691 0919
athofn@athofn.is - www.athofn.is




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Rut Benjamínsdóttir**

lést á dvalarheimilinu Lundi laugardaginn 24. nóvember. Útförin fer fram frá Selfosskirkju miðvikudaginn 5. desember kl. 14.00.

**Ásdís Þórðardóttir** — **Hallgrímur J. Jónasson**
**Arndís Eiðsdóttir** — **Gunnar Þór Jóhannesson**
**Auður Eiðsdóttir** — **Benedikt Páll Magnússon**
**Baldur Eiðsson** — **Margrét Kristín Tryggvad.**
**G. Veronika Eiðsdóttir** — **Jónas Harðarson**
**Trausti Þór Eiðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Marel Eðvaldsson**
Suðurbraut 2, Hafnarfirði,

lést á Landspítala Fossvogi 21. nóvember. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 3. desember kl. 13.00.

Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Slysavarnafélagið Landsbjörg.

**Gréta Húnfjörð Sigurðardóttir**
**Örn Marelsson**
**Ingibjörg Marelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar ástkæri sonur, bróðir, mágur og frændi,

**Þórður Albert Guðmundsson**
yfirflugvirki,

sem lést á Landspítalanum þann 24. nóvember verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 5. desember kl. 13.00.

**Þórdís Þórðardóttir**
**Guðmundur Jón Albertsson** — **Áslaug Traustadóttir**
**Ragnhildur Sigurðardóttir** — **Hermann Jónsson**
**Guðrún Helga Magnúsdóttir** — **Steinar Þór Þorfinnsson**
**og systrabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Pálmi Finnbogason**
Espigrund 6, Akranesi,

lést þriðjudaginn 27. nóvember. Útförin fer fram frá Akraneskirkju miðvikudaginn 12. desember klukkan 13.00.

**Fjóla Lind Gunnlaugsdóttir**
**Gunnlaugur Pálmason** — **Rut Karol Hinriksdóttir**
**Viðir Pálmason** — **Helga Jónsdóttir**
**Þuríður Ósk Pálmadóttir** — **Tryggvi Guðbrandsson**
**og barnabörn.**


MYLLU
Jólatertur
Vinsælasta Jólatertan er græn
tryggðu þér eina - strax í dag
MYLLAN
JÓLATERTA
MEÐ KREMI
Nettóþyngd: 430 g
með sultu og kremi
með sveskjusultu
með kremi
með rabarbarasultu
Bragðaðu þær allar
- kauptu Myllu Jólatertur
MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ
Nánari upplýsingar
er að finna á:
myllan.is



**Rokkkórinn er einn þeirra tólf kóra sem syngja á afmælistónleikunum í Hörpu.** MYND/UNA SIGURÐARDÓTTIR

# Kórsöngur er almannagæði

**Landssamband blandaðra kóra heldur upp á 80 ára afmæli sitt með söng tólf kóra í dag í Hörpuhorni. Formaður sambandsins er Margrét Bóasdóttir söngkona.**

Kórsöngur er líklega fjölmennasta félagsstarf á landinu enda mikilvægt menningarlífinu um allt land. Allir aldurshópar syngja saman í kór, óháð stétt og stöðu. Þetta er einstakt í listrænu starfi. Auk þess sem kórsöngurinn er mikil almannagæði,“ segir Margrét Bóasdóttir, formaður Landssambands blandaðra kóra. Tilefnið er 80 ára afmæli sambandsins sem haldið verður upp á í dag – að sjálfsögðu með söng og það í sjálfri Hörpu milli klukkan 13.30 og 17. Tólf kórar koma fram og fær hver þeirra fimmtán mínútur fyrir dagskrá að eigin vali.

Landsambandið var stofnað 1938 og enn er einn af stofnkórunum starfandi, Sunnukórinn á Ísafirði, en því miður er hann ekki með í dag.

Aðgangur er ókeypis og segir Margrét alla hjartanlega velkomna. Fólk geti staldrað við lengur eða skemur yfir tónleikatímann. „Við viljum með afmælissöngnum vekja athygli á mikilvægi kórsöngs og bjóða öllum að hlusta sem vilja, án endurgjalds.

## Kórarnir sem syngja eru:

Rokkkór Íslands
Samkór Reykjavíkur
Kammerkór Hafnarfjarðar
Kór Kópavogskirkju
Óperukórinn
Óháði kórinn
Söngfjelagið
Sönghópurinn Norðurljós
Samkór Kópavogs
Góðir grannar
Flensborgarkórinn



Ástkær eiginkona mín,
móðir og amma,

**Kristrún Samúelsdóttir**

Pósthússtræti 1,
Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja,
föstudaginn 23. nóvember.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Karl Karlsson**
**Inga Dóra Karlsdóttir**
**Rúna Björg Sverrisdóttir**
**Unnur Birta Sverrisdóttir**
**Katla Líf Sverrisdóttir**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Bjarnfríður Haraldsdóttir**

frá Ásfelli,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans
27. nóvember sl. Útför hennar fer
fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn
6. desember kl. 13.00.

**Sigurður Hjálmarsson**
**Sigríður Sigurðardóttir** **Jón Ágúst Þorsteinsson**
**Sæunn I. Sigurðardóttir** **Björn Baldursson**
**Haraldur Sigurðsson** **Elín Heiða Þorsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona mín,
móðir, tengdamóðir og amma,

**Margrét Sveinbjörnsdóttir**

(Maddý)
frá Snorrastöðum, Laugardal,

varð bráðkvödd á heimili sínu,
Suðurlandsbraut 62,
hinn 23. nóvember sl. Jarðsungið verður
frá Langholtskirkju föstudaginn 7. desember kl. 13.00.

**Viðar Tryggvason**
**Guðrún Rakel Viðarsdóttir** **Hilmar Sigurðsson**
**Ragnheiður Björk Viðarsdóttir** **Jón Sverrir Bragason**
**Drífa Viðarsdóttir** **Ásgeir Örn Ásgeirsson**
**barnabörn og aðrir ástvinir.**



Elsku mamma okkar, tengdamamma,
amma og langamma,

**Málfríður Þorleifsdóttir**

lést laugardaginn 17. nóvember
á Hrafnistu í Reykjavík. Yndislegu
starfsfólki á Engey/Viðey er þakkað fyrir
einstaka hlýju og góða umönnun.
Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn
14. desember kl. 13.00.

**Kristín Guðmundsdóttir**
**Erna Guðmundsdóttir** **Eiríkur Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Hrafnhildur Hauksdóttir**

Vegghömrum 22,

lést á heimili sínu 27. nóvember. Útför
hennar fer fram frá Grafarvogskirkju
föstudaginn 7. desember klukkan 13.00.

**Ólöf Sigríður Ísfeld Einarsdóttir** **Trond Arne Johansen**
**Storm Einar Ísfeld Johansen**
**Kristján Haukur Ísfeld Einarsson**



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir,amma og langamma,

**Pálína Guðmundsdóttir**

kennari,

verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju
miðvikudaginn 5. desember kl. 13.00.

**Sigrún Sigurðardóttir** **Halldór M. Gunnarsson**
**Anna Svanhildur Sigurðardóttir**
**Guðrún Rósa Sigurðardóttir**
**Kjartan Sigurðsson** **Særún Jónasdóttir**
**Haraldur Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Erlendur Halldórsson**

frá Dal,

lést á líknardeild Landspítalans þann
26. nóvember. Útför hans fer fram
frá Háteigskirkju fimmtudaginn
6. desember kl. 13.00.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim
sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.
Sérstakar þakkir fær starfsfólk Heru heimahlynningar
og líknardeildar LSH.

**Þorgerður V. Sveinbjörnsdóttir**
**Halldór Erlendsson** **Linda Björk Jóhannsdóttir**
**Rósa Erlendsdóttir** **Haukur Þórðarson**
**Egill Erlendsson** **Ragna Elíza Kvaran**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Margrét Ágústa Hallgrímsdóttir**

íþróttakennari,
Suðurhlíð 38b, Reykjavík,

lést 24. nóvember sl. á hjúkrunarheimilinu Boðaþingi.
Útförin fer fram frá Grensáskirkju 3. desember kl. 13.00.

**Ríkharður Sverrisson** **Kristín Anna Ingólfsdóttir**
**Árni Árnason** **Lára Sigríður Jónsdóttir**
**Andrés Björgvinsson**
**Ingveldur Björgvinsdóttir** **Eyþór Eggertsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, stjúpmóðir og amma,

**Dagný Guðmundsdóttir**

sjúkraliði,

lést föstudaginn 23. nóvember.
Útför hennar fer fram þriðjudaginn
4. desember klukkan 13.00
frá Lindakirkju í Kópavogi.

**Ingólfur Jónsson**
**Vigdís Sæunn Ingólfsdóttir**
**Ragnar Þór Ingólfsson** **Guðbjörg Ingunn Magnúsd.**
**Harpa Cilia Ingólfsdóttir** **Ivon Stefán Cilia**
**og barnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og vinarhug við fráfall

**Arnar Ævars Markússonar**

lyfjafræðings.

**Halla Valdimarsdóttir**
**Ragnheiður Elfa Arnardóttir** **Guðjón Ketilsson**
**Snorri Björn Arnarson** **Aðalheiður Svanhildardóttir**
**Halla Sigrún Arnardóttir** **Hannes Birgir Hjálmarsson**
**og fjölskyldur.**



Ástkær eiginkona, móðir, dóttir,
tengdadóttir, systir og mágkona,

**Þórunn Ágústa Þórsdóttir**

vélaverkfræðingur,
Alveveien 13, Sandnes, Noregi,

lést á krabbameinsdeild Åse, Noregi,
í faðmi fjölskyldunnar, þriðjudaginn
20. nóvember. Útför hennar fer fram laugardaginn
8. desember kl. 14.00 frá Ísafjarðarkirkju.

**Gunnar Runólfsson**
**Björg Jónína Björnsdóttir**
**Sveinbjörn Hugi Gunnarsson**
**Guðný Magna Gunnarsdóttir**
**Álfhildur Jónsdóttir** **Þór Ólafur Helgason**
**Guðný Gunnarsdóttir**
**Guðný Ósk Þórsdóttir** **Jón Þór Guðbjörnsson**
**Sædís Ólöf Þórsdóttir** **Gunnar Ingi Hrafnsson**
**og fjölskyldur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og
útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



Þú finnur jólagjöfina hjá Vodafone
Galaxy Tab A WiFi spjaldtölva að andvirði 29.990 kr. fylgir
50 GB fylgja
50 GB fylgja
Samsung S9 og S9+
Verð frá 104.990 kr. staðgreitt
Urbanista New York
Verð 19.990 kr. staðgreitt
Apple AirPods
Verð 24.990 kr. staðgreitt
iPhone XR
Verð frá 134.990 kr. staðgreitt
Mikið úrval snjalltækja og spennandi kaupauka í jólapakkann handa þínum nánustu.
Kíktu við í næstu verslun eða á vodafone.is
Framtíðin er spennandi.
Ertu til?
vodafone

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**FLATEYJARGÁTAN**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| H | A | R | Ð | K | O | R | N | A | D | E | K | K | | G | | K | | Ó | |
| J | | E | | J | | A | | L | | F | | V | I | L | H | A | L | L | A |
| Á | R | G | J | Ö | L | D | U | M | | N | | I | | E | | F | | U | |
| L | | L | | R | | D | | Á | L | A | G | S | P | R | Ó | F | I | N | U |
| P | L | U | S | S | H | A | T | T | | F | | T | | S | | I | | D | |
| A | | S | | T | | R | | T | R | Ó | J | U | S | T | R | Í | Ð | I | Ð |
| R | E | Y | Ð | A | R | L | Æ | K | | L | | R | | Y | | S | | N | |
| S | | S | | Ð | | A | | A | L | K | R | I | S | T | I | N | N | A | R |
| K | A | T | T | A | R | G | I | N | I | | | N | | T | | U | | | |
| I | | R | | | I | | L | | T | | E | N | D | U | R | M | E | T | A |
| P | L | A | S | T | F | I | L | M | A | | F | | R | | Á | | I | | |
| U | | | T | | S | | V | | M | Ó | T | S | A | G | N | A | N | N | A |
| M | Ó | T | E | I | T | R | I | N | U | | I | | G | | S | | Æ | | K |
| | Ð | | F | | A | | Ð | | N | O | R | Ð | A | N | F | A | R | A | R |
| B | A | R | N | U | N | G | R | A | | | L | | S | | Ö | | A | | Ó |
| | G | | U | | G | | A | F | S | L | Á | T | T | A | R | G | R | I | P |
| F | O | R | M | L | A | U | S | T | | | T | | | U | | Ú | | | Ó |
| | T | | Ó | | | | A | R | F | A | S | L | A | K | U | R | | | L |
| L | I | S | T | F | O | R | M | A | | | Ö | | | N | | K | A | L | I |
| | Ð | | A | | | | A | Ð | A | L | M | Á | L | I | N | U | | | S |

**LAUSNARORÐ:** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist tímabil í sögu þjóðar. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 6. desember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „1.des“.



FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Rotturnar** eftir **Ragnheiði Eyjólfsdóttur** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Árni Stefánsson, Sauðárkróki.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

**1** Hyggst skoða bækling um gildi hornanna (9)
**11** Bæti í kerið og svampinn (12)
**12** Barnatíska gleður Gæsamömmu (9)
**13** Vélar kantmanna eru ólöglegar í viðskiptum (12)
**14** Notar Mikki Mús arsenik í grautinn? (9)
**15** Mér er annt um djarft fólk (7)
**16** Hjálpi mér Jesú og aðrir bjargvættir (9)
**17** Munstra Örn á sexæring (6)
**19** Aða lýkst um staf og gefur breytta ritbætti (9)
**22** Raða þessum gróðadjöflum eftir launatímabilum (9)
**26** Skyldi það angra Grana að það er fýla af honum? (5)
**29** Sú þjóð kúgar aðrar og hirðir allan auð (7)
**30** Drekka allt það rauða og hvíta og snafsinn líka (10)
**32** Skildum gefum grið (5)
**33** Finn hross Molbúanna við þeirra hæstu tinda (7)
**35** Hitti yfir sig heilluðu börnin og líka þau sem gripin voru reiði (10)
**36** Dregur uppi drottningu og færir henni hressingu (7)
**37** Spólan stoppar ef þið fletjið hana út (6)
**39** 50 rómverskar sendingar og fiðraðar fjallafælur (10)
**40** Þessi leikgrind hverfur ef þið ekki gerið yfirbót (6)
**43** Alltaf til í verðmæti, meira að segja æst í þau (6)
**44** Skáru torf í þekju (8)
**48** Tínum saman sögur af fjárhópum (6)
**49** Má tala illa um trillurnar? (9)
**50** Leita ákveðinna stóla milli haftinda (7)
**51** Torfpest herjar á öskubrúnt fé (6)
**52** Sendi allar bækur í seríunni á línuna (9)

### LÓÐRÉTT

**1** Tel þann hægri bara duga í hrafnaspark ef ég klæði hann í vinstri (9)
**2** Svona kraps-klandur kallar á villibráð (9)
**3** Náði að setja þrýsting á þennan bakstur (9)
**4** Má þola óhróður óhóflega hyskinnar manneskju (9)
**5** Af þeim sem skrifa og eftirhermum þeirra (9)
**6** Fæ ekki krít út á þetta hreysi, enda hvílir á því bölvun (8)
**7** Þessi pör eru sem eitt og hvetja hvort annað óspart (8)
**8** Meðvindur af köntunum í seglum þeirra sem lagðir eru af stað (8)
**9** Hér er starf bensíntittsins og hirðingjans að vetri lögð að jöfnu (9)
**10** Afdrif hálfpotta fréttast til ystu útnára alheimsins (9)
**18** Leiðsla Ara liggur um leiðslurnar (7)
**20** Leggja hljóm við vísupart svo úr verður viðlag (7)
**21** Hvorki finnast mörg klókari né heimskari en við (7)
**23** Hinsta hvíla endist um ómunatíð (9)
**24** Hlekkir löngu liðinnar tíðar (9)
**25** Um sund mannsins til verksmiðjunnar (9)
**27** Er drottinn sál sem er sifellt að heilsa eigin spegilmynd í rúðum? (7)
**28** Víst er hún öðrum hraustari, en þú finnur þær varla bitrari heldur (7)
**29** Rótar upp leðju; þar eru stór og vel brynjuð liðdýr (11)
**31** Fersk og fáguð fara þau um á gljápússuðum blankskóm (8)
**34** Leita míns fyrra skjóls fyrir kyrrláta stund (9)
**38** Dýrð sé þessum skít, sagði ég og opnaði út (7)
**41** Stöðugur ólifnaður er vissulega eitthvað sem deila má um (6)
**42** Þegar Suttur fór í bað fór allt úr skorðum (6)
**44** Þú veist; þetta er ójafna, sagði hann óskýrt (4)
**45** Hún vildi ég tæki gleði mína þrátt fyrir ruglinginn (4)
**46** Hingað fer ég á djammið með Óðni öfugsnúna (4)
**47** Má bara afgreiða Rússakeisara einsog kæfðan hnerra? (4)

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | | 5 | | 6 | 7 |
| 9 | 3 | | | 6 | | 4 | | 1 |
| 5 | | 6 | | | | 2 | 8 | |
| | 2 | 5 | | | | | | 3 |
| 7 | 4 | | | 3 | | | | |
| | | 8 | | | 2 | | | 4 |
| | | 3 | 6 | | 1 | 8 | | |
| | 5 | | | | 7 | 1 | | |
| | | | 8 | 5 | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | | | 7 | 2 | 9 | | |
| | 3 | | | | 4 | 2 | 1 | |
| | | | | 6 | | 5 | | |
| | 1 | | 4 | 2 | | | | |
| | | 8 | 6 | | | | | |
| | 2 | | 1 | | 9 | | 3 | 8 |
| | | 6 | | | 3 | | | 7 |
| 9 | 5 | | | | | | 4 | 2 |
| 1 | | | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | | 7 | | | | |
| | 3 | | 2 | | 9 | 1 | | |
| | | 4 | 5 | | | | 6 | |
| | 1 | | | | | 7 | | 6 |
| 2 | 5 | 7 | | | | 4 | | |
| | | | | | | 5 | 3 | |
| | | | 1 | 2 | 6 | | | 8 |
| | | | 4 | 9 | | | | |
| 4 | | 6 | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 1 | 2 | 6 |
| 6 | 3 | 9 | 5 | 1 | 2 | 8 | 4 | 7 |
| 8 | 1 | 2 | 7 | 6 | 4 | 5 | 9 | 3 |
| 1 | 7 | 5 | 4 | 2 | 9 | 6 | 3 | 8 |
| 2 | 6 | 8 | 3 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 |
| 3 | 9 | 4 | 8 | 7 | 6 | 2 | 5 | 1 |
| 9 | 2 | 1 | 6 | 3 | 7 | 4 | 8 | 5 |
| 4 | 8 | 3 | 1 | 9 | 5 | 7 | 6 | 2 |
| 7 | 5 | 6 | 2 | 4 | 8 | 3 | 1 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 2 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 | 3 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 2 | 5 | 6 | 8 | 9 | 4 |
| 4 | 6 | 9 | 7 | 3 | 8 | 1 | 5 | 2 |
| 8 | 9 | 3 | 1 | 6 | 7 | 2 | 4 | 5 |
| 6 | 4 | 2 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 7 | 1 | 5 | 4 | 2 | 3 | 9 | 6 | 8 |
| 9 | 8 | 7 | 5 | 4 | 1 | 3 | 2 | 6 |
| 1 | 5 | 6 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 | 9 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 3 | 9 | 5 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 |
| 1 | 4 | 7 | 2 | 3 | 9 | 5 | 6 | 8 |
| 2 | 8 | 5 | 1 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 7 | 5 | 1 | 4 | 6 | 2 | 8 | 9 | 3 |
| 8 | 9 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 | 4 | 5 |
| 3 | 6 | 4 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 | 2 |
| 9 | 1 | 8 | 3 | 5 | 4 | 2 | 7 | 6 |
| 4 | 2 | 6 | 9 | 8 | 7 | 3 | 5 | 1 |
| 5 | 7 | 3 | 6 | 2 | 1 | 4 | 8 | 9 |

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Páll Sigurðsson (1.908) átti leik gegn Sigurði Daða Sigfússyni (2.252) á Skákþingi Garðabæjar fyrir skemmstu.

**57. Hg2! fxg2 58. Kxg2 ½-½.** Sigurður Daði Sigfússon sigraði á mótinu þrátt fyrir þetta jafntefli og varð skákmeistari Garðabæjar. Jóhann H. Ragnarsson varð skákmeistari Taflfélags Garðbæjar en hann varð í 2.-3. sæti ásamt Birni Hólm Birkissyni.
**www.skak.is:** Helgi Áss og Guðmundur á Spáni.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### HAGSTÆÐ LEGA

Þorsteinsmótið fór fram um síðustu helgi í Logalandi í Reykholtsdal og þátttakan var 27 pör. Stefán Jónsson og Ísak Örn Sigurðsson unnu þetta mót næsta öruggloga með rúmlega 60% skori. Annað sætið var með rúmlega 56% skor (Björn Snorrason-Höskuldur Gunnarsson). Mótið er þekkt fyrir veglegar veitingar, sem voru eins og í fermingarveislu. Í lokin var einnig dreginn út fjöldi útdráttarverðlauna. Þegar mót eru unnin, þarf yfirleitt töluverðan meðbyr, bæði í sögnum og spilalegu. Þetta spil úr mótinu er gott dæmi um það. Öll pör spiluðu 4 hjörtu í NS-hendurnar nema sigurparið sem hætti sér alla leið í 6 hjörtu. Trompliturinn er götóttur og þarf að haga sér og laufsvíningin þarf yfirleitt að ganga. Allt lá samkvæmt pöntun og frekar auðvelt að vinna slemmuna. Vestur var gjafari og allir á hættu:

**Norður**
♠ 2
♥ D874
♦ Á87
♣ ÁD975

**Vestur**
♠ 976
♥ K2
♦ KD42
♣ K863

**Austur**
♠ D543
♥ G3
♦ G10963
♣ 42

**Suður**
♠ ÁKG108
♥ Á10965
♦ 5
♣ G10

Eftir pass vesturs opnaði norður á einu eðlilegu laufi (standard). Suður sagði 1♠, norður 2♣ og suður 2♦ (sem var geimkrafa). Þá sagði norður 2♥, suður 3♥, norður 4♣ (fyrirstöðusögn), suður spurði um ása með 4 gröndum og norður sagði 5♠ sem voru tveir ásar og trompdrottning. Þá sagði suður 6♥ sem lauk sögnum. Hjartað var bara upp á 1 tapslag og laufsvíning lá. Andstæðingarnir voru Sveinbjörn Eyjólfsson og Lárus Pétursson, sem unnu þetta mót í fyrra en höfnuðu í 5. sæti nú, og urðu að sætta sig við hreinan botn.


PIER
20%
afsláttur af
öllum stólum
ROYALTON stóll
~~69.900,-~~ 55.920,-
NICKOLIE stóll
~~69.900,-~~ 55.920,-
PAPASAN
bambus stólar
frá 14.990,-
25%
afsláttur af
allri gjafavöru!
40%
afsláttur af
jólavörum!
Mikið úrval af krönsum
Verð frá 990,-
Kúlur, 6 í pakka
margir litir ~~790,-~~ 395,-
Hnotubrjótar
verð frá 1.194,-
www.pier.is
SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS
*Tilboð gildir 29. nóvember - 5. desember
*'Gildir ekki með öðrum tilboðum

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi

329

„Jæja þá, tvær nýjar sudoku gátur,“ sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku gátur að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa þær,“ bætti hún við. „Allt í lagi,“ sagði Konráð. „Til er ég.“ Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við þær báðar og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,“ sagði hún. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár,“ sagði Kata montin. “Við getum byrjað á þessari efri, hún er léttari,“ sagði Lísaloppa. „Þeirri léttari fyrst,“ sagði Kata hneyksluð. „Ekki ég, ég byrja á þeirri erfiðari fyrst,“ sagði hún og glotti. „Ég yrði fljótari en þið bæði til samans þótt þær væru báðar þungar.“ Kata var orðin ansi klár. En skildi hún vera svona klár?

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 2 | 7 | | 3 | | 5 | |
| | 1 | 6 | | 2 | 4 | 3 | 8 | |
| | 3 | 5 | 8 | 1 | | | 2 | 6 |
| 5 | | 9 | 3 | | 2 | | | 1 |
| 2 | 6 | | | 9 | 8 | 5 | | 3 |
| | 7 | 8 | 1 | 5 | | 2 | 9 | 4 |
| | 5 | | | 3 | 7 | 9 | | 8 |
| | | 3 | 6 | | 5 | | | 2 |
| 8 | 2 | 7 | 9 | | | 6 | 3 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | | 4 | | 6 | | 2 |
| 4 | | 2 | 8 | | | | 5 | 7 |
| | 8 | | 7 | 2 | | 1 | 3 | |
| 1 | | 6 | | | 7 | 8 | | 9 |
| | 9 | 5 | | | 1 | | 2 | |
| 8 | 4 | | 6 | 9 | | | 7 | 1 |
| | 5 | 7 | | 6 | 4 | 2 | | |
| | | 4 | | 5 | | 7 | | 3 |
| 2 | | 8 | 3 | | 9 | | 6 | |

Heldur þú að þú getir leyst þessar sudoku gátur hraðar en Kata?





Kannski á Haukur Freyr eftir að ferðast um heiminn sem gítarleikari.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# Bílrúðan brotnaði í andlitið á mér

**Haukur Freyr Jónsson** hefur búið í fjórum löndum og lenti í mesta háskanum á Íslandi.

Haukur Freyr er 11 ára og gengur í Hofsstaðaskóla í Garðabæ og uppáhaldsnámsgreinin kallast smiðjur.

**Hvað er það?** Smiðjur eru textíll, myndmennt, smíði, heimilisfræði, tónmennt, tölvufærni og sund, lýsir hann. Það er skipst á að læra þessi fög og mér finnst þau öll skemmtileg.

**Hefur þú alltaf átt heima á Íslandi?** Nei, þegar ég var eins árs flutti ég til Danmerkur. Ég var fjögurra ára þegar ég flutti til Sviss og svo var ég sex ára þegar ég flutti til Singapúr. Þar var ég í þýskum skóla sem heitir German European School Singapore og átti vini frá mörgum löndum, til dæmis Taílandi, Singapúr, Þýskalandi, Japan og Suður-Kóreu. Svo flutti ég aftur til Íslands þegar ég var átta ára.

**Hvað er eftirminnilegast af því sem þú upplifðir í þessum löndum?** Örugglega á seinasta eða fyrsta skóladeginum í Singapúr eða þegar að við fórum til Japans. Þar fórum við til Tókýó, Kýótó, Hiroshima (þar sem kjarnorkusprengja sprakk) og við fórum líka til einhverrar eyju.

**Hefur þú einhvern tíma orðið hræddur?** Ég varð mjög hræddur þegar við vorum í Hvalnesskriðum á Suðausturlandi. Þar vorum við með frænkum okkar og ég var í bílnum þeirra þegar það kom mikill sandstormur og bílrúðan brotnaði í andlitið á mér.

**ÞAR FÓRUM VIÐ TIL TÓKÝÓ, KÝÓTÓ, HIROSHIMA (ÞAR SEM KJARNORKUSPRENGJA SPRAKK) OG VIÐ FÓRUM LÍKA TIL EINHVERRAR EYJU.**

**Hver eru helstu áhugamálin þín?** Ég æfi frjálsar en mér finnst skemmtilegra í körfubolta. Svo æfi ég núna líka á gítar og hef æft á hann í rúm tvö ár.

**Áttu eitthvert uppáhaldslag?** Ef ég þyrfti að velja þá væri það örugglega I want to break free með Queen. Eða kannski Africa með Toto.

**Hvert er uppáhalds sjónvarpsefnið þitt?** Brooklyn Nine-Nine. Það eru fimm þáttaraðir og ég hef horft á þær mörgum sinnum.

**En tölvuleikurinn?** Það er Fortnite sem er sítengdur byssuleikur eða Spider-Man-leikurinn þar sem maður er Spider-Man og tekur niður vonda gaura eins og Dr. Octavius.

Skáldsagan

## Skóladagur í Einelti

Höfundur: Júlía Hilmarsdóttir 9 ára



Plokkfisksklessa skaust yfir þær. „Vá,“ sagði Mandý. „Borðum undir borðinu,“ sagði Lillý og skaust undir borðið. „En allavegana, hvað er matarstríð?“ spurði Mandý. „Oh, það er eitt mjög subbulegt þar sem fólk hendir matnum sínum í aðra,“ útskýrði Lillý. Mandý kláraði matinn sinn. „Forðum okkur héðan,“ sagði Mandý og skreið undan borðinu með Lillý. Þær fóru upp í stofu. „Hvar er Kristín?“ spurði Lillý. „Veit ekki,“ svaraði Mandý. Kristín labbaði inn.

„Þarna kemur hún,“ sagði Lillý. „Hvað eru þið að gera hér?“ spurði hún. „Við nenntum ekki að fá plokkfisk í okkur,“ svaraði Lillý. „Jebbs,“ sagði Mandý. „Aha… Matarstríð, ha?“ sagði Kristín. „Ég skal fara og þagga niður í þeim,“ bætti hún við og fór.

Maturinn var búinn. „Jæja, krakkar, nú förum við í Sprota, ekki lengra en blaðsíðu 64,“ sagði Kristín. Allir fóru að reikna nema þeir sem voru búnir að blaðsíðu 64, þeir fóru að lesa.

Daginn eftir lét Mandý Stefán alveg vera og lét hann ekki stríða sér. Þannig fór það dag eftir dag. Mandý leið miklu betur þegar hún var búin að venjast þessum nýja skóla. Og allt fór vel á endanum. Mandý leið vel og eignaðist fleiri vini, meira að segja var Stefán orðinn betri gaur.

ENDIR



# BROSTRYGGING ELKO

## VIÐ VILJUM AÐ ALLIR GJAFIR HITTI Í MARK!

Við þekkjum pressuna við að finna hina fullkomnu gjöf. Þess vegna vill starfsfólkið okkar hjálpa þér að finna gjafir sem hitta í mark. Við bjóðum skilarétt á öllum jólagjöfum til 24. janúar og gefum fólki tækifæri á að prófa vörurnar áður en það ákveður sig.* Hægt er að skipta gjöfum í aðra vöru sem hentar betur eða fá endurgreitt. Þetta köllum við BROSTRYGGINGU - og hún fylgir með öllum gjöfum úr ELKO.

AÐSTOÐ OG RÁÐGJÖF

SKILA-RÉTTUR TIL 24. JAN

PRÓFAÐU VÖRUNA*

MESTA ÚRVAL LANDSINS

ENDUR-GREIÐSLA VIÐ SKIL

*Ath. takmarkaðan skilarétt á farsímum og Playstation tölvum. Nánar á elko.is

ELKO

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Norðan 8-15 í dag en 13-18 fram eftir degi austast á landinu. Él um norðanvert landið en léttskýjað syðra. Hiti 1-3 gráður við ströndina suðaustanlands en annars frost 1-8 gráður. Lægir með kvöldinu, kólnandi veður.

## Heimurinn

| Kaupmannah. | Oslo | Stokkhólmur | Gautaborg | Helsinki | Þórshöfn | Nuuk |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 7° | 5° | 3° | 6° | -2° | 6° | -7° |
| **London** | **Amsterdam** | **París** | **Berlín** | **Madríd** | **Brussel** | **Róm** |
| 11° | 7° | 9° | 7° | 10° | 7° | 16° |
| **Boston** | **New York** | **Orlando** | **Moskva** | **Singapúr** | **Tókýó** | **Sydney** |
| -2° | -1° | 17° | -7° | 26° | 8° | 19° |







### Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -3° ↙9 | -5° ↖9 | 1° →6 | -2° ↖6 | -0° ←11 |

### Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -7° ↙11 | -11 ↖6 | -6° ↗5 | -11° ↗5 | -9° ↖5 |

### Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -6° ↓9 | -15° →5 | -11° ↗7 | -9° ↗8 | -12° ↑3 |

### Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -6° ↘11 | -17° →6 | -7° ↗1 | -14° ↗5 | -8° ↘2 |

### Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -4° ↓5 | -8° ↓6 | -6° ↓6 | -6° ↓6 | -1° ↙6 |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Meira gaman




**Play-Doh kolkrabbi**

**3.199** kr/stk




**Play-Doh ísvél**

**5.999** kr/stk




**Play-Doh hvalur**

**1.999** kr/stk



**Pet Shop leikgrind**

**4.599** kr/stk




**Pet Shop bíll**

**7.499** kr/stk




**Pet Shop söfnunarútgáfa**

**4.199** kr/stk




**Blindandi Twister**

**4.299** kr/stk




**Jenga Pass Challenge**

**3.999** kr/stk




**Twister**

**3.799** kr/stk

Mesta úrval í Skeifu, Kringlu, Garðabæ og Smáralind. Minna í öðrum verslunum.



*Einfalt* að skila og skipta

HAGKAUP *Meira* svona *alla daga*



Þórarinn sendir frá sér tvær ljóðabækur og önnur bók, Landnámur, hefur verið þýdd á fimm tungumál. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Þræddar upp á perluband

**Vammfirring og Ljóðpundari eru nýjar ljóðabækur frá Þórarni Eldjárn. Önnur bók, Ljóðnámur, er komin út á fimm tungum.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Vammfirring er ný ljóðabók eftir Þórarin Eldjárn sem skiptist í sjö kafla. „Ljóðabókin er fjölbreytt og er ekki ort eins og bálkur eða út frá einhverju sameiginlegu þema. Þetta eru stemningar, minningar, kenningar og tilfinningar, þræddar upp á perluband. Þannig hafa ljóðabækur svo sem alltaf verið á öllum tímum, safnað saman því sem til er og tækt þykir,“ segir Þórarinn.

### Stálstappa handa vini

Spurður um kaflaskiptingu bókarinnar segir hann: „Fyrsti kaflinn ber heitið Rætur og vængir og auðvitað rúmast margt milli róta djúpt í jörðu og vængja í háloftunum. Í öðrum kafla, Dalir og sólir, er nokkuð af náttúruljóðum sem tengjast ekki síst Svarfaðardal. Kafli sem heitir Torrek geymir minningarljóð um ýmsa sem gengnir eru, svo sem Ólöfu systur mína, Eddu Heiðrúnu Backman og Sigurð Pálsson. Þar er einnig ljóð sem mér er sjálfum mjög hjartfólgið. Það heitir Torrek eins og kaflinn og er ort handa vini mínum, Sigurði Árnasyni lækni. Ljóðið gæti allt eins heitið Sonatorrek og er hughreystingarljóð, stálstappa, handa honum og sjálfum mér. Við máttum báðir þola þá raun, æskuvinirnir, að missa elstu syni okkar í blóma lífsins af völdum heilaæxlis.

**LJÓÐIÐ GÆTI ALLT EINS HEITIÐ SONATORREK OG ER HUGHREYSTINGARLJÓÐ, STÁLSTAPPA, HANDA HONUM OG SJÁLFUM MÉR. VIÐ MÁTTUM BÁÐIR ÞOLA ÞÁ RAUN, ÆSKUVINIRNIR, AÐ MISSA ELSTU SYNI OKKAR Í BLÓMA LÍFSINS AF VÖLDUM HEILAÆXLIS.**

Í kafla sem kallast Stakt er allt mjög stutt, stökur eða erindi. Í Varningi er farið um víðan völl en nokkuð mikið staldrað við ýmis vörumerki, eins og Royal-búðing, Crayola-vaxliti og Úhú-lím.

Svo er kafli sem heitir Nýjasta sagan af Húsavíkur-Jóni, heilt söguljóð ort út frá gamalli þjóðsögu sem margir þekkja og fjallar um mann sem var svo vondur að hann var hvorki tækur í efra né neðra þegar hann dó. Magnús Ásgeirsson þýddi og staðfærði ljóð eftir Kipling um Tomlinson nokkurn og kallaði það Nýja sögu af Húsavíkur-Jóni. Mitt kvæði er sem sagt nýjasta sagan af honum.

Lokakaflinn heitir Íslensk fyndni og samanstendur af prósaljóðum. Sum þeirra eru í þeim stíl að þau gætu alveg hafa verið í því ágæta ritverki Íslenskri fyndni sem Gunnar Sigurðsson frá Selalæk ritstýrði á sínum tíma. Það er ritverk sem ég hef lært að meta æ meir eftir því sem líður á ævina. Hér áður fyrr þótti manni oft erfitt að átta sig á því hvað í þessum sögum var fyndið, enn oftar jafnvel ógerningur að sjá hvað það var sem var ætlast til að væri fyndið. Ég hef öðlast meiri skilning á þessum bókmenntum með auknum þroska.“

### Tal varð talmein

Rödd Þórarins hefur breyst nokkuð undanfarið, eftir læknisinngrip. „Já, ég hef lent í vissum hremmingum með röddina, lét krukka í raddband til að bæta hljóminn. Við það versnaði hann um allan helming. Vonandi stendur þetta þó til bóta. Eftir að ljóðabókin var komin út fór ég að kíkja í hana og rak þá augun í ljóð sem heitir Gapað, en þar segir: „Innantökur fylgdu/ sýn varð rangsýn/heyrnin ofheyrn/ tal mitt talmein/ og sagnarandinn klöguskjóða.“ Eftir að ég orti þetta ljóð varð tal mitt sem sagt talmein. Sömuleiðis er á einum stað í öðru ljóði látið að því liggja að Miles Davis hafi verið Svarfdælingur. Ég er hálfur Svarfdælingur og er í kjölfar ljóðsins næstum kominn með rödd Miles. Sem gamall lúðrasveitardrengur hefði ég frekar kosið að fá lúðurhljóminn hans. Mér virðist sem þessar ljóðanir mínar um talmein og Miles séu dæmi um einhvers konar sjálfsáhrín sem ég hef ekki varað mig á. Kraftaskáldskapur á villigötum“

**MÉR VIRÐIST SEM ÞESSAR LJÓÐANIR MÍNAR UM TALMEIN OG MILES SÉU DÆMI UM EINHVERS KONAR SJÁLFSÁHRÍN SEM ÉG HEF EKKI VARAÐ MIG Á. KRAFTASKÁLDSKAPUR Á VILLIGÖTUM.**

Spurður hvort þessi breyting á röddinni hái honum mikið segir Þórarinn: „Þetta er óþægilegt því ég er mikið að lesa upp. Það gengur samt alveg ef ég hef góðan míkrófón. En það kemur aldrei neinn til mín eftir á og segir: Sú rödd var svo fögur, svo hugljúf og hrein. Í fjölmenni og klið get ég ekki tekið þátt í samræðum. En svo litið sé á jákvæðari hliðina: Ég segi þá ekki neina endemis vitleysu á meðan.“

### Tengsl við Egil

Vammfirring er ekki eina ljóðabókin sem kemur út eftir Þórarin þetta árið. Hann sendir einnig frá sér Ljóðpundara, bók með barnaljóðum sem Sigrún systir hans myndskreytir. „Það vill svo til að titlarnir á báðum þessum bókum, auk Torreks að sjálfsögðu, tengjast Agli Skallagrímssyni. Samkvæmt honum er skáldskapurinn íþrótt vammi firrð. Ljóðpundari er sömuleiðis frá Agli, en deilt er um hvað orðið þýðir. Sumir segja að það þýði tunga, aðrir vilja meina að það sé vigt og sá póll er t.d. tekinn í hæðina í kápumyndinni hjá Sigrúnu.“

Um barnaljóðin segir Þórarinn: „Þetta eru ljóð handa börnum á ýmsum aldri. Sum henta mjög litlum börnum, önnur eldri börnum og önnur henta kannski fullorðnum. Aðalatriðið er að þetta er bók sem fullorðnir og börn geta lesið saman og tengt um leið við myndirnar sem eru frábærar og bæta við alveg nýrri vídd svo sem löngum fyrr.“

### Landnáma í útrás

Fyrr á árinu gaf Gullbringa, bókaforlag Þórarins og fjölskyldu hans, út fjórar litlar bækur með sögum hans og ljóðum. „Hugmyndin er að endurútgefa í seríu úrval úr verkum mínum, smásögur og ljóð sem eru í bókum sem eru ýmist uppseldar eða horfnar. Við köllum þetta Lespúsl. Þetta er tilraun til að halda verkunum á lofti og minna á þau. Fólk getur þannig í gegnum þessar bækur leitað í eldri bækur mínar. Eina af þessum bókum, Landnámur, erum við nú búin að gefa út í þýðingum á fimm tungum: ensku, þýsku, frönsku, sænsku og dönsku. Sú útgáfa er hugsuð sem kynning, ferðamenn leita talsvert eftir íslenskum bókum í þýðingum. Að auki kjörin gjöf fyrir Íslendinga handa vinum erlendis.“

# STÓRVIRKI ÁRSINS







Fallegur taupoki fylgir hverju seldu eintaki um helgina.
Gildir á meðan birgðir endast.

Á sérstöku kynningarverði: **14.990 kr.**

- **JÓLADAGATAL:** Einn heppinn viðskiptavinur á dag fær gjöf
- Opið 11–17 laugardag og sunnudag
- Frábært úrval bóka á Forlagsverði




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Um helgar 11–17 | **www.forlagid.is**

# Frábært að vera í góðu formi

**Árlegir stórtónleikar Kristjáns Jóhannssonar. Er trúr klassíkinni. Einvalalið söngvara og leyninúmer.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Ég er sprækur, heilsan er mjög góð og röddin virkilega fín, segir Kristján Jóhannsson sem undirbýr stórtónleika í Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kristján Jóhannsson heldur sína árlegu stórtónleika í Hörpu sunnudaginn 2. desember. Þetta er tíunda árið í röð sem hann heldur tónleika eins og þessa, með fjölda gestasöngvara. Alltaf hefur rokselst á tónleikana og Kristján segir enga undantekningu frá því núna. Tónleika eins og þessa er ekki hægt að halda án styrktaraðila og Kristján fékk nokkra slíka til liðs við sig. „Það kostaði nokkuð bras en er nauðsynlegt því tónleikahald eins og þetta er gríðarlega kostnaðarsamt, leigan í Hörpu er til dæmis afar dýr,“ segir Kristján. „Ég hef unnið 30 ár í Bandaríkjunum og þar styðja bandarískir efnamenn rausnarlega við klassískt tónlistarlíf, hér á landi eru þeir fáir en traustir og ég er þakklátur fyrir það.“

**Gott fyrir sálartetrið**

Um efnisskrána á tónleikunum segir Kristján: „Ég er að reyna að vera trúr klassíkinni og á efnisskránni eru óperuverk og klassísk kirkjuverk, tengd við almættið og sum beintengd jólum. Allir ættu því að fá eitthvað gott fyrir sálartetrið.

Efnisskráin er fjölbreytt, nokkur lög eru ætíð á efnisskránni eins og Helga nótt og Heims um ból. Heims um ból hefur verið síðast á efnisskránni og þá fáum við tónleikagesti til að standa á fætur og hver syngur lagið með sínu nefi. Í fyrra var þrýst á mig að sleppa Heims um ból vegna þess að of langt væri til jóla og því ekki tímabært að syngja það. Ég tók mark á þessu, við slepptum Heims um ból og það kom holskefla af kvörtunum. Þannig að Heims um ból verður sannarlega á efnisskránni núna.“

**Í TILVIKI BJARNA ELSKAR HANN SÖNGVARANA SÍNA OG ÞÁ GENGUR ÞETTA LÍKA BETUR HJÁ OKKUR.**

**Leyninúmer og dúett**

Hljómsveitarstjóri á tónleikunum er Bjarni Frímann Bjarnason og fjörutíu manna hljómsveit kemur fram ásamt Óperukórnum og Karlakór Kópavogs. „Þarna verður einvalalið söngvara,“ segir Kristján. „Sú frábæra Herdís Anna Jónasdóttir, minn góði vinur og flotti tenór Gissur Páll Gissurarson, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir sem er sennilega flottasti lýríski mezzósópran sem við eigum og framtíðarbarítón okkar, Aðalsteinn Ólafsson. Aðalsteinn er sérstakur af því að hann er með stóra og mikla rödd og getur til dæmis slegist við Verdi og Wagner. Svo er ég með leyninúmer, eins og ég hef alltaf verið með og þá kalla ég til leiks efnilegt yngra fólk. Núna er ég með tvo unga menn sem ég get ekki sagt hverjir eru, en ég held að þeir eigi eftir að vekja mikla athygli. Þeir, tenór og barítón, syngja fallegan heimsþekktan dúett.

Svo er auðvitað drengurinn okkar sem er svo frábær, að mínu mati ekki bara okkar framtíðarstjórnandi heldur einn af þeim bestu í sögu íslenskrar tónlistar. Þetta er Bjarni Frímann Bjarnason. Það er mikilvægt fyrir okkur söngvarana að finna elsku og velvilja í okkar garð frá hljómsveitarstjóranum. Margir frábærir stjórnendur, heimsnöfn, leggja ekki mikið upp úr sambandi við söngvarana heldur einbeita sér að hljómsveitinni. Í tilviki Bjarna elskar hann söngvarana sína og þá gengur þetta líka betur hjá okkur.“

**Líður óskaplega vel**

Kristján, sem varð sjötugur á árinu, var valinn söngvari ársins á Grímuverðlaununum fyrr á árinu fyrir hlutverk sitt sem Cavaradossi í uppfærslu Íslensku óperunnar á Toscu eftir Puccini. „Mér fannst það stórkostlegt og það er frábært að vera í góðu formi. Ég er sprækur, heilsan er mjög góð og röddin virkilega fín. Mér líður óskaplega vel,“ segir stórsöngvarinn.

## Mannætan krútt, ekki kríp

ÓPERA

**Hans og Gréta**

★★★☆☆

**Engelbert Humperdinck**

**Íslenska óperan**

**Hljómsveitarstjóri:** Bjarni Frímann Bjarnason. Leikstjóri: Þórunn Sigþórsdóttir. Einsöngvarar: Arnheiður Eiríksdóttir, Jóna G. Kolbrúnardóttir, Hildigunnur Einarsdóttir, Oddur A. Jónsson, Dóra S. Ármannsdóttir og Kristín E. Mäntylä. Gradualekór Langholtskirkju söng og Hljómsveit Íslensku óperunnar lék.
**Norðurljós í Hörpu**
**Sunnudaginn 25. nóvember**

Í hléinu á sýningu Íslensku óperunnar á Hans og Grétu á sunnudaginn var spurði kona mig á hvaða tungumáli hefði verið sungið. Ég sagði henni að það hefði verið íslenska. Hún kvað það ekki geta verið, því hún hefði ekki skilið orð. Nokkuð var til í þessu hjá henni. Söngvararnir sungu vissulega á móðurmálinu og ég sat frekar framarlega, en orðin hljómuðu samt svona: Í hlinnu á sýglu Ímlmske óbromkiu á Hans og Gremiklu e semminede ...

Auðvitað þekkja allir söguna af Hans og Grétu, þau eru bláfátæk börn sem villast í skóginum og rekast á hús nornarinnar úr sætabrauði. Nornin ætlar að éta þau en þau sjá við henni með klækjum og allt fer vel að lokum. Þrátt fyrir kunnugleikann var leiðinlegt að skilja ekki söngvarana, því textinn var heilmikill. Það að honum hafi ekki verið varpað fyrir ofan sviðið eins og gert er á sýningum í Eldborg var miður.

Tónlistin er eftir Engelbert Humperdinck. Lítil kammersveit spilaði undir stjórn Bjarna Frímanns Bjarnasonar, sem skapaði hlýlegt andrúmsloft. Sama ópera var flutt í Salnum í Kópavogi fyrir fjórum árum en þá var eingöngu leikið á píanó. Það var mun kuldalegra.

Söngvararnir voru hins vegar misöflugir. Arnheiður Eiríksdóttir var í hlutverki Hans og gervið sem hún klæddist var sannfærandi. Rödd hennar var notalega ávöl og jöfn á öllum sviðum, hún var þétt og fókuseruð og hitti beint í mark. Jóna G. Kolbrúnardóttir var Gréta og fersk sviðsframkoma hennar hæfði hlutverkinu fullkomlega. Hún söng líka fallega, röddin var björt og tær, en hún á samt enn eftir að mótast og þroskast. Ákveðna fyllingu vantaði í röddina, sem á örugglega eftir að koma með tíð og tíma, því Jóna er ung að árum.

Oddur Arnþór Jónsson var glæsilegur sem faðirinn og sömu sögu er að segja um Hildigunni Einarsdóttur sem var móðirin. Söngur beggja var snarpur og tilfinningaríkur. Dóra Steinunn Ármannsdóttir var aftur á móti ekki eins trúverðug sem nornin. Röddin, þó hún hafi verið prýðileg í sjálfri sér, var ekki nægilega kröftug til að skapa áhrifamikla mynd af illgjarnri mannætu. Hún var krútt, ekki kríp.

Loks ber að nefna Kristínu Einarsdóttur Mäntylä, en hún lék Óla lokbrá. Rödd hennar var fín og bar góðum hæfileikum vitni, en frammistaðan nú var engu að síður fremur feimnisleg og hikandi.

Þessi misspennandi söngur og vöntun á texta gerði að verkum að það var aldrei neitt sérstaklega gaman á sýningunni. Og það þrátt fyrir smekklega leikstjórn Þórunnar Sigþórsdóttur sem einkenndist af sannfærandi flæði. Leikmynd Evu Signýjar Berger og búningar Maríu Th. Ólafsdóttur voru líka mikil listaverk, og söngur Gradualekórs Langholtskirkju var ánægjulegur. Það dugði bara ekki til. Verður því seint sagt að þetta sé með bestu uppfærslum Íslensku óperunnar í gegnum tíðina. Jónas Sen



„Auðvitað þekkja allir söguna af Hans og Grétu, þau eru bláfátæk börn sem villast í skóginum, og rekast á hús nornarinnar sem er úr sætabrauði.“

**NIÐURSTAÐA:** Falleg tónlist og flott umgjörð, en sjálfur söngurinn var illskiljanlegur og misáhrifaríkur.

# Leyndarmál í litlu þorpi

**BÆKUR**

**Þorpið**

★★★☆☆

**Ragnar Jónasson**

Sagan gerist árið 1985. Ungur kennari, Una, ræður sig til starfa í þorpinu Skálum á Langanesi, ef þorp skyldi kalla því þar búa aðeins tíu manns, þar af tvö börn sem þarfnast kennslu. Una er á flótta undan sárum minningum og tilgangsleysi daganna og telur það því verða ágætis tilbreytingu að dvelja á afskekktasta stað landsins um hríð, safna sér peningum og hugleiða næstu skref í lífi sínu. Fljótlega fer þó að bera á því að þorpið býr yfir ýmsum leyndarmálum sem þola illa dagsljósið.

Þorpið er ekki sakamálasaga í eiginlegum skilningi, frekar má tala um ráðgátu, jafnvel draugasögu. Sambúð fólks á svo fámennum stað sem þorpið Skálar er í sögunni (en þess er getið í formála að hið raunverulega Skálaþorp fór í eyði um miðjan sjötta áratug síðustu aldar og á ekkert skylt við þá atburðarás sem sagan hverfist um) er áhugavert viðfangsefni sem Ragnar fléttar saman við sakamál sem á ýmislegt sameiginlegt með einu þekktasta sakamáli Íslandssögunnar. Draugagangurinn sem lýst er strax á fyrstu síðum bókarinnar er einnig áhugaverður og þeir kaflar sem snúast um hann margir hverjir vel skrifaðir.

Sagan heldur lesandanum við efnið, einkum vegna leyndarmálanna sem krauma undir yfirborðinu en hún er ekki gallalaus. Erfitt er þó að setja fingur á nákvæmlega það sem ekki gengur upp án þess að eyðileggja fyrir væntanlegum lesendum en þó má segja að það vanti einhvern herslumun á að allt gangi upp í sögunni. Lesandinn er afvegaleiddur án þess að það hafi beinan tilgang og virkar næstum því pirrandi þegar einn þráðurinn í sögunni leysist hreinlega upp og verður að engu, nema náttúrlega að til standi að gera honum skil í framhaldsbók.




Það er reyndar stundum eins og höfundur hafi fengið of margar hugmyndir sem af einhverjum ástæðum urðu allar að vera í einni og sömu bókinni og þannig verður sagan brotakennd og eiginlega eins og enginn söguþráður nái almennilegu flugi. Í raun má segja að sagan geti ekki ákveðið sig hvort hún vilji vera drauga- eða hryllingssaga, glæpasaga eða raunsæissaga um lífið í þessu litla þorpi fyrir tíma farsíma og netsins séð með augum sögumanns sem er ekki öll þar sem hún er séð. Hver þessara sagna um sig hefði notið sín betur ef farið hefði verið dýpra og unnið betur úr. Draugasagan er best unnin eins og áður sagði og eiginlega synd að hún skyldi ekki fá að vera í meira aðalhlutverki.

Aðdáendur Ragnars Jónassonar og hans stíls og frásagnartækni munu eflaust taka þessari bók vel og fagnandi enda margir góðir sprettir. Aðrir, sem til dæmis heilluðust fyrst af Ragnari sem höfundi við lestur Misturs í fyrra, fá ekki jafngóða bók fyrir sinn snúð í ár.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Áhugavert sögusvið og góðir sprettir en vantar einhvern herslumun til að allt gangi upp.

# Fullveldissöngur Fóstbræðra í Hörpuhorni

Karlakórinn Fóstbræður og Gamlir Fóstbræður efna til hádegistónleika í dag í anddyri Hörpu, Hörpuhorni. Klukkan 12 hefja þeir upp raustir og ekkert kostar inn. Sungin verða íslensk lög sem hæfa tilefninu. Má þar nefna Á Sprengisandi, Ísland ögrum skorið, Yfir voru ættarlandi og Þótt þú langförull legðir.

„Við fögnum því að liðin eru 100 ár frá því Ísland varð fullvalda ríki og gefum almenningi færi á að heyra lögin sem hafa staðið þjóðarhjartanu nærri,“ segir formaðurinn, Arinbjörn Vilhjálmsson. Hann segir Fóstbræður hafa á síðustu 100 árum tekið þátt í fjölmörgum merkisviðburðum þjóðarinnar og nefnir Alþingishátíðina 1930 og Lýðveldishátíðina 1944. „Við konungskomur 1921, 1926, 1930 og 1936 var kórinn iðulega viðstaddur ýmsa atburði. Meðal annarra laga sem þá voru flutt var danski konungssöngurinn Kong Christian stod ved højen mast en Matthías Jochumsson þýddi textann, hann hefst á orðunum Við siglu Kristján sjóli stóð. Hann hefur ekki verið fluttur opinberlega áratugum saman. Nú bætum við úr því og syngjum svo þjóðsönginn að endingu.“

**VIÐ FÖGNUM ÞVÍ AÐ LIÐIN ERU 100 ÁR FRÁ ÞVÍ ÍSLAND VARÐ FULLVALDA RÍKI OG GEFUM ALMENNINGI FÆRI Á AÐ HEYRA LÖGIN SEM HAFA STAÐIÐ ÞJÓÐARHJARTANU NÆRRI**

Að tónleikunum loknum geta tónleikagestir haldið að Stjórnarráðshúsinu þar sem aðalviðburður Fullveldishátíðar hefst klukkan 13. – **gun**



**Karlakórinn Fóstbræður í Hörpunni.**
MYND/EGGERT JÓNSSON (EDDI)


Hugmyndaleit







# Möguleikar fyrir spennandi starfsemi

Reykjavíkurborg leitar eftir hugmyndum að starfsemi til bráðabirgða í húsnæði að Arnarbakka 2 og 4-6 og Völvufelli 11 og 13-21, sem borgin fær afhent á næsta ári.

Óskað er eftir hugmyndum að starfsemi í hluta af þessum húsum. Við val á starfsemi verður sérstök áhersla lögð á samfélagsleg verkefni sem eru opin almenningi og auka möguleika íbúa til þátttöku í félagsstarfi, eru uppbyggjandi og auka fjölbreytni. Dæmi um slíkt væri frumkvöðlasetur, heilsueflandi starfsemi og sýningar-, menningar- og fræðslustarfsemi. Leitað er að starfsemi sem gæðir svæðin auknu lífi og fjölbreytni. Í því húsnæði sem losnar skapast möguleikar fyrir tímabundna útleigu.

Íbúar og aðrir áhugasamir aðilar geta haft áhrif á nýtingu húsnæðisins. Hugmyndir sendist með tölvupósti á netfangið sea@reykjavik.is í síðasta lagi 19. desember 2018.




kaktus FAR 1118-03

Nánari upplýsingar eru á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/arnarbakki-volvufell

# Börðust skipulega, ötullega og faglega

**Málþing verður á Kjarvalsstöðum í dag í tilefni aldarafmælis Vísindafélags Íslands. Meðal frummælenda er Sigríður Matthíasdóttir sagnfræðingur. Hún fjallar um kvennabaráttu á Íslandi á fyrri hluta 20. aldar.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Við áttum okkur kannski ekki á því í dag hversu kvenréttindabaráttan var hörð, skipulögð og markviss á þriðja áratug síðustu aldar,“ segir Sigríður Matthíasdóttir sagnfræðingur þegar ég bið hana að lýsa í fáum orðum því sem hún ber fram á málþingi Vísindafélagsins sem haldið er á Kjarvalsstöðum í dag og hefst klukkan 13.

„Kvennahreyfingin var sterkt afl á þessum tíma,“ lýsir hún. „Áberandi þar voru meðal annarra Ingibjörg H. Bjarnason, fyrsta íslenska alþingiskonan, og Inga Lára Lárusdóttir sem gaf út tímaritið 19. júní. Á fyrsta útgáfuárinu 1917 fagnar Inga Lára því að kosningaréttur kvenna sé fenginn og telur að konur muni brátt starfa á öllum sviðum þjóðfélagsins. En 1929 hættir hún að gefa út blaðið og þá er bjartsýnin horfin, þar skrifar hún að í síbreytilegum heimi virðist konan vera það eina sem eigi að standa grafkyrrt.“

Sigríður segir stöðu kvenna á fyrstu áratugum síðustu aldar kristallast í baráttu þeirra um að komast í Alþingshátíðarnefnd. „Sú barátta skilaði engu. Þó börðust þær skipulega, ötullega og faglega,“ segir hún. „Landsfundur kvenna á Akureyri 1926 skoraði á þing og stjórn að skipa konur, jafnt körlum, í nefndina. Almennur kvennafundur í Reykjavík var með svipaða áskorun og Ingibjörg H. Bjarnason bar þetta upp á Alþingi, ásamt öðru og segir það ekki sanngjarnt að einungis karlar setji svip sinn á hátíðahöldin. Það var bókstaflega ekkert hlustað á konurnar. Þetta tengist, að mínu mati, sterkum þráðum milli þjóðernishugmynda og karlmennsku.“



**„Það var ekkert hlustað á konurnar,“ segir Sigríður um aðdraganda Alþingishátíðarinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Alþingishátíðin var stór viðburður, bendir Sigríður á. „Hátíðin átti að bera vitni um að við værum menningarþjóð og skipti að því leyti miklu máli í sjálfstæðisbaráttunni. Hún var mikið umræðuefni í íslensku þjóðlífi árin á undan. Henni er stillt upp sem hátíð fyrir alla en karlarnir einokuðu pallana. Þetta er dæmigert fyrir hvernig kvennahreyfingin þróaðist á þessum tíma. Konum var markvisst haldið utan hins opinbera sviðs. Allt var stílað á móðureðli, umönnun, heimilishald og húsmæðrafræðslu. Þar var ríkisstjórnin í fararbroddi og ákveðinn hópur kvenna. Konur fóru að beita sér í líknarmálum en stjórnmálabaráttan rann svolítið út í sandinn.

Hógvær skoðun Ingibjargar H. og hennar skoðanasystra var þó sú að konur gætu bæði verið mæður og líka verið á hinu opinbera sviði. Þær „þrífist ekki bara undir askloki því sem kallað er að gæta bús og barna“, eins og hún orðaði það á Alþingi þegar hún lenti í deilum við Jónas frá Hriflu og fleiri herra.“

## Aðrir málshefjendur:

**Guðmundur Oddur Magnússon (Goddur), rannsóknarprófessor við LHÍ, Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor í stjórnmálafræði við HÍ, og Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst**

Hvatningarverðlaun
ÖBÍ 2018

verða verða veitt **mánudaginn 3. des.** nk.
á Grand hóteli (salnum Háteig) kl. 17-19.
Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson
afhendir Hvatningarverðlaunin og

**ALLIR ERU VELKOMNIR**

ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS



# HALTU Á ÞÉR HITA UM JÓLIN

**The North Face Thermoball**
Einn jakki fyrir allar aðstæður. Fáanlegir í ýmsum litum, bæði í dömu- og herrasniði
*Verð 29.990 kr.*



**TNF Nuptse**
*Verð 32.990 kr.*

Fyrstur kemur fyrstur fær



**TNF Mcmurdo Parka**
Klassísk vetrarúlpa
*Verð 69.990 kr.*



**TNF Arctic Parka**
Síð dömukápa
*Verð 59.990 kr.*



**Base camp duffel**
töskur í ýmsum stærðum og litum
*verð frá 15.990 kr.*



**TNF Hedgehog GTX**
Fáanlegir í dömu og herraútfærslu
*Verð 21.990 kr.*



THE NORTH FACE

**ÚTILÍF**
*síðan 1974*

KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# Borgareikhúsið

568 8000 • borgarleikhus.is



## Elly

Stóra sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lau 01.12 Kl. 20:00 U | Fös 07.12 Kl. 20:00 U | Lau 15.12 Kl. 20:00 Ö | Sun 30.12 Kl. 20:00 U |
| Sun 02.12 Kl. 20:00 U | Sun 09.12 Kl. 20:00 Ö | Sun 16.12 Kl. 20:00 Ö | |
| Fim 06.12 Kl. 20:00 Ö | Fim 13.12 Kl. 20:00 Ö | Sun 30.12 kl. 15:00 U | |



## Allt sem er frábært

Litla sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Lau 08.12 Kl. 20:00 U | Fös 14.12 Kl. 20:00 Ö | Sun 30.12 Kl. 20:00 Ö |



## Kvenfólk

Nýja sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lau 01.12 Kl. 20:00 U | Fös 14.12 Kl. 20:00 U | Fös 28.12 Kl. 20:00 U | Lau 05.01 Kl. 20:00 Ö |
| Fös 07.12 Kl. 20:00 U | Sun 16.12 Kl. 20:00 U | Lau 29.12 Kl. 20:00 U | Sun 06.01 Kl. 20:00 Ö |
| Lau 08.12 Kl. 20:00 U | Fim 20.12 Kl. 20:00 U | Sun 30.12 Kl. 20:00 Ö | Fös 11.01 Kl. 20:00 U |
| Fim 13.12 Kl. 20:00 U | Fös 21.12 Kl. 20:00 Ö | Fös 04.01 Kl. 20:00 Ö | Lau 12.01 Kl. 20:00 U |



## Tvískinnungur

Litla sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Sun 02.12 Kl. 20:00 Ö | Fim 06.12 Kl. 20:00 | Sun 16.12 Kl. 20:00 |



## Jólaflækja

Litla sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Lau 01.12 Kl. 13:00 U | Lau 08.12 kl. 15:00 Ö | Sun 16.12 Kl. 13:00 Ö |
| Sun 02.12 Kl. 13:00 U | Sun 09.12 Kl. 13:00 U | Lau 22.12 Kl. 13:00 Ö |
| Lau 08.12 Kl. 13:00 U | Lau 15.12 Kl. 13:00 Ö | Lau 22.12 kl. 15:00 Ö |



## Ríkharður III

Stóra sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Lau 29.12 Kl. 20:00 U | Sun 06. 01 Kl. 20:00 Ö | Fös 11.01 Kl. 20:00 Ö |
| Fim 03.01 Kl. 20:00 Ö | Fim 10.01 Kl. 20:00 Ö | Mið 16.01 Kl. 20:00 Ö |



## Rocky Horror

Stóra sviðið

| | |
|---|---|
| Lau 08.12 Kl. 20:00 Ö | Fös 14.12 Kl. 20:00 UL |



## Fólk, staðir og hlutir

Litla sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mið 13.02 Kl. 20:00 U | Lau 16.02 Kl. 20:00 U | Lau 23.02 Kl. 20:00 U | Fim 28.02 Kl. 20:00 U |
| Fim 14.02 Kl. 20:00 U | Mið 20.02 Kl. 20:00 U | Sun 24.02 Kl. 20:00 U | Fös 01.03 Kl. 20:00 Ö |
| Fös 15.02 Kl. 20:00 U | Fös 22.02 Kl. 20:00 U | Mið 27.02 Kl. 20:00 Ö | Lau 02.03 Kl. 20:00 Ö |

# Þjóðleikhúsið

551 1200 • leikhusid.is



## Ronja Ræningjadóttir

Stóra sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lau. 01.12 Kl. 14.00 U | Lau. 29.12 kl. 16:00 U | Lau 19.01 kl. 13:00 Ö | Sun. 03.02 kl. 16:00 U |
| Lau. 01.12 kl. 14:00 U | Sun. 30.12 kl. 13:00 U | Lau 19.01 kl. 16:00 Ö | Sun. 10.02 kl. 13:00 U |
| Sun 02.12 kl. 14:00 U | Sun. 30.12 kl. 16:00 U | Sun. 20.01 kl. 13:00 U | Sun.10.02 kl. 16:00 Ö |
| Sun 02.12 kl. 17:00 U | Sun.06.01 kl. 13:00 U | Sun. 20.01 kl. 16:00 U | Sun. 17.02 kl. 13:00 Ö |
| Sun 09.12 kl. 14:00 U | Sun. 06.01 kl. 16:00 U | Sun. 27.01 kl. 13:00 U | Sun. 17.02 kl. 16:00 Ö |
| Sun 09.12 kl. 17:00 U | Sun.13 01 kl. 13:00 U | Sun. 27.01 kl. 16:00 U | Sun 24.02 kl. 13:00 Ö |
| Lau 29.12 kl. 13:00 U | Sun 13.01 kl. 16:00 U | Sun. 03.02 kl. 13:00 U | Sun. 24.02 kl. 16:00 Ö |



## Einræðisherrann

Stóra sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
